18 Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar

# Sterbúsins fémunir framtöldust þessir

## [Eftirlátnar eigur 96 Íslendinga sem létust á tímabilinu 1722–1820]

Már Jónsson tók saman

Sterbúsins fémunir
framtöldust þessir

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALÞÝÐUMENNINGAR
GEFIN ÚT Í SAMVINNU VIÐ MIÐSTÖÐ EINSÖGURANNSÓKNA
OG SÖGUFÉLAG

RITSTJÓRAR
Davíð Ólafsson, Már Jónsson
og Sigurður Gylfi Magnússon

18. bindi

# Sterbúsins fémunir framtöldust þessir

## Eftirlátnar eigur 96 Íslendinga sem létust á tímabilinu 1722–1820

MÁR JÓNSSON
tók saman

REYKJAVÍK 2015
HÁSKÓLAÚTGÁFAN

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALÞÝÐUMENNINGAR 18

# Sterbúsins fémunir framtöldust þessir

## Eftirlátnar eigur 96 Íslendinga sem létust á tímabilinu 1722–1820

MÁR JÓNSSON
tók saman

REYKJAVÍK 2015

SÖGUFÉLAG

*Sögufélag styrkir útgáfu Sýnisbóka íslenskrar alþýðumenningar*

MIÐSTÖÐ ÍSLENSKRA BÓKMENNTA
ICELANDIC LITERATURE CENTER

*Þessi bók naut styrkja frá Miðstöð íslenskra bókmennta*
*og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands*

Háskólaútgáfan
Reykjavík 2015
© Davíð Ólafsson, Már Jónsson, Sigurður Gylfi Magnússon
Honnun bókarkápu: Alda Lóa Leifsdóttir
Umbrot: Sverrir Sveinsson
Prentumsjón: Litlaprent
U201513
ISBN 978-9935-23-078-2

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALÞÝÐUMENNINGAR

1. Bræður af Ströndum. Dagbækur, ástarbréf, almenn bréf, sjálfsævisaga, minnisbækur og samtíningur frá 19. öld. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman (1997).
2. Kraftbirtingarhljómur Guðdómsins. Dagbók, sjálfsævisaga, bréf og kvæði Magnúsar Hj. Magnússonar, skáldsins á Þröm. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman (1998).
3. Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur. Fjölskyldubréf frá 19. öld. Sigrún Sigurðardóttir tók saman (1999).
4. Orð af eldi. Bréfasamband Ólafar Sigurðardóttur á Hlöðum og Þorsteins Erlingssonar á árunum 1883–1914. Erna Sverrisdóttir tók saman (2000).
5. Burt – og meir en bæjarleið. Dagbækur og persónuleg skrif Vesturheimsfara á síðari hluta 19. aldar. Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon tóku saman (2001).
6. Til merkis mitt nafn. Dómabækur Markúsar Bergssonar sýslumanns Ísafjarðarsýslu 1711–1729. Már Jónsson tók saman (2002).
7. Landsins útvöldu synir. Ritgerðir skólapilta Lærða skólans í íslenskum stíl 1846–1904. Bragi Þorgrímur Ólafsson tók saman (2004).
8. Jónsbók. Lögbók Íslendinga hver samþykkt var á alþingi árið 1281 og endurnýjuð um miðja 14. öld en fyrst prentuð árið 1578. Már Jónsson tók saman (2004).
9. Sigurður Gylfi Magnússon, Fortíðardraumar. Sjálfsbókmenntir á Íslandi (2004).
10. Guðs dýrð og sálnanna velferð. Prestastefnudómar Brynjólfs biskups Sveinssonar árin 1639–1674. Már Jónsson tók saman (2005).
11. Sigurður Gylfi Magnússon, Sjálfssögur. Minni, minningar og saga (2005).
12. Í nafni heilagrar guðdómsins þrenningar. Prestastefnudómar Jóns biskups Vídalíns árin 1698–1720. Már Jónsson og Skúli S. Ólafsson tóku saman (2006).
13. Eftir skyldu míns embættis. Prestastefnudómar Þórðar biskups Þórðarsonar árin 1675–1697. Már Jónsson og Gunnar Örn Hannesson tóku saman. (2008).
14. Anna Hinriksdóttir, Ástin á tímum ömmu og afa. Bréf og dagbækur Bjarna Jónssonar kennara, sveitarhöfðingja og samvinnumanns í Húnaþingi á öndverðri 20. öld (2009).
15. Dagbók Elku. Alþýðumenning í þéttbýli á árunum 1915–1923 í frásögn Elku Björnsdóttur verkakonu. Hilma Gunnardóttir og Sigurður Gylfi Magnússon tóku saman (2012).
16. Guðný Hallgrímsdóttir, Sagan af Guðrúnu Ketilsdóttur. Einsögurannsókn á ævi 18. aldar vinnukonu (2013).
17. Árni H. Kristjánsson og Sigurður Gylfi Magnússon, Bóndinn, spendýrin og fleiri undur alheimsins. Alfræðiverk fyrir alþýðu sem Jón Bjarnason frá Þórormstungu í Vatnsdal vann á árunum 1845–1852 (2014).

*Bókin er helguð minningu þriggja starfsbræðra og vina sem féllu frá langt fyrir aldur fram:*

*Halldór Bjarnason*
*27. október 1959 – 9. janúar 2010*

*Eggert Þór Bernharðsson*
*2. júní 1958 – 31. desember 2014*

*Egill Ólafsson*
*16. nóvember 1962 – 28. janúar 2015*

# Efnisyfirlit

Inngangur .......... 11
Dánarbú og skipti .......... 12
Lausafjáreign .......... 19
Útgáfan .......... 27
Gullbringusýsla 1722–1726 .......... 31
Jón Bjarnason á Eyvindarstöðum .......... 31
Anna Jónsdóttir á Eyvindarstöðum .......... 34
Steinunn Jónsdóttir í Fuglavík .......... 38
Ísafjarðarsýsla 1736 .......... 43
Þorsteinn Pálsson í Nesi í Grunnavík .......... 43
Eyjafjarðarsýsla 1738–1758 .......... 49
Hallur Jónsson í Hvammi .......... 49
Jón Nikulásson í Hvammi .......... 51
Guðrún Sigfúsdóttir á Stóra-Dunhaga .......... 56
Guðrún Jónsdóttir á Uppsölum .......... 60
Guðrún Þórisdóttir í Bási .......... 63
Árnessýsla 1744–1761 .......... 67
Jón Sveinsson í Bryðjuholti .......... 67
Vigdís Hermannsdóttir í Stóru-Sandvík .......... 72
Ólöf Sumarliðadóttir í Ferjukoti .......... 75
Orný Símonardóttir í Bræðratungu .......... 83
Jón Gíslason í Helli .......... 85
Skaftafellssýsla 1762–1765 .......... 87
Jón Sæmundsson á Hvoli í Mýrdal .......... 87
Sveinn Sigurðsson á Syðri-Fljótum .......... 92

Skagafjarðarsýsla 1770–1778 .............................................. 103
Sigríður Þorleifsdóttir í Geitagerði ...................................... 103
Tómas Jónsson á Kambi í Deildardal .................................. 105
Geirlaug Erlendsdóttir á Vöglum í Blönduhlíð ....................... 108
Erlendur Halldórsson og Ólöf Bjarnadóttir í Málmey .............. 111
Þorgeir Björnsson ..................................................... 117
Rangárvallasýsla 1782–1787 .............................................. 121
Valgerður Ísleifsdóttir í Stórumörk...................................... 121
Jón Þorleifsson á Lambafelli .......................................... 126
Ingunn Snorradóttir á Litlu-Hildisey .................................. 131
Anna Pálsdóttir í Lambhaga .......................................... 135
Húnavatnssýsla 1784–1785................................................ 141
Ísleifur Guðmundsson á Syðra-Hóli .................................. 141
Jón Oddason á Eiríksstöðum í Svartárdal ............................ 146
Jón Hallsson og Þórunn Benediktsdóttir á Barkastöðum ........... 148
Sveinn Gunnlaugsson í Bakkakoti í Víðidal .......................... 151
Þorlákur Tómasson í Höfnum ......................................... 153
Jón Guðmundsson á Þóreyjarnúpi ..................................... 156
Þingeyjarsýsla 1785–1793 ................................................ 159
Árni Jónsson á Grímsstöðum á Fjöllum................................ 159
Guðrún Ketilsdóttir á Fjöllum í Kelduhverfi .......................... 165
Erlendur Kolbeinsson í Brjámsnesi .................................. 171
Magnús Tómasson í Reykjadal ........................................ 173
Björg Árnadóttir á Kaðalstöðum ..................................... 176
Suður-Múlasýsla 1786–1793 ............................................. 181
Einar Grímsson í Barðsnesgerði........................................ 181
Eyjólfur Jónsson í Fossárdal .......................................... 184
Ásdís Hermannsdóttir og Jón Jónsson í Gautavík .................... 187
Sigurður Arason á Starmýri ........................................... 194
Dalasýsla 1791 ............................................................. 199
Helgi Helgason á Krossi................................................. 199
Sigríður Einarsdóttir á Krossi........................................... 204
Sigurður Sigurðsson á Skarði........................................... 208
Guðný Sigurðardóttir á Krossi ........................................ 218

Reykjavík 1792–1795 .......... 223
Einar Gíslason og Guðríður Jónsdóttir í Örfirisey .......... 223
Þorlákur Ólafsson í Örfirisey .......... 228
Halldóra Sigurðardóttir í Hólavallaskóla .......... 229
Norður-Múlasýsla 1793–1795 .......... 247
Ásmundur Jónsson í Höfn við Bakkafjörð .......... 247
Snjólfur Jónsson í Brúnavík .......... 252
Jón Sigfússon á Ljótsstöðum .......... 256
Ragnhildur Jónsdóttir á Sýringsstöðum .......... 260
Snæfellsnessýsla 1799–1805 .......... 265
Hallur Ólafsson í Bjarnabúð á Hellissandi .......... 265
Þorgerður Heinsdóttir á Brekkubæ við Hellnar .......... 268
Silpha á Arnarstapa .......... 271
Bjarni Bjarnason á Gufuskálum .......... 272
Guðrún Ívarsdóttir á Garðabrekku .......... 276
Guðrún Jakobsdóttir í Bervík .......... 280
Barðastrandarsýsla 1802–1804 .......... 285
Jón Þorgrímsson og Steinunn Sveinsdóttir á Sjöundá .......... 285
Guðrún Egilsdóttir og Bjarni Bjarnason á Sjöundá .......... 290
Bjarni Bjarnason í Skógi .......... 293
Einar Þorsteinsson á Naustabrekku .......... 297
Elín Bjarnadóttir á Króki .......... 300
Mýrasýsla 1807–1810 .......... 305
Halldóra Kolbeinsdóttir í Kalmanstungu .......... 305
Þórný Snorradóttir í Hjörsey .......... 317
Borgarfjarðarsýsla 1810–1815 .......... 325
Sigrún Guðlaugsdóttir á Stóra-Botni og Þyrli .......... 325
Guðný Þóroddsdóttir í Bakkakoti í Skorradal .......... 330
Ísafjarðarsýsla 1812 .......... 339
Jón Sigmundsson og Jón Jónsson í Álfadal .......... 339
Þorgrímur Lífgjarnsson í Álfadal .......... 345
Guðmundur Sigurðsson á Hálsi .......... 349
Jón Jónsson, Jón Jónsson og Nikulás Jónsson á Hrauni .......... 353
Guðmundur Hákonarson á Brekku .......... 357

Jón Jónsson í Villingadal ............................................. 362
Tómas Eiríksson á Sæbóli ............................................. 366
Strandasýsla 1813–1820 .................................................. 369
Guðný Árnadóttir á Broddadalsá ..................................... 369
Magnús Tómasson í Kolbeinsvík ..................................... 371
Vigdís Illugadóttir á Gröf í Bitru ..................................... 375
Sigríður Ólafsdóttir í Grænanesi ..................................... 378
Loftur Jóhannsson í Krossnesi ........................................ 382
Helga Magnúsdóttir á Fögrubrekku .................................. 387
Gullbringu- og Kjósarsýsla 1818–1820 .................................. 389
Björg Sturlaugsdóttir í Bjargarkoti í Leiru ............................ 389
Guðrún Sveinsdóttir á Kleppi ........................................ 391
Þóra Jónsdóttir, Gunhildur Jónsdóttir og Sigríður Ketilsdóttir ...... 393
Arnfríður Hermannsdóttir í Fuglavík .................................. 396
Arndís Nikulásdóttir á Vallá .......................................... 397
Elísabet Jónsdóttir í Viðey ............................................. 399
Myndaskrá ...................................................................... 403
Heimildaskrá .................................................................. 405
Atriðaskrá ...................................................................... 413

# Inngangur

Gamall hattur, sortuð hempa, þrjár gamlar svuntur og blátt pils. Tvær slitnar treyjur og strigaskyrta, bútar af rauðu og bláu klæðisefni, aðrir úr lérefti og kersey. Tvö látúnsbelti, fimm styttubönd, tvennir rauðir sokkar og sjö pör vettlinga, fimm tröf, tveir silkiklútar, mislitur hálsklútur og sex hálstreflar. Tvær gamlar kistur og kistill, pelaflaska úr gleri, fimm öskjur og tveir hnífar. Tveir prjónar og fimmtán tvinnadokkur, sjö pund af skemmdu smjöri og sauðir þrír. Þetta var aleiga Steinunnar Jónsdóttur vinnukonu í Fuglavík við Sandgerði sem var nálægt þrítugu þegar hún fyrirfór sér 23. janúar 1726. Minna gat það ekki verið, og þó! Tæpri öld síðar, 23. júní 1819, lést Arnfríður Hermannsdóttir úr holdsveiki á sama bæ, nærri sextug, og lét eftir sig lélega hempu, grænt fat lítt nýtt og annað ónýtt, nærfatsgarm og skyrtu, brekán og rekkjuvoð, lítinn og fúinn kodda, svuntugarm og gamla sokka. Einnig átti hún lamalausa kistu (sjá hér á bls. 38 og 396). Skrár af þessu tagi eru til um lausafjáreign mörg þúsund karla og kvenna frá 18. og 19. öld, jafnt niðursetninga og vinnufólks sem bænda og embættismanna. Þær veita hlutkennda sýn á allt það sem fólk hafði með höndum og í námunda við sig. Með lesanda myndast tilfinning fyrir daglegu striti fólks og fyrirhöfn þess við að sjá fyrir sér, en líka má greina einbeittan vilja til uppbyggingar. Ætla má, til dæmis, að vettlingana og treflana hafi Steinunn ætlað að selja og ullin var kannski af sauðunum sem hún átti. Tveir prjónar voru allt sem þurfti til að drýgja rýrar tekjur ungrar vinnukonu. Arnfríður var aftur á móti alveg búin að vera, ef svo má að orði komast, en átti þó eigin sængurföt, ólíkt Steinunni sem hefur fengið þau til afnota hjá húsbændum sínum. Í þessari bók birtist fjölbreytt úrval dánarbúsuppskrifta frá tímabilinu 1722 til 1820. Markmiðið er að vekja athygli á þessum gögnum, sem bæði eru áhugaverð aflestrar og ættu að gagnast til rannsókna á ólíklegustu atriðum sem varða horfna lífshætti og menningu í landinu.

## *Dánarbú og skipti*

Erfðareglum Jónsbókar frá 1281, sem voru gildandi lög í upphafi tímabilsins, var ætlað að gæta réttar ómyndugra eða fjarverandi erfingja. Ekki er gert ráð fyrir skráningu á eftirlátnum eigum fólks eða varðveislu skjala þar að lútandi, enda var ritvæðing samfélagsins þá skammt á veg komin. Arfaskipti voru einkamál fjölskyldna, sem önnuðust þau án afskipta embættismanna. Ættu hinir látnu börn í ómegð bar þeim „sem arfi er næstur“ að fá sex skynsama menn til að virða eignirnar. Fyrst átti að borga skuldir og síðan gengu heimanfylgja eiginkonu og innistandandi arfur barna fyrir, en afganginum var skipt samkvæmt erfðatali: „Nú eiga menn arfi að skipta, þá er vel ef þeir koma allir til er hlut eigu í að skipta þeim arfi. Nú koma sumir, en sumir vilja eigi fara, þá skal gjöra þeim stefnu til að skipta, og þó að þeir komi þá eigi til þá skal skipta fyrir vottum og hluti á leggja“.[1] Stopul skiptagögn hafa geymst frá því fyrir 1720 og má elst nefna skipti á jarðeignum eftir Björn Þorleifsson hirðstjóra 23. október 1467, erfðaskrá Páls Vigfússonar lögmanns um 1540 og skrá yfir lausafé Gissurar biskups Einarssonar 26. mars 1548.[2] Til eru skipti eftir tvo biskupa á Hólum, þá Þorlák biskup Skúlason 18. júlí 1657 og Einar Þorsteinsson 3. júní 1698. Þá hefur varðveist hluti úr dánarbúsuppskrift eftir Ragnheiði Jónsdóttur, ekkju Einars, frá 20. apríl 1715, þar sem farið er úr einu herbergi í annað.[3] Frá sama ári er uppskrift lausafjár sem Gísli Jónsson sýslumaður í Mávahlíð á Snæfellsnesi lét eftir sig og önnur eftir Ástríði Jónsdóttur á Mýrum í Dýrafirði fjórum árum síðar.[4]

Hin 8. mars 1663 voru eftirlátnar eigur Bjarna Björnssonar skólapilts í Skálholti skráðar „so mikið sem menn gátu uppspurt af hans legunautum“. Hann átti nokkrar bækur, skriffæri, pappír, kistil, vaðmálspoka, hníf, hnakk, tannkamb og tinstaup, en þetta af fötum: „Í fyrstu hetta brún, lögð með böndum í kollinum, flugelshúfa dökk og brún klæðishúfa, mórauð klæðistreyja, sortaður kjóll, ein léreftsskyrta, fimm klútar hvítir og einn blár, rauð klæðispeysa og önnur vað-

1 *Jónsbók. Lögbók Íslendinga*, bls. 134–135, 137, 139.

2 *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 497–503; X, bls. 595–598; XI, bls. 613–625.

3 *Bréfabók Þorláks biskups Skúlasonar*, bls. 283–290; ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Skag. ED2/1, 2. Dánarbú 1698–1810, nr. 2 og 3.

4 *Til merkis mitt nafn*, bls. 174–178; Eiríkur Guðmundsson, Jón Árni Friðjónsson og Ólafur Ásgeirsson, *Sjávarbyggð undir Jökli. Saga Fróðárhrepps* I, bls. 177–180.

málspeysa, klæðislífstykki, sauðsvört vaðmálshempa og sauðsvört síðhempa, þrennar buxur sauðsvartar og einar nærbuxur, þrennir sokkar svartir og einir hvítir, einir vettlingar".[1] Eins voru eigur Ingibjargar Gissursdóttur, sem óefað var niðursetningur, skráðar af stakri vandvirkni í Reykholti 25. febrúar 1677. Meðal þess sem hún skildi eftir sig voru hálfslitinn blár niðurhlutur með léttingsklæði, rauð svunta forn, mittistreyja með dökkum bol og rauðum ermum, mállindi með tindoppum, sortuð hempa og önnur sauðsvört, fernir kvensokkar nýir og einir fornir, svartir vettlingar, höfuðkambur og tveir spónar, laupkorn með rusli og fötukerald.[2] Þetta sýnir að skráning eigna við andlát hefur tíðkast í einhverjum mæli, annars vegar svo að hægt væri að hafa upp í kostnað af jarðarför fátæklinga, hins vegar til að tryggja hagsmuni erfingja þegar mikið var í húfi. Þannig var til virðing á eignum Magnúsar Gíslasonar lögréttumanns, sem líklega lést árið 1696, eða þá konu hans Borghildar Jónsdóttur, því Grímur sonur þeirra hafði skjalið með höndum rúmum áratug síðar.[3] Erfingjar geymdu sem sagt pappírana sjálfir og fyrir vikið er næstum því allt glatað, enda var ekkert opinbert eftirlit með þessum gögnum frekar en flestu öðru á þessum árum, að fráskildum siðferðisbrotum sem voru tekjustofn fyrir konungssjóð vegna Stóradóms frá 1564.

Í Danmörku var farið að halda skiptabækur í kaupstöðum um og eftir miðja 16. öld, nánar tiltekið í Malmø árið 1546, Helsingør árið 1571 og Vordingborg þremur árum síðar. Eignir látinna voru þá skráðar fyrst, en í sjálfar bækurnar aðeins fært það sem hver erfingi fékk og það sem fór í skuldir. Hugsunin var fyrst og fremst að vernda hagsmuni ungra barna, þannig að fyrir lægju upplýsingar um eignir þeirra þegar þau komust til manns.[4] Í fjölda héraða í Danmörku

1 AM 274 fol. Bréfabók Brynjólfs Sveinssonar 1662–1663, nr. 179 (bl. 146v); afrit í Lbs. 1083 4to. Bréfabók Brynjólfs Sveinssonar 1662–1663, bls. 471–472.

2 Héraðsskjalasafnið í Borgarnesi. Reykholtsdalshreppur 2. Hreppsbók 1643–1785, bl. 22r–v. Til er skrá yfir eignir niðursetnings í Hálsasveit 12. maí 1688, sjá *Hvítan jökul, snauða menn*, bls. 42.

3 Gísli Baldur Róbertsson, „Erfðagóss hvers?"

4 *Malmø skifter 1. Bofortegnelser 1546–1559*; Einar Bager, „Varför har de tidigaste bouppteckningar bevarats?"; *Helsingør skifteprotokol 1571–1582*; Michael Dupont, „Arv og skifte. Arve- og skiftepraksis i Helsingør i 1570erne"; Camilla Luise Dahl, *Vordingborg byfoged skifteprotokol 1574–1632. Register og skifteuddrag*, bls. 2–3; *Vef.* Extracts of Probate Records from Danish Towns -> Vordingborg.

og Noregi eru til skiptabækur frá því um og eftir miðja 17. öld og í Noregi voru skipaðir sérstakir skiptaskrifarar.[1] Ríkjandi starfshættir um arfaskipti voru festir í sessi með setningu svonefndra Dönsku laga árið 1683 og Norsku laga fjórum árum síðar, að kveðið var á um að eignum skyldi skipt opinberlega væru erfingjarnir ungir að árum, ekki afkomendur hins látna eða búsettir víðs fjarri. Væru allir erfingjar myndugir og nærstaddir gátu þeir annast skiptin sjálfir og væri dánarbúið þá skrifað upp þurftu yfirvöld ekki að fá eintak. Texti fyrstu greinar erfðakaflans er eins í Dönsku og Norsku lögum:

> Naar nogen ved døden afgaar og efterlader sig enten umyndige, eller fraværende, eller udlændiske, eller ingen arvinger, da skulle de, som i huset ere, hvor den afdødis gods og midler findis, under tilbørlig straf strax give stædets øvrighed, geistlig eller verdslig, det tilkiende, som skulle forpligtede være strax ved deris middel i arvingernis og frændernis nærværelse, som da kunde være tilstæde, at lade forsegle hvis gods den afdøde tilhørte, og sætte det i god forvaring... hvilket dog altsammen skal registeris og vurderis.[2]

Hér eru tvö meginatriði. Annars vegar er afmörkun á tilkynningaskyldu við þá sem létu eftir sig ófjárráða eða fjarverandi erfingja, eða enga erfingja; hins vegar uppskrift og virðing eigna. Frestur til að skrá og virða dánarbú tók mið af því að eftirlifandi maki gæti setið þrjátíu daga í óskiptu búi, en ekkja lengur væri hún með barni. Þá átti að skrá eignirnar og allar skuldir að viðstöddum fjárráða erfingjum og fjárhaldsmönnum eða frændum ómyndugra og fjarverandi erfingja (5-2-3 og 12). Að skuldum og kostnaði afgreiddum átti að skipta því sem eftir var á milli erfingja og gera nákvæma lóðseðla yfir þá hluti sem hver þeirra fékk. Að endingu skyldi gera skiptabréf þar sem allar upplýsingar voru tilgreindar: uppskrift og virðing, skuldir á báða vegu og lóðseðlar

1 Harald Winge, „Lovgivningen om offentlig skifte“, bls. 9–10, 13; Charlotte Appel, *Læsning og bogmarked*, bls. 663–667; *Bøndeskifter fra Smørum og Lille herred*, bls. vii–ix.

2 *Kong Christian den Femtis Norske Lov*, bls. 706–707; *Kong Christian den femtis Danske Lov*, d. 673–674. Í framhaldinu er vísað til kafla- og greinatals í meginmáli. Danske lov er á *Vef.* bjoerna.dk/DanskeLov og Norske lov á *Vef.* www.hf.uio.no/iakh/forskning/prosjekter/tingbok/kilder/chr5web

(5-2-15). Bréfin tóku erfingjarnir. Amtmenn önnuðust skipti meðal leikmanna en prófastur og tveir prestar meðal kennimanna. Gert var ráð fyrir sérstökum skiptabókum: „Og skal bemælte skiftis forvaltere have en bog, hvorudi copie af alle skiftebreve, som de udstæde, skal indskrivis“ (5-2-91).

Til stóð að gera nýja íslenska lögbók á grundvelli Norsku laga og er varðveitt uppkast lögmanna, Sigurðar Björnssonar og Magnúsar Jónssonar. Fimmta bók var tilbúin árið 1691 og er fyrsta ákvæði um erfðir að mestu leyti bein þýðing, en með áhugaverðri aðlögun að íslensku kerfi embætta:

> Nær nokkur frádeyr og lætur eftir sig annaðhvört ómynduga eða fráverandi eða utanlands eða öngva lífserfingja, þá skulu þeir sem á því heimili eru, hvar helst þess dauða góss og eigur finnast, strax undir tilbærilegt straff gefa það til vitundar sínu næsta yfirvaldi andlegu eður veraldlegu, og skal það góss hvört heldur er af sýslumanni eður þremur hreppstjórum, í erfingja og skyldmanna nálægð sem þá kunna að vera til staðar, greinilega uppskrifast og innsiglast, hvörju nafni sem heitir er þeim burtdauða tiheyrði, og setja það í góða varðveislu... sem þó allt saman skal registrerast, virðast...

Í lokaákvæðinu (5-2-91) hnykktu lögmenn á hlutverki sýslumanna eða fulltrúa þeirra og juku lögréttumönnum við til aðstoðar ásamt hreppstjórum, en breyttu engu um prófast og tvo presta þegar andlegar persónur áttu í hlut. Um skiptabækur bættu þeir um betur og sögðu til um varðveislu þeirra, nokkuð sem ekki var gert í fyrirmyndinni: „Og skulu skiptanna fyrirráðendur hafa eina vissa bók, hvar þeir skulu öll skiptabréfin innskrifa, sem hjá sérhvörs eftirkomanda í embættinu skal í vöktun vera, þeim til leiðréttingar er viðþurfa“. Christian Müller amtmaður skrifaði allmargar athugasemdir í frumvarpið sumarið 1693, þá lengstu um þessa síðustu grein. Þar fullyrti hann að flestar þrætur á Íslandi snerust um erfðir og væri ástæðan einkum sú að „ingen rigtig arveprotocoll holldis“. Hann lagði því til að sýslumenn skyldu á alþingi ár hvert sýna fulltrúa konungs afrit af öllum arfaskiptum, sem síðan yrðu skráð í þar til gerða og innsiglaða bók: „een der til beseigled protecoll“. Ærna fyrirhöfn við svo mikla framkvæmd mætti kosta með þeim hætti að sýslumenn afhentu fulltrúa konungs hálfa alin af hverju hundraði á landsvísu af heildarverðmæti hvers dánarbús.[1]

1 ÞÍ. Kansellískjöl. DK 2. Lagaverkið 1689–1693, örk 3. Lögbók fyrir Ísland. Fjórða

Ekkert varð úr þessum ágætu hugmyndum og má til samanburðar nefna að í Færeyjum var fyrst efnt til skiptabókar fyrir presta vorið 1679 og eru uppskriftir eigna mjög nákvæmar.[1] Fyrsta veraldlega skiptabókin var tekin í notkun í ársbyrjun 1701 með skiptum eftir Oluf Pedersen bónda í Hvalvík á Norður-Streymoy. Sérstakur skiptaskrifari annaðist verkið og voru allar eyjarnar umdæmi hans. Fógeti var viðstaddur, ásamt matsmönnum. Skráning eigna er heldur ónákvæm og oftast aðeins tekið með það sem var einhvers virði, það er að segja jarðeignir, húsakostur, kvikfé, pottar og verðmæt föt. Færeyskar skiptabækur eru alfarið á dönsku.[2] Þegar Cornelius Wulf tók við embætti landfógeta á Íslandi 15. ágúst 1717 varð hann jafnframt sýslumaður í Gullbringusýslu og útbjó sérstaka skiptabók. Textinn er á dönsku og skiptin skráð á sama hátt og tíðkaðist í Danmörku (sjá bls. 30). Áhrifa frá Norsku lögum gætti um sama leyti meðal íslenskra embættismanna, svo sem 30. maí 1718 þegar Markús Bergsson sýslumaður Ísafjarðarsýslu, með vísun í lögin, gerði Sigmundi Sæmundssyni að skrá fjármuni Sæmundar Magnússonar „svo að sjá mætti hvað mikið að Árna Sæmundssyni, sem ekki er kominn til sinna fullmyndugra ára, öðlast kynni í sinn hlut".[3] Uppskriftin er ekki varðveitt, en fáeinir sýslumenn tóku upp þann sið næstu árin að halda skiptagögnum til haga. Þórarinn Jónsson sýslumaður Eyjafjarðarsýslu byrjaði árið 1738 að raða dánarbúsuppskriftum saman í hefti og fimm árum síðar hóf Brynjólfur Sigurðsson sýslumaður Árnessýslu að skrá þessi gögn í sérstaka bók. Slitur úr safni afrita úr Skaftafellssýslu hefjast árið 1760 og brot úr eiginlegri skiptabók fyrir Rangárvallasýslu átta árum síðar.[4] Prófastar Norðanlands voru fyrstir til að halda svonefndar skiptabækur klerk-

og fimmta bók eftir uppköstum Sigurðar Björnssonar og Magnúsar Jónssonar, bls. 340–341, 363. Um lagaverkið, sjá Gísla Baldur Róbertsson, „Áform um endurskoðun íslenskra laga", bls. 43–47.

1 Landsskjalasavnið í Tórshavn. Ge 01. Skifteprotokol 1679–1729, bl. 1r–9v.

2 Landsskjalasavnið í Tórshavn. Je L0001. Skifteprotokol 1701–1706, bl. 1r–6r; ljósmyndir á *Vef.* history.fo -> Skifteprotokollir. Vélrit fyrsta bindis er í safninu meðal pappíra Johns West, Eskja 9. Um Færeyjar á fyrstu árum 18. aldar, sjá John Frederick West, *The History of the Faroe Islands.*

3 *Til merkis mitt nafn*, bls. 127.

4 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Eyjafjarðarsýsla ED1/1, 3. Skiptabók 1738–1768; Árnessýsla ED1/7, 1. Skiptabók 1743–1746; Skaftafellssýsla ED2/1. Dánarbú 1760–1809; Rangárvallasýsla ED2/1. Dánarbú 1760–1813.

dómsins, fyrir og eftir miðja öldina. Þann 27. nóvember 1816 var svo skiptaréttur kirkjunnar lagður niður í veldi Danakonungs og framvegis önnuðust sýslumenn öll arfaskipti.[1]

Með bréfi konungs til stiftamtmanns 17. febrúar 1769 voru erfðaákvæði Norsku laga leidd í lög á Íslandi. Tilefnið var umsókn Péturs Þorsteinssonar sýslumanns Norður-Múlasýslu til konungs 16. júní 1768, þar sem hann skýrði frá því að tengdafaðir sinn séra Guðmundur Pálsson hefði eignast þrjú börn, Pál, Hólmfríði og Þórunni. Móðir þeirra Þórunn Pálsdóttir var á lífi og séra Páll, en Hólmfríður lést árið 1754 og skildi eftir sig tvö börn sem enn lifðu. Þórunn lést tíu árum síðar og höfðu þau Pétur eignast tíu börn, en aðeins fjögur voru á lífi. Pétur taldi víst að séra Páll myndi að móður sinni látinni krefjast þess að fá allan arf eftir foreldra sína í samræmi við „den gamle islandske lav". Hér vísar hann til Jónsbókar, sem í „annarri erfð" nefnir sonarson, sonardóttur og dótturson, en segir í lokin: „Nú ef þessir eru öngvir til sem fyrr voru taldir, þá tekur dótturdóttir skilgetin ef móðir hennar er skilgetin". Pétur fullyrti að þetta gengi þvert á það sem gilti í öðrum löndum konungs, þar sem jafnskyldir afkomendur væru ávallt jafnréttháir. Hann fór því fram á að um arf eftir Þórunni yrði þegar þar að kæmi farið eftir Dönsku og Norsku lögum í þágu sex ómyndugra dótturbarna hennar. Í stuttri álitsgerð 16. júlí tók Ólafur Stefánsson amtmaður fram að í drögum að nýjum lögum fyrir Ísland væri um erfðir farið eftir Norsku lögum, nokkuð sem hann taldi réttlætismál. Christian von Pröck stiftamtmaður tók í sama streng 13. febrúar 1769 og bað konung um úrskurð í þá veru að ákvæði Norsku laga um erfðir skyldu gilda á Íslandi.[2] Konungur féllst á það fjórum dögum síðar, enda væru erfðareglur Norsku laga byggðar á „den naturlige lov og billighed", og var bréf hans lesið á alþingi um sumarið.[3]

Magnús Ketilsson sýslumaður Dalasýslu bjóst við því að stjórnvöld myndu láta þýða og prenta hinar nýju erfðareglur, en þegar það ekki gekk eftir gerði hann það sjálfur og kom bæklingurinn út í Hrappsey haustið 1771. Textinn

1 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Þingeyjarsýsla ED1/9, 1. Skiptabók klerkdómsins 1728–1760; Skagafjarðarsýsla ED1/1, 1. Skiptabók klerkdómsins 1738–1747; Eyjafjarðarsýsla ED1/1, 1. Skiptabók klerkdómsins 1754–1765; *Lovsamling* VII, bls. 641.

2 *Jónsbók. Lögbók Íslendinga*, bls. 128; ÞÍ. Kansellískjöl. KA 20. Innkomin bréf 1766–1769, örk 15; *Annálar* IV, bls. 396–397.

3 *Alþingisbækur* XV, bls. 151; *Lovsamling* III, bls. 628; sbr. Pál Sigurðsson, *Brot úr réttarsögu*, bls. 192.

er á íslensku með skýringum og var hvort tveggja gefið út að nýju sem hluti af Norsku lögum í heild átta árum síðar.[1] Sjálfur hóf Magnús að nota skiptabók árið 1782 og vottaði Ólafur Stefánsson amtmaður hana á alþingi 22. júlí 1789; var þá búið að skrifa 141 af 318 blaðsíðum bókarinnar.[2] Þann 30. júní 1786 vottaði Stefán Þórarinsson skiptabók fyrir Þingeyjarsýslu, aðra fyrir Húnavatnssýslu 17. desember 1791 og fyrir Eyjafjarðarsýslu 15. ágúst 1793, en Ólafur aftur skiptabók Rangárvallasýslu 8. október 1793.[3] Í þessum aðgerðum gætir áhrifa frá Norsku lögum en líka frá leiðbeiningum um gerð skiptabóka í Danmörku frá 9. apríl 1783 og tilskipun um arfaskipti frá 12. febrúar 1790, þótt hvorugt skjalið hafi verið sent til Íslands. Gert var ráð fyrir vottuðum skiptabókum en til bráðabirgða mátti festa saman skiptabréf sem til voru, setja blaðsíðutöl og draga þráð í gegn, en síðan innsigla heftið.[4] Með tilskipun 12. september 1792 var svo komið á erfðaskatti af því fé sem aðrir en beinir afkomendur fengu. Það nam 4% af eignum eftir skuldir, nema dánarbúið væri undir 100 ríkisdölum að virðingu. Niðurstöðuna átti að færa í „Skifteprotocol“.[5] Með tilskipun 8. febrúar 1810 var gengið enn lengra í skattheimtu, því framvegis skyldi líka taka hálft prósent af öllum arfi eftir skuldir, öðru en því sem eftirlifandi maki hélt. Myndugir erfingjar sem skiptu arfi sjálfir áttu að telja upphæðina fram og borga af henni.[6] Ef marka má útskýringar Magnúsar Ketilssonar í ofangreindum bæklingi var í Jónsbók gert ráð fyrir því að karlmaður væri „ei úr ómegð fyrr en hann er 20 vetra“. Það átti líka við um ekkjur á meðan myndugleiki ógiftra kvenna var háður samþykki feðra, bræðra eða frænda. Í Norsku lögum töldust karlar ómyndugir til 18 ára aldurs á einum stað en til 25 ára á öðrum, en konur urðu aldrei myndugar, nema ekkjur.

1 *Útlegging yfir Norsku Laga V. Bókar II. Capitula um Erfðir*, bls. 1–23; *Kóngs Christians þess fimmta Norsku lög*, d. 502–507.

2 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Dalasýsla ED1/3, 4. Skiptabók 1782–1804.

3 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Þingeyjarsýsla ED1/8, 1. Skiptabók 1784–1793; Húnavatnssýsla ED1/1, 1. Skiptabók 1792–1806; Eyjafjarðarsýsla ED1/3, 4. Skiptabók 1793–1802; Rangárvallasýsla ED1/2, 2. Skiptabók 1794–1810.

4 *Lovsamling* IV, bls. 700–702; V, bls. 664–665; Már Jónsson, „Skiptabækur og dánarbú 1740–1900“, bls. 93–96.

5 *Lovsamling* VI, bls. 39–44, 47; *Alþingisbækur* XVII, bls. 116.

6 *Lovsamling* VII, bls. 349–354.

*Tafla 1. Fjöldi arfaskipta eftir áratugum og kynjum*

| Áratugur | Karlar | Konur | Samtals | Konur í % |
|---|---|---|---|---|
| 1721–1730 | 13 | 4 | 17 | 24 |
| 1731–1740 | 18 | 3 | 21 | 14 |
| 1741–1750 | 33 | 15 | 48 | 31 |
| 1751–1760 | 77 | 34 | 111 | 31 |
| 1761–1770 | 89 | 53 | 142 | 37 |
| 1771–1780 | 140 | 85 | 225 | 38 |
| 1781–1790 | 488 | 225 | 713 | 32 |
| 1791–1800 | 400 | 249 | 649 | 38 |
| 1801–1810 | 766 | 458 | 1224 | 37 |
| 1811–1820 | 1114 | 758 | 1872 | 40 |
| **Samtals** | **3138** | **1884** | **5022** | **38** |

## *Lausafjáreign*

Tilurð skiptagagna er ekki háð tilviljunum og því fer fjarri að eignir allra fullorðinna sem létust hafi verið skráðar. Varðveitt gögn eru ekki slembiúrtak. Markmiðið var ekki að tryggja upplýsingar í þágu sagnfræðirannsókna í framtíðinni, heldur að verja hagsmuni erfingja og skuldunauta. Varðveislan eftir áratugum sést í töflu 1. Ósköp lítið er til af skiptagögnum fyrir miðja 18. öld, en þeim fer fjölgandi undir aldarlok. Það skýrist af þeim ráðstöfunum yfirvalda sem þegar er lýst og lutu að því að sýslumenn færu að halda utan um þessi gögn, auk þess sem arfaskipti eða öllu heldur arfurinn sem slíkur varð tekjustofn fyrir konungssjóð. Á 19. öld eru til skiptagögn eftir um það bil þriðja hvern látinn fullorðinn einstakling.[1] Má ætla að varðveislan hafi verið komin nálægt því undir lok þess tímabils sem hér er til umfjöllunar.

Hlutfall kvenna á Íslandi er nokkuð líkt því sem greina má í tiltækum gögnum um önnur svæði, sem eru Færeyjar og Bornholm í Danmörku, Gotland í

1 Már Jónsson, „Skiptabækur og dánarbú 1740–1900", bls. 99.

*Tafla 2. Varðveitt arfaskipti á völdum svæðum á 18. öld*

| | Ísland | | Færeyjar | | N-Noregur | | Gotland | | Bornholm | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **Fjöldi** | **KVK %** | **Fjöldi** | **KVK %** | **Fjöldi** | **KVK %** | **Fjöldi** | **KVK %** | **Fjöldi** | **KVK %** |
| 1701–1750 | 92 | 27 | 898 | 37 | 1612 | 37 | 1292 | 22 | 3338 | 38 |
| 1751–1800 | 1840 | 35 | 520 | 33 | 5592 | 39 | 6750 | 32 | 4114 | 34 |
| Alls | 1932 | 35 | 1418 | 36 | 7204 | 38 | 8042 | 30 | 7452 | 36 |
| Íbúar um 1800 | 47240 | | 5265 | | 26995 | | 32988 | | 19507 | |
| 1751–1800/íbúar | 0,04 | | 0,10 | | 0,21 | | 0,20 | | 0,21 | |

Svíþjóð og héruðin Finnmörk og Troms í Norður-Noregi.[1] Tafla 2 tekur til 18. aldar, sem er skipt í tvennt. Í Færeyjum eru varðveitt fleiri arfaskipti frá fyrri helmingi aldarinnar, en því er öfugt farið með öll hin svæðin. Á Gotlandi eru 30% varðveittra skiptagagna á tímabilinu eftir konur og 35% á Íslandi, en 36% í Færeyjum og á Bornholm og 38% í Norður-Noregi. Jafn margar konur létust og karlar og aldursskipt dánartíðni var tæplega mjög ólík. Hugsanlega má skýra lágt hlutfall kvenna með því að fleiri ekklar en ekkjur hafi tekið yfir bú án skipta, en fleira kemur áreiðanlega til sem þarf nákvæmari rannsókna við. Í töflunni er líka sýndur íbúafjöldi á umræddum svæðum í lok tímabilsins og í neðstu röð er reiknað hlutfall arfaskipta frá síðari helmingi aldarinnar miðað við íbúafjölda. Þar kemur í ljós að talsvert færri arfaskipti eru varðveitt á Íslandi en annars staðar.

Íslenskum gögnum fjölgar mikið eftir aldamótin 1800 og frá áratugnum 1811–1820 eru varðveitt næstum því jafnmörg dánarbú og arfaskipti og frá allri 18. öld. Skipting gagna eftir sýslum á öllu tímabilinu kemur fram í töflu 3 og er

1 Tölur frá Íslandi eru úr gagnagrunni í forritinu FileMakerPro sem ég vinn að í samstarfi við Þjóðskjalasafn Íslands og verður í fyllingu tímans gerður aðgengilegur á veraldarvef. Tölur frá Færeyjum eru unnar upp úr Excel-skrám sem starfsmenn Landsskjalasavns í Þórshöfn létu í té og tölur frá Gotlandi fengust úr slíkum skrám sem Landsarkivet í Visby átti til og leyfði afnot af. Sambærileg gögn frá Norður-Noregi útvegaði Lars Ivar Hansen. Tölur frá Bornholm eru unnar upp úr veflægri Access-skrá sem ættfræðingar hafa unnið og er á vefslóðinni www.skifteuddrag-bornholm.dk. Sameiginlegt með öllum þessum skrám var aragrúi tvítekninga sem ég geri mér vonir um að hafa útrýmt.

*Tafla 3. Fjöldi arfaskipta eftir sýslum og kynjum árin 1721–1820*

| **Sýslur** | **Fyrsta ár** | **Karlar** | **Konur** | **Samtals** | **Konur í %** |
|---|---|---|---|---|---|
| Eyjafjarðarsýsla | 1738 | 489 | 318 | 807 | 39 |
| Árnessýsla | 1743 | 298 | 182 | 480 | 38 |
| Rangárvallasýsla | 1768 | 261 | 156 | 417 | 37 |
| Húnavatnssýsla | 1765 | 282 | 129 | 411 | 31 |
| Gullbringu- og Kjósarsýsla | 1717 | 262 | 120 | 382 | 31 |
| Skagafjarðarsýsla | 1760 | 226 | 154 | 380 | 41 |
| Þingeyjarsýsla | 1728 | 194 | 154 | 348 | 44 |
| Snæfellsnessýsla | 1777 | 197 | 86 | 283 | 30 |
| Skaftafellssýsla | 1762 | 154 | 119 | 273 | 44 |
| Suður-Múlasýsla | 1773 | 170 | 94 | 264 | 36 |
| Norður-Múlasýsla | 1772 | 152 | 89 | 241 | 37 |
| Dalasýsla | 1782 | 114 | 75 | 189 | 40 |
| Reykjavík | 1774 | 84 | 58 | 142 | 41 |
| Borgarfjarðarsýsla | 1771 | 56 | 42 | 98 | 43 |
| Mýra- og Hnappadalssýsla | 1740 | 51 | 40 | 91 | 44 |
| Ísafjarðarsýsla | 1807 | 64 | 20 | 84 | 24 |
| Barðastrandarsýsla | 1780 | 46 | 21 | 67 | 31 |
| Strandasýsla | 1789 | 38 | 27 | 65 | 42 |
| **Samtals** | | **3138** | **1844** | **5022** | **38** |

þeim raðað eftir magni tiltækra upplýsinga. Eyjafjarðarsýsla ber höfuð og herðar yfir aðrar sýslur og almennt er mest til af Norðurlandi. Suðurlandsundirlendið er líka ágætlega statt en Austfirðir síður og Vesturland allra síst. Í dálki um fyrsta ár er miðað við samfellda röð gagna og ekki tekið mið af stökum búum eða skiptum sem eru eldri.

Talan 5022 segir þó ekki alla söguna, heldur það eitt að einhverjar upplýsingar eru til um eftirlátnar eigur svo marga einstaklinga. Tegundir gagna eru hins vegar ekki alltaf þær sömu og eftir suma einstaklinga eru þau ríkuleg en fátækleg um aðra. Varðveittar eru 3696 dánarbúsuppskriftir eftir 2310 karla og

*Tafla 4. Aldursdreifing eftir kynjum á tímabilinu 1721–1820*

| Aldur | Karlar | Konur | Alls | Konur % | KK % | KVK % | Alls % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| < 20 | 10 | 9 | 19 | 47 | 0,4 | 0,5 | 0,4 |
| 21–30 | 169 | 113 | 282 | 40 | 6,1 | 6,7 | 6,3 |
| 31–40 | 435 | 299 | 734 | 41 | 15,8 | 17,7 | 16,5 |
| 41–50 | 542 | 363 | 905 | 40 | 19,7 | 21,5 | 20,4 |
| 51–60 | 656 | 406 | 1062 | 38 | 23,8 | 24,0 | 23,9 |
| 61–70 | 549 | 263 | 812 | 32 | 29,9 | 15,6 | 18,3 |
| 71–80 | 321 | 182 | 503 | 36 | 11,7 | 10,8 | 11,3 |
| 81 + | 71 | 56 | 127 | 44 | 2,6 | 3,3 | 2,9 |
| **Samtals** | **2753** | **1691** | **4444** | **38** | **100,0** | **100,0** | **100,0** |

1386 konur, en til viðbótar við það 185 uppboð sem oftar en ekki taka til allra eigna einstaklinngs. Til eru arfaskipti eftir 4053 einstaklinga og eru lóðseðlar tilgreindir í 703 tilvikum umfram dánarbúsuppskriftir sem til eru eftir sömu einstaklinga. Séu uppskriftir, lóðseðlar og uppboð lögð saman er óhætt að segja sem svo að til séu skrár yfir eignir 2872 karla og 1712 kvenna eða samanlagt 4584 eintaklinga sem létust á tímabilinu. Vissulega er hlutfall varðveislu miðað við fólksfjölda lágt á Íslandi miðað við önnur svæði á Norðurlöndum. Engu að síður eru íslensk skiptagögn það mikil að vöxtum og fjölbreytt að þau geta talist vera dæmigerð fyrir samfélagið allt, að minnsta kosti eftir 1780. Þarna eru allar manngerðir, ef svo má segja, og dreifingin viðunandi í þeim skilningi að óhætt er að draga ályktanir um afmarkaða aldurshópa og tekjuhópa. Þetta má greina í töflum 4 og 5 um aldur látinna annars vegar og verðmæti eigna hins vegar. Aldur er næstum því aldrei nefndur í dánarbúsuppskriftum eða við skipti, þannig að ég leitaði að fæðingarári í gagnagrunninum Íslendingabók. Upplýsingar fundust um 4444 einstaklinga af 5022 eða 89%. Dreifing eftir kynjum er mjög svipuð og miðaldur karla við arfaskipti reynist vera 54 ár og kvenna 52 ár. Nauðsynlegt er að hafa eina aukatölu í prósentum í töflu 4 vegna þess hversu fáir hinna látnu eru tvítugir eða yngri.

Verðmat er aftur á móti næstum því alltaf tilgreint, enda var það markmið

*Tafla 5. Dreifing eigna eftir tekjubili og kynjum á tímabilinu 1721–1820*

| Ríkisdalir | Karlar | Konur | Alls | Konur % | KK % | KVK % | Alls % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1–50 | 630 | 351 | 981 | 36 | 20 | 19 | 20 |
| 51–100 | 572 | 322 | 894 | 36 | 19 | 17 | 18 |
| 101–200 | 724 | 456 | 1180 | 39 | 24 | 25 | 24 |
| 201–300 | 385 | 248 | 633 | 39 | 13 | 13 | 13 |
| 301–400 | 189 | 131 | 320 | 41 | 6 | 7 | 6 |
| 401–500 | 121 | 83 | 204 | 41 | 4 | 4 | 4 |
| 501–700 | 80 | 58 | 138 | 42 | 3 | 3 | 3 |
| 701–1000 | 185 | 106 | 291 | 36 | 6 | 6 | 6 |
| 1001 + | 188 | 103 | 291 | 35 | 6 | 6 | 6 |
| **Samtals** | **3074** | **1858** | **4932** | **38** | **100,0** | **100,0** | **100,0** |

aðgerðarinnar. Það vantar í aðeins 90 tilvikum. Fram á níunda áratug 18. aldar er matið oftast tilgreint í landaurum (hundruð og álnir), en eftir það í ríkisdölum, sem svo gátu verið af ýmsu tagi: spesíur, krónur og kúrant. Hundrað er hér reiknað sem sex ríkisdalir, nokkuð sem oft kemur fram við skipti, og ekki er gerður munur á tegundum dala, heldur tekin sú tala sem gögnin greina frá. Sama gildir um ríkisbankadali sem voru settir í umferð eftir gjaldþrot ríkissjóðs árið 1813 og röskuðu verðmati, því verðbólga var mikil næstu árin.[1] Tölurnar eru þá hærri og verðvitund líka á reiki, sem til dæmis birtist í uppboðum árið 1820 (sjá bls. 390–395). Niðurstöður í töflu 5 eru fyrir vikið ekki hárnákvæmar, en verða að duga. Þær sýna að dreifing eigna var mikil, en jafnframt að meirihluti þeirra sem gögn eru til um voru bláfátækir eða áttu miðlungseignir. Hverfandi munur er líka á eignadreifingu eftir kynjum, enda var gift fólk í miklum meirihluta og þá var hugmyndin sú að skráðar væru eignir heimila í heild fremur en beinlínis hinna látnu. Fimmti hver einstaklingur átti innan við 50 ríkisdali og þriðjungur þess hóps átti raunar 20 dali eða minna. Þar er einkum að finna aldraða ómaga og ungt vinnufólk, en jafnframt stöku bændur sem vart höfðu í sig og á.

1 Magnús S. Magnússon, *Landauraverð á Íslandi 1817–1962*, bls. 21, 36–37. Í viðaukum eru miklar skrár yfir verðlag frá og með 1817 sem styðjast má við til skilnings á verðmati í dánarbúum, sjá bls. 112–115, 150–249.

Skýrari mælikvarði á eignadreifinguna eru raunar fjórðungsmörk sem skipta hópnum í fjóra hluta, þar sem annað bilið sýnir miðtöluna. Helmingur dánarbúa var þá innan við 146 ríkisdala virði. Mesti auðkýfingurinn var Egill Sveinbjarnarson hreppstjóri í Innri-Njarðvík sem lést 15. febrúar 1808, faðir Sveinbjarnar rektors. Andvirði eigna hans nam nærri 15 þúsund ríkisdölum og sú kona sem kom næst honum með hálft tíunda þúsund dala var Sigríður Stefánsdóttir á Espihóli í Eyjafirði. Hún var ekkja Jóns Jakobssonar sýslumanns og lést 16. maí 1818.

*Tafla 6. Fjórðungadreifing eigna eftir kynjum í ríkisdölum*

| | **Karlar** | **Konur** | **Alls** |
|---|---|---|---|
| Fyrstu fjórðungsmörk | 62 | 66 | 65 |
| Önnur fjórðungsmörk | 141 | 151 | 145 |
| Þriðju fjórðungsmörk | 298 | 311 | 303 |
| Fjórðu fjórðungsmörk | 14954 | 9551 | 14954 |
| **N:** | **3074** | **1858** | **4932** |

Í þessari bók birtist örlítið brot varðveittra dánarbúsuppskrifta, nánar tiltekið 90 textar sem taka til 96 einstaklinga: sex hjón, 45 karlar og 39 konur. Það kemst nærri því að vera 2% tiltækra gagna. Val á dánarbúum tók mið af því að sýna einkum miðbik samfélagsins eða með öðrum orðum þann hóp sem kalla mætti almenna bændur. Einnig eru teknir einstaklingar sem sýna eignadreifinguna í báðar áttir, plássins vegna fleiri úr hópi fátæklinga en betur staddra. Markmiðið var að útfæra þversnið á landsvísu með tilliti til aldurs og félagslegrar stöðu, en ekki innan hverrar sýslu út af fyrir sig. Þess var freistað að hver sýsla hefði áhugaverð sérkenni og dreifast uppskriftir ýmist á nokkurt árabil eða eru mjög þéttar. Sama gildir um landfræðilega dreifingu innan sýslna. Til samanburðar við heildarsafnið skal tekið fram að fátækasta fólkið í bókinni átti tvo ríkisdali og auðugasti einstaklingurinn 1612 dali, en miðtalan er 55 dalir.

Í bókinni eru tvö sýnishorn á dönsku frá 1722 og 1725 af þeim ellefu skiptum sem eru í áðurnefndri bók Wulfs landfógeta. Eignir Steinunnar Jónsdóttur voru skráðar eftir að hún svipti sig lífi og konungur fékk það litla sem hún átti. Þorsteinn Pálsson árið 1736 er sams konar útúrdúr miðað við almenna reglu um

tilurð gagna, en skrárnar tvær eru svo merkilegar að mér þótti réttlætanlegt að hafa þær með. Um næstu sýslur á það við að leitað var fanga í elstu fáanlegu gögnum. Tvö dánarbú úr Eyjafirði eru frá sömu jörð árið 1738 og þrjú af litlu svæði tveimur áratugum síðar; allt miðlungsbú. Meiri eignadreifing er á einstaklingum úr Árnessýslu árabilið 1744–1761, frá bláfátækum vinnumanni sem ekkert annað er vitað um upp í vel stæða bændur, og þar koma mæðgur við sögu sem létust með skömmu millibili. Elstu gögn úr Skaftafellssýslu eru illa farin, önnur en dánarbú frá 1765 eftir bónda í Syðri-Fljótum. Þar birtist sérstaða héraðsins í buskugjörðum, lénustöngum og rótargrefli (bls. 95). Annað nokkuð heillegt bú fylgir, þremur árum eldra.[1]

Skagfirskum búum frá áttunda áratug aldarinnar er ætlað að sýna fjölbreytileika í kjörum venjulegra bænda, því sumir voru fátækir og aðrir betur stæðir. Fjögur bú úr Rangárvallasýslu, skráð beggja megin við Móðuharðindin, eru öll nokkuð velmegandi, en sex húnvetnsk bú heldur bágborin og má tengja það við ógnvænleg áhrif harðindanna. Hefði eins mátt snúa þessu við, því vissulega voru auðugir bændur í Húnavatnssýslu og fátækir í Rangárvallasýslu. Fimm dánarbú eru úr Þingeyjarsýslu frá árunum 1785–1793, tvö þeirra vel útbúin, annað frá Grímsstöðum á Fjöllum og hitt eftir prestsdótturina Guðrúnu Ketilsdóttur, systurdóttur Skúla Magnússonar landfógeta. Úr Múlasýslum árin 1786–1795 eru eintómir bændur, en dreifing allnokkur, bæði hvað varðar svæði og eignir; reyndar eru karlarnir fullmargir, sex að tölu, en ein kona og hjón sem urðu undir skriðuhlaupi. Dalasýslubúin eru öll skráð haustið 1791 og tilkomin ásamt nokkrum fleirum vegna farsóttar. Reykvísku búin sýna annars vegar kotbúskap í Örfirisey árið 1792 og hins vegar borgaralegt heimili þremur árum síðar, sem var allt annars eðlis með strútsfjaðrir, smásjá og camera obscura (sjá bls. 232, 239, 242). Eignum Halldóru Sigurðardóttur er ætlað að skerpa á því hversu mikill munur var á almúga og yfirstétt í landinu á þessum árum. Búin af Snæfellsnesi árin 1799–1805 eru öll nema eitt undan Jökli og sýna margbreytileika meðal bænda og húsfólks. Eitt dánarbúið tengist dulsmáli og er andláti stúlkunnar lýst í dómnum, sem fylgir (bls. 276). Enn eitt sakamálið kemur við sögu í Barðastrandarsýslu, því varðveitt eru gögn um eignir húsbænda á Sjöundá árið 1802, en líka annarra bænda á Rauðasandi allra næstu árin. Þar kemur fram

1 Um skaftfellskt dánarbú frá 1781, sjá Brynju Björk Birgisdóttur og Jón Torfason, „Uppteiknun dánarbús Þórarins Jónssonar“.

að ekkja svelti sig í hel nokkrum mánuðum eftir að maður hennar lést (bls. 293), sem líkt og morðin á Sjöundá minnir á þær tilfinningar sem á sínum tíma tengdust fólkinu sem átti þá hluti sem nú þekkjast bara af orðum á blaði.

Aðeins fjögur bú eru í bókinni úr Borgarfirði, tvö góð miðlungsbú og tvær mjög vel stæðar konur, önnur þeirra prestsdóttir í Kalmanstungu árið 1807. Dánarbúin úr Ísafjarðarsýslu eru harmþrungnari en flest önnur, því 6. maí 1812 gerði óveður í Önundarfirði eftir að skip voru komin á sjó og drukknuðu ekki færri en 54 karlar.[1] Til eru 27 dánarbú sem tengjast þessum atburði, tíu þeirra af Ingjaldssandi, sem hér birtast, meðal annars feðgar og bræður. Úr Strandasýslu árin 1813–1820 urðu fyrir valinu fremur fátæk bú sem dreifast um sýsluna og síðast 84 ára sveitarlimur sem eiginlega átti ekki neitt. Nokkrar sambærilegar konur úr Gullbringu- og Kjósarsýslu sem létust árin 1818–1820 koma í bókarlok, niðursetningar og sjúklingar á ólíkum aldri.

Dánarbúin voru yfirleitt skráð samkvæmt rökréttri uppröðun eftir tegundum gripa og iðulega settu hreppstjórar eða aðrir matsmenn millifyrirsagnir, sem áttu til að riðlast (sjá til dæmis bls. 109, 115, 122). Fyrir kemur að óreiða er allnokkur (bls. 134). Verðmat hafa menn haft á tilfinningunni eða náð samkomulagi um það, en eftir að erfðaskatti var komið á árin 1792 og 1810 hefur tilhneigingin vafalaust verið að hafa tölurnar fremur lægri en hærri. Má geta þess að þegar eignir Sveins Magnússonar vinnumanns í Vík í Héðinsfirði reyndust eftir skuldir nema 91 rd. 84 sk. dró Gunnlaugur Briem sýslumaður þá ályktun við skipti 8. mars 1813 að veiðarfæri, fatnaður og húskofar væru of lágt metin, en spurði síðan „hvört hér ei sé skammarlegur afdráttur hafður við kóngs kassa, hvað skiptaréttur ei líða má“. Hann dró fyrir vikið 4½% af upphæðinni frá handa konungi.[2] Nákvæmni í sjálfum lýsingunum var aftur á móti mikil í flestum tilvikum. Pottar eru brostnir og af þeim eyrað – einn þeirra er hins vegar kallaður gersemi (bls. 359). Bækur eru rotnar eða lausar í bandinu – guðsorð aðallega og til dæmis 25 slíkar bækur á einu heimili (bls. 306). Minna var af veraldlegu lesefni, þó Grettis saga, Kjalnesinga saga og *Yfirsetukvennaskóli*, *Atli* séra Björns Halldórssonar og sjálfur erfðalagabæklingurinn (bls. 113, 200, 366). Vitaskuld

1 ÞÍ. Kirknasafn. Dýrafjarðarþing BA 1. Prestsþjónustubók 1785–1816, bls. 206; Holt í Önundarfirði BA 1. Prestsþjónustubók 1785–1816, bls. 246–249; Halldór Kristjánsson, „Um Ebeneser sýslumann Þorsteinsson og samtíð hans“, bls. 59–71.

2 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Eyjafj. ED1/4, 2. Skiptabók 1805–1816, bls. 266–267.

eru uppskriftirnar ekki alveg áreiðanlegar í þeim skilningi að skráning eigna hafi endilega verið tæmandi. Í Noregi og Danmörku voru hversdagsföt sjaldnast skráð nákvæmlega, heldur var þeim deilt á erfingja utan skipta.[1] Tekið er fram hér á einum stað að spariföt ekkju séu ekki meðtalin (bls. 349), en á móti kemur að stundum eru skráð ósköpin öll af fatnaði (bls. 97–99). Sængurföt eru heldur ekki alltaf tilgreind, svo sem í Eyjafjarðarsýslu eða Árnessýslu, og fram kemur í búi frá 1812 að engin slík séu metin (bls. 346). Uppskriftir eru því misjafnar og í einhverjum tilvikum var munum stungið undan (bls. 152–153). Sitthvað getur því vantað í íslensk dánarbú hvert fyrir sig og einungis er hægt að vinna gegn þeim skorti með því að bera saman uppskriftir frá sem flestum stöðum. Vandlegur lestur þessarar bókar ætti að veita nokkuð góða tilfinningu fyrir eignum og aðstæðum almennings, en síðan er bara að fara í gögnin sjálf og vinna úr hugmyndum sem kvikna, nokkuð sem fáeinir fræðimenn hafa gert nú þegar. Nægir að nefna rannsóknir Sólrúnar B. Jensdóttur á bókaeign og Harðar Ágústssonar á húsakosti og búsgögnum. Þá hefur Christina Folke Ax tekið út eftirlátnar eigur allmargra íbúa í Reykjavík og nágrenni í því skyni að svara spurningum um félagslega skiptingu.[2] Erlendis eru rannsóknir á fatnaði nú í blóma og hafa dánarbúsuppskriftir verið kannaðar af miklum móð, en lengri hefð er fyrir nýtingu þeirra í bóksögu, til dæmis norskri og finnskri.[3] Af nógu er að taka og heimildir ekki af skornum skammti.

## *Útgáfan*

Útgáfan er orðrétt og stafsetning samræmd til nútímahorfs, en haldið í orðmyndir, svo sem „móður“ í nefnifalli og „dóttir“ í þolfalli og þágufalli eða ýmis afbrigði af silfurmillum, það er „millur“, „milnur“, „millnur, „minlur“ og „mindlur“. Ýmist er í uppskriftunum skrifað á latínu „ditto“ eða „dito“ fyrir

1 Alan Hutchinson, „Skifter: kildekritiske synspunkter“, *Skiftene som kilde*, bls. 29, 40–41.

2 Sólrún B. Jensdóttir, „Bókaeign Austur-Húnvetninga“, bls. 142–166; „Books owned by ordinary people“, bls. 264–292; Hörður Ágústsson, *Laufás við Eyjafjörð*, bls. 239, 243–246, 291–298; Christina Folke Ax, „Menningarmunur á Íslandi í lok 18. aldar“, bls. 83–86.

3 Sjá greinasafnið *Fashionable Encounters*; Jostein Fet, *Lesande bønder*; Henrik Grönroos og Ann-Charlotte Nyman, *Boken i Finland*; sbr. Má Jónsson, „Skiptabækur og dánarbú 1740–1900“, bls. 87–89.

„sama“ eða „eins“ og er ósamræminu haldið. Styttingar eru skrifaðar út, svo sem „monsieur“ fyrir „Mr.“ eða „sálugur“ fyrir „sál.“ Greinarmerkjasetning er virt eftir því sem við verður komið, en bætt við stöku kommu og jafnvel punkti, eða þá að kommur eru fjarlægðar, allt í þágu skýrari skilnings.[1] Smávægilegar lagfæringar skrifara eru teknar til greina og ekki sýndur sá texti sem fyrir var, en yfirstrikunum haldið vegna þess að þær sýna vangaveltur á staðnum (bls. 88, 232, 293 og víðar). Magneiningar eru auðkenndar með tölustöfum, svo sem 3 fjórðungar og 10 vetra, en fjöldi eininga í orðum, svo sem þrír gemlingar, fjórar rekkjuvoðir; þó aðeins til og með tólf. Embættismenn og betri bændur skrifuðu sumir bara upphafsstafinn í fornafni sínu; hér eru nöfnin skrifuð fullum fetum, hafi mennirnir fundist. Mánaðaheiti eru höfð á íslensku en heiti jarða ekki stöðluð, heldur farið eftir heimild hverju sinni. Danskur texti í elstu skiptunum er aftur á móti hafður stafréttur, enda myndi nútíðardanska gjörbreyta ásýnd hans, ólíkt íslenska textanum. Skammstöfunin „sl.“ er leyst upp sem „sahlig“ eins og skrifað er út á einum stað: „deris sahlig modermoder“ (bls. 37). Þegar skemmdir eru í handriti eru settir hornklofar [ ] og 00 innan í þá ef ekki er ljóst hvað hefur staðið þar, en [orð] ef geta má til þess. Vanti orð augljóslega í texta er því aukið við innan oddklofa 〈 〉. Í nokkrum skjölum sjást ekki verðmatstölur vegna skemmda og eru þá sett spurningamerki.

Aðalatriðið var að sýna eignir fólks. Dánarbúsuppskriftirnar eru því gefnar út í heilu lagi en arfaskipti endursögð og aðeins haldið til haga upplýsingum um það hversu mikið erfingjar fengu í sinn hlut. Í uppskriftunum er oftast reiknuð samtala verðmats neðst á hverri síðu og talan endurtekin efst á næstu síðu. Þessu er sleppt hér. Fyrir kemur að upphæðir eru tilgreindar í ríkisdölum, mörkum og skildingum. Hér eru mörkin þá reiknuð yfir í 16 skildinga. Ýmist er í gögnum miðað við ríkisbankadali eða ríkisdali, með skammstöfun „rbd.“ eða „rd.“, og er heimild fylgt. Skildingabrotum er haldið til haga. Hundruð eru skammstöfuð „h.“ efst í talnadálkum en „hndr.“ í texta, en álnir ávallt „ál.“ Formáli fylgir hverju dánarbúi um helstu æviatriði hvers einstaklings. Þar var vefslóðin Íslendingabók ómetanleg og er ekki vísað þangað hverju sinni, en Kristrúnu Höllu Helgadóttur skal þakkað fyrir marghattaðar upplýsingar. Aftanmálsgreinar fylgja hverri sýslu með nákvæmum færslum um óprentaðar

1 Tekið er mið af útfærslu Haraldar Bernharðssonar í greininni „Samræmt nútímamál á fornum heimildum“.

heimildir og styttri fyrir prentað efni. Í bókarlok eru myndaskrá, heimildaskrá og atriðaskrá sem tekur til helstu efnisflokka. Fáein áhugaverð smáatriði eru reyndar tekin með, svo sem gleraugu og vefstaðir. Ofraun hefði verið að auðkenna alla bókartitla eða sundurgreina tegundir fatnaðar og hvert einasta verkfæri. Ýmissa grasa kennir í uppskriftunum og verða lesendur að leita í *Íslenskri orðabók* eða veflægu ritmálssafni Orðabókar Háskóla Íslands. Þó má nefna trésfótinn í Hólavallaskóla, sem vafalaust er það sem á dönsku heitir „trefod“ og var þrífætt statíf, ekki óalgengt í Danmörku.[1]

Við verklok þakka ég einkum Maríu Jóhannsdóttur fyrir aðstoð við afritun texta og sérlega vandaðan yfirlestur. Þjóðskjalasafn leyfir nú ljósmyndun gagna á lestrarsal og lagði Sigurður Högni Sigurðsson mér lið við það; fékkst styrkur úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands í þessa verkþætti. Rannver Hannesson lagði til að skammstöfunin „EB“ þýddi „ekta band“ (bls. 326) og Tómas V. Albertsson gaf góð ráð um spilapeninga (bls. 241), en Þór Magnússon, Gísli Baldur Róbertsson, Jón Torfason og Björk Ingimundardóttir lögðust á eitt við að ráða nokkur torlesin orð, flest varðandi silfur. Ekkert okkar gat ráðið dauflega skrifað „reckhata“ og er spurningamerkjum haldið (bls. 89). Guðbjörg Snót Jónsdóttir benti mér á skólapiltinn í Skálholti og Gísli Baldur komst á snoðir um áhrif Péturs Þorsteinssonar á lögleiðingu norskra erfðalaga – þakka ég þeim fyrir að láta mig vita. Braga Þorgrími Ólafssyni þakka ég aðstoð á síðustu stundu. Ómetanlegt næði á meðan gengið var frá bókinni fékkst á Senter for grunnforskning eða á ensku Centre for Advanced Study (CAS) í Osló, þar sem viðfangsefni hóps fræðimanna undir stjórn Lars Ivar Hansen, prófessors í sagnfræði við Háskólann í Tromsø, er einmitt saga erfðaréttar á Norðurlöndum. Öðrum ritstjórum ritraðarinnar þakka ég fyrir yfirlestur á inngangi, en Öldu Lóu Leifsdóttur og Sverri Sveinssyni fyrir bókarkápu og umbrot.

1 Sjá til dæmis *Malmö skifter* 1, bls. 8, 11, 137, 152, 182, 199.



*Forsíða elstu íslensku skiptabókarinnar, sem öll er á dönsku: „Skijfte Protocoll, der udi min betienings tied, her udi Guldbringe Syssel forefalden er, der sin begyndelse tog, fra Anno 1717 d. 15 Augustij jeg ankom og til Anno 17      den      continuerede“ (sjá hér á bls. 16). ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Gullbr. ED1/9, 2. Skiptabók 1717–1726, bl. 1r.*

# Gullbringusýsla

*1722–1726*

*Jón Bjarnason*

Jón bóndi á Eyvindarstöðum á Álftanesi reri til fiskjar 17. febrúar 1722 og hvarf. Ekki er vitað hvenær hann fæddist eða hvar, en kona hans var Oddný Jónsdóttir sem kann að hafa verið 14 ára í Arnarnesi árið 1703, dóttir ábúendanna Jóns Gíslasonar (f. 1660) og Guðrúnar Jónsdóttur (f. 1660), frekar en 9 ára niðursetningur á hreppnum.[1] Sonur Jóns og Oddnýjar var Jón, ungur að árum þegar faðir hans lést. Beðið var með uppskrift dánarbús og skipti þangað til 23. september.[2] Svo merkilega vill til að árið 1703 bjó annar Jón Bjarnason á fjórðungi Eyvindarstaða og átti tvær kýr og eitt hross. Hann var 38 ára og kona hans Valgerður Jónsdóttir fjórum árum eldri. Synir þeirra voru Jón 9 ára, Bjarni 7 ára og Magnús 1 árs. Í skrá yfir íbúa á Álftanesi sem létust í Stórubólu árið 1707 er sá Jón nefndur og bústýra hans Valgerður Ásbjörnsdóttir 24 ára, auk 12 ára barns hennar sem ekki er nafngreint. Jón er einnig tilgreindur sem bóludauður í Setbergsannál. Þetta er hins vegar allt annað fólk.[3]

Anno 1722 den 23. September paa Evinderstad á Alftenes er effter edle herr landfoget Cornelius Wulfs ordre, blefven holdet skiffte og registering effter sahlig Joen Biarnesen som nestleden 17. Februar paa söen er borte blefven, og icke siden dend tiid noget til hannem spurdt er, hvor da paa landfogdens vegne Andreas Schavenius med tilnefnte mænd Þorgir Þordersen og Sigurder Joensen, sig udi sterfboen indfandt at registere og vurdere med 2de andre mænd, hvis som dend sahlig mand sig haver effterladt, som til dehling mellem enken Odnie Joensdaatter og sönnen Joen Joensen, hvor da af enken blef frembviist som underskrefven indfört findes, som effter landsviis saaledes anslagen og vurderet er, nemblig:

| | h. | al. |
|---|---|---|
| **Udi penge fanttis** | | |
| 8 rixdaler specie er | 2 | |
| I croner 11½ slette daler er | 1 | 96 |
| **Jernfang** | | |
| 1 gryde vog 21 pund er | | 25 |
| 1 dito vog 12 pund | | 15 |
| 1 liden islandsk bismer paa 2 fj. | | 6 |
| 1 liden ambolt | | 20 |
| 2 nafrer | | 2 |
| 1 tængsel og gammel skaröxse | | 15 |
| 1 hammer | | 3 |
| 1 jernstang | | 6 |
| 1 liden söm jern | | 2 |
| 1 gammel smide belg | | 5 |
| 1 gammel tang og fiile | | 2 |
| 1 gammel spade | | 2 |
| **Kiister og skriine** | | |
| 1 kiiste med laas | | 25 |
| 1 dito mindre | | 15 |
| 2 dito a 12 al. | | 24 |
| 1 liden skriin | | 3 |
| **Gangklæder** | | |
| Een tröje og buxser af vadmel | | 10 |
| 1 kiærne | | 8 |
| 2 dito og 2 par buxser | | 30 |
| 1 gammel röd klædesströje | | 20 |
| 2de cabuscher | | 20 |
| 1 qvindeskiört med oplöd | | 30 |
| 5 al. eenshiæft og 1½ al. vadmel | 1 | 10 |
| **Anden burfang** | | |
| 2 pander og 3 bötter | | 15 |
| 4 esher | | 10 |
| 1 skaal og 1 tallerke | | 31 |

| | h. | al. |
|---|---|---|
| 1 syrtönde | | 15 |
| 4 gamle tönder bundlös | | 8 |
| 1 tönde med 1 fj. mehl udi | | 15 |
| 3 truger | | 10 |
| 2 klafver og 1 par kroger | | 5 |
| 2 gamle træshuffer | | 1 |
| 1 stk. træ | | 8 |
| 1 gammel tiæretönde | | 4 |
| Udi böger fanttis som vurderet er | | 30 |
| 3 fj. uld | | 20 |
| 1 fj. klippinger | | 25 |
| 1 skindfad og brog | | 15 |
| 6 fj. smör | | 60 |
| 2 wetter madfish | | 40 |
| I creature fanttis | | |
| 1 koe 7 aar | | 105 |
| 1 dito 3 aar | | 75 |
| 1 liden kalf | | 15 |
| 1 færlæk 6 aar | | 60 |
| 1 dito 16 aar | | 40 |
| Eftershrefvne findes her til sterfboen skyldige | | |
| Gester Joensen a Delt | | 30 |
| Joen Þorderson a Tunge östre | | 20 |
| Svend Arnbiörnsen | | 10 |
| Videre blef enken Oddnie Joensdaatter tilspurt, om videre var at fremviise denne sterfboed tilhörende, hvortil hun svarede ney, og det med eed stadfæste vil om fornöden giöres. | | |
| Summa paa det som til registering angifven er | 11 | 73 |
| Derfra afgaar | | |
| Enken Oddnie Joensdaatter haver forlods udi sterfvboen, effter den forerhning med hændes sahlig mand ved deris trolofvelse sheet er, som af goede dannemænd attesteris kand, at dend lengst lefvende shulde forlodz nyde een qvildis værdi, sem enken nu giöres, er | 1 | |

| | h. | al. |
|---|---|---|
| Joen Arresen Hammerskoth haver her at fordre som enken vedgik | | 6 |
| For denne skiffteforretning og dets beshrifning andföhres 1 rdr. specie er | | 30 |
| Til de 2de mænd ved registeringen og vurderingen været haver for deris umage | | 10 |
| Det som fra sterfboens midler afgaar er | 1 | 46 |
| Blifver saa igien | 10 | 27 |

| | | |
|---|---|---|
| Hvilke forshrefne 10 hndr. 27 al. blifver til dihling, imellem enken Odnie Joensdaatter og hændes sön Joen Joensen, hvoraf | | |
| moederen tilkommer dend ½ part som er | 5 | 13½ |
| og sönnen dend anden part, er | 5 | 13½ |
| Summa | 10 | 27 |

Denne arf 5 hndr. 13½ allen sönnen Joen Joensen efter ⟨hans⟩ sahlig fader tilkommer, blifver til moderens giemme og forsvar, indtil sönnen blifver myndig effter loven, da moderen lofver, at det hannem alt shal blifve udreedet i gaufnligt budsgang og ei mindre end 2 hndr. udi penge.

At dette som forshrefvet staar passeret er, bekræfter vi undershrefvne med voris hænder og zignetter. Actum Anno, Loco et Die ut supra.

Andreas Schavenius LS
Þorgir Þorderson LS
Sigurder Joensson LS

*Anna Jónsdóttir*

Anna var húsfreyja á Hliði á Álftanesi árið 1703, 36 ára gömul. Jón Björnsson hét maður hennar, var fjórum árum eldri og skráður sem hjábýlismaður. Dóttir þeirra Aldís var 12 ára og fleiri voru ekki í heimili. Þegar jarðabók var tekin saman um haustið voru heimilismenn þrír. Óvíst er hvenær Jón lést eða Aldís. Hér kemur fram að hún giftist Sturla Jónssyni og miðað við þann aldur sem gefinn er upp fæddust fjórir synir árin 1712–1717. Þeir eru að öðru

leyti óþekktir en hugsast getur að Sturli hafi árið 1703 verið 22 ára niðursetningur á Álftaneshreppi.[3] Þornið í „þredie“ er greinilegt og hugsanlegt að Íslendingur skrifi textann, en á móti því mælir hvernig nafn Önnu er skrifað, ýmist Ønur eða Ønun. Verðmat er í vættum (w.) og fiskum (f.). Voru 40 fiskar í vætt og 240 í hundraði á landsvísu eða sex vættir, þannig að eignir Önnu jafngiltu 4 hundruðum og 54 álnum. Ívar Gíslason, nýfæddur þegar manntal var tekið vorið 1703, setur ekki eigið nafn undir skjalið heldur upphafsstafi húsbónda síns, Corneliusar Wulf landfógeta. Ívar fór sem unglingur til Hamborgar og lýsti Johann Anderson viðbrögðum hans með farsakenndum hætti í Íslandslýsingu sinni sem kom út árið 1746.[4] Anna lést á Eyvindarstöðum 26. nóvember 1725. Tveimur mánuðum síðar var búið skrifað upp og eignunum skipt.[5]

Anno 1725 den 22. December var vi paa Evinderstad her paa Alftenæs for at registere og vurdere, alt hvis effter sahlig Ønur Jonsdaatter der den 26. November döde, sig hafde effterlatt, hvor da paa landfogden som sysselmand her i Guldbringesyssel hans vegne var Iver Gislesen med udnæfnde dannemænd Olafver Greipsen og Arne Jonsen; samme tid var og til stæde arfvingernes fader Stydle Jonsen, som denne sahlig kohnes daatter sahlig Aldis Jonsdaatter til ægte hafver hafft og med hænde 4re sönner, som er Haldor, Paul, Jon og Olafver Stydlesönner, efterladt haver, dis alle nu udi lefvende lifve er, hvor da efftershrefvne boe hafver registered og vurderet, nemblig:

| | w. | f. |
|---|---|---|
| 1 jernpott gammel vurderet | 1 | 30 |
| 1 kiiste for | 1 | 20 |
| 1 dito gammel vurderet | | 20 |
| 1 qvindehatt gammel for | 1 | 10 |
| 1 klædesfött gammel | 2 | 20 |
| 1 dito af 20 f. klæde | 1 | 30 |
| 1 svinte af klæde gammel for | | 30 |
| 1 dito af kirsey for | | 32 |
| 1 tröye gammel | | 24 |
| 1 qvindhempe slitten | | 30 |

| | w. | f. |
|---|---|---|
| 1 dito vurderet for | 1 | 8 |
| 1 dito gammel vurderet | | 24 |
| 1 gammel tröye for | | 12 |
| 2 traf a 30 f. er | 1 | 20 |
| 1 dito fyr | | 10 |
| 1 dito for | | 10 |
| 1 træfild gammel | | 15 |
| 1 dito for | | 4 |
| 1 klutter gammel | | 10 |
| 1 dito for | | 5 |
| 1 mallinde gammel | | 12 |
| 1 gammel dito | | 5 |
| 1 stittuband | | 6 |
| 1 dito for | | 5 |
| 2 par qvindehoeser med 1 par haelestar alt for | | 10 |
| 2 flasher a 3 f. er | | 6 |
| 1 breckian | | 13 |
| 2de eskur for | | 10 |
| 2 melketrug for | | 7 |
| 2 fatta | | 5 |
| 2 kierhald | | 4 |
| 1 lår fyr | | 4 |
| 1 karfa fyr | | 4 |
| 1 ausa fyr | | 1 |
| 1 dallur | | 3 |
| 1 strockur | | 15 |
| I penge fanttes 3 rixdaller specie er | 3 | 24 |
| Nock 1 hest gammel 15 aar er vurderet for | 2 | 16 |
| Summa paa ald sterfboedens registerede og vurderede midler er | 25 | 34 |

Videre var icke angifven som dend sahlig kohne Ønun Jonsdaatter eyende er, men hændes bortshyldige gield var denne:

| | | |
|---|---|---|
| Arne Jonsen hafver at fordre for liigkiste at giöre samt omkostningen til begrafvelsen med mad og brendeviin i alt | 2 | 16 |

| | w. | f. |
|---|---|---|
| For jorden i kirkegaarden er betalt | | 24 |
| Til præsten er betalt | | 12 |
| For denne skifftesforretning betalt | | 18 |
| Til de 2de mænd ved vurderingen og registeringen, betales for een dag a 12 f. er | | 24 |
| Dend bortshyldige gield med skifftets omkostninger er i alt | 5 | 4 |
| som fragaar fra sterfboedens registeringsmidler, der i alt sig tildrager | 25 | 34 |
| | | |
| Blifver igien til dehling mellem de fiire arfvinger, som er dend sahlig kohnes daatterbörn (der för hænde er bortdöd) og disse 4re sönner effterlatt hafver, penge | 20 | 30 |
| Skulde saa een hver af disse 4re arfvinger, effter deris sahlig modermoder, tilkomme i arf | 5 | 7½ |

Men som dend ældste sön Haldor Studlesen ickun er i 14de aar, anden arfving Paul Studlesen ickun 12 aar, þredie sön Jon og fierde sön Olafver Studlesen ickun 10 og 8 aar gammel, saa behöfves ald denne deris tilfaldne arfvemidler til optucktelsen og Gudz frygt i henseende at faderen fattig er, og effter islandsk lov ikke er forpligted at udsvare saadane umyndige börns arf, naar det icke 5 hndr. sig tildrager; men faderen Stydle Jonsen shal henvende denne hans 4re sönners tilfaldene liden arf til deris optucktelse og udi herrens frycht; dog saa, sluttes af skiffteforvalteren, at om Gud gifver faderen velsignelse, hand da noget (sine börn naar de sig skickelig og fromb opförer) af denne deris tilfaldene arf i frembtieden gottgiöre.

At dette skiffte saaleedis forrætted og slutted er, som forshrefvet staar, bekræffter vi hermed under vorris hænder og zignetter. Actum Bessesteds Kongsgaard dend 18. Januar Anno 1726.

Olafver Greipsen LS Cornelius Wulf LS Audne Jonsen LS

*Steinunn Jónsdóttir*

Í manntali árið 1703 eru þrjár stúlkur með þessu nafni í Vatnsleysustrandarhreppi. Tvær þeirra voru niðursetningar, 2 ára og 5 ára, en sú þriðja 5 ára dóttir Jóns Jónssonar húsmanns í Ytri-Njarðvík.[6] Steinunn var án efa ein þeirra og mun því hafa verið nálægt þrítugu þegar hún svipti sig lífi, vinnukona í Fúluvík eða Fuglavík nærri Sandgerði. Séra Halldór Brynjólfsson lét Cornelius Wulf sýslumann og landfógeta vita með bréfi 5. febrúar 1726 og tilgreindi 23. janúar sem dánardægur. Sama dag skrifaði Guðmundur Jónsson húsbóndi hennar Niels Fuhrmann amtmanni og mun dagsetningin 5. febrúar í færslu dómabókar koma frá þessum bréfum. Landfógeti og amtmaður voru á einu máli um að hér giltu ákvæðu Norsku laga frá 1687, sem þýddi að líkið skyldi grafið utan kirkjugarðs og eignir Steinunnar renna til konungs.[7] Atburðurinn þótti fréttnæmur og er Steinunn nafngreind í Sjávarborgarannál og dagsetningin 5. febrúar tilgreind, en hvorugt nefnt í Hítardsalsannál, sem þó útfærir atvikið nánar: „Á Miðnesi hvarf stúlka um nótt úr rúmi sínu, hljóp í sjó og fyrirfór sér“.[8] Á manntalsþingi á Býjaskerjum 13. maí voru lesnar manntalsbók, hlutabók og jarðabók, ásamt skrá yfir skuldir bænda við konung og reikningur vegna kostnaðar af skipverjum af strönduðu orlogsskipi sem höfðu haft vetursetu. Dæmt var í hórdómsmáli og hin seku hýdd þegar ljóst var að þau ættu enga peninga, hann giftur og hún ógift. Síðan var lögð fram skrá yfir eftirlátnar eigur Steinunnar. Verðmat er í vættum og fiskum þannig að eignir hennar námu 1 hundraði og 110 álnum á landsvísu.[9]

Í veleðla og velbyrðigs herra amtmannsins Niels Fuhrmanns áheyrn Anno 1726 dag 13. maí á Bíaskerjum settu manntalsþingi af lögsagnaranum Brandi Bjarnhéðinssyni til þingsvitnis nefndir þessir eftirskrifaðir menn monsieur Kort Jónsson lögréttumaður, monsieur Sigurður Runólfsson, Jakob Halldórsson, Jón Ólafsson, Gísli Jónsson, Jón Jónsson, Oddur Sigurðsson og Guðmundur Jónsson ...

Sama dag begerði herra landfógetinn af réttinum að so sem þann 5. febrúar ein stúlka uppá Fúlavík þénandi við nafn Steinunn Jónsdóttir sig sjálfa í sjó

drekkti, og eftir háyfirvaldsins ordum ekki í kristna jörð grafin, þá ber hennar eftirlátið góss að heyra kónginum til eftir lögum, sem hér nú innfærist sem eftir fylgir.

| | v. | f. |
|---|---|---|
| Ein vættarkista gömul | | 20 |
| Kvenhempa sortuð | | 20 |
| Blátt pils af 20 fiska klæði | | 40 |
| Þrjár klæðissvintur gamlar | | 30 |
| Tvær treyjur slitnar | | 10 |
| Strigaskyrta | | 5 |
| Hálf alin klæðis blátt | | 8 |
| Eitt kvartil rautt klæði | | 4 |
| Tvö látúnskvenbelti | | 20 |
| Fimm styttubönd | | 4 |
| Tvennir rauðir sokkar | | 5 |
| Sjö pör vettlinga | | 12 |
| Tvær eskjur | | 9 |
| Hálf alin lérefts | | 4 |
| Fimm tröf | | 45 |
| Hálsklútur mislitur | | 6 |
| Tvö silki lítilfjörleg | | 8 |
| Tveir hálstreflar | | 6 |
| 1½ kvartil kessu | | 7 |
| 15 tvinnadokkur | | 6 |
| Tveir hálstreflar hvítir | | 4 |
| Tveir aðrir mislitir | | 4 |
| Þrennar smáeskjur | | 6 |
| Ein gömul kista | | 10 |
| Gamall hattur | | 5 |
| 1½ alin lérefts | | 4 |
| Fjórir smáskinnposar með ullu | | 10 |
| Smjör 7 pund skemmt og forspillt | | 10 |
| Tveir prjónar<br>Tveir knífar | } | 6 |

| | v. | f. |
|---|---|---|
| Ein pelaflaska af gleri | | 1 |
| Gamall kistill | | 2 |
| Þrír sauðir seldir fyrir | | 63 |
| Í skuldum til góða | | 66 |
| Er so þetta til samans, sem stúlkan Steinunn Jónsdóttir sig eftirlátið hefur | 11 | 20 |

| | | |
|---|---|---|
| Nú eru þessar skuldir eftir hana nefnilega: | | |
| fyrir borð í kistuna | | 12 |
| til þeirra sem smíðuðu kistuna og sauminn | | 15 |
| gefið þeim hana grófu fyrir utan kirkjugarð | | 30 |
| | 1 | 17 |
| Er so eftir þessa stúlku, sem til Hans Mayestets heyrir af framanskrifuðum fémunum í allt | 10 | 3 |

Hvar uppá herra landfógetinn óskaði að þetta sem fyrir réttinum er passerað, mætti með þingvitni staðfestast, sem honum og meðdeild verður. Sömuleiðis voru til hreppstjórnarmanna nefndir í Hafnahrepp Jón Jónsson og Oddur Sigurðsson. Var af lögsagnaranum að spurt, hvort hér hefði nokkurt vogrek í ár uppdrifið, hvar til allir nálægir þingmenn svöruðu, að þeir engin vissi þetta ár hér uppkomin. Actum ut supra.

| | |
|---|---|
| Brandur Bjarnhéðinsson mpp | Kort Jónsson |
| Jakob Halldórsson | Sigurður Runólfsson |
| Gísli Jónsson | Jón Ólafsson |
| Oddur Sigurðsson | Guðmundur Jónsson |
| | Jón Jónsson |

# TILVÍSANIR

1 *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 18.
2 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Gullbr. ED1/9, 2. Skiptabók 1717–1726, bl. 17v–18v.
3 *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 20; *Jarðabók* III, bls. 218–219; KB. Rostgaard 121 4to. Samtíningur frá fyrstu árum 18. aldar, nr. 48; *Annálar* IV, bls. 200.
4 Johann Anderson, *Frásagnir af Íslandi*, bls. 50, 198–200.
5 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Gullbr. ED1/9, 2. Skiptabók 1717–1726, bl. 27r–v.
6 *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 12, 15.
7 ÞÍ. Skjalasafn amtmanns I, 4. Bréfabók 1724–1728, bl. 291r. Um sjálfsvíg á þessum árum, sjá Hrafnkel Lárusson, „Dularfullur og forboðinn dauði: Um viðhorf til sjálfsvíga á 17. og 18. öld“, bls. 31–54.
8 *Annálar* II, bls. 608; *Annálar* IV, bls. 344.
9 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Gullbr. GA/3, 2. Dóma- og þingbók 1718–1727, bls. 38–40.



Anno 1736 dan 15 Septembris ad
Diniända við [illegible], að samankomnum [illegible]
[illegible], voru uppboðnar þeim til kaups sem hæst villdi bio-
da, þeir fiármunir sem Þorsteinn Pálsson [illegible] eptir sig lét
og Kongl. Mayt. tilheyrandi [illegible]
[illegible] til vitundar, að [illegible]
fiármunir allir að uppboðast, og þeim að seljast sem kaupa
villdi og mest [illegible]

| | rd | ℔ | ß |
|---|---|---|---|
| Kyr 8. vetra gömul, [illegible] var uppboðin villdi einginn meira [illegible] en | 3 | | |
| [illegible] 6. vetra [illegible] og [illegible], var uppboðinn villdi einginn meira [illegible] en | 1 | 2 | |
| 2. [illegible] voru uppboðnar, og villdi [illegible] | | | |

*Afrit Markúsar Bergssonar sýslumanns af uppboði sem hann hélt á eigum hins flúna Þorsteins Pálssonar 15. september 1736. ÞÍ. Rentukammer F-41. Reikningar jarðabókarsjóðs 1732–1735, örk 2, nr. 28.*

# Ísafjarðarsýsla

*1736*

## *Þorsteinn Pálsson*

Þorsteinn fæddist árið 1692. Foreldrar hans voru Páll Snæbjörnsson (f. 1650) og Ingibjörg Þorsteinsdóttir (f. 1656), sem árið 1703 bjuggu á Faxastöðum í Grunnavík. Systur hans voru Hlaðgerður 18 ára og Guðrún 7 ára, en bróðir Snæbjörn 13 ára. Vorið 1735 bjó Þorsteinn í Nesi í Grunnavík á móti mági sínum Jóni Brandssyni, manni Hlaðgerðar.[1] Í nóvember 1734 hafði Guðrún dóttir Hlaðgerðar og Jóns eignast barn, sem móðir hennar þóttist eiga og lét leiða sig í kirkju upp á það. Skömmu síðar viðurkenndi Guðrún fyrir sóknarpresti að Þorsteinn móðurbróðir sinn ætti barnið. Áður en þing var haldið að Dynjanda 15. júní 1735 lét hann sig hverfa. Guðrún var dæmd til dauða samkvæmt Stóradómi frá 1564, en vegna fáfræði hennar vildi Markús Bergsson sýslumaður að málinu yrði vísað til konungs. Einnig lagði hann til að Hlaðgerður yrði sýknuð „vegna sinna veikra og brjálaðra geðsmuna". Á alþingi 1735 var lýst eftir Þorsteini: „Maður með minni mönnum, grannvaxinn, toginleitur, grannleitur, varaþykkur, fallega á fót kominn, réttvaxinn, slaphærður, þvottalit á hárinu, skegglaus, sköllóttur í kollinum, lesandi og skrifandi, hagur á tré og járn, frómur og ærlegur til orða og gjörða fyrir utan þetta". Hann var ókvæntur. Sumarið 1736 var Guðrún í lögréttu og útskýrði að enginn hefði komið henni til að játa faðernið fyrir presti því hún „hefði ei ætlað þar mundi ríða so stórt á". Sýslumaður lét þess getið að Guðrún væri „öðrum fremur fávís", svo sem ráða mætti af því að hún hefði „allein gengið til þingsins undir próf og dóm í máli sínu hér um hálfa þriðju mílu og anað so

í dauðann eins og sauður, og eins sé faðir hennar til vitsmuna, en móðir ölldungis afsinna; þau hafi og verið so gott sem öllu mannlegu samkvæmi fráskilin, þar búið hafi á yzta landsins kanti, sem með fjöllum og öræfum sé afgirtur". Dauðadómurinn var staðfestur og málinu vikið til konungs, sem í ársbyrjun 1737 ákvað að Guðrún skyldi erfiða til æviloka í Spunahúsinu í Kaupmannahöfn. Hún var send utan þá um haustið. Faðir hennar átti að gangast undir opinbera aflausn fyrir lygar en Hlaðgerður var ekki dæmd „þar bevísað er hún sé óð og brjáluð að geðsmunum".[2] Þorsteinn kom aldrei fram og voru eignir hans seldar á uppboði á Dynjanda 15. september 1736 og er varðveitt afrit sýslumanns, vottað af amtmanni. Andvirðið fékk landfógeti afhent á Þingvöllum 15. júlí 1738.[3]

Anno 1736 þann 15. september að Dynjanda við Jökulfjörður, að samankomnum sveitarinnar innbyggjurum, voru uppboðnir þeim til kaups sem hæðst vildi bjóða, þeir fjármunir sem Þorsteinn Pálsson þá burthljóp eftir sig lét og Konglig Mayestet tilheyrandi eru af hans búslóð. En áður en þetta skeði, hefur sýslumaðurinn bréflega gefið til vitundar, að téðir fjármunir ætti að uppbjóðast, og þeim seljast sem kaupa vildi og mest fyrirgefa.

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Kýr 8 vetra gömul, kálflaus, var uppboðin, vildi enginn meir fyrirgefa en | 3 | |
| Hestur 6 vetra staður og haltur, var uppboðinn, vildi enginn meira fyrirgefa en | 1 | 32 |
| Tveir gemlingar voru uppboðnir, og vildi enginn kaupa dýrara en | | 64 |
| Vetrarpartur af Gíslapostillu prentaður, fúinn og lasinn og upp úr bandi, var uppboðinn og vildi enginn kaupa dýrara en | | 48 |
| Nokkuð af Nýja testamenti, án upphafs og endirs, var uppboðinn, vildi enginn kaupa. | | |
| Summarian án upphafs og enda í blöðum, var uppboðin, vildi enginn kaupa. | | |
| Grallari í 4to prentaður 1649 var uppboðinn, vildi enginn meira fyrirgefa en | | 12 |
| Tvö sáskrifli laggbrotin uppboðin, vildi enginn meira fyrirgefa en | | 42 |
| Tvö keröld voru uppboðin, vildi enginn kaupa dýrara en | | 11 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Ullarkambar íslenskir, annar brotinn, voru uppboðnir, vildi enginn kaupa. | | |
| Tólf pör duggaraless þæft og óþæft, ógilt, var uppboðið og vildi enginn meira fyrirgefa en | | 24 |
| Item vettlingar 32 þæfðir og óþæfðir, ógildir, vildi enginn kaupa dýrara en | | 12 |
| Þrennir sokkar, einir vettlingar, mjög ógildir, var uppboðið og vildi enginn kaupa. | | |
| Vaðmálskjóll gatslitinn með trosnuðum klæðishnöppum var uppboðinn, vildi enginn meira fyrirgefa en | | 24 |
| Tinfat gamalt og dældað vegur 2 pund var uppboðið, og vildi enginn meira fyrirgefa en | | 20 |
| Messingsspónn var uppboðinn, vildi enginn kaupa. | | |
| Einn drengjahattur var uppboðinn, vildi enginn kaupa dýrara en | | 10 |
| Leirkrús brotið af handarhaldið var uppboðin, vildi enginn kaupa. | | |
| Tvær arkir pappírs. | | |
| Sessa af augnasaumi gömul með grænu fóðri var uppboðin, vildi enginn kaupa. | | |
| Hnakkur lasinn með brotnum boga og ístöðum, lítilfjörlegum reiða, var uppboðinn, vildi enginn kaupa. | | |
| Beisli með koparkjálkum, ennislaufi og ádráttum, var uppboðið, vildi enginn kaupa dýrara en | 1 | |
| Gjörð með koparhringjum var uppboðin, vildi enginn meira fyrirgefa en | | 32 |
| Önnur með járnhringjum, vildi enginn meira fyrirgefa en | | 2 |
| Grenihrip, voru uppboðin, vildi enginn meir fyrirgefa en | | 12 |
| Fjórir laupar brotnir, vildi enginn kaupa. | | |
| Eitt anker með greniböndum, vildi enginn meira fyrirgefa en | | 12 |
| Belgir tveir með blístrum, vildi enginn kaupa. | | |
| Langviðarsög var uppboðin, vildi enginn kaupa dýrara en | | 16 |
| Tvö axakjök vildi enginn kaupa. | | |
| Sög brotin, goggur, tálgujárn brotið og sporjárn, vildi enginn meira fyrirgefa | | 2 |
| Járntöng og hamar, lítill lamaður, var uppboðinn og vildi enginn meira fyrirgefa | | 10 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Ljár og þrjár ljáspíkur var uppboðið, vildi enginn meira fyrirgefa en | | 4 |
| Hestlás lítilfjörlegur, vildi enginn kaupa. | | |
| Torfljár var uppboðinn, vildi enginn meira fyrirgefa en | | 10 |
| Vaður til vigtar 15 merkur var uppboðinn, vildi enginn meira fyrirgefa en | | 64 |
| Mannbroddar, vildi enginn meira fyrirgefa en | | 10 |
| Fjórir haldfæraönglar með taumum voru uppboðnir og vildi enginn meira fyrirgefa en | | 6 |
| Þrjú 3 marka glös með slæmum skrúfum voru uppboðin, vildi enginn meira fyrirgefa | | 8 |
| Tvær hlekkjahneifar voru uppboðnar, vildi enginn meir fyrirgefa en | | 20 |
| Ein ólarreipi gömul voru uppboðin, vildi enginn meira fyrirgefa en | | 8 |
| Ein hárbandsreipi voru uppboðin, vildi enginn meir fyrirgefa en | | 2 |
| Kaggur, tekur hér um 3 fjórðunga, fúinn og lekur, var uppboðinn, vildi enginn kaupa. | | |
| Klyfberi með slitnum gjörðum var uppboðinn, vildi enginn meira fyrirgefa en | | 8 |
| Tvö orf voru uppboðin og vildi enginn meira fyrirgefa en | | 1 |
| Fjórar hrífur með höfðum, vildi enginn meir fyrirgefa en | | 2 |
| Fjórar fúnar lóðir voru uppboðnar og vildi enginn meira fyrirgefa | | 32 |
| Eitt snæri danskt var uppboðið, vildi enginn meira fyrirgefa | | 16 |
| Haldfæri fornt, vildi enginn meir fyrirgefa en | | 8 |
| Hálf nót gjörð úr fjórum lóðarstrengjum, brúkuð hálf, vildi enginn kaupa. | | |
| Fjórir fjalir 3 álnir hver, var uppboðinn, vildi enginn meir fyrirgefa | | 8 |
| Tvær rekkjuvoðir í sundur, vildi enginn meira fyrirgefa | | 2 |
| Bátur með fjórum árum kallast fjögra manna far gamalt, var uppboðinn og vildi enginn meira fyrirgefa en | 4 | |
| Seglið með trénu var uppboðið og vildi enginn meira fyrirgefa en | | 42 |
| Summa | 15 | 56 |

Aðspurði nú sýslumaðurinn Markús samankomna þingmenn, hvert þeir vissu af frekari fjármunum Þorsteins Pálssonar en hér eru uppskrifaðir, sem Konglig Mayestet tilheyri að uppbera í Þorsteins búslóð, hverju allir sameiginlega neituðu. Að þetta allt so framfarið hafi sem áður segir vitna undirskrifaðir.

| | |
|---|---|
| Jón Sigurðsson | Árni Einarsson |
| Jón Halldórsson | Markús Jónsson |
| Árni Bjarnason | Snjólfur Þórðarson |
| Jón Brandsson | Vilhjálmur Jónsson |

Að þetta allt framan og ofanskrifað á nær tveimur blöðum í folio sé orðrétt uppskrifað eftir orginalnum testerar undirskrifaður með sínu nafni og signeti að Ögri Anno 1737, dag 25. júní.

Markús Bergsson
manu propria
L S

Attesteris
Lafrentz

TILVÍSANIR

1 *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 229; Guðrún Ása Grímsdóttir og Lýður Björnsson, *Grunnvíkingabók* I, bls. 48–49; II, bls. 11.

2 *Alþingisbækur* XII, bls. 236, 278–279, 281–283; Már Jónsson, *Blóðskömm á Íslandi*, bls. 217 (þar segir „föðurbróðir“ en á að vera „móðurbróðir“).

3 ÞÍ. Rentukammer F-41. Reikningar jarðabókarsjóðs 1732–1735, örk 2: Fylgiskjöl með útdráttum úr athugasemdum, nr. 26 og 28.



*Blaðsíða úr sóknarmannatali Myrkársóknar. Íbúum er raðað í stafrófsröð og sjá má þær mæðgur Guðrúnu Jónsdóttur og Bjarnadóttur á Uppsölum (sjá bls. 60). Auk venjubundinna upplýsinga um aldur og kunnáttu er tekið fram hvenær fólk gekk til altaris, sem er fátítt. ÞÍ. Kirknasafn. Myrká BC 1. Sóknarmannatal 1757–1765: Registur yfir sóknarfólkið 1757.*

# Eyjafjarðarsýsla

*1738–1758*

## *Hallur Jónsson*

Hallur fæddist árið 1693. Foreldrar hans voru Jón Hallsson (f. 1659) og Solveig Þorleifsdóttir (f. 1665), sem árið 1703 bjuggu í Hólskoti í Svarfaðardal og níu árum síðar á Brimnesi.[1] Árið 1730 gekk hann að eiga Sigríði Árnadóttur (1693–1768), sem með fyrri manni sínum Hálfdani Sigurðssyni (1693–1730) átti Randíði (1717–1809), Guðrúnu (1718–1775), Árna (1718–1758) og Sigríði (f. 1720). Hallur og Sigríður bjuggu í Hvammi í Hrafnagilshreppi og þar lést hann 23. mars 1738.[2] Dætur þeirra voru Halldóra (1732–1808) og Hallfríður (1735–1748), en eru ekki nefndar hér og aðeins Árni af eldri börnum Sigríðar vegna skuldar. Dánarbúið var skráð 9. apríl 1738. Verðmat vantar á potta tvo, garðaumbúning og búfénað, þannig að heildarverðmæti liggur ekki fyrir.[3]

Anno 1738 þann 9. april að Hvammi í Hrafnagilshrepp var uppskrifað sterfbúið þar samanstandandi að fráföllnum Halli sáluga Jónssyni, og er þess uppskrift so hljóðandi sem eftir fylgir.

| | **h.** | **ál.** |
|---|---|---|
| Ein kista | | 20 |
| Tvær kistur fyrir utan læsingar og lamir með lausum lokum og af nöglum gengnar | | 5 |
| Tvær peysur, önnur brúkandi, önnur ei | | 10 |
| Tvær skyrtur af striga mjög slitnar | | 4 |
| Eitt karpús slitið | | 6 |
| Ein mussa með látúnsknöppum | | 15 |
| Ein síðhempa með hornknöppum | | 6 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Tvennir sokkar, tvennir vettlingar | | 7 |
| Einn karlmannahnakkur með ístöðum og tveimur gjörðum með járnhringjum og fánýtri dýnu og léttferðugum hala | | 20 |
| Einn þófi | | 10 |
| Tvenn reipi, eitt af þeim ólarreip | | 10 |
| Tveir klyfberar með fánýtum reiðskap | | 5 |
| Sjö tunnuskrifli öll fúin og mjög bandafá, sumar heilar, sumar hálfar og flestar botnalausar | | 4 |
| Einn brúkaður strengur | | 3 |
| Eitt 8 kúta kvartél | | 3 |
| Ein pottflaska | | 1½ |
| 2 tunnu kerhöld fúin og ónýt og eitt hálftunnukerhald | | 3 |
| Fimm fötur sumar lasnar | | 6 |
| Sex trog | | 16 |
| Fimm smákerhöld | | 7 |
| Þrjár skálir, ein nýtanleg en tvær ei | | 3 |
| Sjö askar smáir og stórir, sumir gagnlausir | | 4 |
| Eitt skrínuskrifli með fánýtri skrá og lykli | | 2 |
| Þrjár öskjur gamlar og lasnar | | 2 |
| Þrjár trékönnur | | 3 |
| Einn kútur | | 1 |
| Tveir pottar, heldur annar 50 merkur með löppum á botni og gjörð um munnann mjög brunninn og fánýtur, annar þeirra er lítið brúkaður, en er þó rifinn ofan í botn í einum stað, sá tekur 35 merkur. | | |
| 14 fjalir sem þéna kunna til þils en ei til palls, sökum stuttleika, með tveimur gagnlitlum pallstokkum | | 15 |
| Einn standrokkur | | 15 |
| Einn lítill pallakistill járnalaus | | 1 |
| Amboð | | |
| Einn páll, tvær rekur báðar brotnar og tvö orf, þrjú hrífusköft | | 9 |
| Einn garðaumbúningur af sex smáspýtum og tveimur spírum, allt þetta mjög fangalétt | | |
| Fjórir kýrkláfar | | 4 |

Lifandi peningur

1. Fjórar kýr, fyrsta 11 vetra, önnur 8 vetra, þriðja 6 vetra, fjórða 3 vetra.
2. Einn hestur ungur smár og ei klyfbær, ein meri 6 vetra smá og ei klyfbær, dito færleikur 14 vetra.
3. Fimm ær tvævetrar, fimm þrevetrar, sex sexvetra, ein átta vetra og tvær eldri.
4. Ellefu gemlingar, átta sauðir geldir og einn hrútur tvævetrir.
5. Hey bjarglegt til sumarmála fyrir sauðpening og kýr.

Þessum skuldum lýsir ekkjan Sigríður Árnadóttir inni standi í þessum hér skrifuðum fémunum. Eins árs landskuld eftir hálfan Hvamm og þær skyldur sem hún á prófastinum að gjalda, 40 fiska Gísla Sigurðssyni á Gautstöðum, til kaupmannsins hér á Akureyri sautján fiskar annars hundraðs. Árna syni sínum tíu aura.

Þessu hér ofan skrifuðu, virtu og framtöldu til frekari staðfestu skrifum vér hér undir vor nöfn, með eigin höndum sama stað, ár og dag sem fyrr segir.

Halldór Þorláksson — Sigurður Sighvatsson
Jón Nikulásson

## *Jón Nikulásson*

Jón fæddist árið 1683. Foreldrar hans voru Nikulás Snjólfsson (1651–1737) og Herdís Jónsdóttir (1647–1717), sem árið 1703 bjuggu á Hömrum í Hrafnagilshreppi og níu árum síðar á Stóra-Eyrarlandi.[4] Árið 1711 gekk Jón að eiga Þuríði Jónsdóttur (1687–1738) frá Hvammi og þar bjuggu þau síðan, nokkur ár í tvíbýli á móti Halli Jónssyni (sjá hér á bls. 49), og skrifar Jón einmitt undir uppskrift á dánarbúi hans. Börn þeirra Jóns og Þuríðar voru Jón (1714–1766), Nikulás (1716–1734), Þóranna (1718–1758), Helgi (1720–1723), Jörundur (f. 1726), Herdís (1728–1811) og Ingibjörg (1732–1790). Nikulás og Helgi voru því látnir á undan föður sínum. Við skiptin eru börnin ekki nafngreind, en sögð vera sex þannig að eitthvað vantar í upptalninguna. Jón var grafinn 20. október 1738. Þuríður var á lífi þegar dánarbú hans var skrifað upp 22. maí 1739 og var ekki skráð látin í sókninni næstu árin. Því er eins víst að

ætlað dánarár 1738 eigi ekki við hana, heldur aðeins Jón. Vert er að benda á að bræðurnir vilja að systurnar fái jafnan arf við sig, sem var fátítt á þessum árum.[5]

Anno 1739 dag 22. maí að Hvammi í Eyjafirði var af lögsagnaranum Þórarni Jónssyni gjörð registration, vurdering sem og löglegt skipti á eftirlátnum fémunum sáluga Jóns Nikulássonar, á millum hans eftirlifandi ekkju Þórríðar Jónsdóttur og þeirra sex barna, sumra myndugra en sumra ómyndugra, sem að tilkölluðum hreppstjórunum Sveini Tómassyni og Halldóri Þorlákssyni, einnin nálægum öllum hlutaðeigendum, framfór soleiðis sem eftirfylgir.

| | **h.** | **ál.** |
|---|---|---|
| Í fríðu | | |
| Ein kýr ung | 1 | |
| Önnur ditto | 1 | |
| Þriðja 14 vetra | | 80 |
| Fjórða kýr | | 60 |
| Kálfur | | 20 |
| Annar kálfur | | 8 |
| Brúnn hestur 7 vetra | | 80 |
| Skjóttur hestur 7 vetra | | 80 |
| Hestur 19 vetra | | 20 |
| Annar eins gamall | | 20 |
| Hross ⟨með⟩ folaldi | | 20 |
| Tvævetur foli | | 30 |
| Átta ær algeldar og lamblausar | 1 | |
| Þrjár ær vonarpeningur | | 25 |
| Tíu ær gildar | 1 | 80 |
| Fjórir sauðir tvævetrir | | 60 |
| Sex sauðir veturgamlir | | 60 |
| Sex ditto | | 60 |
| Ígangsfatnaður | | |
| Karlmannsstutthempa | | 4 |
| Grá hetta | | 6 |
| Síðhempa | | 8 |
| Mussa og buxur | | 15 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Hattur | | 2 |
| Mussa, buxur og hetta | | 20 |
| Pils grænt með upphlut | | 35 |
| Annað rautt | | 35 |
| Klæðissvunta rauð | | 20 |
| Einskeftuhempa | | 12 |
| Tvö tröf borin | | 5 |
| Þrír klútar og þrjár silkislæður | | 20 |
| Treflaeskjur | | 3 |
| Spegill | | 2 |
| Klæðistreyja | | 12 |
| Söðuláklæði | | 20 |
| Belti | | 12 |
| Grænt barnspils lítið og rauð svunta | | 12 |
| Blátt kersupils | | 16 |
| Annað grænt | | 35 |
| Rauð svunta | | 10 |
| Græn klæðissvunta | | 20 |
| Sortulituð hempa forn | | 15 |
| Kvenreim | | 12 |
| Styttuband | | 3 |
| Í kistum | | |
| Kista illa læst | | 35 |
| Önnur | | 20 |
| Þriðja gömul | | 20 |
| Fjórða með einum gafli | | 12 |
| Fimmta ditto | | 16 |
| Sjötta möskvuð á botninum | | 15 |
| Kistuskrifli | | 2 |
| Í bókum | | |
| Graduale gamalt | | 3 |
| Hugvekjur Gerhardi | | 12 |
| Guðspjallabók | | 6 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Ferðamannapostilla | | 5 |
| Genesissálmar | | 2 |
| Fræðakver | | 2 |
| Hallgrímssálmar gamlir | | 3 |
| Bænakver | | 3 |
| Í reiðtygjum | | |
| Kvenreiðtygi alfær | | 35 |
| Kvensöðull með reiða | | 20 |
| Karlmannsreiðtygi alfær | | 30 |
| Reiðþófi | | 5 |
| Tvö þófaskinn | | 1 |
| Tvö reipi | | 4 |
| Tveir klyfberar | | 2 |
| Í búsgagni og amboðum | | |
| 2 tunnu kerhald | | 20 |
| Annað ditto tekur 1½ tunnu | | 16 |
| Þriðja tekur eina tunnu | | 10 |
| Strokkur gamall | | 6 |
| Níu trog | | 12 |
| Níu smákerhöld | | 12 |
| Fimm fötur | | 5 |
| Fimm tréskálir | | 2 |
| 13 askar | | 8 |
| Tvær trékönnur | | 2 |
| Tinkanna | | 12 |
| Tvö skrínuskrifli | | 2 |
| Sex tunnuskrifli | | 3 |
| Rokkur | | 4 |
| Tíu pallfjalir | | 10 |
| Aðrar tíu | | 10 |
| Ein sængurföt léttvæg | | 8 |
| Rúmstokkur með bríkum | | 2 |
| Pallstigi | | 1 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Þrír tólaupar | | 2 |
| Þrennir prjónar | | 3 |
| Taðkláfar og torfkrókar | | 3 |
| Belgir | | 4 |
| Steðji | | 10 |
| Hamar, töng og löð | | 4 |
| Börur | | 2 |
| 80 timburs | | 8 |
| Ullarkambar | | 2 |
| Tvær rekur og páll | | 8 |
| Exi | | 2 |
| Fjórir nafrar | | 2 |
| Klaufhamar, hnoðhamar og beygitöng | | 3 |
| Vog | | 4 |
| Sög og hefill | | 1 |
| Heynál | | 1 |
| Vefstaður ófullkominn | | 10 |
| Þrjár línur | | 33 |
| Strengur mjög dreginn | | 11 |
| Tveir handfærisönglar | | 1 |
| Umbúðir tvennar með tveimur önglum | | 1 |
| Skip gamalt með segli, rá, reiða og fimm fánýtum árum | 1 | |
| Þrjár útslegnar spíkur og þrjár lítilfjörlegar járnlínur | | 2 |
| Garðaumbúningar fjórir og tvær stallfjalir | | 12 |
| Eitt tré | | 3 |
| Tvær hurðir | | 2 |
| Trogberi | | 2 |
| Sex heymeisar | | 3 |

Engvar skuldir framkomu hér sem inn í búið eiga að gjaldast, en þessum eftirskrifuðum á út að svara,

| | |
|---|---|
| í prestsskyldur til prófastsins séra Þorsteins | 26 |
| í jarðarskuldir | 20 |
| til Björns í Ási | 20 |

Er so beholden bú sem skiptist meðal ekkjunnar og barnanna 17 hndr. 102 ál., hvar af hún tekur helming, sem er 8 hndr. 111 ál. En hinn helmingurinn skiptist meðal þriggja sona og þriggja dætra, og þar piltarnir samþykkja að stúlkurnar skuli taka jafnan hlut við hvern þeirra, þá fær sérhvert 1 hndr. 58½ al., og þar öll börnin halda saman búinu með móður þeirra fyrir utan Helga, þá sýnist ei þurfa að specificerað sé, hvað hvert þeirra fær í ákveðinn hlut. En þetta eftirskrifað afhendist nefndum Helga.

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Brúnn hestur 7 vetra | | 80 |
| Ein kista | | 16 |
| Mussa, buxur og hetta | | 20 |
| Ein ær | | 20 |
| Einn sauður veturgamall | | 10 |
| Bænakver | | 3 |
| Hugvekjur | | 12 |
| Ein ær | | 15 |
| Hallgrímssálmar | | 3 |
| Er | 1 | 59 |

Að þetta hafi soleiðis framfarið vitna undirskrifaðir.

Sveinn Tómasson
Halldór Þorláksson

### *Guðrún Sigfúsdóttir*

Guðrún fæddist árið 1709. Foreldrar hennar voru hjónin Sigfús Einarsson (1673–1734) og Sæunn Ólafsdóttir (1680–1754) á Krossastöðum á Þelamörk. Þann 16. maí 1734 giftist hún Jóni Sigurðssyni (1711–1766) og bjuggu þau á Krossastöðum og Grjótgarði á Þelamörk, en síðast á Stóra-Dunhaga. Sonur þeirra Sigfús var skírður 16. júní 1734 (lést 1770), en önnur börn þeirra eru ekki færð til kirkjubókar: Sigurður (óvíst), Guðrún (1738–1813) og Jón (f. 1745). Guðrún er ekki heldur skráð sem grafin í sókninni, en dánarbú hennar var skrifað upp 18. apríl 1758.[9]

Anno 1758 dag 18. apríl á Stóra-Dunhaga í Hörgárdal var af okkur undirskrifuðum, eftir skriflegri tilsögð göfugs sýslumannsins, uppskrifað og vorderað sterfbúið eftir sálugu Guðrúnu Sigfúsdóttur. Er nú eftirlifandi á búinu hennar ektamaður Jón Sigurðsson, erfingjarnir eru þeirra börn Sigfús, Sigurður fulltíða menn, Jón 13 ára, Guðrún 17 ára. Félagsgjörðingur hjónanna á milli var gjörður á kaupdegi, helmings skipti og fjórðungs gjöf til þess sem lengur lifði, eftir því nefndur Jón nú tilsegir. Sterfbúið er sem eftir fylgir.

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Í kvikfé | | |
| Einn hestur vindóttur 5 vetra | | 90 |
| Annar hestur jarpur 10 vetra | | 80 |
| Eitt hross vindótt yfir tvítugt | | 30 |
| Annað hross vindótt 2 vetra | | 40 |
| Ein kýr 6 vetra kálflaus | | 108 |
| Önnur kýr 5 vetra til vonar snemmbær | 1 | |
| Einn kálfur vetraralinn | | 30 |
| 14 ær rosknar sumar afgamlar | 2 | |
| 14 sauðir veturgamlir | 1 | 40 |
| Í fötum | | |
| Skinnsæng, tvær einskefturekkjuvoðir, koddi og brekán | | 68 |
| Kvenhempa lítið borin | | 26 |
| Önnur mjög slitin | | 14 |
| Rautt pils af 60 fiska klæði lítið borið | | 40 |
| Svinta af sama með þremur litlum silfurhnöppum | | 100 |
| Blátt kessupils mjög slitið | | 20 |
| Blá svinta af 60 fiska klæði | | 20 |
| Treyja forn af 60 fiska klæði | | 20 |
| Önnur með prjónasaumsermum | | 7 |
| Málband með látúnspörum | | 5 |
| Langöskjur | | 2 |
| Smáléreftstraf gatslitið | | 4 |
| Hvítur klútur | | 5 |
| Kragatrefill | | 2 |
| Dökkt silki | | 6 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Rautt silki | | 3 |
| Grænt silki | | 6 |
| Í kistum | | |
| Ein kista með lömum einlæstri skrá | | 36 |
| Önnur kista tvílæst skrá gömul | | 22 |
| Kistuskrifli | | 4 |
| Fjórða kista stór á kengjum með lakri skrá | | 18 |
| Fimmta lítil kista ólæst á kengjum | | 5 |
| Kistill læstur | | 4 |
| Í búrsgagni | | |
| Eitt kerald tekur 1½ tunnu með ónýtum botni | | 10 |
| Annað kerald gamalt tekur 3 tunnur | | 20 |
| Þriðja kerald gamalt tekur 1 tunnu | | 5 |
| Fjórða hálftunnukerald gamalt | | 3 |
| Strokkur gamall | | 9 |
| Sex trog | | 8 |
| Átta smákeröld | | 10 |
| Fimm fötur | | 6 |
| Átta askar | | 8 |
| Tvær tréskálir | | 3 |
| Þrjár öskjur | | 2 |
| Pott tinkanna | | 20 |
| Eldsgögn | | |
| 80 marka pottur | | 55 |
| 20 marka pottur gamall | | 12 |
| Vart 20 marka pottur brotið af eyra | | 8 |
| 20 marka pottur brotinn með gati | | 2 |
| Í bókum | | |
| Hálf Biblía seinni partur | | 20 |
| Grallari úr bandi | | 2 |
| Vetrarpartur Jónspostillu | | 30 |
| Hugvekjur Gerhardi | | 12 |
| Önnur hugvekjubók Gerhardi úr bandi | | 5 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Passíupredikanir Johann Arndt | | 10 |
| Predikanir af sjö orðunum Vídalín | | 6 |
| Upprisusálmar | | 4 |
| Passíusálmar óbundnir | | 6 |
| Hugvekjusálmar og Vikubænir, Diarium og Þankar | | 7 |
| Í verkfærum | | |
| Alfær vefstaður gamall | | 15 |
| Rokkur gamall | | 5 |
| Ullarkambar gamlir | | 4 |
| Þrjú pör prjóna | | 3 |
| Smiðjubelgir, töng og hamar | | 8 |
| Öxi og sög | | 4 |
| Páll og reka | | 3 |
| Tveir klyfberar | | 2 |
| Tvenn bandreipi gömul | | 5 |
| Einn hærupoki | | 4 |
| Fjórir heymeisar | | 5 |
| Í trjávið | | |
| Tveir götupallar með götumörum og einum staf | | 10 |
| Stóri pallur með tveimur stokkum | | 15 |
| Af timbri og lausum spýtum | | 10 |
| Fjárhús með garðaumbúningi og hurð | | 14 |
| Lítilfjörlegur garðaumbúningur í lambhúsi með hurð, stallfjöl og spíru | | 4 |
| Þrjú orf, fimm hrífur | | 5 |
| Torfljár með járni | | 5 |
| Tveir skráarlásar gamlir | | 4 |
| Tveir lasnir hestlásar | | 4 |
| Í reiðtygjum | | |
| Kvenreiðtygi alfær | | 76 |
| Karlmannsreiðtygi alfær | | 60 |
| Summa | 15 | 73 |

Ekkjumaðurinn Jón segist vera búinn að afgreiða til eignar syni sínum Sigfúsi 1 hndr. sem hann honum til reiknings færir. Nefndur Jón segir landskuld sín á þessu fé sé 100 ál. en það hann hefur af ullartogi ætlar hann að kvitta með aðrar skuldir sínar þó margar séu.

Framanskrifaðar sterfbúsuppskriftir á þremur blöðum so að vera sem hér segir vitnum við með okkar undirskrifuðum nöfnum.

Eiríkur Hallgrímsson    Halldór Jónsson

### *Guðrún Jónsdóttir*

Guðrún Jónsdóttir fæddist árið 1712 og eru foreldrar hennar óþekkt-ir. Eiginmaður hennar var Bjarni Sigmundsson, árinu yngri. Þau eignuðust fjögur börn, tvíburana Jóhönnu og Guðrúnu árið 1740, Birget eða Brigit árið 1743 og Jón árið 1748, ef marka má aldur þeirra í sóknarmannatali Myrkársóknar árið 1757. Hvorki Guðrún né Bjarni voru þá læs, en töldust „frómlynd" og gengu til altaris 17. apríl og 2. október. Tvíburarnir fermdust árið 1754 og töldust „nokkuð lesandi", en voru þremur árum síðar „lesandi" og gengu til altaris 8. maí og 29. september. Birget fermdist árið 1756 og var „lítt læs". Hún gekk árið eftir til altaris 15. maí og 2. október: „frómlynd hjá foreldrum". Jón kunni fræðin. Guðrún Jónsdóttir var borin til grafar 4. janúar 1758. Árið eftir var Bjarni skráður sem ekkjumaður og gekk tvisvar til altaris, sem og dæturnar þrjár, en um Jón er sagt: „lærir á bók, kann fræðin og nokkuð af spurningunum". Bjarni lést 3. október 1759. Árið eftir voru börnin í sókninni, en ekki kemur fram hvar þau voru til heimilis.[10]

Anno 1758 dag 19. apríl á Uppsölum í Hörgárdal er af okkur undirskrifuðum, eftir skriflegri skikkun göfugs sýslumannsins, uppskrifað og virt sterfbú eftir sálugu Guðrúnu Jónsdóttur, og lifir eftir hennar ektamaður Bjarni Sigmundsson. Var gjörður helmings fjárgjörningur þeirra á milli, til arftöku þeirra fjögur börn Jón, Guðrún, Jóhanna og Birget öll á ómegðaraldri.

| | h. | al. |
|---|---|---|
| **Í kvikfé** | | |
| Einn hestur brúnn 13 vetra | | 90 |
| Eitt hross rautt 8 vetra | | 70 |
| Ein kýr 14 vetra | | 100 |
| Önnur kýr 14 vetra, vonandi báðar með kálfum | | 100 |
| Sex ær rosknar | | 110 |
| Þrír sauðir veturgamlir | | 30 |
| **Í búrsgagni** | | |
| Eitt stórker tekur rúmt 2 tunnur | | 20 |
| Annað ker tekur tunnu | | 12 |
| Þriðja ker tekur 3 tunnur | | 3 |
| Einn strokkur bullulaus | | 10 |
| Annar strokkur | | 10 |
| Átta smáköröld | | 7 |
| Sex mjög gömul trog | | 5 |
| Fimm fötur litlar | | 4 |
| Tíu askar gamlir | | 10 |
| **Í eldsgögnum** | | |
| Einn 80 marka pottur | | 55 |
| Annar 30 marka pottur | | 15 |
| Þriðji 30 marka pottur tvíbættur | | 4 |
| Fjórði 12 marka pottur | | 5 |
| **Í kistum** | | |
| Kista tvílæst skrá á kengjum | | 20 |
| Minni kista gömul | | 12 |
| Þriðja kista innlæst forn mjög | | 10 |
| Hálf kista ólæst | | 4 |
| Fimmta lítil kista mjög grönn | | 7 |
| Skrína halllokuð | | 8 |
| Örk járnalaus | | 20 |
| Lárhró afgamalt | | 3 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Í bókum | | |
| Grallari | | 10 |
| Ferðamannabostilla hrjáð í bandi | | 3 |
| Passíupredikanir Vídalíns | | 6 |
| Biblíukjarni | | 14 |
| Þórðarbænir með sálmum | | 3 |
| Tvö smákver | | 2 |
| Í trjávið og aðskiljanlegu | | |
| 24 pallfjalir sumar fúnar og litlar og þrír stuttir pallstokkar | | 30 |
| Í lausum bálkum og spýtum | | 5 |
| Smiðja alfær með járnsmíðatólum | | 42 |
| Klaufhamar með öxi og trésmíðatólum | | 9 |
| Vefstaður allur með litlu grjóti | | 10 |
| Ullarkambar | | 6 |
| Tvennir vírkambar | | 7 |
| Rokkur | | 8 |
| Páll, þrjár rekur, orf, þrjár hrífur | | 12 |
| Tveir klyfberar | | 4 |
| Tvenn bandreipi og ein ólarreipi | | 10 |
| Taðkláfar | | 5 |
| Fjórir heymeisar | | 4 |
| Þrír gamlir lásar | | 10 |
| Níðlags kvenreiðtygi | | 20 |
| Karlmannsreiðtygi alfær þó lítilfjörleg og gömul | | 30 |
| Smiðjuhús | | 5 |
| Hesthús með hurðum | | 8 |
| Lambhús með garðaumbúningi og hurð | | 7 |
| Garðaumbúningur í fjárhúsi | | 7 |
| Summa | 8 | 65 |

Skuldir eru öngvar á þessu sterfbúi sagðar.

*Guðrún Þórisdóttir*

Guðrún fæddist árið 1703. Foreldrar hennar voru Þórir Jónsson (f. 1657) og Þorbjörg Þorláksdóttir (f. 1672) á Hlöðum í Glæsibæjarhreppi. Eiginmaður hennar var Rafn Gunnarsson (1706–1764) og áttu þau þrjú börn, Guðrúnu (f. 1735), Margréti (1743–1804) og Gunnar (1748–1817). Þau bjuggu á Ásgerðarstöðum og víðar í Myrkársókn, síðast á Bási. Í sóknarmannatali ársins 1757, sem er í stafrófsröð en ekki bæja, var Guðrún skráð 54 ára og ólæs, en Rafn 51 árs og „bóklæs“. Þau gengu til altaris 5. júní og 2. október, jafnoft og aðrir í sókninni. Guðrún var 22 ára og „lesandi“ en Margrét 14 ára „les lítið“, báðar hjá foreldrum sínum og gengu til altaris 30. maí, en Guðrún aftur 9. október og Margrét viku síðar. Gunnar var 8 ára: „kann catechismum, næmur“. Árið eftir var Rafn ekkjumaður og börnin hjá honum, Guðrún „frómlynd“, Margrét „fróm“ og Gunnar „lesandi lítið og kann fræðin“.[11] Guðrún Þórisdóttir var grafin 6. janúar 1758 og dánarbúið skrifað upp 29. apríl.[12]

Anno 1758 dag 29. april á Bási í Hörgárdal er af okkur undirskrifuðum, eftir skriflegri skikkun göfugs sýslumannsins, ⟨skipt⟩ sterfbúi eftir sálugu Guðrúnu Þórirsdóttur. Er nú lifandi hennar ektamaður Rafn Gunnarsson hvörra á milli helmings fjárskiptagjörðingur var á kaupdegi sem Rafn nú tilsegir, eru nú eftir þeirra þrjú börn til arfatöku Gunnar 9 ára, Guðrún 21 ára, Margrét 15 ára. Sterfbúið er sem eftirfylgir.

| | **h.** | **ál.** |
|---|---|---|
| Í kvikfé | | |
| Eitt hross brúnt 9 vetra | | 55 |
| Annað hross brúnskjótt 4 vetra smátt | | 40 |
| Ein kýr 14 vetra | | 100 |
| Önnur kýr 7 vetra á að bera undir mitt sumar smá | | 100 |
| Ellefu ær flestar rosknar ein aflóg og óvís að lifa | 1 | 80 |
| Tíu sauðir veturgamlir | | 90 |
| 50 marka pottur | | 30 |
| 16 marka pottur | | 12 |
| 12 marka pottur | | 6 |
| 2 tunnu ker afgamalt | | 16 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| 1½ tunnu ker nær uppgefið | | 8 |
| Strokkur | | 4 |
| Þrjár kollur | | 4 |
| Þrjár fötur | | 2 |
| Fimm trog | | 4 |
| Sjö askar | | 7 |
| Stór kista með lömum og tvílæstri skrá | | 40 |
| Önnur kista járnbundin | | 40 |
| Þriðja kista tvílæst skrá | | 34 |
| Halllokuð skrína gömul | | 6 |
| Skrínuhró | | 2 |
| Kvensöðull með reiða, brjóstgjörð, kopargjarðahringjum, beisli taumalaust og áklæði örslitið | | 60 |
| Karlmannssöðull með reiða, tveimur gjörðum í stögum og beisli | | 30 |
| Jónspostillupartur vetrar | | 30 |
| Grallari lasinn | | 4 |
| Biblíukjarni | | 14 |
| Upprisuhugvekjur | | 7 |
| Solalocuia | | 6 |
| Hallgrímssálmar, Diarium | | 7 |
| Þrjú smákver | | 4 |
| Páll, tvær rekur, þrír heymeisar | | 9 |
| Tveir klyfberar | | 3 |
| Orf, þrjár hrífur | | 2 |
| Þrenn reipa | | 8 |
| Ein vog | | 2 |
| Smiðja, slæmir belgir, steðji, töng og hamar | | 25 |
| Fimm húskofar | | 37 |
| Garðaumbúningur í tveimur húsum | | 8 |
| 16 pallfjalir með tveimur stokkum | | 16 |
| Eitt rúm | | 5 |
| Lausar spýtur af birki og greni | | 10 |
| Summa | 9 | 7 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Skuldir á framanskrifuðu sterfbúsfé eru þessar: | | |
| til prestsins og kirkju | | 26 |
| til húsbóndans jarðarskuldar til | | 80 |
| og tvö ásauðarkúgildi jarðarinnar | 2 | |

Til merkis framanskrifaðri sterfbúsuppskrift á þessu blaði eru okkar undirskrifuð nöfn.

Halldór Helgason Halldór Jónsson

## TILVÍSANIR

1 *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 323; *Jarðabók* X, bls. 47; Stefán Aðalsteinsson, *Svarfdælingar* II, bls. 319.

2 ÞÍ. Kirknasafn. Hrafnagil BA 1. Altariskver séra Þorsteins Ketilssonar 1713–1754: framliðnir nr. 152.

3 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Eyjafj. ED1/1, 3. Skiptabók 1738–1768, bl. 2r–3r.

4 *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 336; *Jarðabók* X, bls. 303.

5 ÞÍ. Kirknasafn. Hrafnagil BA 1. Altariskver séra Þorsteins Ketilssonar 1713–1754: framliðnir nr. 163; Sýsluskjalasafn. Eyjafj. ED1/1, 3. Skiptabók 1738–1768, bl. 18r–20v.

6 *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 329.

7 ÞÍ. Kirknasafn. Möðruvallaklaustur BA 1. Prestsþjónustubók 1694–1784, bls. 67, 71, 75, 80.

8 ÞÍ. Kirknasafn. Möðruvallaklaustur BA 1. Prestsþjónustubók 1694–1784, bls. 112; Sýsluskjalasafn. Eyjafj. ED1/1, 3. Skiptabók 1738–1768, bl. 177r–v.

9 ÞÍ. Kirknasafn. Möðruvallaklaustur BA 1. Prestsþjónustubók 1694–1784, bls. 61 (Sigfús), 111–114 (greftranir); Sýsluskjalasafn. Eyjafj. ED1/1, 3. Skiptabók 1738–1768, bl. 179v–180v.

10 ÞÍ. Kirknasafn. Myrká BA 1. Prestsþjónustubók 1751–1775: árin 1754, 1756, 1758 og 1759; Myrká BC 1. Sóknarmannatal 1757–1765: árin 1757, 1758, 1759 og 1760; Sýsluskjalasafn. Eyjafj. ED1/1, 3. Skiptabók 1738–1768, bl. 179r–v.

11 ÞÍ. Kirknasafn. Myrká BC 1. Sóknarmannatal 1757–1765: árin 1757 og 1758.

12 ÞÍ. Kirknasafn. Myrká BA 1. Prestsþjónustubók 1751–1775: árið 1758; Sýsluskjalasafn. Eyjafj. ED1/1, 3. Skiptabók 1738–1768, bl. 181r–v.



*Óvenju nákvæm skýrsla um matvæli er í dánarbúi Jóns Sveinssonar á Bryðjuholti, sem skildi eftir sig mjöl, sýru, skyr, strjúg og þorskhausa (sjá bls. 70). Strjúgur var gerður þannig að dýra- eða fiskabein voru lögð í súr og látin leysast upp. ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Árn. ED1/7, 1. Skiptabók 1743–1746, bl. 11v.*

# Árnessýsla

*1744–1761*

*Jón Sveinsson*

Jón fæddist árið 1663. Foreldrar hans voru Sveinn Þóroddsson (f. 1637) og Valgerður Jónsdóttir (f. 1636) sem árið 1703 bjuggu á Kotlaugum í Hrunamannahreppi. Fyrsta kona Jóns er óþekkt, en með henni átti hann Sumarliða (f. 1690) sem sama ár var hjá afa sínum og ömmu, en var tekinn við búi þeirra árið 1729. Bæði árin bjó Jón í Bryðjuholti með miðkonu sinni Þóreyju Jónsdóttur (f. 1663). Börn þeirra voru Ingveldur (f. 1695), Jón (f. 1698) og Ólafur (f. 1705). Þriðja kona Jóns var Guðbjörg Ólafsdóttir og giftust þau 8. janúar 1733, eftir því sem fram kemur í uppskrift á dánarbúi hans 7. október 1744. Ef til vill var hún 38 ára gömul vinnukona á Skrautási í Hrunamannahreppi árið 1729 og var 8 ára sonur hennar Eyjólfur Kjartansson með henni. Hún tók Ólaf stjúpson sinn að sér sem ómaga og hefur hann verið veikur á líkama eða geði. Athygli vekur að matvæli eru tilgreind óvenju nákvæmlega.[1]

Anno 1744 þann 7. október að Bryðjuholti í Ytrahrepp voru uppskrifaðir og virtir Jóns sáluga Sveinssonar eftirlátnir fjármunir kvikir og dauðir, þar samanstandandi:

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Í nautpeningi | | |
| Ein kýr svartskjöldótt 3 vetra | | 65 |
| Önnur dito svartskjöldótt 7 vetra tímalaus | | 70 |
| Veturgömul kvíga rauðhúfótt | | 40 |
| Svartskjöldóttur kvígukálfur góuborinn | | 15 |
| Annar rauðskjöldóttur | | 12 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| **Hestar og hross** | | |
| Einn brúnn 12 vetra | | 90 |
| Annar rauðblesóttur 17 vetra | | 60 |
| Þriðji rauðskjóttur jálkur | | 40 |
| Fjórði rauður 10 vetra | | 85 |
| Fimmti rauður 5 vetra | | 85 |
| Rautt hross 8 vetra | | 65 |
| Veturgamall foli | | 35 |
| **Sauðfé** | | |
| Ær 21 á 15 álnir | 2 | 75 |
| Tveir sauðir tvævetrir á 20 álnir | | 40 |
| Þrír sauðir veturgamlir á 15 álnir | | 45 |
| 15 lömb á 5 álnir | | 75 |
| Hey í garði | 7 | 60 |
| **Í búsgagni** | | |
| Járnpottur tekur ½ vætt | | 70 |
| Annar tekur fjórðung rifinn | | 8 |
| Eitt ker tekur 2 tunnur | | 60 |
| Annað dito tekur 2 tunnur | | 40 |
| Þriðja kerhró | | 5 |
| Tvö mjólkurtrog | | 10 |
| Önnur tvö dito | | 5 |
| Enn fjögur trog | | 11 |
| Strokkur lasinn | | 3 |
| Fjórar fötur | | 10 |
| Sjö askar | | 8 |
| Níu keröld | | 20 |
| Tvær hálftunnur | | 6 |
| Skyrgrind | | 1 |
| Alfær vefstaður | | 15 |
| Þrjú orf | | 3 |
| Sex rekur | | 10 |
| Einn torfpáll | | 3 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Sex hrífur | | 4 |
| Ein kista stór með skrá og lykli | | 30 |
| Önnur vættarkista með skrá og lykli | | 25 |
| Þriðja lasin | | 15 |
| Fjórða læsingarlaus | | 8 |
| Fimmta lítil | | 5 |
| 17 fjalir með rúmstokkum | | 20 |
| Skápur | | 6 |
| Byrða | | 40 |
| Járnreisla | | 11 |
| Tveir mykjukláfar | | 15 |
| Tjald með trjám | | 30 |
| Skrína | | 5 |
| Ein ljóskola og skarpípa | | 3 |
| Tveir sláttuljáir | | 6 |
| Torfljár | | 5 |
| Tvær handaxir | | 6 |
| Ein skaröxi | | 7 |
| Fjórir nafrar | | 3 |
| Sniðill | | 1½ |
| Stingsög lítil | | 2½ |
| Sex klyfberar | | 20 |
| Sex tálguhnífar | | 2 |
| Heykrókur | | ½ |
| Eyraklippborjárn og brýni með öðru rusli | | 4 |
| Setustóll gamall með hrosshári | | 2 |
| Skeifur undir sex hesta | | 15 |
| 2 fjórðungar járns ósmíðaðir | | 15 |
| Tveir hærusekkir | | 6 |
| Ólarreipi á sjö hesta | | 40 |
| Bandreipi á sex hesta | | 12 |
| Einn þófi | | 12 |
| Þófól með ístöðum og gjörð | | 10 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Lasið ólarbeisli | | 5 |
| Lóðarstrengur og gamalt færi | | 10 |
| Heystigi | | 2 |
| 11 merkur klippinga | | 11 |
| 22 merkur húðarskinns | | 30 |
| Tveir skinnstakkar og tátillur | | 8 |
| Tvær drykkjarkönnur og drykkjarkútur | | 7 |
| Kistill, tvennar smjöreskjur | | 4 |
| Ullarkambar | | 4 |
| Karfa með rusli | | 2 |
| Þrír lyppulárar og ausa | | 2 |
| Tíu heymeisar | | 7 |
| Fimm brekön | | 16 |
| Níu rekkjuvoðir | | 13 |
| Prjónpeysa mórauð | | 4 |
| Buxur og peysa | | 4 |
| Sortuð mussa og buxur | | 20 |
| Stokkur með járnarusli | | 2 |
| 5½ fjórðungur ullar | | 55 |
| Mjölkvartil og 2 fjórðungar til | | 22 |
| 8 fjórðungar smjörs | | 80 |
| Tvær tunnur sýru | | 16 |
| Hálf tunna skyrs | | 15 |
| Hálf tunna af strjúg | | 5 |
| Steðji | | 70 |
| Belgur með blístru og hólk | | 15 |
| Tveir hamrar, smíðatöng og löð | | 17 |
| Reiðingur | | 8 |
| Kol | | 12 |
| Fiskur tals 2 hndr. 85 ál. | 1 | 30 |
| 5 fjórðungar af raski | | 25 |
| Þorskhöfuð | | 10 |
| 3½ kútur lýsis | | 15 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Eldiviður | | 90 |
| Grenislá í búri | | 5 |
| Summa summarum | 27 | 12 |

Að registration og virðingu gjörðri framlagði Jón Ólafsson, bróðir og svaramaður ekkjunnar Guðbjargar Ólafsdóttur, kaupmálabréf milli Jóns sáluga Sveinssonar og hennar af dato Hruna 1733 þann 8. janúar, í hverju Guðbjörgu er talin heimanfylgja í garð Jóns sáluga Sveinssonar 7 hndr., hvar á mót hann hefur gefið henni í tilgjöf 3 hndr. Tilskilinn er og hundraðs kjörgripur því hjónanna er lengur lifir til handa úr hins burtdauða fé, so ekkjan Guðbjörg á inni í þessu sterbúi eftir greindu kaupmálabréfi 11 hndr. verðaura.

2) Framlagði Sumarliði Jónsson eitt skrif af sama dato og kaupmálabréfið undir nöfnum Erlendar Jónssonar, Jóns Eyvindssonar og Guðmundar Þorsteinssonar sem votta, hvar inni Jón Sveinsson játar og meðkennir sonur sinn Sumarliði eigi innistandandi hjá sér móðurarf 4 hndr. verðaura er hann lofar fyrst skulda útsvarist eftir sig liðinn, það sem hann ei áður betalað hafi. Uppí þessi 4 hndr. hefur Sumarliði meðtekið tvo sauði veturgamla að vorlagi. Börn átti Jón sálugi eftir sína miðkonu Þóreyju Jónsdóttur sem enn nú lifa, Jón og Ingveldur, sem bæði að heiman gefin voru með 6 hndr. hvort að foreldrum þeirra lifendum. Þriðja barnið Ólafur er ómagi og hefur ekkert mót næstnefndum sínum systkinum í móðurarfsnafni meðtekið eður Sumarliði af föðurfé.

Vitaskuldum á sterbúið þessum að svara:

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Í landskuld | 1 | |
| Fóður og ábyrgð kúgilda | 1 | 40 |
| Í skatt og gjaftoll 50 fiska, lögmannstoll og tíundir 23 fiska | | 45 |
| Legkaup | | 15 |
| Ómakslaun hér allra | | 40 |
| Vinnumannakaup | | 60 |
| Líksöngseyrir | | 6 |
| Summa | 3 | 86 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Afgreiðist so ekkjunni að verðaurum heimanfylgja | 7 | |
| Tilgjöf og kjörgripur | 4 | |
| Sumarliða Jónssyni í móðurarf | 4 | |
| Í föðurarf | 2 | |
| Í skuldir | 3 | 86 |
| Ólafi Jónssyni í föður- og móðurarf | 6 | |

Hvör sex hundruð ekkjan Guðbjörg Ólafsdóttir með hönum tekur og lofar að annast hann sem sinn ómaga [með því] skilyrði að 60 ál. eyðist með honum [á ári] hvörju af þessum 6 hndr. En 46 ál. sem yfir hafa [jafn]ast til umkostnaðar vinnufólkinu. Kemur so upp höfuðsumman 27 hndr. 12 ál. Fyrrskrifuðu til staðfestu eru undirskrifuð nöfn, stað, ár og dag sem fyrr segir

| | |
|---|---|
| Guðmundur Þorsteinsson | Brynjólfur Sigurðsson |
| Sumarliði Jónsson | Vigfús Vigfússon |
| Jón Ólafsson | Jón Guðmundsson |

### *Vigdís Hermannsdóttir*

Vigdís fæddist árið 1714. Foreldrar hennar voru Hermann Eyjólfsson (f. 1678) og fyrri kona hans, sem er óþekkt. Hann átti síðar Ólöfu Sumarliðadóttur (1689–1746) og eignaðist með henni tvö börn (sjá hér á bls. 75). Vigdís var hjá þeim í Kotferju í Flóa árið 1729. Eiginmaður hennar var Sæmundur Vigfússon (f. 1712) og áttu þau Þorbjörgu sem var sjö mánaða gömul þegar dánarbú móður hennar var skráð í Stóru-Sandvík 6. júní 1744. Skipti fóru fram 3. desember og hefur Brynjólfur Sigurðsson sýslumaður annast þau, þótt ekki skrifi hann undir.[2]

Anno 1744 þann 6. júní voru sýndir og virtir fríðir og dauðir fémunir í búi Sæmundar Vigfússonar í Stóru-Sandvík so á sig komnir sem fylgir:

| | | h. | ál. |
|---|---|---|---|
| | Í nautpeningi | | |
| Ein kýr svartskjöldótt 4 vetra snemmbær | | 1 | |
| Önnur dito gráskjöldótt 4 vetra þorrabær | | | 110 |
| Þriðja dito kvíga 2 vetra mylk tímalaus | | | 70 |
| Fjórða kvíga 2 vetra mylk tímalaus | | | 70 |
| Naut veturgamalt | | | 40 |
| | Hestar og hross | | |
| Einn hestur vindóttur 12 vetra | | | 100 |
| Annar rauður 13 vetra | | | 80 |
| Þriðji rauður smár 15 vetra | | | 60 |
| Fjórða hross brúnt 4 vetra vammhalt | | | 35 |
| | Í ám og sauðum | | |
| 20 ær bornar og óbornar virtar | | 3 | 40 |
| Þrír sauðir gamlir | | | 75 |
| Tveir dito þrevetrir | | | 40 |
| Fimm dito tvævetrir | | | 75 |
| Níu dito veturgamlir | | | 90 |
| | Í húsum | | |
| Skemmuhús með átta fjölum í loftinu | | | 40 |
| Smiðjuhús | | | 10 |
| Fjárhús tvö | | | 10 |
| Hesthús tvö | | | 10 |
| Smiðjubelgur, steðji, tveir hamrar, töng og lóð | | | 100 |
| Ein kista nýleg væn | | | 40 |
| Önnur dito stór gömul | | | 15 |
| Þriðja dito gamalt hró | | | 10 |
| | Í bókum | | |
| 1. Summaria yfir Gamla testamentið | | | 20 |
| 2. Messusöngsbók | | | 20 |
| 3. Bænabók skrifuð | | | 10 |
| 4. Passíusálmar skrifaðir | | | 5 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Kvenfatnaður með belti og treflarýjum | 1 | 90 |
| Brekán | | 20 |
| Fimm spænir | | 5 |
| Enn tvö brekán, fimm rekkjuvoðir, allt gamalt en þó brúkanlegt | | 35 |
| Hálfvættarketill eltur | | 90 |
| Pottur gamall tekur ekki fjórðung | | 15 |
| Tvö ker gömul, lítil og fúin | | 20 |
| Sex trog | | 30 |
| Sjö keröld | | 20 |
| Fimm askar | | 10 |
| Strokkur nýlegur | | 20 |
| Tvær skrínur gamlar | | 15 |
| Tréskál og dallur | | 6 |
| Pallur, rúm, stigi og tvær fjalir | | 10 |
| Járnkall og páll | | 10 |
| Tvö orf, fimm hrífur, tvær rekur, | | 6 |
| Fjórir klyfberar | | 10 |
| Járn undir fjóra hesta | | 10 |
| Trésmíðatól | | 15 |
| Ólarreipi á þrjá hesta | | 20 |
| Á þrjá hesta hárreipi | | 10 |
| Tveir hærusekkir | | 15 |
| Tvö tunnuhró | | 5 |
| Tvær skógaraxir, sniðill og klaufhamar | | 12 |
| Reisla lítilfjörleg | | 5 |
| Ljáir sjö að tölu | | 15 |
| Tvær skinnbrækur, skinnstakkur og skór | | 10 |
| Í skóleðri | | 10 |
| Tveir þófar | | 10 |
| Beisli, tvenn ístöð, tvær gjarðir og ein þófól | | 45 |
| Hnakkur með reiða og sessu | | 70 |
| Einir kláfar | | 5 |
| Hey afgangs | | 60 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| [Fimm] laup | | 10 |
| Heykrókur og sjóvettlingar | | 1 |
| Reiðingur á fimm hesta | | ? |
| Þetta til samans | 25 | 36 |

Á fyrrskrifuðu fé eru engar skuldir. Helmingafélag var millum Sæmundar og hans sálugu kvinnu og hundraðs kjörgripur af óskiptu fé. Eitt stúlkubarn á Sæmundur að nafni Þorbjörg, hér um 30 vikna gamla. Þessu til merkis eru okkar nöfn hér undir skrifuð, sama stað, ári og dag sem í upphafi greinir.

Jón Gíslason

Eftir gjörðri virðingu á kvikum og dauðum fjármunum er skuldlausir voru í búi Sæmundar Vigfússonar á Sandvík þann 6. júní 1744, að burtsálaðri hans egtakvinnu Vigdísi Hermannsdóttur, virtist þar peningur 25 hndr. 36 ál. Helmingafjárlag var milli hans og hans velnefndrar sálugu egtakvinnu og hundraðs kjörgripur úr þess fráfallna fé því hjónanna til handa sem lengur lifði, sem kemur því þeirra nú lifandi egtabarni Þorbjörgu árs gamlri af fyrr skrifuðum fjármunum, að afreiknuðu mínu skiptaforvaltara sallario eftir lögum, sem eru 30 ál. að verðaurum í eins jöfnum aurum léttum og góðum er inni standa hjá föðurnum Sæmundi so sem umboð 11 hndr. 88 ál. Hvert umboð honum tilsegist löglega með að höndla og á sínum tíma gildu útsvara.

Datum Skálholti dag 3. desember 1744.

### *Ólöf Sumarliðadóttir*

Ólöf fæddist árið 1689 og er ekki í manntalinu 1703, en var árið 1729 húsfreyja í Kotferju í Sandvíkurhreppi, gift Hermanni Eyjólfssyni (f. 1678). Þau áttu tvö börn, Sumarliða (f. 1729) og Þorbjörgu (f. 1730), en Hermann átti Vigdísi fyrir (sjá hér á bls. 72). Nokkuð vantar framan á uppskriftina, sem hefst á hnakki með ístöðum og lýkur á úthlutun í skuldir, en hægt var að endurgera fyrsta hluta hennar út frá lóðseðlum sem tilgreindir eru við skiptin 14. maí 1746. Þau hefjast á Hermanni og enda á Þorbjörgu, lokaorðum og undirskriftum. Hermann fékk helming eða 15 hndr. 7½ ál., Sumarliði

10 hndr. 8 ál. og Þorbjörg 5 hndr. 4 ál. Því sem þar bætist framan við varðveitta uppskriftina er raðað eftir því sem ætla má að röðin hafi verið í upphafi: kvikfé, búsáhöld, verkfæri, hirslur. Þegar sömu atriði koma fyrir í fleiri en einum lóðseðli eru þau lögð saman, til dæmis veturgamlir sauðir. Í skuldaskránni aftast hefur gleymst að setja ofanálag, en það er tilgreint í úthlutun og aukið við hér, sem og summu skulda. Skrá yfir það sem Sæmundur fékk með Hermanni stendur sjálfstæð í handritinu og er summu bætt við hér. Á eftir þeirri skrá kemur uppskrift á dánarbúi Helga Gíslasonar í Skaftholti í Stóranúpssókn 24. maí 1746.[3]

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Krossótt kýr 9 vetra | | 95 |
| [Ra]uðhúfótt kýr 6 vetra | | 90 |
| Svartskjöldótt kýr 10 vetra | | 70 |
| Rauður hestur 14 vetra | | 70 |
| [Blei]kálóttur hestur | | 55 |
| Jarpur 4 vetra | | 75 |
| Ljós hestur 3 vetra | | 30 |
| Rauður jálkur | | 30 |
| Sjö sauðir 4 vetra | 1 | 55 |
| Sex sauðir tvævetrir | | 90 |
| Sjö sauðir veturgamlir | | 70 |
| Tvær ær með lömbum | | 40 |
| Tíu ær ungar | 1 | 80 |
| Fimm ær afgamlar | | 75 |
| [8] fjórðunga járnpottur | | 30 |
| 5 fjórðunga pottur | | 20 |
| 2 fjórðunga pottur með gati | | 20 |
| 9 marka járnpottur | | 10 |
| Tíu mjólkurtrog | | 30 |
| Tólf keröld | | 24 |
| Askar, eskjur og skálar | | 30 |
| 3 tunna såker | | 30 |
| 2 tunna såker | | 30 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| 6 fjórðunga sár | | 30 |
| Strokkur | | 8 |
| Fjórir tunnustrokkar | | 5 |
| Skrína með skrá og lykli | | 5 |
| Skrína með hespu | | 4 |
| Skrína læsingarlaus | | 5 |
| Stór skrína og trog | | 2 |
| Drykkjarkútur | | 2 |
| Drykkjarkanna | | 2 |
| Skyrgrind | | 2 |
| Þrennir mykjukláfar | | 16 |
| Átta klyfberar | | 10 |
| Orf, hrífur, rekur, klárar, vakastafur og páll | | 12 |
| Ólarreipi á 5½ hest | | 40 |
| 13½ hesthárreipi | | 40 |
| Fjórir hærusekkir | | 20 |
| Lýsiskvartel | | 4 |
| Tvær sessur | | ? |
| Kistill í baðstofu | | ? |
| Skeifur undir sjö hesta | | 14 |
| Kistuhróf | | ? |
| Kista gömul | | 20 |
| Annað skran | | 13½ |
| Vasabudda og silfurvigt | | ? |
| Hnakkur með ístöðum | | 80 |
| Fjórar gjarðir með koparhringjum | | 20 |
| Tvö beisli | | 20 |
| Þófól með ístöðum | | 30 |
| Önnur með ístöðum | | 6 |
| Þófi | | 5 |
| Annar | | 6 |
| Þriðji | | 1 |
| Tólf heymeisar | | 12 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Heystigi | | 5 |
| Annar | | 1 |
| Heykrókur | | ½ |

Smíðatól

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Steðji | | 80 |
| Smiðjubelgur | | 6 |
| Tvær smíðatangir | | 5 |
| Kúffótur | | 3 |
| Lítil sleggja | | 5 |
| Slaghamar | | 5 |
| Dengsluhamar | | 5 |
| Tvær skaraxir | | 7 |
| Þrjár handaxir | | 6 |
| Hnoðhamar | | 2 |
| Klaufhamar | | 2 |
| Tvær laðir | | 3 |
| Átta sláttuljáir | | 16 |
| Aðrir fjórir | | 8 |
| Sex nafrar | | 6 |
| [Tvær] fjalir | | 3 |
| Fjögur brýni | | 2 |
| Hnífar | | 1 |
| Járnkall | | 15 |
| Hnoðhamar, vinkill, beygitöng, lítil löð, naglbítur og eyraklippur | | 6 |
| Skrá með lykli | | 10 |
| Ósmíðað járn vegur 2 fjórðunga | | 15 |
| Fimm heflar | | 6 |
| Strengsög | | 5 |
| Stingsög | | 3 |
| Strengsög | | 1 |
| Sniðill og höggjárn | | 1 |
| Torfljár með skammorfi | | 5 |
| Reisla með koparlóði | | 35 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Önnur með steinlóði | | 12 |
| Hverfisteinn | | 10 |
| Ullarkambar | | 6 |
| Karfa og lár | | 2 |
| Þrjú hrosshárshnoðu | | 6 |
| Nór og hór | | 2 |
| Lyppulár með fjórum eingirnishnoðum | | 7 |
| 36 merkur húðarskinns | | 40 |
| 25 merkur dito | | 30 |
| 20 merkur dito | | 24 |
| 16 merkur dito | | 18 |
| Hrossskinn 1 fjórðungur | | 16 |
| 16 merkur dito | | 13 |
| 16 merkur dito | | 13 |
| 14 merkur kálfskinns etc. | | 15 |
| Sjóskór | | 18 |
| Skinnklæðarusl | | 4 |
| Steinsrekstrarsleggja og barsmíðarslegga | | 3 |
| Broddstafur | | 1 |
| Malpokaræfill | | ½ |
| Alfær vefstaður með tveimur skeiðum | | 25 |
| Reyrt brekán | | 40 |
| Annað | | 25 |
| Þriðja | | 10 |
| Fjórða | | 1½ |
| Hvíluvoðir nýjar | | 25 |
| Tvær einskefturekkjuvoðir | | 5 |
| Þrjár dito | | 5 |
| Fiðursæng með boldangsveri | | 40 |
| Dúksparlak fornt | | 4 |
| Svæfilsver | | 2 |
| Kvenhöttur | | 30 |
| Kvenhempa ný | | 30 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Önnur dito forn | | 25 |
| Kersufat rautt | | 90 |
| Klæðisfat af 20 fjórðunga klæði | | 20 |
| Svinta blá af 50 fjórðunga klæði með þremur látúnshnöppum | | 20 |
| Önnur dito ný með þremur silfurhnöppum | | 65 |
| Treyja af 20 fjórðunga klæði | | 30 |
| Einskiftutreyja | | 5 |
| Dökkt vaðmálsfat | | 10 |
| Hvít prjónapeysa | | 20 |
| Einskiftupeysa | | 8 |
| Önnur dito | | 3 |
| Smáléreftstraf | | 25 |
| Annað dito | | 15 |
| Þriðja dito | | 5 |
| Hvítur trefill | | 5 |
| Traf | | 5 |
| Treflalár | | 1 |
| Brennivínstunna | | 1 |
| Hnakksessa | | 15 |
| Önnur | | 2 |
| Brennivínskútur | | 1 |
| Tjald með trjám | | 40 |
| Leirbrúsi | | 3 |
| Leirkrús | | 2 |
| Kvenkefli | | 2 |
| **Bækur** | | |
| Jónspostilla í tveimur pörtum | | 70 |
| Catechismus stóri | | 20 |
| Biblíukjarni | | 25 |
| Hugvekjur Gerhardi | | 12 |
| Graduale úr bandi | | 10 |
| Passíusálmar | | 6 |
| Herra Guðbrands sálmabók | | 6 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| **Aðskiljanlegt** | | |
| Brennivíns hálfanker | | 5 |
| Gömul 60 fjórðunga kista | | 20 |
| Önnur dito | | ? |
| Þriðja dito | | ? |
| Fjórða dito | | ? |
| Fimmta dito | | 30 |
| Sjötta dito | | 6 |
| Eikarkistill | | 10 |
| Annar kistill | | 12 |
| Tíu pallfjalir með pallstokkum | | 15 |
| Fjórir rúmstokkar með undirviðum | | 15 |
| Þrjár búrhillur | | 6 |
| Staurarusl í skemmu | | 8 |
| Fimm borð uppí skemmunni | | 15 |
| Sex fjalir úti | | 9 |
| 13 staurar | | 6 |
| Eikarstaur | | 1 |
| 12 staurar | | 6 |
| Sex fjalir | | 9 |
| Einn staur | | 2 |
| Trébútur | | 2 |
| Spíra | | 2 |
| Byrðugaflar | | 6½ |
| Ferjubátur með árum | | 20 |
| Tvær ljóskolur og skarpípa | | 5 |
| Lítil munnlaug | | 4 |
| 21 rdr. specie 5 | | 30 |
| **Skuldir á sterbúið hjá öðrum** | | |
| Jóni Halldórssyni | | 30 |
| Ferjutoll | | 30 |
| Summa summarum | 33 | 89 |

Skuldum á sterbúið öðrum að svara

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Á Bakkann | | 60 |
| Landskuld | | 50 |
| Kýrleiga | | 20 |
| Séra Vigfúsi Jóhannssyni | | 50 |
| Kirkjuferjubændum | | 75 |
| Jóni Sæmundssyni í Grindavík | | 10 |
| Sæmundi í Sandvík | | 10 |
| Legkistusmíði | | 15 |
| Hreppstjórum fyrir ómak og uppvartning við sterbúið | | 20 |
| Skattur, gjaftollur, lögmannstollur og biskupstíund | | 40 |
| Skiptaforvaltara salarium | | 30 |
| Þriggja virðingarmanna kaup | | 30 |
| Ofanálag | | 50 |
| Summa | 4 | 100 |

Ómagann Hermann Eyjólfsson með sínum peningum tekur ærupr ýddur sæmdamann Sæmundur Vigfússon eftir innilegri bón hlutaðeigenda, og lofar að annast hann um fjögra ára tíma fyrir fyrrgreindan pening. Annars kemur öllum nú saman að 4 hndr. á ári eyðist fyrir Hermann á meðan hann er so þungur ómagi sem nú er hann, meir og minna eftir sem honum kann að létta og þyngja. Umboð piltsins Sumarliða tekur séra Halldór Brynjólfsson, en umboð Þorbjargar séra Jón Halldórsson, og lofa báðir löglega með að höndla og ávaxtarlausu á sínum tíma útsvara. Fyrrskrifuðu til staðfestu eru hlutaðeigenda nöfn að Kotferju dag 14. maí 1746.

| | |
|---|---|
| Jón Gíslason | Brynjólfur Sigurðsson |
| Ólafur Þorsteinsson | Jón Halldórsson |
| Einar Magnússon | Halldór Brynjólfsson |
| | Sæmundur Vigfússon |

Fyrir utan áðurskrifað meðtók Sæmundur Vigfússon með Hermanni föt hans til dags og nætur virt sem fylgir og að auki:

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| 10 rd. specie | 2 | 60 |
| Sæng, hægindi og svæfil | | 30 |
| Tvær einskefturekkjuvoðir | | 8 |
| Sauðsvartar buxur | | 10 |
| Mussu | | 15 |
| Aðra | | 6 |
| Brjóstadúk grænan úr einskiftu | | 5 |
| Rauðar klæðisbuxur | | 6 |
| Nærpeysu | | 3 |
| Skyrtu úr vesturfara | | 3 |
| Strigaskyrtu | | 1 |
| Blákembda peysu | | 4 |
| Aðra grákembda | | 1 |
| Þrjú pör sokka og eina vettlinga | | 3 |
| Karlmannshatt | | 5 |
| Síðhempu | | 20 |
| Prjónapeysu bláa | | 20 |
| Summa | 4 | 80 |

## *Orný Símonardóttir*

Orný eða Oddný fæddist árið 1701. Foreldrar hennar voru Símon Jónsson (f. 1661) og Sigríður Eyjólfsdóttir (f. 1665) sem árið 1703 bjuggu á Höfða í Biskupstungum. Eiginmaður hennar var Teitur Loftsson (f. 1695) og börn þeirra Halldór (1726–1785), Eyjólfur (1730–1804), Jón (1733–1812), Ragnhildur (1736–1773), Sigríður (óvíst) og Símon (1741–1803). Árið 1729 bjuggu þau á Höfða og síðar á Tjörn og Litla-Fljóti, en síðast í Bræðratungu þar sem dánarbú Ornýjar var skrifað upp 14. júní 1756. Skráin í lokin gæti varðað úthlutun fjármuna til barnanna þegar þau fóru að heiman.[4]

Anno 1756 þann 14. júní að Bræðratungu voru Ornýjar sálugu Símonardóttur eftirlátnir fémunir uppskrifaðir og virtir sem fylgir:

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Ein kýr rauðhúfótt 8 vetra | 1 | |
| Önnur dito hvít 12 vetra | | 105 |
| Þrjár ær með lömbum | | 60 |
| Þrír sauðir veturgamlir | | 36 |
| Einn dito tvævetra | | 15 |
| Blátt klæðisfat | | 20 |
| Blá késsusvinta | | 8 |
| Tvær vaðmálshempur gamlar | | 12 |
| Sauðsvart upphlutsfat gamalt | | 12 |
| Einskeftusvinta | | 4 |
| Tveir gamlir klútar bláir | | 3 |
| Svart silki gamalt | | 3 |
| Trefill af kartúni | | 2 |
| Treyja með plusskraga gömul | | 8 |
| Koparbelti | | 6 |
| Treflaeskjur | | 1 |
| Tvær einskeftuskyrtur | | 8 |
| Tvö pör sokka rauðir | | 2 |
| Gamalt treyjutetur | | 5 |
| Þófadýna | | 1 |
| Þófól með lítilfjörlegum ístöðum | | 5 |
| Forn sessa líttnýt | | 2 |
| Fjórðungspottur | | 10 |
| Gömul kista | | 20 |
| Kvenhöttur | | 2 |
| Summa | 3 | |

| | | |
|---|---|---|
| Eyjólfur Teitsson fulltíða færleik | | 60 |
| Halldór fola | | 60 |
| Jón fola 2 vetra | | 60 |
| Ragnhildur kvenfat | | 20 |
| Sigríður blátt fat | | 20 |
| Símon 13 vetra | | [60] |

*Jón Gíslason*

Ekkert er vitað um Jón annað en það sem hér kemur fram. Hann fæddist undir Jökli árið 1727 og fluttist níu ára gamall að Útskálum, en var undir ævilokin vinnumaður á Hólum í Hrunamannahreppi og lést í Helli undir Ingólfsfjalli, vafalaust á ferð fyrir húsbændur sína. Eftirlátnar eigur hans voru skráðar 29. október 1761 og er erfingja ekki getið. Núpstún í Hrepphólasókn í skuldaskrá er tilgáta fyrir „nupst:“ í handriti.[5]

Anno 1761 þann 29. október að Hjálmholti var uppskrifað ⟨og⟩ virt eftir Jón sáluga Gíslason vinnumann frá Hólum í Hrepp sem sálaðist eftir viku legu í Hellir 34 ára að aldri, kom undan Jökli 9 vetra suður að Útskálum.

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Föt hans og annað | | |
| Blár brjóstadúkur af klæði með ónýtu fóðri | | 12 |
| Sortuð mussa hneppt | | 10 |
| Mórauð peysa hneppt | | 3 |
| Buxnagarmar og íleppar | | 2 |
| Þrjú pör sokkagarmar og tvær einskeftuskyrtur | | 10 |
| Þetta fengið prestinum og Bjarna í Hellir. | | |
| Hitt annað er | | |
| Ljós hestur örsmár ungur | | 40 |
| Sortuð síðhempa götótt | | 8 |
| Blá prjónapeysa slitin | | 10 |
| Börkuð prjónapeysa | | 12 |
| Einskeftunærpeysa | | 7 |
| Sortaðar buxur bornar | | 6 |
| Mussugarmur | | ½ |
| Húfa og nærbuxnagarmar hvoru tveggja fánýtt | | 1 |
| Hnakkhrör með ístöðum, tveimur járnhringjugjörðum og ónýtri dýnu og beisli | | 18 |
| ½ fjórðungur smjörs | | 10 |

| | | h. | ál. |
|---|---|---|---|
| | Í Hólum | | |
| Kistuhró með kengjum | | | 4 |
| Tvær ær | dautt í fjárpestinni allt | | |
| Tveir sauðir veturgamlir | dautt í fjárpestinni allt | | |
| Þrjú lömb | dautt í fjárpestinni allt | | |
| Foli 2 vetra í Mostungum | | | 30 |
| | | 1 | 26 |
| | Skuldir að svara | | |
| Kona í Hrepp | | | 5 |
| Lánaður 1 rd. Núpstúni | | | 30 |
| Líkkista og smíði | | | 25 |
| Legkaup | | | 15 |
| Ómak og matur | | | 20 |
| | | | 95 |

So erfðin verður 50 ál.

## TILVÍSANIR

1 *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 538, 615–617; ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Árn. ED1/7, 1. Skiptabók 1743–1746, bl. 11r–13r.

2 *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 600; ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Árn. ED1/7, 1. Skiptabók 1743–1746, bl. 8r–9r, 13v–14r. Hermann eignaðist að minnsta kosti ekki Vigdísi í lausaleik frá miðju ári 1713 til jafnlengdar árið 1715, sjá Rentukammer F/16. Reikningar jarðabókarsjóðs 1712–1714, örk 1. Sakeyrisreikningar 1714, Árnessýsla; F/17. Reikningar jarðabókarsjóðs 1708–1716, örk 10. Sakeyrisreikningar 1715, Árnessýsla.

3 *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 600; ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Árn. ED1/7, 1. Skiptabók 1743–1746, bl. 26r–28r (uppskrift), 29r–30v (skipti).

4 *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 543, 621; ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Árn. ED1/7, 3. Skiptabók 1756–1764, bl. 5r.

5 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Árn ED1/7, 3. Skiptabók 1756–1764, bls. 172–173. Bóndi í Helli árið 1762 var Þorleifur Valdason, sjá Rentukammer D1/9. Manntal 1762. Suðuramt, nr. 65: Arnarbæli, Reykir og Hjalli, bl. 4v.

# Skaftafellssýsla

*1762–1765*

## *Jón Sæmundsson*

Jón fæddist árið 1701. Foreldrar hans voru Sæmundur Jónsson (f. 1652) og Guðlaug Jónsdóttir (f. 1671), sem vorið 1703 bjuggu á Brekkum í Dyrhólakálki. Þorsteinn bróðir Jóns var árinu yngri. Eiginkona Jóns var Ragnheiður Jónsdóttir (f. 1717) og voru dætur þeirra Guðlaug (f. 1745) og Sigríður (f. 1751). Dánarbú Jóns var skráð á Hvoli í Mýrdal 14. apríl 1762 og skipti fóru fram 3. júní. Skemmdir eru allnokkrar á skjalinu og þar sem verðmat ekki sést er haft spurningamerki. Ragnheiður var á Hvoli í ágúst 1762 með ónafngreindar dætur sínar 16 ára og 10 ára.[1]

Anno 1762 þann 14. apríl að Hvoli í Mýrdal var af oss undirskrifuðum eftir begiering sýslumannsins seigneur Lýðs Guðmundssonar uppskrifaðir þeir fémunir kvikir og dauðir er tilsagðir voru af ekkjunni Ragnheiði Jónsdóttir í sterfbúi hennar sáluga ektamanns Jóns Sæmundssonar.

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Í fatnaði | | |
| Grænt klæðisfat | | 35 |
| Rautt klæðisfat | | 46 |
| Annað rautt af góðu töji | | 40 |
| Blá klæðissvinta með koparhnapp | | 20 |
| Rauð klæðissvinta með koparhnapp og rokkborða neðan | | 13 |
| Ungmennis raskfat blátt | | 6 |
| Leturlindi | | 3½ |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Treyja forn lifurauð | | 5 |
| ~~Græn klæðisvinta með koparhnapp~~ | | |
| Traf af fínu lérefti | | 20 |
| Annað ringra | | 15 |
| Blár handlínuklútur | | 3 |
| Annar rauðmerktur | | 3 |
| Tvö ennishorn með gulum og rauðum litum og hálsklútur sama slags | | 15 |
| Lítilfjörlegt hálssilki rauðleitt | | 4 |
| Hálsklútur hvítur lítilfjörlegur | | ? |
| ~~Kvenhempa~~ | | |
| Mussa sortuð nýleg með 19 látúnshnöppum | | 20 |
| Kvenhöttur | | ? |
| Ungmennis kvenhempa | | ? |
| ~~Einskeftukvenpeysa~~ | | |
| ~~Tvær einskeftubarnapeysur~~ | | |
| [000000000] svört með [00000] | | ? |
| [000b]uxur [00000]ar með sex látúnshnöppum | | 4 |
| Einskeftukarlmannsskyrta ný | | 8 |
| Hattur | | 10 |
| Blá húfa | | 5 |
| Tvennir sjóvettlingar | | 2 |
| Tvennir sokkar gamlir | | 4 |
| Brekán fornt, treyja gömul | | 2 |
| Einskefturekkvoðir tvær, önnur lítilfjörleg rúmföt | | 8 |
| Á þrjá hesta af reiðing | | 13 |
| Þrír klyfberar | | 7 |
| Kistur tvær með læsing og lyklum | | 29 |
| Þriðja lítil með læsing og lausu loki | | 10 |
| Einn hærusekkur | | 10 |
| Trafakefli | | 4 |
| Í bókum | | |
| Húspostilla Vídalíns í tvennu lagi | | 20 |
| Grallari 10. editio | | 10 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Sjöorðabók Vídalíns | | 10 |
| Nýja testamentið gefið | | |
| Skrifað kver með Norsku lögum og Christians recess | | 2 |
| Ólafs kóngs saga hálf rotin | | 10 |
| Skrifað sálmakver | | 4 |
| Þórðarbænir með sálmunum | | 5 |
| Í búsgögnum | | |
| Einn pottur tekur 2½ fjórðung | | 56 |
| [Annar] bættur minni | | 12 |
| [Einn] lítill pottur tekur 17 merkur | | 10 |
| [Eitt tve]ggja tunna ker gamalt | | 33 |
| [Annað] minna | | 12 |
| [Þriðja] ennþá minna | | 8 |
| [00000000] | | 11 |
| [00000000] gamall | | 8 |
| [000000000] keröld og fjórða tunna | | ? |
| [000000000] tveir nóar | | ? |
| Ein ausa, tvær sleifar | | 1 |
| og ullarkambar | | 9 |
| Sjö spænir | | 4 |
| og vettlingapör tvenn | | 3 |
| Tvö orf | | 3½ |
| og tvær flöskur | | 3½ |
| Vefstaður með honum tilheyrandi | | 10 |
| Fjórar hrífur | | 4 |
| og kola | | 1 |
| Fjórar ljáspíkur | | 6 |
| Einn torfljár | | 2½ |
| Item reckhata?? | | 1 |
| Klaufhamar | | 1½ |
| Hófar og hótöj | | 1 |
| Ljáklöppuhamar | | 5 |
| Steðji brotinn | | 15 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Eitt brýni | | ½ |
| Hefill | | 1 |
| Eitt hestajárn | | 7 |
| Tveir þófar gamlir | | 15 |
| Ístöð með hamól og gjörð lítilfjörlegri, item virki brotin | | 4 |
| Einn páll | | 2 |
| og tvær grottakirnur | | 2 |
| Tvær rekur | | 2 |
| Tveir knífar | | 3 |
| Þrennir mykilaupar | | 15 |
| Sjö hrip og tvö minni | | 9 |
| Hnakkur neflaus | | 8 |
| Þófaver | | 1 |
| Ný virki | | 4 |
| Tvö færi með steini, öngultaumum og önglum | | 40 |
| Tvær brækur og tveir skinnstakkar | | 35 |
| Sjóskór og sjóháleistar | | 1 |
| Kvenhempa | | 5 |
| Leðurskinnspölur | | 15 |
| 15 skjólur | | 15 |
| Reipi á 8½ hest | | 18 |
| Tólf fjalir | | 12 |
| Tvö rúm | | 5 |
| Hurð fyrir bænum | | 1 |
| Skemmuhús með hurð | | 20 |
| [00000]hús | | 8 |
| [000]lýsi[000] | | ? |
| [0000000000000] | | ? |
| [000]öxi | | 10 |
| Ein handöxi | | 2 |
| Einn sniðill | | 1 |
| Járnreisla | | 10 |
| Í fiski og höfðum | | 112 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| 3 fjórðungar smjörs | | 30 |
| Tvö bandbeisli | | 2 |
| Í fríðu | | |
| Þrevetur hestur | | 75 |
| Þrjár kýr | 2 | 90 |
| Ein kvíga geld | | 72 |
| Tveir vetrungar | | 80 |
| Kálfur | | 6 |
| Þrír hestar | 2 | 55 |
| Eitt hross með veturgömlu trippi | 1 | |
| Níu ær fyrir utan jarðarkvíildi | 1 | 60 |
| Þrír sauðir tvævetrir | | 45 |
| 15 gemlingar | 1 | 40 |
| Geldær | | 60 |
| Summa | 22 | 43 |

Skuldir voru kaup og klæðnaður Sigurðar Gunnarssonar vinnumanns 85 ál., vorgjald 30 ál. og legkaup og kistusmíði 27 ál., en strikað er yfir þingskuldir og ógreidda skuld til Viðeyjar og Bjarna Pálssonar landlæknis. Þetta gerði 1 hndr. 22 ál. Innistandandi voru skuld hjá Jóni Árnasyni í Hvammi og kálfsfóður hjá Einari Erlendssyni, en upphæða er ekki getið. Skipti fóru fram 3. júní og við skuldirnar bættust 25 ál. í skiptaforvaltaralaun til sýslumanns eftir Norsku lögum og 16 ál. til virðingarmanna. Samanlagður frádráttur nam þá 1 hndr. 63 ál. þannig að til skipta komu 20 hndr. 20½ al. Samkvæmt kaupmálabréfi frá desember 1740 var máli ekkjunnar á giftingardegi 9 hndr. og það þeirra sem lengur lifði átti að fá hundraðs kjörgrip. Ragnheiður fékk því 10 hndr. en Guðlaug og Sigríður 5 hndr. 50¼ al. hvor „sem ei að þessu sinni með lóðseðlum útleggst með því ekkjan sjálf móðir þeirra heldur þeirra umboð". Undir skrifa að Hvoli degi síðar Lýður Guðmundsson sýslumaður, Sigurður Magnússon og Einar Erlendsson.

### *Sveinn Sigurðsson*

Sveinn fæddist árið 1711. Foreldrar hans voru Sigurður Guðmundsson (f. 1669) og síðari kona hans Katrín Jónsdóttir (f. 1676) á Efri-Steinsmýri í Meðallandi. Eiginkona Sveins var Helga Árnadóttir (1706–1784) og börn þeirra Valgerður (f. 1736), Pétur (1742–1812) og Halldór (1746–1784). Þau bjuggu á Syðri-Fljótum árið 1762 og tveir ónafngreindir synir, 19 ára og 16 ára, auk vinnukonu og tveggja ómaga. Valgerður var gift Jóni Jónssyni og bjuggu þau einnig á jörðinni, hann 32 ára og hún 26 ára, með eina vinnukonu. Þriðji ábúandi var Jón Erasmusson, faðir Jóns. Dánarbú Sveins var skráð 6. júní 1765 og er hann sagður Jónsson í upphafi, sem ekki stenst en er haldið hér. Skjalinu lýkur í miðri skuldaskrá svo að eitt blað vantar eða fleiri. Hraun rann yfir bæjarhúsin á Syðri-Fljótum í Skaftáreldum sumarið 1783.[2]

Anno 1765 þann 6. júní var að Syðri-Fljótum í Meðallandi registerað eftirlátið sterfbú sáluga Sveins Jónssonar af tilforordnuðum skiptiforvaltara og tveimur tilkölluðum virðingarmönnum í nærveru hans eftirlátinnar ekkju Helgu Árnadóttur og hans tveggja sona Péturs og Halldórs Sveinssona, samt hans dótturmanns Jóns Jónssonar. Fyrir ekkjunnar hönd er hreppstjórinn Jón Ásmundsson, sá yngri sonur Sveins sáluga Halldór er 19 vetra, en Pétur er fullorðinn. Framgekk so virðing búsins sem fylgir.

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Í búsgagni | | |
| Þriggja tunnu ker gamalt vantar tvær gjarðir | | 70 |
| Annað minna gjarðlaust | | 10 |
| Þriðja | | 5 |
| Tunna | | 15 |
| Kerhald | | 10 |
| Annað kerhald | | 9 |
| Þriðja kerald | | 9 |
| Enn nú kerhald | | 5 |
| Annað ditto | | 5 |
| Þriðja ditto | | 4 |
| Kvartel | | 1 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Annað | | 1 |
| Tunna lítil | | 1 |
| Kerhald | | 5 |
| Annað | | 2 |
| Þriðja | | 2 |
| Fjórða | | 3 |
| Fimmta ditto | | 2 |
| Sjötta | | 1 |
| Sjöunda ditto | | 4 |
| Strokkur | | 20 |
| Annar strokkur | | 15 |
| Sex trog | | 20 |
| Þrjú trog | | 12 |
| Þrír askar | | 12 |
| Fimm ditto | | 12 |
| Fimm askar | | 15 |
| Þrír askar | | 3 |
| Ein skál | | 8 |
| Tvær skálar | | 5 |
| Kirna | | 2 |
| Dallur | | 5 |
| Askur | | 1 |
| Sex skjólur | | 19 |
| Tvennar öskjur | | 5 |
| Þrennar ditto | | 5 |
| Fjórar ausur | | 3 |
| Átta hlemmar | | 3 |
| Þrjár könnur | | 4 |
| Kistill vantar lykil og hakajárn | | 10 |
| Skrína | | 6 |
| Önnur ditto | | 3 |
| Sýjugrind | | 1 |
| Stór kista kölluð | | 20 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Læst kista þó gölluð | | 18 |
| Kista með hvolfdri skrá dönsk | | 25 |
| Kistill gamall með bilaðri skrá | | 5 |
| Nýr kistill með skrá, lykli og lömum | | 15 |
| Vont kistilshrör | | 1 |
| Skrína með skrá og lykli | | 9 |
| Loklaust skrínuhró | | 2 |
| Ullarkambar nýlegir | | 10 |
| Sandvirki gagnleg | | 10 |
| Ný sandvirki | | 6 |
| Afgamall hnakkur setulaus | | ? |
| Hamól með ístöðum og koparhringjugjörð | | 34 |
| Önnur hamól með ístöðum og koparhringjugjörð | | 18 |
| Þriðja hamól með ístöðum og járnhringjugjörð | | 10 |
| Beisli með litlum koparbúningi | | 5 |
| Annað ditto fangalétt með litlum ólum | | 1½ |
| Fjögur bandbeisli | | 2 |
| Ólarkeyri | | 1 |
| Kaðalkeyri og járnhringjugjörð | | 1 |
| Í ólum | | 2 |
| Ullarþófi gamall | | 10 |
| Nýr melþófi | | 6 |
| Tveir gamlir melþófar | | 5 |
| Svart þófaver | | 4 |
| Annað betra | | 5 |
| Sessa gömul | | 12 |
| Afgamall melþófi með skinni og gömlu lendveri | | 4 |
| Fimm klyfberar | | 19 |
| Reiðingur | | 6 |
| Þrjú orf og sex hrífur | | 9 |
| Hærusekkur lítill með sekkhröri | | 8½ |
| Annar ditto með vondu hröri | | 8½ |
| Saumtags- og hárreipi á | | 35 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Tvenn dugleg ólarreipi | | 19 |
| Þrenn ditto | | 15 |
| Trévigt | | 4 |
| Slaghamar | | 8 |
| Ljádengsluhamar | | 3 |
| Annar ditto | | 3 |
| Klaufhamar | | 2 |
| Tvö skaraxarkjök | | 5 |
| Handöxi og beygitöng | | 6 |
| Járnlaðir tvær mjög litlar | | 3 |
| Tálguhnífur og brýni | | 1 |
| Steðji | | 70 |
| Smiðjubelgur | | 10 |
| Fjórir ljáir | | 8 |
| Eirklippur og stingsög | | 5 |
| Fjórir nafrar og sniðmeis | | 7 |
| Tveggja handa sög | | 12 |
| Torfljár í skammorfi | | 5 |
| Lítil tunna | | 2 |
| Unnið hrosshár | | 1 |
| Hvalsinar | | 5 |
| Buskugjarðir | | 1 |
| Áttungur gamall og sigð þrjú | | 2 |
| Gamalt tjald með hælum og trjám | | 35 |
| Hestajárn | | 10 |
| Tálguhnífur, þjöl og rómet | | 3 |
| Ósmíðað járn | | 4 |
| Tvær vatnastangir og tvær lénunálar | | 20 |
| Páll og rótagrefill | | 2 |
| Kvíslar og rekur | | 4 |
| Reka og tvær kvíslar | | 2 |
| Barnsvagga | | 1 |
| Tveir rúmstokkar, þrjár fjalir, þil fyrir búrinu með hurð | | 20 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Pallfjalir í fjósinu | | 23½ |
| Byrslur þar og rúm | | 5 |
| Vefstaður með tilheyrandi | | 20 |
| Mykjulaupar tvennir | | 10 |
| 16 heyhrip | | 10 |
| Tóbaksfjöl með járni | | 1 |
| Stór pottur | | 95 |
| Annar minni | | 35 |
| Þriðji mjög lítill | | 6 |
| Fjórði bættur, lítill | | 5 |
| Skuld hjá Halldóri Jónssyni | | 2½ |
| Járnlampi og trékola | | 3 |
| Þrír átmatardiskar | | 1 |
| Fjórar skjóður og tveir klippingar | | 4 |
| Fjórir lásar | | 9 |
| Tveir ditto | | 6 |
| Þrennir vettlingaprjónar | | 8 |
| Skinnsokkar | | 2 |
| Húðarskinn 13½ | | 17 |
| Þrjú kálfskinn | | 4½ |
| 6 merkur af hrossskinni | | 6 |
| Vetrarpartur Vídalínspostillu | | 16 |
| Graduale | | 13 |
| Eintalið | | 10 |
| Upprisusaltari | | 4 |
| Sálmabók | | 14 |
| Bænakver eður Dagleg iðkun guðrækninnar | | 3 |
| Hugvekjur Gerhardi | | 4 |
| Krossskólasálmar | | 1 |
| Skrifað sálmakver | | 2 |
| Skrifaður Graduale | | 5 |
| 5½ alin sauðsvart vaðmál á 6 fiska alinin | | 20 |
| 5 álnir ditto á 6 og 7 fiska alinin | | 21½ |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| 7 álnir 3 kvartil ditto á 5 fiska alinin | | 19½ |
| Tvær skyrtur fornar | | 10 |
| Aðrar tvær ditto | | 10 |
| Þrjár ditto, allar | | 5 |
| Tvær einskefturekkjuvoðir | | 8 |
| Aðrar tvær ditto | | 5 |
| Þriðju tvær rekkjuvoðir | | 5 |
| Lítið brekán | | ? |
| Annað ónýtt ditto | | 7 |
| Tvennir sjóvettlingar og háleistar | | 1½ |
| Karlmannsbuxur með fimm knöppum af látúni | | 9 |
| Aðrar með tveimur látúnsknöppum | | 4½ |
| Þriðju | | 2½ |
| Fjórðu sauðsvartar | | 3 |
| Fimmtu | | 2 |
| Tvennar nærbuxur | | 4 |
| Mórauð prjónapeysa með knöppum | | 7 |
| Önnur ditto með tíu knöppum | | 7 |
| Þriðja ditto með tólf knöppum | | 3 |
| Tvennir sokkar | | 5 |
| Þrennir ditto mórauðir og tveir vasar | | 3 |
| Tvennir vettlingar | | 1 |
| Óþæfðir sokkar | | 3 |
| Tvennir ditto þæfðir | | 2 |
| Tvennir kvensokkar | | 1 |
| Aðrir tvennir ditto | | 2 |
| Mórautt peysuefni af bandi | | 9 |
| Hespuverk í aðra peysu | | 9 |
| Sex hespur með snakk af bandi | | 8 |
| Tvær húfur | | 7 |
| Þrír lárar og fjórar vinnukirnur | | 4 |
| Kláfur ⟨með⟩ hvítri ofanaftekinni ull | | 4 |
| [00] pör duggaravettlinga | | 2½ |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Mussa með látúnsknöppum | | 32 |
| Önnur ditto með koparknöppum ný | | 26 |
| Gamall hattur með gati | | 2 |
| Betri hattur | | 7 |
| ~~Grátt kaphús~~ Sauðsvartir vettlingar | | 2 |
| Gömul síðhempa | | 14 |
| Önnur síðhempa nýleg | | 18 |
| Sessuband | | 5 |
| Annað ditto | | 4 |
| Grænn klæðisniðurhlutur af 20 fiska klæði | | 60 |
| Blár ditto | | 50 |
| Blátt fatsefni ófullkomið og melstungið | | 20 |
| Grænt upphlutspils afgamalt | | 15 |
| Treyja | | 13 |
| Önnur | | 3 |
| Kvensokkar rauðir | | 3 |
| Blá svinta gagnlítil | | 5 |
| Græn klæðissvinta | | 8 |
| Rauð ditto með blómstursaum | | 20 |
| Blá rasksvinta með varpi | | 17 |
| Blá klæðissvinta með liberiborðum og steyptum koparknöppum | | 50 |
| Einskeftuhempa forn | | ? |
| Einskeftusvinta með götum | | ? |
| Handlínuklútur með skúfum | | 13 |
| Höttsilki gagnslitið | | 8 |
| Golgastrefill | | 5 |
| Fínt traf | | 20 |
| Bláröndóttur klútur | | 15 |
| Annar bláröndóttur mikið fínn | | 20 |
| Blámerktur ditto bættur | | 4 |
| Bláröndóttur gamall | | 4 |
| Blár trefill grófur með bláu horni | | 4 |
| Sokkabönd gömul | | 2 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Grænn bekkjaklútur | | 10 |
| Blátt hálssilki | | 7 |
| Treflaeskjur | | 4 |
| Lítill brjóstadúkur af einskeftu | | 4 |
| Stykki af ábreið útdregið | | 6 |
| Mussa með látúnsknöppum | | 12 |
| Borð í búrinu | | 4 |
| 10 kútar af hvallýsi á 5 fiska | | 30 |
| Langhefill og stórt hrip | | 7 |
| Skemmuhús með tvennum þiljum og hurðum | | 60 |
| Baðstofuhús | | 30 |
| Smiðjuhús | | 16 |
| Fimm heyhrip | | 6 |
| Lítið hesthús | | 7 |
| Annað stærra hesthús | | 20 |
| Lambhús | | 16 |
| Annað minna lambhús | | 6 |
| Kálfsbelgur gamall | | 1 |
| Fjárhús | | 8 |
| Annað fjárhús | | 8 |
| Skjóttur hestur tannlaus | | 50 |
| Jarpur hestur fótaveikur | | 75 |
| Ljós færleikur magur og afgamall | | 35 |
| Brúnn færleikur ungur | | 75 |
| Rauður ditto 4 vetra | | 70 |
| Annar ditto eins gamall | | 75 |
| Tvævetur hestur | | 60 |
| Annar viðlíka gamall lítill | | 55 |
| Hesttrippi | | 30 |
| Annað færleikstrippi | | 25 |
| Þriðja lítið | | 20 |
| 25 ær með lömbum | 3 | 60 |
| ~~Ær óborin~~ | | ? |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| ~~[Ein] ditto~~ | | ? |
| Einn sauður veturgamall | 1 | 90 |
| Þrír sauðir tvævetrir | | 45 |
| Tvævett naut | | 60 |
| Annað ditto eins | | 60 |
| Ein kvíga veturgömul | | 40 |
| Kálfur svartur | | 13 |
| Annar svartskjöldóttur | | 12 |
| Svört kýr 9 vetra á að bera á þorra | | 108 |
| Hryggjótt 7 vetra snemmbær | 1 | |
| Glámótt 6 vetra jólbær | 1 | |
| Skjöldótt 4 vetra á að bera á þorra | | 110 |
| Fimmta skjöldótt 3 vetra tímalaus | | 85 |
| Blá húfa | | 6 |
| Hór og hótöy, með heykrók | | 1½ |
| Framrekstrarsleggja | | 3 |
| Mjölkvörn | | 5 |
| Stór slaghamar | | 10 |
| Þrír spænir | | 5 |
| Þrír ditto | | 5 |
| Einn ditto | | 1 |
| Summa | 35 | 38½ |

Kaupmálabréf sáluga Sveins Sigurðssonar og hans eftirlifandi ekkju Helgu Árnadóttur framkom af 10. júlí 1735, hvar inni finnast þeir skilmálar að Helgu Árnadóttur hefur á giftingardegi verið talin 7 hndr. í heimanfylgju, og þá af sínu mannsefni verið gefin 4 hndr. í tilgjöf, og svo hvort öðru því fjórðungsgjöf úr fé sínu til þess lengur lifði og hundraðs kjörgripur, hvörjir skilmálar hér álítast ólöglegir og upphafðir, hvörs vegna ekkjunnar svaramaður kýs fyrir hana að fjórðungsgjöfin verði frátekin, en hún behaldi tilgjöfinni og kjörgripnum, eftir hverju hennar peningur verður 12 hndr. úr þessu búi.

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Skuldir á þessu búi eru: | | |
| Vorgjald af jörðinni | | 20 |
| Fjörufóður | | 10 |
| Vorþingskuldir | | 32 |
| Legkaup | | 12 |
| Kistusmíði | | 30 |
| Líkpredikun og líksöngseyrir | | 30 |
| Skuld til Þorsteins Þorsteinssonar | | 6 |
| Til bændanna á Grímsstöðum | | 4 |
| Lateris | 1 | 24 |

## TILVÍSANIR

1 *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 456; ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Skaft. ED2/1. Dánarbú 1760–1809, örk 1, bl. 2r–4r; Rentukammer D1/9. Manntal 1762. Suðuramt, nr. 36: Dyrhólar og Sólheimar, bl. 6v–7r.

2 ÞÍ. Rentukammer D1/9. Manntal 1762. Suðuramt, nr. 33: Hólmasel, bl. 1v–2r; Sýsluskjalasafn. Skaft. ED2/1. Dánarbú 1760–1809, örk 1, bl. 84r–89v; Gylfi Már Guðbergsson og Theodór Theodórsson, „Áhrif Skaftárelda á byggð og mannfjölda í Leiðvallar- og Kleifahreppum", bls. 104–108; Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Fólksflótti úr Vestur-Skaftafellssýslu í kjölfar Skaftárelda", bls. 120, 123.



*Fyrir kemur að útfararkostnaður er sundurliðaður og hér má sjá að mennirnir sem báru Þorgeir Björnsson til grafar fengu brennivín og mat, en jafnframt að ný skyrta og tveir klútar voru sett utan um líkið (sjá bls. 118). ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Skag. ED2/2. Dánarbú 1744–1786, bl. 51v.*

# Skagafjarðarsýsla

*1770–1778*

## *Sigríður Þorleifsdóttir*

Ekki er annað vitað um Sigríði en það sem hér kemur fram, en líklega fæddist hún nokkru fyrir 1740. Eiginmaður hennar var Grímólfur Egilsson (1735–1784), sem að henni látinni gekk að eiga Þuríði Finnbogadóttur (f. 1735) og fæddist Sigríður dóttir þeirra árið 1771. Ekkert er heldur vitað um Guðmund son Sigríðar og Grímólfs, sem nefndur er við skráningu dánarbús hennar í Geitagerði hjá Reynistað 15. október 1770. Búfé er ekki metið og summa lausafjár kemur ekki fram, en var 5 hndr. 6 ál. Lóðseðill Grímólfs fyrir helmingi búsins fylgir uppskriftinni og kemur fram að hesturinn var tíu vetra og móskolóttur. Það sem Guðmundur fékk er ekki tilgreint sérstaklega.[1]

Anno 1770 15. október að Geitagerði í Reynistaðar kirkjusókn, voru uppskrifaðir og virtir dauðir fémunir þar þá verandi Grímólfs Egilssonar og Sigríðar sálugu Þorleifsdóttir þeirra eina barns vegna Guðmundar, og fyrirfannst sem eftirfylgir.

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Í kvenklæðnaði | | |
| Ein kvenhempa | | 40 |
| Önnur hempa af vaðmáli | | 30 |
| Eitt pils af góðu klæði | 1 | |
| Ein græn svunta | | 24 |
| Rautt klæðispils | | 50 |
| Ein ný klæðissvunta blá með einum koparhnapp | | 28 |
| Ein treyja með klæðisbót | | 20 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Einskeftutreyja | | 8 |
| Tvær þráðardúksskyrtur og lasið belti | | 20 |

Karlmannsföt

| | | |
|---|---|---|
| Sauðsvört mussa og sortulitaðar buxur | | 16 |
| Ein blá peysa | | 30 |
| Fimm stikur af einskeftu | | 15 |
| Einskeftukólfur | | 2 |
| 6 álnir af gjaldavoð | | 15 |
| Einn karlmannaklútur | | 15 |
| Einn annar klútur blár | | 5 |
| Eitt grænt hálssilki | | 6 |
| Hálfur klútur úr silki | | 5 |

Kistur

| | | |
|---|---|---|
| Tvær vættarkistur báðar í eins standi | | 40 |
| Einn treflakistill | | |

Í kvenreiðtygjum

| | | |
|---|---|---|
| Kvensöðull | | 40 |
| Einn kvenreiði | | 10 |
| Eitt beisli | | 20 |
| Ein reiðgjörð | | 3 |
| Einn þófi | | 5 |
| Eitt karlmannabeisli | | 10 |
| Kvenhöttur | | 20 |
| Einn pallkistill | | 4 |

Í fríðu

Einn hestur 9 vetra
Annar 5 vetra óvanaður
Ein ær tvævetur
Tvær gimbrar veturgamlar

*Tómas Jónsson*

Tómas fæddist árið 1726 og eru foreldrar hans óþekktir. Eiginkona hans var Björg Jónsdóttir (f. 1722) og börn þeirra Ragnheiður (1757–1837) og Jón (f. 1760). Tómas bjó á Kambi í Deildardal árið 1762, sagður 36 ára og eiginkona hans fertug en ónafngreindur sonur þeirra 2 ára og dóttir 5 ára. Dánarbúið var skráð 4. júní 1772.[2]

Anno 1772 þann 4. júní var eftirlátið sterfbú Tómasar heitins Jónssonar á Kambi registrerað og vurderað, hvört eð fyrirfannst sem eftirfylgir.

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Í fríðum peningi | | |
| Kýr svartskjöldótt 13 vetra | | 80 |
| Önnur svarthöttótt 11 vetra | | 100 |
| Kvíga veturgömul | | 40 |
| Hross | | |
| Jarpur hestur góðgengur | | 100 |
| Jarpblesóttur klárhestur 13 vetra | | 70 |
| Jarpur ditto 6 vetra | | 60 |
| Jarpblesótt meri 10 vetra | | 60 |
| Sauðfénaður | | |
| Fjórar ær með lömbum | | 80 |
| Þrjár lamblausar | | 40 |
| Sauður þrevetur og tveir tvævetrir | | 45 |
| Ellefu sauðir veturgamlir | | 110 |
| Í fatnaði | | |
| Sauðsvört mussuföt lítið brúkuð hnappalaus | | 25 |
| Blá peysa með hnöppum | | 30 |
| Brjóstadúkur af rauðu varningsklæði brúkaður | | 15 |
| Sortulituð síðhempa með koparhnöppum gömul og bætt | | 15 |
| Kvenfatnaður | | |
| Sortulituð vaðmálshempa bætt og gömul | | 10 |
| Blátt klæðispils | | 60 |
| Rauð klæðissvinta með þremur silfurhnöppum og svörtum varpsaum | | 40 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Treyja með dökkum fluskraga, öll af prjónasaum gömul og slitin | | 5 |
| Kartúnstraf gamalt | | 10 |
| Tveir klútar gamlir | | 8 |
| Grænt hálssilki gamalt | | 5 |
| Kvensöðull með áklæði, sessu, beisli og tveimur gjörðum | | 100 |
| Karlmannshnakkur með sessuslitri, reiða, ístöðum og beisli | | 60 |
| Tveir þófar, annar sundur | | 16 |
| Kista stór með skrá og lykli | | 30 |
| Önnur kista minni læst | | 20 |
| Þriðja vættarkista líka læst | | 15 |
| Kistill læstur | | 5 |
| Kistuskrifli | | 4 |
| Tvær einskefturekkjuvoðir og brekán bætt, allt gamalt | | 5 |

Búsgagn

| | | |
|---|---|---|
| Kerhald tekur 1½ tunnu, lekur | | 10 |
| Annað ditto minna | | 10 |
| Þriðja lítt nýtt | | 2 |
| Gömul lagartunna | | 7 |
| Fjórar smákollur | | 4 |
| Þrjár fötur gamlar | | 3 |
| Sex trog, sum lítt nýt | | 15 |
| Fimm askar gamlir | | 3 |
| Strokkur gamall | | 5 |
| Pottur með gati bættur | | 10 |
| Annar minni | | 10 |

Í bókum

| | | |
|---|---|---|
| Grallari laus úr bandi | | 3 |
| Predikanir af sjö orðunum | | 3 |
| Föstupredikanir gamlar og rotnar | | 2 |
| Hallgrímssálmar úr bandi | | 2 |
| Bænabók Avenarii | | 5 |
| Útlegging Manasisbænar | | 3 |
| Hugvekjusálmar og Diarium | | 3 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Manuale rotinn úr bandi | | 3 |
| Þórðarbænir | | 2 |
| Spegill eilífs lífs skrifaður og vel umvendaður | | 10 |
| Hús og spýtur | | |
| Fjárhús tekur 18 sauði á garða | | 10 |
| Annað minna og tvær spýtur lausar | | 10 |
| Þriðja kofi | | 8 |
| Hesthús | | 5 |
| Skemma með hurð á járnum | | 15 |
| Fjós fyrir sex naut | | 20 |
| Smiðjukofi | | 2 |
| Hús áfast við bæinn með syllum og sperrum | | 25 |
| Eitt tré á 14 fiska | | 7 |
| Aðskiljanlegt | | |
| Rokkur gamall | | 5 |
| Gömul járnreisla | | 8 |
| Tvenn ólarreipi | | 10 |
| Bandreipi gömul | | 3 |
| Þrír klyfberar | | 5 |
| Axarkjak | | 2 |
| Járn, vegur 26 merkur | | 7½ |
| 5 pund af gömlu tini | | 20 |
| Fjórðungur sauðskinna | | 20 |
| Þrjár prjónapeysur óbrúkaðar | | 45 |
| Átta pallfjalir, rúmstokkur og brotnar bríkur | | 10 |

Hleypur so framanskrifað sterfbú að áður afteknum öllum skuldum nema 10 ál. til Jóns á Grindum og 10 ál. til Þorsteins Andréssonar á Miðhúsum, að öllu samanreiknuðu til 13 hndr. 24 ál. Kemur so á ekkjunnar hluta 6 hndr. 72 ál, en á piltsins hluta 4 hndr. 44 ál., en á stúlkunnar 2 hndr. 23 ál. og sundurdeilist sem eftirfylgir.

Lóðseðlar Bjargar, Jóns og Ragnheiðar fylgja, og fékk móðirin ögn meira en hún átti að fá: „En þar sem ekkjunnar partur er meiri en tilstendur lofar hún að bæta því við son sinn innan skamms tíma“. Undir skrifa Sigurður Þorleifsson og Þorvaldur Þorkelsson.

### *Geirlaug Erlendsdóttir*

Geirlaug fæddist árið 1732. Foreldrar hennar voru Erlendur Þorleifsson (1705–1760) og Guðrún Jónsdóttir (1700–1773), sem síðast bjuggu á Þverá í Hallárdal. Eiginmaður hennar var Jón Þorláksson (1730–1785) og voru þau barnlaus. Geirlaug lést á Vöglum í Miklabæjarsókn og var grafin 29. júlí 1773, sögð 40 ára. Dánarbúið var skráð 14. september.[3]

Anno 1773 þann 14. september að Vöglum við Blönduhlíð. Voru uppskrifaðir og vorderaðir þeir fémunir kvikir og dauðir sem fyrirfundust í stervbúinu eftir Geirlögu sálugu Erlendsdóttir, eftir framvísan hennar eftirlifandi ektamanns Jóns Þorlákssonar, so á sig komið sem fylgir:

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Rauðhjálmótt kýr 5 vetra | 1 | |
| Átta ær, með lömbum sex | 1 | 30 |
| Grár hestur 4 vetra | | 60 |
| Jarpur hestur afgamall | | 35 |
| Annar rauður og afgamall | | 35 |
| Tveir folar tvævetrir rauðir | | 70 |
| og þriðji brúnn tvævetra | | 35 |
| Bleikblesótt hryssa og tvævetra | | 30 |
| Rauðskjótt mertrippi veturgamalt | | 20 |
| Í kvenklæðnaði | | |
| Smávaðmálshempa gömul og mjög bætt á ermum | | 25 |
| Kventreyja með lösnum klæðisbol og prjónaermum | | 12 |
| Kalemangs kvenkot með lösnum koparmilnum | | 8 |
| Gamalt smáléreftstraf | | 12 |
| Dökk silkislæða | | 4 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Blámerktur léreftsklútur | | 6 |
| Annar klútur bláröndóttur | | 6 |
| Leturband | | 4 |
| Lítill spegill í hulstri | | 4 |
| Skautakefli | | 3 |

Í bókum

| | | |
|---|---|---|
| Vídalíns Sjöorðapredikanir | | 6 |
| Hallgríms og Hugvekjusálmar í einu bindini gamlir | | 5 |
| Mjög rotin Höfuðpartabók | | 2 |
| Þórðarbænir með sálmum | | 2 |
| Annað gamalt og rotið bænakver Lassenii | | 2 |
| Mittisband með nýlegum látúnspörum | | 7 |
| Ein 50 fjórðunga kista | | 20 |
| Önnur stór og afgömul | | 20 |
| Þriðja skrifli loklaust | | 2 |
| og annað með lausu loki | | 4 |
| Ólæstur lítill pallkistill og annar loklaus, báðir járnalausir | | 2 |
| Einn lélegur spunarokkur | | 8 |
| Einir vírkambar gamlir | | 6 |
| Smábandsprjónar | | 2 |
| Gamall vefstaður með einu skafti, ófullkominn | | 12 |

Í búsgagni

| | | |
|---|---|---|
| Eitt tunnukerald | | 20 |
| Fimm kollur smáar og stórar | | 6 |
| Þrjár fötur | | 10 |
| Fimm askar smáir og stórir | | 5 |
| Tvennar öskjur | | 2 |
| Lítill strokkur | | 10 |
| Merkur tinkanna | | 10 |
| 3 marka leirbrúsi | | 2 |
| Járnreisla | | 5 |
| Ein hrífa, tvær klárur, ein hrífa og orf | | 2 |
| Einn fleygpáll | | 2 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Tvær rekur | | 3 |
| Einn torfljár og ljáspík | | 4 |
| Ein bandreipi | | 3 |
| Í eldsgögnum | | |
| Vel 2 fjórðunga pottur mjög bættur | | 5 |
| Annar rifinn og bættur, vart fjórðungspottur | | 6 |
| Pottkrókar | | 1 |
| Tveir hálftunnuskrokkar | | 2 |
| Einn klyfberi gamall | | 3 |
| Níu pallfjalir | | 9 |
| Lambhússkofi með hurð | | 12 |
| Kvenreiðtöy alfær virðast hundrað og 6 álnir, fyrir utan sessu | 1 | 6 |
| Karlmannshnakkpúta léleg með einni járnhringnagjörð og dýnu | | 15 |
| Sortuð mussa með hnöppum, slitnar buxur, hálsbindi og gamall hattur, item sortaðir sokkar | | 40 |
| 14 merkur af sneflaull | | 5 |
| Fletjupakkir og langsekkur | | 3 |
| Gömul þráðardúkssvunta með hnöppum | | 15 |
| Summa | 8 | 105 |

Skuldir á framanskrifuðu:

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Til prests og kirkju | | 29 |
| Landskuld | | 60 |
| Til Jörundar | 1 | 60 |
| Til Þorbjörns á Skildinganesi fyrir sunnan | | 20 |
| Guðrún á Bæ | | 20 |
| Margrét á Silfrastöðum | | 10 |
| Hallur á Hjaltastöðum | | 6 |
| Til Þorleifs Claus | | 6 |
| Líkkistuviður og smíði | | 20 |
| Til virðingarmanna | | 9 |
| Skiptaforvaltaralaun | | 10 |
| Skuldanna summa | 3 | 10 |

Skuldir sem inn í búið skulu kallast eru einar 15.

Fram kemur so kaupmáli milli Jóns Þorlákssonar og Geirlaugar sálugu. Eftir kaupmálabréfsins hljóðan sé þeirra á milli helmingafélag og fjórðungsgjöf úr þess burtkallaða fé. Hvörju öllu framanskrifuðu til staðfestu að so framfarið sé vitna undirskrifaðir

Eiríkur Eggertsson    Eiríkur Jónsson

Að fráteknum skuldum sem á sterfbúinu bevísanlega liggja verður þess beholdning 5 hndr. 95 ál., hvar af Jón eftir framvísuðu kaupmálabréfi uppber helming og fjórðungsgjöf sem er 3 hndr. 74 ál., so þá verður afgangs 2 hndr. 21 ál., hvar af Jón bróðir Geirlaugar sálugu fær 1 hndr. og Sigríður hennar systir 60 ál. og börn Snjólaugar 60 ál., en 21 al. sem er afgangs fellur til Guðrúnar móður þessara systkina, ásamt öllu því sem þau stóðu til eftir föður sinn, sem sig hljóp til rúmra 2 hundraða. Til staðfestu undirskrifuð nöfn

Vigfús Schieving    Jón Erlendsson<br>Jón Þorláksson

### *Erlendur Halldórsson og Ólöf Bjarnadóttir*

Erlendur fæddist árið 1726 og Ólöf sex árum síðar. Foreldrar hans voru Halldór Ólafsson (f. 1697) og Guðlaug Erlendsdóttir (f. 1700) í Fellshjáleigu í Sléttuhlíð. Foreldrar hennar voru Bjarni Hallsson (f. 1695) og Hallveig Þorvaldsdóttir (f. 1688) á Heiði og síðar á Syðstahóli í Sléttuhlíð. Árið 1762 bjuggu Erlendur og Ólöf á Heiði í Sléttuhlíð. Samkvæmt dánarbúsuppskrift áttu þau fimm börn, sem hétu Bjarni, Hróðný, Jón, Guðlaug og Guðmundur. Jón fæddist árið 1762 og lést árið 1838, en um hin er ekkert vitað, nema að í febrúar 1785 var Hróðný 24 ára vinnustúlka á Skálá. Jón var þá vinnupiltur á Tjörnum 22 ára.[4] Í Höskuldsstaðaannál segir um árið 1774: „Drukknaði bóndinn í Málmey, Erlendur Halldórsson, með konu sinni og vinnukonu frá kirkju á þorranum“. Ekki kemur fram við skiptin 10. maí hvenær dánarbúið var skráð.[5]

Anno 1774 dag 10. maí að Hofi á Höfðaströnd var til staðar sýslumaðurinn Vigfús Scheving til að gjöra lögleg skipti á því á næstliðna vetri föllnu sterfbúi í Málmey eftir Erlend sáluga Halldórsson og Ólufu Bjarnadóttur milli þeirra fimm skilgetinna barna, Bjarna, Hrónýjar, Jóns, Guðlaugar og Guðmundar, hvörra vegna að mætir sem næsti formynder Guðmundur Jónsson á Ysta-Hóli. Innfærist so fyrst sú af hreppstjórum gjörða virðingar og registrations forrettning.

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Í fríðu | | |
| Kýr svartskjöldótt snemmbær 10 vetra | 1 | |
| Önnur svarthelsótt snemmbær 7 vetra | 1 | |
| Þriðja rauð kálflaus 16 vetra | | 80 |
| Kvíga tvævetur kelfd | | 110 |
| Kvíga veturgömul | | 45 |
| Bleikálóttur klárhestur 16 vetra | | 40 |
| Jarpskjóttur færleikur 5 vetra | | 50 |
| Brúnn dito 4 vetra | | 40 |
| Jörp dito 2 vetra | | 30 |
| Tveir sauðir 4 vetra | | 50 |
| Einn dito 3 vetra | | 20 |
| Tveir dito 2 vetra | | 30 |
| 16 dito veturgamlir | 1 | 40 |
| Í rúmfötum | | |
| Tvær einskefturekkjuvoðir nýjar | | 20 |
| Sæng af segllérefti með fiðri | | 40 |
| Sparlak | | 30 |
| Léreftskoddi lítill | | 5 |
| Tvö gömul brekán | | 10 |
| Ný einskefturekkjuvoð og vaðmáls gömul | | 15 |
| Segldúkskoddi gamall | | 5 |
| Brekán nokkuð brúkað | | 15 |
| Einskefturekkjuvoðir með segldúkskodda gamlar | | 10 |
| Vaðmálssæng gömul og slitin | | 4 |
| Þrjár rekkjuvoðir allar gamlar | | 4 |
| Poki af boldangi gamall | | 7 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| **Ígangsföt** | | |
| Ný mussa og buxur | | 40 |
| Peysa með 21 silfurhnapp | | 80 |
| Síðhempa | | 25 |
| Þrjú pör karlmannssokka | | 4 |
| Vaðmálshempa | | 60 |
| Rautt pils | | 70 |
| Svunta með koparhnöppum | | 12 |
| Treyja gömul | | 5 |
| 4½ alin vaðmáls | | 30 |
| 22 messinghnappar | | 5 |
| Silfurbeltispör með gylltri ól | | 30 |
| Koparbeltisbúningur og svuntuhnappar | | 10 |
| **Bækur** | | |
| Postilla | | 50 |
| Grallari | | 5 |
| Sálmabók | | 15 |
| Passíuhugvekjur | | 15 |
| Hugvekju- og Hallgrímssálmar | | 5 |
| Harmonia | | 8 |
| Gerhardi hugvekjur | | 5 |
| Manuale | | 4 |
| Passíupredikanir | | 3 |
| Krossskólasálmar | | 1 |
| Þankarnir | | 1 |
| Havermanns bænir | | 2 |
| Yfirsetukvennaskóli | | 2 |
| Íslenskur taxti | | 1 |
| Grettis saga | | 3 |
| **Í kistum** | | |
| Kista með skrá og lykli | | 25 |
| Önnur dito botnlaus | | 6 |
| Þriðja dito ólæst | | 5 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Fjórða hjaralaus | | 5 |
| Fimmta nærri ónýt | | 3 |
| Búsgagn | | |
| 2 tunnu kerhald | | 20 |
| Annað 3 tunnu | | 20 |
| Þriðja 1 tunnu | | 10 |
| Átta smákerhöld | | 10 |
| Þrjú mjólkurtrog | | 8 |
| Þrjú dito lakari | | 6 |
| Fimm fötur | | 5 |
| Strokkur gamall | | 5 |
| Átta askar | | 4 |
| Einn 3 fjórðunga pottur gamall | | 30 |
| Annar 1½ dito | | 12 |
| 10 marka dito | | 5 |
| 4 fjórðunga með gati | | 10 |
| Smiðja | | |
| Steðji | | 40 |
| Hamar, töng og lóð | | 20 |
| Belgur | | 10 |
| Handöxi | | 5 |
| Þversög | | 2 |
| Tveir nafrar | | 2 |
| Klípitöng | | 1 |
| Langsög | | 5 |
| Í veiðarfærum | | |
| Hártrossa 25 faðmar | | 15 |
| Önnur dito 60 faðmar | | 15 |
| Hártrossupartur 20 faðmar | | 5 |
| Gömul snæristrossa | | 5 |
| Línustokkur nýlegur | | 25 |
| Annar dito | | 25 |
| Duflstrengur 40 faðmar og annar 50 faðmar | | 5 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Fjórir handfærisönglar og hákallssókn | | 2 |
| 8 hndr. snörur | | 8 |
| 4 merkur taglhárs | | 2 |
| 6 dito faxhárs | | 3 |
| Selanót 13 faðmar | | 10 |
| Hákallaöngull með 2 faðma ól | | 2 |
| Tvö pör vírkamba | | 15 |
| Ullar dito | | 1 |
| Þrjár ljáspíkur | | 2 |
| Torfljár | | 2 |
| Fjögur brýni | | 1 |
| Tinkanna og tveir tindiskar | | 20 |
| 8 pund blý | | 15 |
| Nýlegur rokkur | | 25 |
| Tvær rekur og páll | | 3 |
| Þrjú orf, tvær klárur, klára og skaft | | 3 |
| Alfær vefstaður með þremur skeiðum | | 10 |
| Járnreisla tekur 6 fjórðunga | | 10 |
| Önnur dito | | 1 |
| 18 merkur kýrskinns | | 20 |
| 24 pallfjalir með fjórum pallstokkum og tveimur bríkum, fimm fjölum | | 25 |
| 16 smáfjalir | | 4 |
| Fjárhús með garðaumbúningi og hlaðið | | 30 |
| Tíu flekar | | 7 |
| Sex flekabönd | | 3 |
| Brunnhúskofi | | 5 |
| Ný skemma | | 60 |
| Búð við sjóinn gömul | | 5 |
| Tvær tunnur í búðinni | | 5 |
| Spýtur við bæinn | | 5 |
| Tveir hjallásar | | 15 |
| 27 hjallrár | | 15 |
| Ás 10 álna langur | | 3 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Tveir mjóir dito | | 6 |
| 20 lagvaðshnyðjur | | 6 |
| Tveir kútar | | 5 |
| Tvær spírur | | 2 |
| Tvær dito | | 4 |
| Skrá fyrir búri | | 5 |
| 14 fiska tré | | 7 |
| Tólf borð á 6 fiska | | 36 |
| Tvö tré á 6 fiska | | 6 |
| Fjórar pottflöskur | | 8 |
| Þrjú smáglös og tvö pör tebolla | | 4 |
| Kvensöðull með reiða | | 50 |
| Hnakkur, beisli, reiði, sessa og gjörð | | 40 |
| Silfurstaup | | 20 |
| 20 faðma nót ný | | 50 |
| Indígó 3 lóð | | 10 |
| Hrosshá | | 10 |
| Eftirskrifað á sterfbúið útistandandi | | |
| Hjá Bjarna á Bakka 8 rdr. croner | | 2 |
| Hjá Oddi á Ljótstöðum | | 30 |
| Summa summarum | 23 | 36 |

Af sterfbúinu eiga að svarast eftirskrifaðar skuldir:

| | | |
|---|---|---|
| Til Jóns á Höfða | | 70 |
| Til Jóns á Skálá | | 10 |
| Vinnumannskaup | | 60 |
| Til annars virðingarmanna | | 10 |
| Til kaupmannsins í Hofsós | 6 | 89½ |

Sundurliðun fylgir á því hvað af munum búsins fór í að greiða skuldirnar og fékk til að mynda vinnumaðurinn jarpskjóttan færleik og indígó til litunar, en virðingarmaðurinn strokkinn og spýtur við bæinn. Eftir skuldir námu eignir búsins 18 hndr. 28 ál. og fengu

bræðurnir 4 hndr. 67 ál. hver og systurlóð var 2 hndr. 33 ál. Lóðseðlar fylgja og öll fengu systkinin skepnur, bækur, verkfæri og föt. Undir gjörninginn skrifuðu Vigfús sýslumaður, Guðmundur Jónsson, Sigurður Þorleifsson og Þorvaldur Þorkelsson, sama dag og stað.

### *Þorgeir Björnsson*

Ekki er annað vitað um Þorgeir en það sem birtist í uppskrift á dánarbúi hans, sem fór fram á ótilgreindum stað í Skagafirði 11. febrúar 1778. Hestur hans er ekki metinn til verðs og í skuldaskrá er blandað saman álnatali og ríkisdölum, sem hér er samræmt. Brennivín til útfararinnar kostaði 1½ krónudal, sem miðað við reiðufjáreign Þorgeirs jafngilti 30 álnum. Meðalakostnaður var 2½ mark eða 38 skildingar, sem miðað við summu reiknast sem 14 álnir. Erfingja er að engu getið.[6]

Anno 1778 þann 11. febrúar voru þessar álnir uppskrifaðar þegar Þorgeir heitinn Björnsson burtudeyði og fyrirfundust sem eftirfylgir.

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Fatnaður | | |
| Sortuð mussa með 22 látúnshnöppum tinfullum | | 15 |
| Buxur einslitar með tveimur götum | | 3 |
| Önnur mussa með 14 koparhnöppum | | 13 |
| Buxur henni fylgjandi allar í sundur og bættar | | 2 |
| Blá peysa ný óbrúkuð | | 30 |
| Nærbuxur nýjar ljósbláar | | 10 |
| Brjóstadúkur af skýjalérefti gamall og bættur | | 5 |
| Blár vaðmálsbrjóstadúkur | | 15 |
| Sauðsvört mussa með 20 látúnshnöppum bætt og slitin | | 10 |
| Blá peysa með 18 hnöppum sundur undir höndunum | | 15 |
| Þráðardúkur óskorinn 4 álnir 3 kvartil að lengd | | 15 |
| 5 álnir og 3 kvartil af sauðsvartri einskeftu mjög grófri | | 20 |
| Blá húfa ný | | 5 |
| Þrennir sokkar, hvítir, svartir og gráir | | 8 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Stykkjabönd gömul | | 2 |
| Blátt kjálkaskjól | | 3 |
| Frunsuhálsband | | 3 |
| Þrjú pör handvettlinga tvíþumlaðir | | 4 |
| Buxnahnappar tinfullir | | 2 |
| Nýtt brekán gróft | | 20 |
| Tvær vættarkistur | | 40 |
| Blákembd peysa brúkuð og í sundur | | 3 |
| Bláar nærbuxur brúkaðar | | 6 |
| Brjóstadúkur, ullskyrta, nærbuxur, hempa, buxur og sokkar | | 5 |
| Lítill stokkur skorinn | | 1 |
| 8 cronur í courantmynt | 1 | 40 |
| Summa | 3 | 55 |

Lifandi peningur

Grár færleikur 6 vetra lifandi og holdlaus.

Skuldir á álnum þessum

| | | |
|---|---|---|
| Fyrir tilbúna líkkistu | | 30 |
| Fyrir nýja léreftsskyrtu og tvo klúta um líkamann | | 30 |
| Fyrir brennivín | | 30 |
| Fyrir mat til líkmanna | | 10 |
| Legkaup og líksöngseyrir | | 18 |
| Til vurderingsmanna | | 8 |
| Fyrir meðöl til læknisins | | 14 |
| Summa | 1 | 20 |
| Verða þá eftir til arfs | 2 | 35 |

# TILVÍSANIR

1 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Skag. ED2/2. Dánarbú 1744–1786, bl. 20r–22r. Um Geitagerði, þar sem Grímólfur og Þuríður eru nefnd sem ábúendur til ársins 1784, sjá *Byggðasögu Skagafjarðar* II, bls. 147.

2 ÞÍ. Rentukammer D1/11. Manntal 1762. Norðuramt, bl. 111v–112r; Sýsluskjalasafn. Skag. ED2/2. Dánarbú 1744–1786, bl. 33r–37v.

3 ÞÍ. Kirknasafn. Miklibær í Blönduhlíð BA 1. Prestsþjónustubók 1747–1784: denati 1773; Sýsluskjalasafn. Skag. ED2/2. Dánarbú 1744–1786, bl. 42r–45r.

4 ÞÍ. Rentukammer D1/11. Manntal 1762. Norðuramt, bl. 117v–118r; Kirknasafn. Fell í Sléttuhlíð BC 1. Sóknarmannatal 1785: Skálá, Tjarnir.

5 *Annálar* IV, bls. 551, sbr. V, bls. 155; VI, bls. 184; ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Skag. ED1/1, 2. Skiptabók 1773–1786, bl. 10r–14v.

6 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Skag. ED2/2. Dánarbú 1744–1786, bl. 50v–51v.



Die et Loco ut Supra
Jon Arnason
magnus Jonsson
Einar Einarsson

*Sennilega skrifaði Ingveldur Árnadóttir á Lambafelli sjálf undir skiptin. Að minnsta kosti gerði enginn karlanna það sem skrifuðu undir líka (sjá bls. 131). ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Rang. ED1/1, 2. Skiptabók 1777–1787, bl. 96v.*

# Rangárvallasýsla

*1782–1787*

## *Valgerður Ísleifsdóttir*

Valgerður fæddist árið 1717. Foreldrar hennar voru Ísleifur Magnússon (f. 1688) og Ingibjörg Einarsdóttir (f. 1694) í Seljalandi undir Eyjafjöllum. Eiginmaður hennar var Magnús Filippusson (f. 1716) og börn þeirra Katrín (f. 1745), Tómas (1747–1800), Ísleikur (1751–1816), Snjófríður (1752–1824) og Ingibjörg (1753–1825). Árið 1762 bjó Valgerður ekkja á Stórumörk undir Eyjafjöllum með öllum börnum sínum, á aldrinum 8–20 ára, með einn vinnumann á heimilinu auk húsmanns. Dánarbú hennar var skráð á sama stað 19. desember 1782 og skipti fóru fram 6. júní árið eftir. Athygli vekur að kýrnar eru nafngreindar og sumir hestarnir. Spurningamerki eru þar sem verðmat sést ekki vegna skemmda.[1]

Anno 1782 þann 19. desember mætti sýslumaðurinn Jón Jónsson á Stórumörk til að registrera sterbbú sálugrar Valgerðar Ísleifsdóttur sem bjó á Stórumörk, hvör registration framfór eftir begæring nokkra af hennar myndugu börnum sem öll eru komin til lögaldurs. Útnefndir voru verðlagsmenn til þessarar registration velforstandugur Jón Guðmundsson og Jón Jónsson á Stórumörk, framtaldi so Tómas Magnússon fyrirvinna og elsti sonur Valgerðar sálugu eftirskrifaða fémuni, nefnilega:

| | **h.** | **ál.** |
|---|---|---|
| Í kúm | | |
| Rjúpa 12 vetra | 1 | |
| Brandkinna 12 vetra | 1 | |
| Svartbranda 10 vetra | 1 | |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Surtla 11 vetra | | 110 |
| Reyður kvíga 2 vetra þríspen á að bera á góu | | 100 |
| Bílda 2 vetra síðbær | | 100 |
| Rauðkápa 6 vetra | 1 | |
| Naut bröndótt 1 vetra | | 40 |
| Kvíga 1 vetra | | 40 |
| Einn kálfur þorraborinn | | 30 |
| Einn dito skjöldóttur borinn á einmánuði | | 20 |
| Í hestum | | |
| Mosi 18 vetra | | 40 |
| Stóri Rauður 12 vetra | | 50 |
| Glófaxi 10 vetra | | 50 |
| Brúnn hálfgraður 6 vetra | | 60 |
| Skjóttur graður 3 vetra ótaminn | | 30 |
| Jarpskjóttur húðarhestur | | 20 |
| Mósóttur færleikur 12 vetra | | 30 |
| Í sauðfé | | |
| 20 ær stykkið á 20 álnir | 3 | 40 |
| Tveir sauðir gamlir stykkið á 25 álnir | | 50 |
| Þrír dito 3 vetra stykkið á 20 álnir | | 60 |
| Einn sauður 2 vetra | | 18 |
| Fimm sauðir 1 vetra | | 50 |
| Fimm gimbrar 1 vetra stykkið 10 álnir | | 50 |
| Fimm askar | | 5 |
| Tvær skálar | | 1 |
| Einn pottur tekur 4 fjórðunga | | 40 |
| Annar dito tekur 2 fjórðunga | | 10 |
| Þriðji dito tekur 8 merkur | | 5 |
| Átta trog stykkið á 1 alin | | 8 |
| Strokkur | | 5 |
| Fjórar skjólur | | 12 |
| Tvær ausur og skyrgrind | | 1 |
| Fimm keröld | | 12 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Eitt ker tekur 2 tunnur lekt | | 2 |
| Annað dito tekur 2 tunnur | | 4 |
| Þriðja dito tekur 1½ tunnu | | 2 |
| Kerbrot | | 1 |
| Ein kista járnalaus | | 10 |
| Tvær hillur í búri | | 3 |
| Vefstaður | | 18 |
| Tveir mykjukláfar | | 5 |
| Þrír klyfberar | | 10 |
| Fjórir heymeisar | | 8 |
| Tveggja hesta ólarreipi | | 20 |
| Átta hesta hárreipi | | 40 |
| Steðji | | 35 |
| Smiðjubelgur | | 10 |
| Slaghamar | | 10 |
| Dengsluhamar | | 3 |
| Tveir hærusekkir | | 12 |
| Fjórir ljáir | | 8 |
| Rekur, kvíslar, orf, hrífur, páll | | 15 |
| Baðstofuhús | | 15 |
| Ein kista með skrá | | 22 |
| Tvö rúm | | 5 |
| Fjögur brekán | | 60 |
| Tvennar rekkjuvoðir | | 40 |
| Vídalínspostilla | | 50 |
| Einskeftuupphlutsfat nýlegt | | 60 |
| Annað gamalt | | 30 |
| Eitt klæðisfat gamalt | | 35 |
| Eitt kattúnstraf | | 15 |
| Eitt léreftstraf | | 10 |
| Sacramentisklútur | | ? |
| Silkiklútur dökkur | | ? |
| Kvenhöttur | | 4 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Tvær klútrýjur og kragi | | 6 |
| Ein gömul hempa | | 15 |
| Treyja með kraga | | 5 |
| Ein græn svunta ílögð með rokkverki | | 5 |
| Einskeftusvunta | | 2 |
| Einskeftufat svart | | 5 |
| Bláröndóttur klútur | | 15 |
| Eitt traf með tengslum | | 10 |
| Skemmuhús | | 6 |
| Í fastagóssi tilheyrir sterbbúinu 8 hndr. 40 ál. í Svaðbæli, virt til peninga | 6 | 5 |
| Sýslumaðurinn eftirspurði Tómas Magnússon hvort nú væri ei meiri eður fleiri fémunir þessu sterbbúi tilheyrandi, hvörju hann þverneitaði. | | |
| Summa sterbbúsins er | 28 | 30 |

Sterbbúsins fémunir so vel fríðir sem dauðir blífa undir Tómasar Magnússonar forvaring og í hans umsjón til hirðingar og varðveislu til þess á næstkomandi vori, þá lögleg skuldaútsvörun og arfaskipti skulu fram fara á þessu sterbbúi, hvað erfingjarnir nú uppástanda og begiæra að þau uppsetjist til tiltekins tíma. Actum ut supra.

Jón Jónsson — Sem verðlagsmenn undirskrifa
Tómas Magnússon — Jón Guðmundsson
Katrín Magnúsdóttir — Jón Jónsson
Ingibjörg Magnúsdóttir
Vegna Snjófríðar Magnúsdóttur undirskrifar Illugi Hannesson
Vegna Ísleiks Magnússonar skrifar Einar Brynjúlfsson

Anno 1783 þann 6. júní mætti adjungeraður sýslumann Jón Jónsson á Stórumörk til að gjöra lögleg arfaskipti á sterbbúi sálugu Valgerðar Ísleiksdóttur. Voru nú nálægir við þessi skipti börn sálugu Valgerðar samt þeirra svaramenn og þrír verðlagsmenn sem á næstliðnum vetri virtu þetta sterbú, útnefndir nú sem skiptavottar.

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Skuldir sem á þessu sterbúi eru, eru þessar: | | |
| 3 rd. croner til Vestmannaeyja | | 90 |
| Af föðurarfi Snjófríðar eru innistandandi í þessu sterbúi | | 77 |
| Til Erlendar Einarssonar í Búðarhólshjáleigu | | 10 |
| Til Guðlaugar Erlendsdóttur | | 20 |
| Dito til sömu tvennar ársskyldur | | 40 |
| Tíundir til prests, kirkju og skóla | | 5 |
| Dito heytollur | | 5 |
| Þingskyldur og tugthússtollur | | 35 |
| Landskuld í vor | | 30 |
| Til Snjófríðar Magnúsdóttur fyrir tvo sauði | | 45 |
| Tvær ær sem vanta í jarðarkúgildið | | 40 |
| Af föðurarfi Katrínar sem innistendur í þessu sterbbúi | | 25 |
| Til sýslumanns í skiptisalarium | | 20 |
| Til virðingarmannanna | | 10 |
| Summa skulda | 3 | 92 |
| | | |
| Af þeim fríða pening sem í vetur var registrerað hafa dýrbitist tvær ær og einn sauður tvævetra | | 55 |
| Enn nú eru framtalin tólf ~~lömb~~ gemlingar er sterbúinu tilheyra | 1 | |
| Hey sem í garðinum fyrirfinnst virðist 1 hndr. en Tómas hefur komið fyrir tveimur kúm og fimm lömbum. Fóðrið | 1 | |
| Hvar á mót heyið balancerar. | | |
| Verður so beholden boe | 25 | |

Skrá fylgir yfir það sem hver og einn fékk í skuldir og fyrir vinnu, auk lóðseðla. Tómas og Ísleikur fengu 6 hndr. 58 ál. í bróðurlóð, en Katrín, Ingibjörg og Snjófríður 3 hndr. 29 ál. í systurlóð. Ingibjörg fékk í innistandandi föðurarf 1 hndr. 33 ál. en Tómas kúna Rjúpu og í Svaðbælispartinum, alls 1 hndr. 64 ál. Hann vildi meira: „Fyrir haft ómak og administration fyrir þessu sterbbúi prætenderar Tómas Magnússon ekki minna en 1 hndr. sérdeilis þar hann hafi aldrei kaup fengið um öll þau ár er hann hefur forstöðu veitt búinu, og

álítur skiptiforvaltarinn þessa hans prætention billega, hvar fyrir honum útleggst 1 hndr. í Svaðbælispartinum". Skrifað var undir gjörninginn degi síðar: Jón sýslumaður, Ísleikur, Tómas og Katrín, en Jón Hannesson vegna Snjófríðar og Ingibjargar. Skiptavottar voru Eiríkur Erlendsson og Jón Guðmundsson.

### *Jón Þorleifsson*

Jón fæddist árið 1732 og eru foreldrar hans óþekktir. Eiginkona hans var Ingveldur Árnadóttir (f. 1732) og voru börn þeirra Magnús (1765–1835) og Vigdís (f. 1766). Haustið 1762 var Jón vinnumaður séra Hálfdanar Gíslasonar á Eyvindarhólum undir Eyjafjöllum og Ingveldur hjá móður sinni, sem bjó ekkja í Hlíð. Þau hófu búskap að Lambafelli árið 1779 og árið 1782 var Ingveldur skráð þar í sóknarmanntali sem ekkja. Ekki kemur fram hvenær ársins það var og ekki er vitað hvenær Jón lést, en dánarbú hans var skrifað upp 4. júní 1783. Var gengið frá skiptum samdægurs, enda sýslumaður á staðnum. Verðmat sést ekki alltaf vegna skemmda og er þá haft spurningamerki.[2]

Anno 1783 þann 4. júní mætti ég Jón Jónsson kong majestæts sýslumaður í Rangárþingi á Lambafelli til að registrere og lögleg skipti að gjöra á eftirlátnu sterbbúi sáluga Jóns Þorleifssonar á Lambafelli. Mætir nú ekkjan Ingveldur Árnadóttir og hennar bróðir Jón Árnason á Hlíð hennar og barnanna vegna sem eru tvö, Magnús Jónsson 18 vetra og stúlkan 16 vetra Vigdís Jónsdóttir. Var so sterbúið registrerað af undirskrifuðum verðlagsmönnum og skiptavottum sem fylgir:

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Í kúm og kvikfénaði | | |
| Ein svarthúfótt kýr snemmbær 12 vetra | 1 | |
| Ein dito rauð kýr snemmbær 9 vetra | 1 | |
| Ein dito grá, á að bera í fyrstu viku góí 7 vetra | 1 | |
| Ein dito svarthálsótt í miðja góí 13 vetra | | 100 |
| Ein kvíga svarthúfótt að fyrsta kálfi | | 70 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Einn veturgamall tappur | | 40 |
| Einn kálfur jólborinn | | 20 |
| Í sauðfé | | |
| 24 ær og ein lambsgota | 4 | |
| Ein lambsgota og ein meinaær | | 15 |
| Fjórir sauðir tvævetrir stykkið á 15 álnir | | 60 |
| 21 veturgamlir | 1 | 90 |
| Í hestum | | |
| Einn rauður hestur 9 vetra góðgengur | | 80 |
| Einn jarpur hestur (púlshestur) 8 vetra | | 60 |
| Einn blesóttur 16 vetra | | 40 |
| Einn dito jarpur 18 vetra | | 40 |
| Hrossfærleikur 5 vetra gamall | | 40 |
| Einn dito hrossfærleikur 10 vetra rauðskjóttur | | 40 |
| Brúnn færleikur 12 vetra | | 30 |
| Tvö trippi veturgömul | | 40 |
| Í búsgagni | | |
| Einn pottur tekur laka 3 fjórðunga | | 40 |
| Annar dito tekur 25 merkur | | 30 |
| Þriðji lítill gallaður og brotinn | | 5 |
| Eitt ker tekur 17 fjórðunga | | 50 |
| Annað mikið lakara líttnýtt | | 10 |
| Einbytnuð tunna | | 10 |
| Einn strokkur gallaður | | 6 |
| Eitt kerald tekur 3 fjórðunga | | 6 |
| Tvö keröld líttnýt | | 4 |
| Hálfvættarkerald | | 10 |
| Skjólukerald | | ? |
| Lýsiskerald líttnýtt | | ? |
| Átta mjólkurtrog | | 40 |
| Sjö mjólkurtrog | | 16 |
| Tólf mataraskar | | 12 |
| Þrjár skjólur | | 10 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Tvær dito litlar | | 5 |
| Tvö hálfvættarkeröld gölluð | | 15 |
| Ostamót | | 1 |
| Gömul skrína | | 5 |
| Önnur skrína loklaus | | 4 |
| Gamall legill og drykkjartunna | | 2 |
| Þrír mykjulaupar | | 20 |
| Sex heyhrip lítt nýt | | 3 |
| Fjórar smjöreskjur | | 4 |
| Lítil drykkjarkanna | | 1 |
| Ein matarskál | | 1 |
| Sex klyfberar | | 20 |
| Fimm kvíslar | | 3 |
| Tvær rekur | | 1 |
| Fjögur sandvirki gömul | | 10 |
| Þrjú orf | | 3 |
| Sex hrífur | | 6 |
| Gagnlegur vefstaður | | 20 |
| Á 20 hesta reipi | | 60 |
| Tveir sekkir gamlir | | 10 |
| Nýr hármalpoki | | 6 |
| Tveir þófar gamlir | | 5 |
| Ístöð og þófól | | 15 |
| Önnur lakari | | 6 |
| Gömul kista | | 5 |
| Ólæstur kistill | | 5 |
| Annar dito | | 3 |
| Þriðji dito | | 5 |
| Tvö rúm í baðstofunni | | 20 |
| Lýsislampi | | 5 |
| Fjögur pör vettlingaprjóna | | 5 |
| Ullarkambar | | 4 |
| Skegghnífur með brýni | | 4 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Eitt haldfæri | | 10 |
| Annað gamalt | | 6 |
| Tvenn skinnklæði | | 15 |
| Tvennir sjóháleistar og fernir sjóvettlingar og tvennir sjóskór | | 5 |
| Eitt hesthús | | 10 |
| Eitt lambhús | | 8 |
| Annað lambhús | | 5 |
| Í fjalvið og trjám | | 30 |
| Járnreisla | | 10 |
| Smiðjuhús lítið | | 10 |
| Vænt baðstofuhús | | 50 |
| Tveir sniðlar | | 2 |
| Tvær handaxir | | 2 |
| Lítilfjörlegur slaghamar | | 2 |
| Ljádengsluhamar | | 2 |
| Ein töng | | 2 |
| Tveir klaufhamrar | | 1 |
| Skaröxi | | 5 |
| Stingsög | | 1 |
| Fimm ljáir | | 14 |
| Tvö skammorf | | 1 |
| Í hestajárnum | | 12 |
| 2 merkur járns | | 1 |
| Ein sessa | | 8 |
| Tvö lendver | | 5 |
| Í nautsskinni 15 merkur | | 20 |
| 12 merkur af hrossskinni | | 9 |
| Unnið hrosshár 17 merkur | | 8 |
| Múlabeisli með kjálkum | | 20 |
| Annað lakara með járnkjálkum | | 8 |
| Snærisbeisli og hárbeisli | | 3 |
| Gömul kista læst | | 15 |
| Lítil kista | | 12 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Í fötum | | |
| Sortuð mussa með gylltum hnöppum | | 30 |
| Önnur mussa | | 10 |
| Sortaðar buxur | | 10 |
| Aðrar dito | | 5 |
| Blá peysa með hnöppum | | 25 |
| Blátt peysuhrör | | 3 |
| Mórauð peysa | | 20 |
| Blár brjóstadúkur | | 2 |
| Lítill dugguhattur | | 3 |
| Hálfur hlutur í skipi | | 50 |
| Skrifaður sumarpartur af Jónsbók (Vídalíns) | | 15 |
| Tvennir Grallarar | | 8 |
| Þorgeirssálmar | | 3 |
| Gamlar Þórðarbænir | | 3 |
| Skrifað kver | | 1 |
| Hallgrímssálmar | | 2 |
| Summa summarum | 23 | 28 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Skuldir á þessu sterbúi eru þessar: | | |
| Til Vestmannaeyja og Eyrarbakka 5 rd. 69 sk., hvar uppí útleggjast fjórir sauðir tvævetrir á 80 ál., dito sex sauðir veturgamlir á 90 ál. | 1 | 50 |
| Til prests og kirkju | | 10 |
| Dito til hans í restans nokkuð af líksöngseyri | | 10 |
| Til monsieur Theodorus í Vestmannaeyjum | | 20 |
| Vorgjald eftir jörðina | | 30 |
| Til Bjarna Bjarnasonar | | 20 |
| Til Bjarna Bjarnasonar | | 5 |
| Til virðingarmannanna | | 5 |
| Til sýslumannsins skatt | | 25 |
| Í skipti og registrations salarium | | 20 |
| Summa skuldanna | 2 | 75 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Hér hjá er að aðgætandi að svarthálsótt kýr sem registreruð var, á að dragast frá höfuðsummunni virt 100 ál., þar hún á að setjast í jarðarkúgildi, verður so summa sterbúsins | 22 | 48 |
| Þar af skuldir frádregnar eftirlætur beholden boe | 19 | 93 |

Svaramaður ekkjunnar Jón Árnason begærer í hennar begravelseskostnað 93 ál. sem skiptiforvaltarinn tilstendur. Ekkjan eftirgefur bróðurlóð sínum börnum. Magnús Jónsson 18 vetra með ráði síns formyndara Eiríks Árnasonar á Lambafelli eftirgefur systur sinni að erfa til jafnaðar við sig, hvað nálægir náungar samþykkja. Fær so ekkjan í sinn helming 9 hndr. 60 ál., en bróðurlóð Magnúsar Jónssonar verður 4 hndr. 90 ál., en systurlóð Vigdísar 4 hndr. 90 ál. Barnanna arf tekur móðir þeirra Ingveldur Árnadóttir í sína umsjón og varðveislu. Ofanskrifuðu öllu til staðfestu eru undirskrifaðra nöfn anno, die et loco ut supra.

| | |
|---|---|
| Jón Jónsson | Sem skiptavottar og verðlagsmenn |
| Ingvöldur Árnadóttir | undirskrifa |
| Jón Árnason | Sverrir Jónsson |
| Magnús Jónsson | Einar Einarsson |
| Eiríkur Árnason | |

### *Ingunn Snorradóttir*

Ingunn fæddist árið 1739 og voru foreldrar hennar Snorri Böðvarsson (1690–1770) lögréttumaður og Vilborg Arngrímsdóttir (1698–1759) á Ægissíðu í Holtum. Eiginmaður Ingunnar var Árni Jónsson (1709–1758) bóndi í Hólmum í Austur-Landeyjum. Þau voru barnlaus, en hann átti dóttur frá fyrra hjónabandi, Ingveldi (1738–1806). Ingunn lést úr brjóstveiki í Litlu-Hildisey 29. júní 1785 og var grafin 5. júlí. Ekki er ljóst hvenær dánarbú hennar var skráð og nákvæm dagsetning skipta árið eftir var ekki færð til bókar.[3]

Anno 1786 að Litlu-Hildisey í Austur-Landeyjum var af Árna Þorleifssyni eftir skriflegri skikkun sýslumannsins seigneur Jóns Jónssonar skipt sterbúi eftir ekta-

hjónin Árna sáluga Jónsson og Ingunni sálugu Snorradóttur til skuldaheimtumanna og milli þeirra sálugu hjóna lögerfingja eftir virðingu og uppskrift Þórðar Gíslasonar og Hreins Guðmundssonar.

| | **álnir** |
|---|---|
| Ein kýr snemmbær gömul | 100 |
| Einn hestur gamall | 80 |
| Einn hrossfærleikur 4 vetra | 90 |
| Eitt kapaltrippi veturgamalt | 30 |
| Tveir sauðir veturgamlir | 20 |
| Ein kista skipdönsk | 40 |
| Skemmuhús með lofti uppi | 90 |
| Smiðjuhús með steðja | 63 |
| Malikvörn | 5 |
| Hnakkur með beisli og tvennum koparhringjum | 90 |
| Söðulbeisli | 20 |
| Sortað vaðmál 7 álnir | 30 |
| Hárreipi á fimm hesta | 10 |
| Rúm með beðrekkjuvoðum og brekáni | 66 |
| 2 fjórðungar hrossskinn | 40 |
| Tinkanna | 12 |
| Flugelisborði dökkur | 10 |
| Hverfisteinn | 2 |
| Nautsseymi | 4 |
| Einskefta | 20 |
| Lögbók og Vísnabók og Krossskólasálmar | 39 |
| Blátt klæðisfat | 50 |
| Sniðill og handexi og 1 pund broteir | 5 |
| Hálftunna með hnoðum | 5 |
| Tvö rúm, annað með fótum | 17 |
| Tvær skipsundirgjarðir og tvö hrip | 8 |
| Sex trog og fjórir klyfberar | 35 |
| Tveggja potta tunna, girðishringur, dragspöng, tvö brýni, fjórar hrífur | 12 |
| Í trjám og ljáspíkum | 9 |
| Karlmannshöttur og klútur | 11 |

| | álnir |
|---|---|
| Torfpáll, tvær hrífur | 7 |
| Malpoki og tveir sekkir | 5 |
| Mussa með hnöppum | 25 |
| Kvenhöttur og græn klæðissvynta | 31 |
| Tetöy með tilheyrandi | 28 |
| Borð með stólpa, hesthús og vatnsponta | 10 |
| 14 merkur hrossskinn, ístöð og hamól | 24 |
| Skyrta og nærbuxur | 11 |
| Parrukve og blár flussupphlutur | 25 |
| Klæðisfat rautt | 60 |
| Klútur bláröndóttur og þrennir kvensokkar | 13 |
| Klæðisermar og tvennir vettlingar, léreftsrýja og styttuband, sessa forn | 13 |
| Sjö nautshyrningsspænir, ein tinskeið | 8 |
| Einskeftuskyrta, skjóða með rusli | 8 |
| Þrjár skjólur, þrjú glös | 14 |
| Kista stór með skrá og lömum | 20 |
| Hrossskinn 6 merkur | 6 |
| Lýspundari gamall | 20 |
| Tinfat og tinkúpa | 18 |
| Smiðjubelgur og skarexi | 13 |
| Mórauð stutthempa | 10 |
| Pottur tekur hálfvætt | 36 |
| Graduale, Iðrunarspegill, Pontopidans spurningakver | 17 |
| Strokkur, mykjukláfar og þrjú kerhöld | 19 |
| Þrjú glös, slag, tvennir vettlingar, tvennir karlmannssokkar | 13 |
| Ker lítið | 5 |
| Fimm pör öskjur | 6 |
| Klyfberi | 3 |
| Altunnustampur | 3 |
| Skyrtuhnappar | 3 |
| Svynta úr flanneli | 20 |
| Sessa | 10 |
| Hærusekkur | 10 |

| | álnir |
|---|---|
| Annar hærusekkur | 10 |
| 1 fjórðungur hrossskinn | 20 |
| Traf | 10 |
| Tinfat og talerkur | 18 |
| Klæðistreyja | 30 |
| Mállindi með koparpörum | 8 |
| Á fimm hesta hárreipi | 10 |
| Kista með skrá og lömum | 15 |
| Hugvekjur og Föstupredikanir | 5 |
| Fjórir hamrar | 12 |
| Tveir pottar | 13 |
| Kista | 5 |
| Vídalínspostilla | 40 |
| Stórviðasög | 15 |
| Kvenhempa | 18 |
| Klæðissvynta rauð | 4 |
| Snærisbeisli og beislis höfuðleður | 8 |
| Tvö trog | 8 |
| Tveir lásar | 10 |
| Þófaver og þófabrekán | 5 |
| Tvö kerhöld | 11 |
| Þrjár kvíslar | 6 |
| Hattur gamall | 2 |
| Brjóstadúkur útprjónaður | 10 |
| Buxur sortaðar | 13 |
| Peysa blá gömul | 5 |
| Stór kistill | 5 |
| Tvö færi væn | 20 |
| Peysa blá með hnöppum | 16 |
| Tvennar gjarðakoparhringjur | 10 |
| Ljósapípa | 3 |
| Órekið járn | 4 |
| Ruslastokkur með járn og koparrusl | 5 |

| | | **álnir** |
|---|---|---|
| Leirskál | | 2 |
| Klæðisfat grænt | | 40 |
| | Summa | 1678 |

Virðingarmenn
Þórður Gíslason
Hreinn Guðmundsson
Jón Árnason

Ekki ganga tölur hér alveg upp, því uppgefin summa er 1678 ál. eða 13 hndr. 118 ál., en réttara væri 1943 ál. eða 16 hndr. 23 ál. Hvorug talan passar við skiptin, því skuldir töldust vera 3 hndr. 18 ál. og til skipta komu 12 hndr. 100 ál., þannig að eignir hafa numið 15 hndr. 118 ál. Samkvæmt lóðseðlum sem fylgja fékk Ingveldur Árnadóttir 6 hndr. 10 ál., en systkini Ingunnar og börn þeirra afganginn. Gissur og börn Jóns heitins fengu 2 hndr. 30 ál. í bróðurlóð, en Sigrún og börn Málfríðar heitinnar systurlóð eða 1 hndr. 15 ál. Undir skrifa Guttormur Bergsteinsson maður Sigrúnar, Þórður Gíslason og Árni Guðmundsson. Skiptavitni voru Árni Þorleifsson og Sveinn Guðmundsson.

## *Anna Pálsdóttir*

Anna fæddist árið 1752. Foreldrar hennar voru Páll Grímsson (1725–1799) og Þorgerður Jónsdóttir (f. 1722) í Galtarholti á Rangárvöllum. Árið 1780 gekk Anna að eiga Magnús Gunnarsson (1750–1839) og eignuðust þau þrjár dætur, Þorgerði (1782–1810), Guðrúnu (1783–1803) og Halldóru (f. 1785). Þau bjuggu fyrst á Uxahrygg og síðan á Lambhaga í Oddasókn. Halldóra var skírð 31. júlí 1785 og 12. ágúst lést Anna „á barnssæng að aldri 33 ára“, eins og segir í prestsþjónustubók. Hún var grafin þremur dögum síðar. Dánarbúið var ekki skráð fyrr en tæpum tveimur árum eftir það.[4]

Anno 1787 þann 27. júní var uppskrifað sterbúið á Lambhaga eftir Önnu sálugu Pálsdóttur af sýslumanninum Jóni Jónssyni með undirskrifuðum skiptivottum og verðlagsmönnum. Vegna þeirra ómyndugu tveggja barna sálugu Önnu mætir þeirra móðurfaðir bóndinn Páll Grímsson á Öxarhrygg. Framtaldi so bóndinn Magnús Gunnarsson sterbbússins fríða pening sem soleiðis var virtur sem fylgir.

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Rauðkinnótt kýr snemmbær 10 á 11 vetra | 1 | |
| Ein dito rauðskjöldótt snemmbær 10 vetra | 1 | |
| Svartskjöldótt kýr sex vetra góubær | 1 | |
| Rauðskjöldótt sex vetra tímalaus | 1 | |
| Kvíga veturgömul rauðskjöldótt | | 60 |
| Kálfur rauðkinnóttur borinn á einmánuði | | 20 |
| Í sauðfé | | |
| Tólf ær með lömbum | 2 | |
| Tólf kindur veturgamlar | 1 | |
| Í hestum | | |
| Rauðblesóttur hestur velgengur 11 vetra | 1 | |
| Móskjóttur dito 10 vetra | 1 | |
| Rauður dito 10 vetra | 1 | |
| Rauður dito 9 vetra | 1 | |
| Í búsgagni | | |
| Eitt tunnuker no. 1 | | 40 |
| Eitt dito no. 2 | | 15 |
| Ein lagartunna | | 10 |
| Strokkur | | 15 |
| Fimm keröld | | 15 |
| Átta trog | | 15 |
| Rokkur | | 10 |
| 2 fjórðunga pottur | | 40 |
| 5 fjórðunga pottur dito | | 20 |
| Þrjár skjólur | | 8 |
| Níu askar og tvær skálar | | 8 |
| Einir kláfar | | 10 |
| Ellefu hesta hárreipi | | 15 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Þriggja hesta ólarreipi | | 15 |
| Sex klyfberar | | 10 |
| Páll og rekur og kvíslar | | 8 |
| Tveir ljáir og ein spík | | 10 |
| Í ósmíðuðu járni | | 5 |
| Þrjár axir | | 15 |
| Reisla | | 7 |
| Tveir hamrar, ein töng, ein löð og ein sög | | 20 |
| Steðji | | 20 |
| Tvær þjalir og þrír nafrar | | 3 |
| Hestajárn undir fjóra hesta | | 12 |
| Þrír ruslastokkar | | 3 |
| Smiðjubelgur | | 16 |
| Fimm heflar | | 2 |
| Tvö orf og sex hrífur | | 10 |
| Ístöð, þófól og gjarðir | | 20 |
| Koparbeisli tvö | | 12 |
| Þrír sekkir og malpoki | | 20 |
| Hárbeisli fjögur | | 4 |
| Þrír þófar | | 10 |
| Lagnet 7½ faðmur og færi | | 18 |
| Ein brók | | 10 |
| Einn skinnstakkur og hálf brók | | 10 |
| 1 fjórðungur af hrossskinni | | 20 |
| ½ fjórðungur af hrossskinni fúnu | | 6 |
| Skrína og legill | | 4 |
| Kista no. 1 | | 20 |
| Ein dito no. 2 | | 15 |
| Ein dito no. 3 gömul og götótt | | 8 |
| Einn kistill í bænum | | 3 |
| Blátt klæðisfat | | 40 |
| Flónelssvunta af svörtu og rauðu flóneli með liberiborða | | 15 |
| Höttur af einskeftu | | 8 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Kragi með óegta knipplingum | | 1 |
| Gerhardi hugvekjur | | 10 |
| Passíusálmar skrifaðir óbundnir | | 6 |
| Graduale | | 15 |
| Gíslapostilla (vetrarpartur) | | 10 |
| Hugvekjusálmar | | 2 |
| Tvær sessur | | 20 |
| Þrjár rekkvoðir og brekán | | 12 |
| Skemma með skrá og lykli | | 30 |
| Hús í baðstofu með einu rúmi og baðstofuhurð | | 30 |
| Í fjölum og borðvið | | 12 |
| Hlutur við sjó er 2 hndr. og 10 fiskar, hvar af meir en helmingur er ætlaður til skuldalúkningar. | | |
| Summa lausafjárins | 18 | 2 |

Skuldir á þessu sterbúi eru:

| | |
|---|---|
| Landskuld | 80 |
| til kaupstaðar á Eyrarbakka | 30 |
| til prests og kirkju | 10 |
| til sýslumanns í þingskyldu | 6 |
| og í skiptisalarium | 15 |

sem allt tekst af hlut Magnúsar við sjó. Begravelseskostnað fær Magnús af óskiptu búi 1 hndr. Verður so beholden boe 17 hndr., hvar af Magnús fær í sinn helming 8 hndr. 60 ál. en hans tvær ómyndugu dætur Þorgerður og Guðrún, sú fyrri fimm ára en sú síðari fjögurra ára, erfa í sína systurlóð hvör fyrir sig 4 hndr. 30 ál., og lofar faðir þeirra Magnús Gunnarsson að láta vera óeytt 1 hndr. 60 ál. af þessum arfi þegar þær verða myndugar, er hann vill þeim þá afhenda, hvörri fyrir sig. Þeirra arfapart tekur hann undir sína varðveislu sem þeirra föd værge. Actum ut supra.

Gunnar Magnússon — Jón Jónsson
Magnús Gunnarsson — Lafrantz Guðbrandsson

# TILVÍSANIR

1 ÞÍ. Rentukammer D1/9. Manntal 1762. Suðurland, nr. 39: Stóridalur, bl. 9v–10r; Sýsluskjalasafn. Rang. ED1/1, 2. Skiptabók 1777–1787, bl. 85r–91v.

2 ÞÍ. Rentukammer D1/9. Manntal 1762. Suðurland, nr. 38: Eyvindarhólar, bl. 1v–2r, 13v–14r; Sýsluskjalasafn. Rang. ED1/1, 2. Skiptabók 1777–1787, bl. 92r–96v; Kirknasafn. Eyvindarhólar BC 1. Sóknarmannatal 1751–1782, bls. 48, 59, 69.

3 ÞÍ. Kirknasafn. Landeyjaþing BA 1. Prestsþjónustubók Kross 1784–1817, bls. 104; Sýsluskjalasafn. Rang. ED1/1, 2. Skiptabók 1777–1787, bl. 142r–146r.

4 ÞÍ. Kirknasafn. Oddi á Rangárvöllum BA 2. Prestsþjónustubók 1785–1818, bls. 17, 198; Sýsluskjalasafn. Rang. ED1/1, 2. Skiptabók 1777–1787, bl. 203r–206v.



*Fyrsta blaðsíða uppskriftar á dánarbúi Jóns Hallssonar og Þórunnar Benediktsdóttur, sem þó er ekki nefnd (sjá bls. 148). ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Hún. ED2/47. Dánarbú 1748–1782, örk 1, bl. 123r.*

# Húnavatnssýsla

*1784–1785*

## *Ísleifur Guðmundsson*

Ekkert er vitað um Ísleif annað en það sem hér kemur fram, en hugsanlega fermdist hann í Tröllatungu í Strandasýslu árið 1748, 13 ára og ólæs. Foreldra hans er ekki getið eða heimilis.[1] Fram kemur við uppskrift á eigum hans á Syðra-Hóli í Höskuldsstaðasókn 10. júní 1784 að eiginkona hans hét Guðrún, án föðurnafns. Árið 1784 vantar í prestsþjónustubækur Höskuldsstaða, en 16. september 1786 lést Guðrún Jónsdóttir vinnukona á Syðra-Hóli úr bólusótt eftir fimm daga legu, þrítug að aldri, og 27. desember 1787 alnafna hennar 62 ára á sama bæ úr meinlætum og brjóstveiki, en var gift og kemur því ekki til greina. Óvíst er um hina.[2]

Uppskrift að Syðrahóli eftir sáluga Ísleif Guðmundsson og hans eftirlifandi ekkju Guðrúnu dag 10. júní 1784.

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Ein kýr 4 vetra snemmbær | 1 | |
| Tvær ær lamblausar | | 40 |
| Þrír sauðir tvævetrir | | 60 |
| Vættarkistuskrifli járnalaust | | 10 |
| Nýleg skrína með værner, skrá og járnum | | 30 |
| Pallkistill með skrá og járnum | | 10 |
| Annar með kengjum gamall | | 3 |
| Lítill skápur með skrá og járnum | | 10 |
| Lokrekkjurúm nýtt og vænt á mörgum hjörum allt um kring með fylgjandi skrá | | 60 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Nýtt lausarúm krækt til samans | | 18 |
| Ný boldangssæng með fiðri | | 55 |
| Koddi með einskeftuveri | | 8 |
| Nýjar rekkjuvoðir | | 20 |
| Nýtt brekán reyrt | | 30 |
| Forn rekkjuvoð | | 4 |
| Fatnaður | | |
| Sortuð síðhempa með hnöppum og látúnspörum | | 40 |
| Lynguð föt, mussa og buxur með 32 hnöppum fóðruð | | 40 |
| Fornar og bættar buxur | | 4 |
| Látúnsbuxnahnappar | | 4 |
| Blá peysa tvíhneppt ný, með 34 hnöppum | | 40 |
| Rauður klæðisbolur forn úr góðu klæði | | 20 |
| Útprjónaður bolur slitinn | | 7 |
| Blá peysa forn með hnöppum | | 15 |
| Útprjónuð peysa tvíhneppt slitin og bætt | | 12 |
| Blá skinnpeysa nokkuð brúkuð með hnöppum | | 35 |
| Bláar nærbuxur fornar | | 10 |
| Prjónabuxur sauðsvartar | | 7 |
| Forn ullskyrta | | 5 |
| Önnur léleg bætt | | 3 |
| Blá húfa forn | | 4 |
| Forn flyelssperra með tveimur silfurhnöppum | | 3 |
| Fornar nærbuxur bættar | | 3 |
| Þrjú pör hafnarsokka | | 8 |
| Hattur með silfurhringju | | 20 |
| Annar hattur forn | | 5 |
| Blátt kjálkaskjól | | 5 |
| Bláir vettlingar fornir | | 1 |
| Útprjónaðir vettlingar | | 2 |
| Lítilfjörleg skinnhúfa | | 2 |
| Kvenföt | | |
| Rauður klæðisniðurhlutur | | 55 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Flanélssvinta með einum hnapp | | 20 |
| Blá rasksvinta forn, með þremur látúnshnöppum | | 10 |
| Blátt kotpils með rauðum upphlut úr skarlati | | 55 |
| Sortuð vaðmálshempa með saum á barmi | | 40 |
| Tvö rauð hálssilki og skákborðaklútur | | 5 |
| Tveir röndóttir handklútar, þriðji höfuðklútur blár | | 16 |
| Tveir smátreflar hvítir og tvö tröf | | 14 |
| Treflastokkur með látúnsskrá | | 7 |
| Klæðistreyja með kraga | | 20 |
| Ól með látúnspörum | | 6 |
| **Bækur** | | |
| Grallari gamall spenaður bundinn upp aftur | | 2 |
| Sjöorðabók spennluð | | 5 |
| Söngsaltari gamall | | 4 |
| Hallgrímssálmar | | 4 |
| Föstupredikanir | | 6 |
| Krossskólasálmar og Iðrunarsálmar | | 3 |
| Gömul hugvekjubók rotin | | 6 |
| Skrifaðir sálmar spenaðir | | 2 |
| Hugvekjusálmar rotnir, Diarium í öðru bandi | | 4 |
| Hallgrímskver rotið úr bandi | | 3 |
| Huggunarsálmar kver, Dagleg iðkun guðrækninnar | | 3 |
| **Reiðskapur** | | |
| Karlmannahnakkur með reiða og ístöðum | | 60 |
| Ólarbeisli með hringjum fornt | | 3 |
| Tvær koparhringugjarðir | | 10 |
| Aðrar tvennar ringari | | 8 |
| Þófi gamall og lasinn | | 3 |
| Koparkjálkabeisli | | 30 |
| Tvö keyri og svipa | | 5 |
| Byssa í fínu standi | 1 | |
| Langviðarsög | | 10 |
| Gömul handöxi | | 10 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Ný reisla með steinlóði | | 12 |
| Nýr járnlampi | | 5 |
| Tveir stórir nafrar og einn enn stærri | | 3 |
| Tvö tveggja handa járn | | 3 |
| Þrjú smá sporjárn | | 2 |
| Gamalt brotatinfat | | 10 |
| Rennd tréskál | | 2 |
| Tveir klyfberar nýir | | 6 |
| Lítið borð með skúffu | | 6 |
| Gamlir silfurhnappar | | 4 |
| Signet á völtum, annað völtulaust | | 4 |
| Gömul kertapípa | | 2 |
| Brotatinkönnuskokkur | | 4 |
| Tinmilnur | | 2 |
| Bandólarhringur með reiðbótum | | 4 |
| Borð á völtum með stólum | | 8 |
| Skutull | | 2 |
| 6 skildinga hnífur | | 2 |
| Átta ný sköft og tvö orf | | 8 |
| Rennismiðja | | 3 |
| Nokkuð af efnuðum húsavið | | 15 |
| Tveir heflar gamlir | | 2 |
| Eirklippur og járnsirkill | | 3 |
| Hefilbekkur | | 6 |
| Fjórar sleifar og ausa | | 3 |
| Snærisstóll | | 1 |
| Þrjár ljáspíkur | | 6 |
| Skemma með skrá og járnum, 2 stafgólf | | 60 |
| Hárhnífur gamall | | 3 |
| Lélegir reiðsokkar og svartir vettlingar | | 8 |
| Skinnbrók og skinnstakkur gamalt | | 5 |
| Reka og broddstafur | | 4 |
| Nýlegur steðji | | 40 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Þrír hamrar allir brúkanlegir og hnoðhamar | | 20 |
| Töng | | 5 |
| Ein löð og þrjú laðarbrot | | 8 |
| Hjólsveif með bor | | 3 |
| Tíu þjalir sumar brúkanlegar | | 10 |
| Þrír borar og saumhögg | | 5 |
| Tvær smáþjalir og sirkill | | 3 |
| Gamall belgur með aflhólk | | 15 |
| Tveir kútar steinkola | | 2 |
| Kolatunna | | 4 |
| Steinsleggja | | 2 |
| Órekið járn | | 6 |
| Dragsmiðjustokkur og töngin með og léleg löð | | 6 |
| Tvö bandreipi | | 6 |
| Kaðalreipi og eitt ólarreipi | | 5 |
| Klyfberi með reiðskap | | 4 |
| Fjórar hrosshár | | 24 |
| Steyptar koparmilnur óskúraðar | | 5 |
| 2 pund af blýi | | 3 |
| Gamalt fimm manna far með fimm árum og mastri og segli | 1 | 30 |
| Gamall 3 fjórðunga pottur bættur | | 10 |
| Tíu gærur smáar og stórar | | 15 |
| Tvær smákollur | | 3 |
| Kvenístöð með lélegum ólum | | 4 |
| 36 stykki innviða af kröppum | | 17 |
| Þrjár pallfjalir og danskt borð gamalt | | 5 |
| Svola bakspýta og rá | | 3 |
| Laus viður efnaður til húss | | 16 |
| Skrínuskrá | | 4 |
| Skipborðsstúfar | | 5 |
| Hálfvættar kerald með lifur | | 20 |
| Skipborðsfjalir 8 álna langar | | 9 |
| Bakhástokkaefni | | 4 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Ás og tvö seljubök | | 5 |
| 60 faðmar færis | | 5 |
| Summa | 5 | 88 |

Skuldir

| | |
|---|---|
| Landskuld | 30 |
| Legkaup og líksöngseyrir | 18 |
| Lambsfóður | 5 |
| Tíund af fénu og jörðunni | 3 |
| Til monsieur Páls á Syðri-Ey | 10 |
| Fyrir kistusmíði | 15 |
| Til sýslumannsins | 4 |
| Skuld fyrir tóma tunnu til sýslumannsins | 4 |
| Uppskrift og skiptakaup til tveggja manna | 24 |

Vindhæli
Ólafur Guðmundsson
Guðmundur Jónsson

## *Jón Oddason*

Jón fæddist um 1740, líklega í Akrahreppi í Skagafirði, og voru foreldrar hans Oddi Þorbergsson (f. 1710) og Guðrún Tómasdóttir (f. 1702). Jón var á Ytri-Leifsstöðum í Svartárdal árið 1762, að virðist sem ráðsmaður Guðnýjar (1716–1779) móðursystur sinnar, sem var ógift og þau tvö ein í heimili. Kona Jóns var Helga Guðmundsdóttir (f. 1746) og sonur þeirra Guðmundur fæddist árið 1771. Jón eignaðist dótturina Málfríði 26. febrúar 1779 með Málfríði Einarsdóttur (f. 1741). Erfingjar eru ekki nefndir í uppskrift eftirlátinna fjármuna hans 7. nóvember 1784.[3]

Anno 1784 þann 7. nóvember að Eiríksstöðum í Svartárdal voru uppskrifaðir og virtir kvikir og dauðir fémunir í eftirlátnu sterfbúi sáluga Jóns Oddasonar og fyrirfundust þeir sem hér greinir:

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Ein kýr rauðgrönótt 8 vetra snemmbær | 1 | |
| Dito hvíthyrnd 5 vetra síðbær | 1 | |
| Færleikur brúnsokkóttur 5 vetra | | 60 |
| Vættarkista með bilaðri læsing | | 15 |
| Dito stærri lasin að viðum og járnum | | 12 |
| Dito stærri lasin og fúin að viðum | | 15 |
| Dito á lélegum járnum | | 12 |
| 3 tunna kerald | | 45 |
| Tvær smákollur | | 2 |
| Þrjú trog | | 3 |
| Tvær fötur | | 5 |
| Tvenn bandreipi og ólarreipanefnur | | 10 |
| Fjórðungspottur upphár gamall | | 8 |
| Karlmannsreiðtygjanefnur með öllu | | 30 |
| Kvenbeisli með koparkjálkum | | 10 |
| Þrjár askanefnur | | 2 |
| Tréskál og askur | | 1 |
| Postilla Vídalíns í tveimur pörtum | | 60 |
| Grallari dopperaður | | 10 |
| Sálmabók | | 20 |
| Föstupredikanir | | 4 |
| Þrjú smákver til samans | | 4 |
| Viður í baðstofu með nokkrum pallfjölum | | 10 |
| Blátt pils af 60 fjórðunga klæði fornt | | 70 |
| Dito rautt á 35 fjórðunga klæðið fornt | | 60 |
| Mussa með koparhnöppum | | 30 |
| Og finnst so hér ei neitt framar sem til uppskriftar komi. | | |
| Summa summarum | 6 | 18 |
| Á þessum hér framanskrifuðum fémunum eru skuldir | 1 | 79 |

Til merkis okkar undirskrifuð nöfn á sama stað, ár og dag sem í öndverðu greinir.

Ólafur Björnsson
Gísli Jónsson

*Jón Hallsson og Þórunn Benediktsdóttir*

Jón fæddist árið 1724 og átti Hallur Björnsson (f. 1684) á Þóreyjarnúpi í Línakradal hann framhjá eiginkonu sinni Guðrúnu Þorsteinsdóttur (f. 1684) með óþekktri konu. Þórunn fæddist árið 1731 og eru foreldrar hennar óþekktir. Börn þeirra voru Pétur (1752–1833), Signý (1753–1814), Þórður (1762–1828), Snæbjörn (1763–1785), Bjarni (f. 1771), Jón (f. 1776) og Jón (f. 1777). Þórunn og Jón bjuggu á Lækjamóti í Víðidal árið 1762 og níu árum síðar á Auðnastöðum, en árin 1774–1779 á Dæli. Þórunn var aftur skráð til heimilis á Lækjamóti árið 1784. Þau létust bæði það ár, en við uppskrift dánarbús að Barkastöðum í Miðfirði 13. desember var aðeins Jón nefndur.[4] Að lokinni skráningu á eigum Sveins Gunnlaugssonar 19. janúar 1785 voru Signý og Snæbjörn spurð eftir eignum foreldra sinna og Þórður nokkrum dögum síðar (sjá hér á bls. 152).

Anno 1784 þann 13. desember að Barkastöðum í Miðfirði var virt og uppskrifað eftirlátið sterfbú Jóns sáluga Hallssonar af oss undirskrifuðum og fyrirfannst það so sem hér eftir greinir:

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Í bókum | | |
| Vídalínspostilla editio 7 | 1 | 34 |
| Graduale | | 34 |
| Nýjatestamenti í dönsku bindi | | 44 |
| Gerhardi hugvekjur | | 10 |
| Upprisuhugvekjur | | 24 |
| Þorláksbiblía dopperuð | 2 | 51 |
| Eintalið rotið | | 12 |
| Föstupredikanir Vídalíns | | 24 |
| Hugvekjusálmar og Upprisusálmar | | 24 |
| Oddsbænir og Þórðarbænir | | 16 |
| Catechismus stóri rotinn | | 18 |
| Ólafs saga með Landnámu | 1 | |
| Kjalnesinga saga með þeim henni fylgja | | 18 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Norsku lög í dönsku laus í bandi | 1 | |
| Sú íslenska lögbók | | 18 |
| **Í fatnaði** | | |
| Sortaður vaðmálskjóll með 28 hnöppum | 1 | 24 |
| Grænt klæðisvesti með 24 hnöppum | 1 | |
| Síðhempa með 22 hnöpppum | | 75 |
| Blá peysa með 18 silfurhnöppum gömlum | 1 | |
| Útlenskar skinnbuxur með 18 hornhnöppum og tveimur prinsmetallsspennslum | 1 | 64 |
| Einn vaðmálskjóll sortaður forn með 28 hnöppum dönskum, fóðraður | 1 | 68 |
| Grænt vesti úr skarlati með hnöppum | 2 | |
| Parruqve | | 64 |
| Tvennir sokkar bláir | | 28 |
| Kvenfatnaður er ekki til nema sem ekkjan og dætur hennar standa uppi í, ekki heldur rúmfatnaður sem virðing verður á lögð fyrir utan rúmið ekkjunnar. | | |
| **Í aðskiljanlegu** | | |
| Tveir tindiskar og kúpa vegur 4 pund | | 80 |
| Tinfat vegur 4 pund | | 90 |
| Teketill | | 84 |
| Tekanna | | 10 |
| Tvö pör tebolla af postulíni | | 68 |
| Reisla | | 34 |
| Handexi og skarexi | | 34 |
| Lítill skápur | | 24 |
| Vefstaður með tilheyrandi | | 38 |
| **Í búsgagni** | | |
| Sáskrifli tekur 3 tunnur | | 24 |
| Annar tekur 2 tunnur | | 34 |
| Tveir tunnusáir til samans | | 51 |
| Tveir 2 tunnu sáir til samans | | 61 |
| Tunnusár | | 20 |
| Átta trog | | 80 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Þrjú kerhöld | | 30 |
| Fjórar fötur | | 40 |
| Sex askar | | 24 |
| 6 fjórðunga pottur | 3 | |
| Annar tekur 2 fjórðunga | 1 | 34 |
| Þriðji tekur 3 fjórðunga bættur | | 34 |
| Fjórðungspottur | | 68 |
| Tveir pottar litlir | | 48 |
| Í reiðskap og fjalvið og aðskiljanlegu, item kistum | | |
| Pallur og loft í baðstofu og rúmstokkar með tvennum bríkum | 1 | 24 |
| 2 vætta kista innlæst gömul | | 68 |
| Önnur dito ogso gömul með hjörum | | 44 |
| Tvær litlar vættarkistur | | 68 |
| Enn tvær vættarkistur önnur innlæst | | 51 |
| Hnakkpúta með ístöðum, reiða, dýnu, gjörð, beisli og sessu | 2 | 30 |
| Önnur dito með eins fylgjandi | 2 | |
| Þriðja með ístöðum og reiða og lendklæði | 1 | |
| Kvensöðull með reiða, þófa, beisli, tveimur gjörðum og áklæði | 3 | 68 |
| Beislisbúningur með járnstöngum | | 51 |
| Þófi gamall | | 34 |
| Tvær reiðgjarðir og beisli | | 56 |
| Sex klyfberar flestir reiðskapslausir | | 34 |
| Bandreipi á níu hesta | | 68 |
| Ólarreipi á átta hesta að nafninu | 1 | |
| Ferðatjald gamalt | | 51 |
| Þrjú húðarskinn vega 2 fjórðunga og 8 merkur | 1 | 60 |
| Þrjú hrossskinn vega 2 fjórðunga og ½ fjórðung | 1 | 30 |
| Smíðasteðji lítill | 1 | |
| Belgvirki og smíðatöng | | 24 |
| Klaufhamar og dengsluhamar | | 28 |
| Naglalöð og klíputöng | | 20 |
| Langviðarsög | | 32 |
| Smíðahamar | | 48 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Þrjár ljáspíkur | | 16 |
| Tveir ljóslampar úr járni | | 32 |
| Klafaskrifli og torfkrókar | | 24 |
| Tveir strokkar | | 29 |
| Borð og fjalir í skemmunni | | 45 |
| Laxanet 6 faðma langt | 2 | |
| Tvær rekur og páll | | 20 |
| Tvö orf, þrjár hrífur og tvær klárur | | 20 |
| Þrír meisar og kútur | | 24 |
| Smiðjuhús með hurð | | 30 |
| Fjárhús með garðaumbúningi | | 51 |
| Í lifandi fé | | |
| Ein kýr kálflaus | 3 | 51 |
| Einn hestur gamall | 3 | |
| Summa til croner | 65 | 44 |

Á þessu sterbúi eru restans af landskuld síðan í fyrra 40 ál., áfallandi skuldir eftir jörðunni í vor eð kemur 1 hndr. 80 ál., til prests og kirkju nær 2 rd. Að þetta hafi so fram farið á sama stað og degi sem upphaflega greinir vitna undirskrifaðir.

Bjarni Guðbrandsson
Benedikt Arngrímsson

### *Sveinn Gunnlaugsson*

Sveinn fæddist árið 1720. Foreldrar hans voru Gunnlaugur Einarsson (f. 1692) og Þórdís Jónsdóttir (f. 1690) á Hrísum í Þorkelshólshreppi. Eiginkona Sveins var Ingibjörg Arngrímsdóttir (1722–1785) og börn þeirra Guðrún (1752–1804), Ingibjörg (1754–1825), Arngrímur (1763–1819) og Þórdís (1768–1856). Árin 1772–1783 bjuggu Sveinn og Ingibjörg í Bakkakoti, hjáleigu frá Víðidalstungu, en hvorugt þeirra er í sóknarmannatali frá 1784–1785. Sveinn er ekki skráður meðal látinna í Víðidalstungusókn, en Ingibjörg lést í Núpukoti 14. febrúar 1785, ekkja og niðurseta.[5]

Dánarbú Sveins var skráð í Bakkakoti í Víðidal 19. janúar 1785 og í beinu framhaldi spurt um eftirlátnar eigur Jóns Hallssonar og Þórunnar Benediktsdóttur (sjá hér á bls. 148), sem að einhverju leyti voru komnar í óreiðu.[6]

Anno 1785 þann 19. janúar á Bakkakoti voru eftir skikkun æðla sýslumannsins seigneur Magnúsar Gíslasonar til staðar Arngrímur Jónsson og hreppstjórinn monsieur Sigurður Bjarnason til að uppskrifa þá lítilfjörlegu fémuni sem Sveinn heitinn Gunnlaugsson eftir sig lét og fyrirfundust á Bakkakoti sem hér greinir:

| | **rd.** | **sk.** |
|---|---|---|
| Átta pallfjalir og tveir pallstokkar | | 42 |
| Þrjú trog og ein fata tekur 8 merkur | | 26 |
| Hnakkræfill | | 5 |
| 2½ fjórðungs pottur nær botnlaus | | 8 |
| 10 marka pottur með þremur bótum og einu gati | | 12 |
| Járnhringjugjörð og þófablöð rifin, item hrífa léleg | | 14 |
| Skinnsængurræfill með leppum | | 14 |
| Gamall tunnusár vel girtur | | 64 |

Hvörn sá ekkjan Ingibjörg Arngrímsdóttir kona Sveins heitins hefur fengið Sveini Sveinssyni á Melrakkadal upp í skuld.

Ekkert fyrirfannst þar af álnum eða fémunum meira sem Sveinn heitinn átti, heldur yfirlýst að hafi verið burtu fengið, sem ei vita hvar sé niður komið, nema á Hvarfi sé strokkur lasinn og vættarkista sé þar gömul, sem dóttir Sveins heitins eigni sér.

Enn framar voru tilstaðarverandi börn Signý Jónsdóttir og Snæbjörn Jónsson eftirspurð ítarlega um tilfallið sterfbú foreldra þeirra Jóns Hallssonar og Þórunnar Benediktsdóttir, er í haust sáluðust, og segja þau útþrykkilega að enginn hlutur sé hér til af þeirra eigum, og eins það sem þau hafi átt á Lækjamóti sé þaðan burtu tekið og stolið. En Þórð bróður sinn sé helst eftir þessu að spyrja. Actum ut supra,

Arngrímur Jónsson
Sigurður Bjarnason

Á Víðidalstungu þann 19. janúar anno hujus var Þórður Jónsson tilspurður af herra sýslumanninum í áheyrn áðurskrifaðra virðingarmanna um eignir foreldra hans Jóns Hallssonar og Þórunnar Benediktsdóttur, sem dóu bæði á afliðnu hausti, hvað hann hefði fengið í burtu og fargað af þeirra eigum. Og meðkennir Þórður að hann hafi burtfært rekkjuhúð og brekán, sem enn sé ófargað. Item eitt ólarreipi og eitt gæruskinn, og til Gunnars á Hrappstöðum hafi verið látin átta pör sokka, sem hann vilji fá fyrir smíði á tveimur líkkistum. Kista segir hann sé læsingarlaus á Lækjamóti. Rúmstokkur sé ófargaður hjá Magnúsi Bjarnasyni fyrir utan leyfi, af hönum tekinn. Á Lækjamóti eftirskilið vænt borð úr rekavið, sem burt sé stolið. Item ein spýta fullrar álnar að lengd. Sex pallfjalir tilætlaðar í líkkistur, látnar að Hrappstöðum. Nokk! tvö borð frá Víðidalstungu í kistuna aðra. Á Lækjamóti enn nú horfið, fjórar hrosshár órakaðar. Einnin pallkistill ólæstur horfið þaðan og eitt trog. Nokk! fúin spýta tekin af Gunnari á Hrappstöðum frá Bakkakoti sem meina jörðinni tilheyra. Datum ut supra! Vitna: Arngrímur Jónsson, Sigurður Bjarnason.

### *Þorlákur Tómasson*

Þorlákur er líklega fæddur í Skagafirði árið 1729 og eru foreldrar hans óþekktir. Árið 1761 lýsti Guðríður Þorbjarnardóttir (f. 1731) á Stóru-Ökrum í Blönduhlíð hann föður að dóttur sinni Guðríði, sem var skírð 22. september: „Þetta er hans þriðja frillulífisbrot, en hennar fyrsta". Guðríður yngri var jörðuð 5. janúar 1763 á Víðivöllum, ársgömul frá Úlfsstaðakoti. Dánarbú Þorláks var skráð í Höfnum á Skaga 19. janúar 1785 og fram kemur í merkilegri skuldaskrá séra Björns Jónssonar sem fylgir uppskriftinni að hann drukknaði um jólin.[7]

Að Höfnum dag 19. janúar 1785 voru uppskrifaðir þeir fémunir er Þorlákur sálugi Tómasson eftir sig lét og hér í hrepp fundust:

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| 48 merkur fiska | | 6 |
| 17 merkur méls í skjóðu | | 4 |
| 9 merkur ullar | | 4 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Einskefturekkjuvoð með þremur röndum bláum forn | | 6 |
| Önnur gagnlítil og bætt | | 1 |
| Sauðsvört einskefta tvinnuð 2 álnir og kvartel | | 7 |
| Bláar nærbuxur gatslitnar | | 5 |
| Sauðsvartar nærbuxur nýlegar | | 6 |
| Blár peysugarmur með beinhnöppum útbættur | | 2 |
| Útprjónað kot, gatslitið og bætt | | 3 |
| Stutthempa forn | | 4 |
| Stutthempubolur bættur | | 3 |
| Sauðsvartir sokkar nýlegir | | 4 |
| Tvennir sokkar fornir aðrir mórauðir | | 4 |
| Tvennir vettlingar | | 2 |
| Blár húfugarmur og sjóhattgarmur | | 2 |
| Lélegt ólarbeisli með hringjum og lélegt ólarreipi | | 3 |
| Þverpokagarmur bættur og slitinn | | 2 |
| Svartar buxur bættar | | 2 |
| Útbættar nærbuxur bættar gagnlitlar | | 1 |
| Lélegir háleistar og íleppar | | 1 |
| Gleraugu brúkanleg | | 4 |
| Gamalt geitarskinn | | 2 |
| Skinnklæðagarmar lítt nýtir | | 5 |
| Dreginn lóðarstrengur | | 4 |
| Fornt brekán | | 14 |
| Skrínukorn með lömum | | 5 |
| Gjarðlaus kútur | | 1 |
| Þrykktur tóbaksbiti af efsta lagið | | 2 |
| 2 rixdaler specie | | 60 |
| Skrína með skrá lykillaus | | 12 |
| Gamall hnakkur lélegur | | 12 |
| Tvær reiðgjarðir | | 10 |
| 8 rixdaler | 2 | |
| Summa | 3 | 80 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Skuldir sem eftir er kallað: | | |
| fyrst til Árna Sveinssonar fyrir kistu og aðra fyrirhöfn | | 60 |
| til Björns Guðmundssonar á Höfnum | | 50 |

Þetta eftirskrifað lánaði ég undirskrifaður Þorláki Tómassyni næstaliðið ár:

| | |
|---|---|
| 10 pund kaupstaðar tunnutólk | 20 |
| smjörfjórðung | 15 |
| ný skinnklæði | 19 |
| nýjar nærbuxur svartar | 10 |
| 8 pör sjóvettlinga | 8 |
| þrenn leðurskæði | 8 |
| smábandssokka nýja og nýgjört neðan við aðra | 5 |
| Summa | 85 |

ferðaskrínu með lás
fyrir þetta allt lofaði hann mér fiski að fráteknri skrínunni

Datum 1784
Heggstöðum dag 14. desember
Björn Ólafsson

Ofanskrifað vitna undirskrifaðir satt að vera

Jón Jónsson Sigurður Sigurðsson

Eftirskrifaðar skuldir átti ég undirskrifaður innistandandi
hjá sáluga Þorláki Tómassyni, hver að deyði
hér út á Rifinu um næstliðnar jólatíðir.

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Fyrir fall af tvævetrum sauð, er hann fékk af mér um veturinn 1783, hvar til fólk Björns sáluga sem var á Bergstöðum í Svartárdal er til vitnis | | 15 |
| Fyrir 2 fjórðunga 2 merkur mjöls með fyrirhöfn að koma því út á Rif í vetur á jólaföstu | | 12 |
| Fyrir 1 skeppu rúg, með sendiför eftir henni inn í kaupstað og flutning út að Höfnum | | 12 |

| | h. | ál. |
|---|---|---|
| Fyrir 5 pund tólgar, sem keypt var hér í kaupstað í fyrravor, pundið á 9 sk. | | 10 |
| Fyrir 1 pund pressutóbaks fluttu út á Rif | | 4 |
| Fyrir eins dags töf á mér með annan mann hans vegna gjörða í vetur út á Skaga | | 5 |
| Fyrir tvær máltíðir matar til sex manna sem tóku gröf að hönum, 16 sk. fyrir hvern mann | | 21 |
| Fyrir 4 potta brennivíns til hans begrafelses | | 14 |
| Fyrir hönum lánaða 10 sk. í peningum | | 2 |
| Fyrir legkaup og líksöngseyrir | | 18 |
| Summa | | 113 |
| Hér uppí hefi ég meðtekið | | |
| Í peningum | | 48 |
| Í mjöli og fiski | | 10 |
| Brekán brúkanlegt | | 14 |
| Summa | | 72 |
| Restera | | 41 |

Hofi dag 29. apríl 1785
Björn Jónsson

*Jón Guðmundsson*

Ekkert annað er vitað um Jón en það sem birtist hér. Líkið var flutt frá Þóreyjarnúpi í Víðidal yfir að Melrakkadal og voru eftirlátnar eigur hans skráðar þar 2. maí 1785. Summu er aukið við.[8] Halldór sá sem annaðist aðgerðir bjó í Melrakkadal ári fyrr, sagður 42 ára, með bústýru og tökustúlku, og hafði verið þar að minnsta kosti frá árinu 1775. Hann flæktist síðar til Borgarfjarðar og dó þar 19. ágúst 1820.[9]

Uppskrift á fjármunum eftir Jón sáluga Guðmundsson sem áður bjó á Gröf í Víðidal en deyði á Þóreyjarnúpi árið 1785.

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Í dauðu | | |
| Hálfur fjórðungur af mislitri ull sum óþvegin | | 23 |
| 12 merkur af hrossskinni | | 40 |
| 6 merkur af hrosshári | | 14 |
| Klyfberi | | 8 |
| Hárreipi | | 14 |
| Skinnstakkur | | 23 |
| Bríkur með setustokk og pelaflaska | | 7 |
| Mussa sortuð með látúnshnöppum | | 34 |
| Mórauður peysugarmur með látúnshnöppum | | 18 |
| Klæðisbolur með beinhnöppum slitinn og bættur með prjónfóðri slitnu og mjög bættu | | 27 |
| Vaðmálsbuxur slitnar og bættar með látúnshnöppum | | 18 |
| Blá prjónhúfa slitin | | 6 |
| Gráir sokkagarmar | | 2 |
| Nærvettlingar | | 3 |
| Hetta | | 2 |
| Hnakkþófagarmur | | 23 |
| Summa | 2 | 70 |

Ég undirskrifaður á af þessu dagsverk mitt þá ég sótti lík þessa sáluga manns að Þóreyjarnúpi, einnin fyrir hestlán og menn er ég mátti launa til þessarar ferðar fyrir 8 fiska. Fyrir allt þetta er ég búinn að taka klæðisbolinn og þófann sem reiknast til samans 50 skildingar.

Datum Melrakkadal dag 2. maí 1785
Halldór Halldórsson

Útfararkostur, legkaup 54 skildinga
Líksöngseyrir 27 skildinga
Summa 2 ríxdalir kourant og 20 skildingar

# TILVÍSANIR

1 ÞÍ. Kirknasafn. Tröllatunga og Fell BA 1. Prestsþjónustubók 1749–1767, bls. 22.

2 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Hún. ED2/47. Dánarbú 1748–1782, örk 1, bl. 217r–219r; Kirknasafn. Höskuldsstaðir BA 2. Prestsþjónustubók 1785–1802, bls. 14. Næsta bók á undan er Höskuldsstaðir BA 1. Prestsþjónustubók 1748–1783.

3 ÞÍ. Rentukammer D1/11. Manntal 1762. Norðurland, nr. 177: Bergsstaðir og Bólstaðarhlíð, bl. 1v–2r; Sýsluskjalasafn. Hún. ED2/47. Dánarbú 1748–1782, örk 1, bl. 181v–182r.

4 Lbs. 2691 4to. Ágrip úr gamalli kirkjubók frá Breiðabólsstað í Vesturhópi, bl. 177r, 179v, 180v, 192v, 196v; ÞÍ. Rentukammer D1/11. Manntal 1762. Norðurland, nr. 180: Breiðabólsstaður og Víðidalstunga, bl. 8v–9r; Sýsluskjalasafn. Hún. ED2/47. Dánarbú 1748–1782, örk 1, bl. 123r–125v.

5 Lbs. 2691 4to. Ágrip úr gamalli kirkjubók frá Breiðabólsstað í Vesturhópi, bl. 177r, 184v–190v, 212r; ÞÍ. Kirknasafn. Breiðabólsstaður í Vesturhópi BC 1. Sóknarmannatal 1784 (afrit Lbs. 2691 4to); Breiðabólsstaður í Vesturhópi BA 2. Prestsþjónustubók 1785–1816, bls. 6. Þar eru greftranir ársins 1784, en ekki í BA 1. Prestsþjónustubók 1770–1784, bls. 346.

6 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Hún. ED2/47. Dánarbú 1748–1782, örk 1, bl. 108r–109r.

7 ÞÍ. Kirknasafn. Miklibær í Blönduhlíð BA 1. Prestsþjónustubók 1747–1784: árið 1761, fæðingar; 1763, greftranir; Sýsluskjalasafn. Hún. ED2/47. Dánarbú 1748–1782, örk 1, bl. 221r–222r.

8 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Hún. ED2/47. Dánarbú 1748–1782, örk 1, bl. 111v– 112r.

9 Lbs. 2691 4to. Ágrip úr gamalli kirkjubók frá Breiðabólsstað í Vesturhópi, bl. 179r, 180r, 186r, 211r; ÞÍ. Kirknasafn. Breiðabólsstaður í Vesturhópi BC 1. Sóknarmannatal 1784, bls. 6 (afrit Lbs. 2691 4to); *Borgfirzkar æviskrár* IV, bls. 141.

# Þingeyjarsýsla

*1785–1793*

## *Árni Jónsson*

Árni fæddist árið 1732 og var yngsti sonur Jóns Sigurðssonar (f. 1702) bónda í Hólsseli, en ekki er vitað hver móðir hans var. Eiginkona Árna var Guðrún Þorsteinsdóttir (1727–1790) og börn þeirra Ingiríður (f. 1759), Jón (f. 1761), Jón (1762–1810), Ólafur (1764–1833), Brynjólfur (1765–1820), Guðrún (f. 1766), Brynjólfur (f. 1766), Ingibjörg (f. 1767) og Steinvör (1771–1830). Árið 1762 bjuggu þau á Grímsstöðum á Hólsfjöllum og fjórtán árum síðar keypti Árni hálfa jörðina. Hann varð bráðkvaddur í Vopnafjarðarkaupstað 8. mars 1785 og grafinn frá Hofi fimm dögum síðar.[1] Dánarbúið var skrifað upp á heimili hans 7. júní og fóru skipti fram samdægurs. Orðið „emm" sem kvenhöttur er úr mun vera samheiti við „ems", sem var tegund af klæði.[2]

Anno 1785 þann 7. júní, að Grímsstöðum á Hólsfjöllum, var nálægur lögsagnarinn í Norðursýslu Björn Tómasson með tilteknum mönnum, til að registrera og virða sterbú sáluga Árna Jónssonar og því að skipta, milli hans eftirlifandi ekkju Guðrúnar Þorsteinsdóttur og þeirra barna, fjögra sona, nefnilega tveggja Jóna, Brynjólfs og Ólafs, og dætra fjögra, Ingiríðar, Ingibjargar, Guðrúnar og Steinvarar; og voru þessa stervbús fémunir soleiðis beha[ldnir] sem fylgir:

| | Specie rd. | sk. |
|---|---|---|
| Í fasteign | | |
| Hálf jörðin Grímsstaðir 3 hndr. að dýrleika, keypt af Árna sáluga árið 1776, fyrir 45 rd. specie. Virðist nú ei hærra, þar hún tjáist af sér ganga fyrir landbrota sakir, en | 33 | |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Hálf jörðin Þorbrandsstaðir í Vopnafirði tjáist 6 hndr. að dýrleika nú í eyði liggjandi. Virðist nú fyrir | 24 | |
| **Í fríðu** | | |
| Rauðskjöldótt kýr ung | 5 | |
| Önnur hvíthornótt eins | 5 | |
| Hross 8 vetra | 3 | |
| Eitt kúgildi í ásauð | 5 | |
| Annað ásauðarkúgildi | 5 | |
| Þriðja dito hálft | 2 | 48 |
| **Í fatnaði** | | |
| Sortulituð mussuföt með svörtum hornknöppum | | 80 |
| Blá peysa forn með koparknöppum | | 32 |
| Blár brjóstadúkur af prjónasaum | | 32 |
| Sauðsvört mussuföt með metalsknöppum | | 56 |
| Dökkblá peysa borin með metalsknöppum | | 48 |
| Ulldamasksbolur slitinn með metalsknöppum | | 24 |
| Sortulituð mussuföt útslitin | | 24 |
| Blá unglingspeysa, með látúnsknöppum | | 24 |
| Bolur af blómguðum dúk lítill | | 12 |
| Síðhempa slitin, af vaðmáli, með pörum | | 64 |
| Grænt pils af 35 fiska klæði | 3 | |
| Dito grænt af varningsklæði fornt | 1 | 32 |
| Dito rautt, með saum, gamalt og slitið | | 56 |
| Kvenupphlutur af blómguðum dúk, með raskpilsi | | 64 |
| Rauð svinta lítil af kersu, með saum og knapp | | 32 |
| Dito græn af klæði gömul | | 16 |
| Dito svört og rauð af dúk slitin | | 16 |
| Hempa af vaðmáli borin | 1 | 24 |
| Dito vaðmáls útslitin | | 32 |
| Varningsklæðistreyja vírborðalögð, með frunsu | | 48 |
| Önnur af prjónasaum með kraga slitnum | | 24 |
| Gamall flanelsbolur með metalsminlum | | 22 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Kragi forn, af rauðu silki, með vírborða | | 12 |
| Kvenhöttur af emm, borðalagður með glerknöppum | 1 | 32 |
| Léreftsskyrta hollensk, af smálérefti | | 64 |
| Kattúnstraf | | 48 |
| Annað dito | | 40 |
| Dito lérefts | | 24 |
| Fjórða lérefts aukið | | 24 |
| Dito gróft | | 16 |
| Karlmannshálsskyrta | | 4 |
| Önnur dito | | 2 |
| Þriðja eins | | 2 |
| Dökkur silkiklútur | | 54 |
| Dito af rósasilki | | 24 |
| Dökk silkiþríhyrna | | 16 |
| Flekkóttur silkiklútur | | 24 |
| Rauður silkiklútur | | 48 |
| Dito gulur og rauður | | 16 |
| Bláröndóttur léreftsklútur | | 32 |
| Dito bláflekkóttur | | 24 |
| Rauðleitur | | 24 |
| Rauður og svartur dito | | 16 |
| Bláröndóttur | | 32 |
| Dito bláröndóttur | | 12 |
| Rauðröndóttur lítill | | 10 |
| Dito hvítur með ísaumi | | 12 |
| Leggjabönd | | 8 |
| Flosband með látúnspörum | | 10 |
| Leturband | | 10 |
| Kringluhattur | | 32 |
| Hornahattur | | 16 |
| **Í rúmfötum** | | |
| Boldangssæng með fiðurdún | 3 | 32 |
| Rekkjuvoðir nýjar af einskeftu | | 60 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Prjónakoddi með dún | | 24 |
| Áklæði mislitt | 2 | |
| Boldangskoddaver | | 48 |
| Brekán brúkað | | 64 |
| Fiðurdúnssæng með rifnu boldangsveri | | 80 |

Í reiðtygjum

| | | |
|---|---|---|
| Karlsöðull með klæðisbúk og reiða | 1 | 72 |
| Dito með skinnbúk | | 80 |
| Enn nú klúka með reiða og ístöðum | 1 | |
| Kvensöðull með reiða | 1 | 32 |
| Áklæði | | 40 |
| Ísaumssessa | | 16 |
| Kvensöðulsþófi slitinn | | 40 |
| Klúkudýna | | 24 |
| Beisli með járnstöngum og ádráttum | | 60 |
| Annað dito, með koparstöngum og ádráttum | | 48 |
| Beislisstengur með koparkúlum | | 48 |
| Ístöð og þófaskinn með gjörð í Akurseli | | 64 |
| Fjórar járnhringjugjarðir | | 12 |
| Ein koparhringjugjörð | | 12 |

Í bókum

| | | |
|---|---|---|
| Vídalínspostillu vetrarpartur | | 80 |
| Dito sumarpartur | | 56 |
| Gerhardi hugvekjur | | 32 |
| Graduale í dönsku bandi | | 32 |
| Dito gamalt | | 12 |
| Sálmabók | | 48 |
| Dito gömul | | 32 |
| Upprisuhugvekjur | | 24 |
| Handbók | | 24 |
| Eintal | | 28 |
| Umþenkingar | | 8 |
| Píslarþankar | | 24 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Vídalíns Föstupredikanir | | 16 |
| Gerhardi hugvekjur gamlar | | 8 |
| Þorlákskver | | 10 |
| Genesissálmar | | 10 |
| Krossskólasálmar | | 6 |
| Aðrir dito | | 4 |
| Þórðarbænir | | 10 |
| Hallgrímskver | | 10 |
| Lassenii bænir | | 10 |
| Hallgrímskver | | 6 |
| Horsters Ágrip | | 24 |
| Diarium | | 4 |
| Fæðingarsálmar | | 8 |
| Þórðarbænir með sálmum | | 4 |
| Jóns Teitssonar Vikubænir | | 8 |
| Iðrunarsálmar | | 4 |
| Olearii bænir | | 2 |
| Landnáma | | 24 |
| Kver um sauðfjárhirðing | | 8 |
| Iktsýkislækningakver | | 4 |
| Í kistum | | |
| 50 fiska kista með skrá og lömum | | 80 |
| Dito með kengjum og lasinni skrá | | 32 |
| Þriðja með kengjum skráarlaus | | 16 |
| Kistill læstur | | 32 |
| Í borðbúnaði | | |
| Kransskál af tini, vegur 5 pund | | 80 |
| Tinpottkanna 3 pund | | 32 |
| Diskur | | 20 |
| Kúpa 1½ pund | | 32 |
| Fimm spænir | | 24 |
| Fjórir askar | | 16 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| **Í smíðatólum** | | |
| Steðji | 1 | 64 |
| Dengsluhamar | | 8 |
| Töng | | 4 |
| Þél | | 2 |
| Þversög | | 16 |
| Hefill | | 2 |
| **Í eldsgögnum** | | |
| 40 marka pottur rifinn og girtur | | 32 |
| 70 marka dito brunninn | | 80 |
| **Í búsgagni** | | |
| Tveggja tunna kerhald fúið | | 48 |
| Annað dito eins | | 48 |
| Þriggja tunna dito | 1 | |
| Annað dito eins stórt | 1 | |
| Strokkur gamall | | 32 |
| Fimm trog, hvört 8 sk. | | 40 |
| Fjórar fötur, hvör 6 sk. | | 24 |
| Fimm smákollur, hvör 2 sk. | | 10 |
| **Í aðskiljanlegu** | | |
| Flatbytta | 1 | 64 |
| Járnreisla með steinlóði | | 64 |
| Dito minni | | 24 |
| Vaðólarreipi tvenn, hvör um sig 24 sk. | | 48 |
| Dito tvenn virðast eins | | 48 |
| Þrír klyfberar, hvör 8 sk. | | 24 |
| Tvær meljur, hvör 8 sk. | | 16 |
| Þrír sekkir, hvör 24 sk. | | 72 |
| Ljóslampi | | 20 |
| Sex dönsk borð og nokkrar spýtur | 1 | |
| Þrjú dönsk borð | | 48 |
| Pallfjalir | | 64 |
| Páll | | 24 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Fjórar rekur, hvör 6 sk. | | 24 |
| Vírkambar | | 24 |
| Vefstaður | | 48 |
| Summa summarum | 146 | |

Skuldir á þessu sterfbúi framvísast þessar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Til höndlunarinnar á Vopnafirði 15 rd. 86¾ sk. courant, það til specie reiknað gjörir | 14 | 12 |
| 2. Þinggjald, fyrir árið 1784, sem lúkast átti á Ærlækjarþing | 1 | 44 |
| 3. Dito dito fyrir árið 1785 | 1 | 42 |
| 4. Skipta- og skrifaralaun við stervbúið | 1 | 50 |
| 5. Annars virðingamanns laun | | 16 |
| Summa skuldanna | 18 | 68 |

Skrá fylgir yfir það sem greitt var í skuldir og fengu kaupmaður og sýslumaður hluta úr Þorbrandsstöðum. Að skuldum frádregnum reiknaðist arfurinn 127 rd. 28 sk. og fékk ekkjan helming eða 63 rd. 62 sk. Hún gaf eftir bróðurlóð á þeim forsendum „að til so margra barna er að skipta mjög fátæku stervbúi“ og fengu synirnir því 10 rd. 58 sk. hver, þar af 5 rd. 48 sk. í jarðeign, og systurnar 5 rd. 29 sk., allt í lausafé. Lóðseðlar fylgja og undir gjörninginn skrifa Björn sýslumaður, Þórður Björnsson og Ásbjörn Jónsson.

## *Guðrún Ketilsdóttir*

Guðrún fæddist árið 1740. Foreldrar hennar voru séra Ketill Jónsson (1699–1778) og Guðrún Magnúsdóttir (1710–1742) á Húsavík. Fyrri eiginmaður hennar var Sigurður Sæmundsson (f. 1740) og áttu þau eina dóttur, Guðrúnu (1764–1812). Seinni maður hennar var Ásmundur Pálsson (1732–1818). Þau eignuðust fjögur börn, sem voru Halldór (1770–1845), Bergþóra (f. 1771), Þuríður (1773–1837) og Rannveig (1779–1851). Dánarbúið var skráð á Fjöllum í Kelduhverfi 7. júní 1786 og skipti fóru fram 31. maí 1787. Texti uppskriftarinnar er gefinn út eftir skiptabréfi sem fylgir dánarbúi

Ásmundar árið 1818, því kommusetning er þekkilegri þar en í skiptabókinni og ýmis atriði nákvæmari. Bæði eintök eru með hendi Þórðar Björnssonar (1766–1834), sem var sonur sýslumanns og tók við sýslunni að honum látnum árið 1796. Eini alvöru orðamunurinn er að þar sem hér segir „Brjóstadúkur af röndóttum dúk með silfurhúfuknöppum“ hefur bókin „Röndóttur dúkbolur með silfurhúfuknöppum“.[3]

Anno 1786 þann 7. júní að Fjöllum í Kelduhverfi var nálægur lögsagnarinn í Norðursýslu Björn Tómasson, að registrera sterbú sálugu Guðrúnar Ketilsdóttur og því að skipta milli hennar eftirlifandi ektamanns Ásmundar Pálssonar og þeirra barna, nefnilega Sigurðar, Bergþóru, Þórríðar og Rannvegar; ásamt dóttur þeirrar afdauðu konu, Guðrúnar Sigurðardóttur, sem tekur arf eftir móður sína, og fyrirfundust umgetins sterbús fémunir sem fylgir:

| | **Courant** | |
|---|---|---|
| | **rd.** | **sk.** |
| Í fríðu | | |
| Kýr rauðkinnótt ung, kálflaus, tvígeldmjólk | 5 | |
| Önnur svarthjálmótt, ung, síðbær | 5 | 60 |
| Eitt kúgildi í ásauð | 5 | 60 |
| Brúnn hestur 8 vetra | 4 | 48 |
| Annar dito rauður miðaldra | 4 | 48 |
| Tvær gimbrar með lömbum, hvör á 90 sk. | 1 | 84 |
| Tvær dito lamblausar, hvör 68 sk. | 1 | 40 |
| Tveir geldir gemlingar, hvör 64 sk. | 1 | 32 |
| Í fatnaði | | |
| Pils rautt af 35 fiska klæði | 1 | 44 |
| Rautt raskpils | | 68 |
| Blátt unglingspils af kersu | | 68 |
| Rauð rasksvinta með rokkborða | | 40 |
| Blá dito af kersu slitin | | 20 |
| Treyja með klæðisbol, prjónaermum og frunsu | | 48 |
| Dito af þráðardúk með kraga | | 52 |
| Hempa forn með gulu raskfóðri | | 68 |
| Önnur dito af vaðmáli slitin og bætt | | 24 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Kvenbolur af flekkóttu ullardamaski | | 40 |
| Annar dito af kalemanki | | 28 |
| Prjónasaumstreyja | | 24 |
| Nærtraf af grófu lérefti | | 16 |
| Smáléreftstraf | | 80 |
| Annað dito | | 60 |
| Dökkur silkiklútur lítill | | 36 |
| Annar dito meira slitinn | | 32 |
| Trélitaður dito | | 36 |
| Bláflekkóttur léreftsklútur | | 18 |
| Annar dito blaröndóttur | | 12 |
| Hvítur dito með rauðum röndum | | 32 |
| Tveir plusskragar, hvör 4 sk. | | 8 |
| Vaðmálsmussuföt borin með metalsknöppum | | 90 |
| Síðhempa bætt | | 36 |
| Brjóstadúkur af röndóttum dúk með silfurhúfuknöppum | 1 | |
| Léreftsskyrta | | 68 |
| Þráðardúksskyrta | | 32 |
| Unglingshempa | | 48 |
| Þrír silfursvintuknappar | 1 | 48 |
| **Í kistum** | | |
| Kista skrálæst með skúr á loki og kengjum | | 32 |
| Önnur dito með lömum | | 38 |
| Þriðja stór með lömum og lausri skrá | | 48 |
| Fjórða dito með ónýtri skrá og kengjum | | 24 |
| **Í sængurfötum** | | |
| Seglsæng bætt með dún | | 64 |
| Önnur með ónýtu vaðmálsveri | 1 | 32 |
| Brekán slitið | | 10 |
| Annað hringofið | | 48 |
| Einskefturekkvoðir bornar | | 48 |
| Aðrar bættar og slitnar | | 24 |
| Einskeftukoddar tveir | | 24 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| **Í reiðtygjum** | | |
| Kvensöðull með látúnsstykkjum og reiða | 2 | |
| Gjarðir með koparhringjum | | 48 |
| Beisli með koparkjálkum | | 68 |
| Þófi nær því nýr | | 80 |
| Söðulvefja | 1 | 16 |
| Kvensessa saumuð | | 64 |
| Karlmannshnakkur með reiða og ístöðum | 1 | 24 |
| Koparhringju- og járnhringjugjörð | | 32 |
| Beisli með járnstöngum | | 36 |
| Sessa | | 32 |
| **Í bókum** | | |
| Vídalínspostilla spennluð | | 90 |
| Sálmabók | | 36 |
| Vídalíns Kristindómur | | 16 |
| Skylda | | 16 |
| Vídalíns Sjöorðapredikanir | | 18 |
| Passíupredikanir | | 20 |
| Forfeðrabænabók | | 12 |
| Gerhardi hugvekjur gamlar | | 6 |
| Eintalið | | 10 |
| Fæðingarsálmar og Þórðarbænir | | 12 |
| Genesissálmar og Diarium | | 12 |
| **Í smíðatólum** | | |
| Steðji lítill | | 90 |
| Hamar | | 24 |
| Annar dito | | 10 |
| Töng | | 4 |
| Langsög | | 48 |
| Þversög | | 8 |
| Axartetur | | 4 |
| Torfljár | | 10 |
| Einn ljár og tvær spíkur | | 24 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| **Í elds- og búrsgögnum** | | |
| 50 marka pottur | 1 | |
| 30 marka dito | | 56 |
| 13 marka pottur | | 32 |
| Dito pottur rifinn | | 24 |
| 3 tunna kerhald | 1 | |
| 2 tunna dito | | 48 |
| Þriðja gallað | | 32 |
| 80 marka kerhald | | 12 |
| 70 marka dito | | 10 |
| Þrjú smákerhöld | | 14 |
| Þrjú trog | | 24 |
| Þrjár fötur | | 12 |
| Tinkanna | | 32 |
| Leirskál | | 4 |
| Fimm askar, hvör 4 sk. | | 20 |
| Fjögur matarföt, hvört 2 sk. | | 8 |
| **Í veiðigögnum** | | |
| Nótaflatbytta | | 68 |
| Nótarstykki 14 faðma | | 90 |
| Tvær nætur gamlar og slitnar | | 90 |
| Lagvaðstrossa og sóknir | 1 | |
| Tveir línustokkar | | 90 |
| **Í amboðum og aðskiljanlegu** | | |
| 1 fjórðungur kýrskinns | | 80 |
| 1 dito selskinns | | 68 |
| Þrenn ólarreipi | | 68 |
| Þrír klyfberar reiddir | | 36 |
| Rokkur gamall | | 32 |
| Tveir lárar | | 6 |
| Járnreisla með steinlóði | | 64 |
| Torfkrókar | | 9 |
| Páll | | 8 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Tvær rekur | | 9 |
| Þrjú orf | | 10 |
| Fimm hrífur | | 10 |
| Mannbroddar | | 8 |
| Lár gamall | | 16 |
| Í pallfjölum og aðskiljanlegum spýtum | | 44 |
| Summa | 77 | 94 |

Fleiri fémunir fyrirfinnast ekki þessu sterbúi tilheyrandi, nema jörðin Tungugerði 10 hndr. að dýrleika, hvörrar helmingur tilheyrir stúlkunni Guðrúnu Sigurðardóttur, sem er af fyrri giftingu barn og erfingi sálugu Guðrúnar Ketilsdóttur. Framar á sama stúlka hér í búinu innistandandi 8 hndr. 60 ál. í lausafé af föðurarfi sínum, eftir hér framvísaðs kaupmálabréfs, af 20. október 1770, slúttaðs milli sálugu Guðrúnar Ketilsdóttur og hennar ekkjumanns Ásmundar Pálssonar, innihaldi, hvört lausafé gjörir til courant reiknað 36 rd. 24 sk., hvar uppí Guðrún Sigurðardóttir undirréttast þó að hafa meðtekið nokkuð í fatnaði, þá héðan frá Fjöllum veik til Húsavíkur, hvör reikningur ekki verður að þessu sinni afgjörður.

Aðrar skuldir, sem af þessu sterbúi eiga útsvarast, eru: Kaupstaðar restants til Húsavíkur 31 rd. 14 sk., hvörri til betalings hálf jörðin Tungugerði, sem búinu tilheyrir, verður væntanlega auctioneruð og hæstbjóðanda burtseld í Húsavíkurkaupstað á yfirstandandi sumri.

Og þar ekki fleiri skuldir auglýsast, sem útlagðar verði af framanskrifuðum fémunum, en áður umgetnir 36 rd. 24 sk. til Guðrúnar Sigurðardóttur, so vill koma til skipta milli ekkjumannsins Ásmundar og barnanna, eftir hér gjörðri virðingu, 41 rd. 70 sk., hvað þó kann að hafa öðruvísi útfall, ef þetta sterbú verður auctionerað, á næstkomandi hausti.

Framanskrifaðri registrations forrétting til staðfestu eru hlutaðeigenda undirskrifuð nöfn. Actum ut supra.

Björn Tómasson — Þórður Björnsson
Þórarinn Guðmundsson — Viðstaddur var ég
Ásmundur Pálsson

Búinu var skipt 31. maí 1787 og hafði hálft Tungugerði verið selt á uppboði og andvirðið notað til að greiða skuldina við kaupmann. Það sem Guðrún hafði áður fengið í föðurarf var metið á 18 rd. 56 sk. og vantaði hana þá 17 rd. 64 sk. Úr dánarbúinu fékk hún tvær ær og tvo gemlinga, rautt pils og þráðardúkstreyju, smáléreftstraf, kvensöðul og söðulvefju, þófa, kistu með lömum, beisli með koparkjálkum, þriggja tunnu kerald, selskinn, kvenhempu með gulu fóðri, 30 marka pott, járnreislu, kvensessu, dökkan silkiklút, léreftsskyrtu og fimm guðsorðabækur. Að þessu afgreiddu komu 60 rd. 30 sk. til skipta og fékk Ásmundur helminginn „en hinn helmingurinn deilist milli allra barnanna", eftir því sem Björn sýslumaður ákvarðaði á Knútsstöðum þremur dögum síðar.

### *Erlendur Kolbeinsson*

Erlendur fæddist árið 1713. Foreldrar hans voru Kolbeinn Guðmundsson (1674–1742) og Guðrún Bjarnadóttir (f. 1688) sem bjuggu á Geirastöðum og Arnarvatni í Mývatnssveit. Eiginkona hans var Þórdís Brandsdóttir (1713–1794). Árið 1762 var Erlendur 48 ára bóndi á Brjámsnesi og á heimilinu voru 44 ára kona, áreiðanlega Þórdís, og 13 ára piltur sem hlýtur að hafa verið sonur þeirra. Ekki er annað vitað um hann og aðeins ekkjan er nefnd við skiptin. Erlendur lést 13. október 1789 úr innanmeini, elli og steinsóttarþvingun, eftir því sem fram kemur í prestsþjónustubók, og var grafinn viku síðar. Dánarbúið var skráð í Brjánsnesi 16. nóvember og er athygli vert að engin föt eru færð til bókar. Þórdís lést 16. ágúst 1794 og var dánarorsökin „langsöm innvortis eymd".[4]

Anno 1789, þann 16. nóvember, var af hreppstjórum Skútustaðahrepps uppskrifað og virt stervbú er tilféll að Brjámsnesi við Mývatn við dauða sáluga Erlends Kolbeinssonar, og fyrirfannst það so ásigkomið sem fylgir:

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Í lifandi | | |
| Kvíga að öðrum kálfi | 5 | 48 |
| Fimm ær ungar og gamlar | 3 | 32 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Ein ær dýrrifin | | 45 |
| Sex lömb | 1 | 64 |
| Í veiðigögnum | | |
| Skipræfill fúinn og lappaður óvatnsfær | 1 | |
| Flatbytna lasleg | 1 | |
| Tíu netjaræflar | 2 | |
| Í eldsgögnum | | |
| 60 marka pottur gamall | 1 | |
| 19 marka dito ónýtur | | 20 |
| Í búsgagni | | |
| Eitt stórkerhald gamalt fúið | | 32 |
| Fjórar smákollur og tvær fötur | | 16 |
| Tvö mjólkurtrog | | 16 |
| Handkvarnir með engum stokk | | 48 |
| Þrjár hálftunnur | | 8 |
| Kista botnlaus með ónýtri skrá og lömum | | 36 |
| Önnur gagnleg | 1 | 48 |
| Í rúmfötum | | |
| Ein sængurdýna, með bættu veri dúnlítil | | 32 |
| Ein einskefturekkjuvoð ný | | 32 |
| Brekánsræfill | | 10 |
| Tveir pokar nýtilegir | | 24 |
| Í bókum | | |
| Sjöorðabók | | 32 |
| Lutheri stærri Catechismus afgamall | | 24 |
| Vídalíns Kristindómur | | 24 |
| Graduale gamalt | | 24 |
| Oddsbænir | | 8 |
| Fæðingarsálmar | | 6 |
| Í aðskiljanlegu | | |
| Rokkur brotinn | | 16 |
| Vefstaðsnefna | | 31 |
| Sex pallfjalir | | 32 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Þrír pallstokkar og einn rúmstokkur | | 12 |
| Tvenn ólarreipi | | 32 |
| Járnreisla | | 68 |
| Tveir klyfberar gamlir | | 8 |
| Einn páll | | 16 |
| Ein reka | | 10 |
| Tvö beisli | | 64 |
| Tvær járnhringjugjarðir slitnar | | 10 |
| Axarauga | | 4 |
| Torfljár brúkaður | | 8 |
| Fjögur ljáspíkabrot | | 12 |
| Þrjú hrífusköft | | 6 |
| Tvö orfabrot ónýt | | 4 |
| Tveir heykláfar | | 10 |
| Summa | 25 | 8 |

Af þessum fémunum takast stervbúsins skuldir, sem að meðreiknuðum begravelseskostnaði reiknast til 12 rd. Verður þá beholdningin 13 rd. 8 sk., hvar af ekkjan Erlends sáluga eftir gjörðu kaupmálabréfi tekur fyrst helminginn 6 rd. 52 sk. og síðan fjórðung hins annars helmings, nefnilega 1 rd. 61 sk. En þeir 4 rd. 87 sk. sem þá eru eftir falla í hlut útarfa, sem eru þrír bræður og fimm systur Erlends sáluga eður þeirra niðjar. Verður þá hvör bróðurhlutur 86 sk. og hvör systurpartur 43 sk. Til staðfestu eru undirskrifuð nöfn, stað, ár og dag sem fyrr segir.

Halldór Jónsson
Þórður Jónsson

### *Magnús Tómasson*

Magnús fæddist árið 1743 og var faðir hans Tómas Vigfússon (1717–1780) bóndi á Rauðá í Bárðardal, en ekki er vitað hver móðirin var. Þann 20. apríl 1778 gekk Magnús að eiga Guðlaugu Árnadóttur (1750–1830) og eignuðust þau tvo syni, Tómas (1783–

1846) og Jón (1787–1865). Þau bjuggu í fyrstu á Rauðá. Fram kemur í uppskrift á dánarbúi hans 29. september 1789 að þau skildu af völdum harðinda nokkrum árum fyrr og hún fór á sína sveit. Ekki kemur fram hvar dánarbúið var skráð en Magnús bjó í Reykjadalshreppi þegar hann lést.[5]

Anno 1789, þann 29. september, voru eftirlátnir fémunir Magnúsar sáluga Tómassonar sundurdeildir af sýslumanni Tómassyni, hvörjir áður af hreppstjórunum í Reykjadal, eftir sýslumannsins befaling, voru uppskrifaðir og virtir, sem hér segir:

| | **Courant rd.** | **sk.** |
|---|---|---|
| Sortuð útslitin mussa með dönskum knöppum | | 20 |
| Buxur eins útslitnar | | 16 |
| Blá peysa með knöppum | | 90 |
| Græn kersa til brjóstadúks 7½ qvartil | | 64 |
| Ullskyrta slitin bætt | | 15 |
| Mórauðir íverusokkar | | 16 |
| Hvítir leistar | | 1 |
| Fjúkhetta | | 3 |
| Mórauðir sjóvettlingar | | 4 |
| Hvítir vettlingar | | 4 |
| Gráleitir dito | | 3 |
| Svartir með blómröndum | | 1 |
| Bláir dito | | 4 |
| Budda með knapparusli | | 2 |
| 19 danskir hornknappar | | 15 |
| Hestlás lykilslaus | | 6 |
| Í peningum | | 71 |
| Óþæfð nærbrók | | 37 |
| Utanhafnar peysuræfill | | 4 |
| Brók | | 2 |
| Sængurdýna stagbætt | | 38 |
| Forn einskefturekkvoð | | 10 |
| Önnur stagbætt | | 4 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Einskeftukoddi lítilfjörlegur | | 6 |
| Brekán tvö | | 8 |
| Mussuföt sauðsvört | | 26 |
| Peysuræfill | | 4 |
| Húfa | | 8 |
| Davíðssaltari | | 10 |
| Mysterium magnum | | 12 |
| Bænakver skrifað | | 6 |
| Fjórar sperrur | | 2 |
| Íleppar og bönd | | 1 |
| Fjórir beislisádrættir og buxnaknappar | | 8 |
| Gjarðarhringjur | | 4 |
| Tvö glös | | 4 |
| Brúsi | | 2 |
| Askur | | 5 |
| Fat | | 1 |
| Veturgömul gimbur geld | | 64 |
| Önnur dito | | 64 |
| Þriðja dito | | 64 |
| Tvær ær með lömbum | 2 | |
| Ein dito lamblaus | | 84 |
| Summa | 10 | 45 |

Skuldir á þessum fémunum eru þessar:

| | | |
|---|---|---|
| til Sigurðar Björnssonar á Laxamýri | | 24 |
| dito Illuga í Torfunesi | | 22 |
| dito fyrir líkkistusmíði | | 71 |
| til Magnúsar á Hólmavaði | 1 | 52 |
| til Guðlaugar Árnadóttur, konu Magnúsar heitins Tómassonar, sem á næstafliðnum harðindisárum skildi við hann, með sína litlu fémuni, og hefur síðan dvalið á sveit sinni við Mývatn, og ei álíst kunna að taka erfðaqvot úr þessum álnum, anfærist sem skuld | 1 | |
| Summa | 3 | 73 |

Skrá fylgir yfir það sem afgreitt var í skuldir og kostnað, og fékk Guðlaug aðra ærina með lambi, metna á ríkisdal. Eftir urðu 6 rd. 68 sk. sem Jón og Tómas skiptu á milli sín. Lóðseðlar fylgja og Björn Tómasson sýslumaður skrifaði undir á Knútsstöðum sama dag.

## *Björg Árnadóttir*

Björg fæddist árið 1733. Foreldrar hennar voru Árni Björnsson (f. 1705) og Ingibjörg Ólafsdóttir (f. 1701) á Sörlastöðum í Fnjóskadal. Eiginmaður Bjargar hét einnig Árni Björnsson (1729–1803) og voru börn þeirra Árni (1761–1839), Steinunn (1765–1836), Rafn (1769–1816), Páll (1771–1846) og Björg (1773–1813). Þau voru á Kaðalstöðum árið 1762 og þar lést Björg 22. febrúar 1793 úr taksótt eftir fjögurra daga legu; þess er getið í prestsþjónustubók að hún hafi átt sex börn. Jarðarförin fór fram 4. mars og dánarbúið var skráð 16. maí.[6]

Anno 1793 dag 16. maí að Kaðalstöðum í Fjörðum var registrerað sterbú sálugu Bjargar Árnadóttur af okkur hreppstjórunum Gísla Ásmundssyni og Sigurði Bjarnarsyni að nálægum ektamanninum Árna Björnssyni og börnunum, sem eru Árni 30 ára, er fyrir austan, Rafn 24 ára, Páll 22 ára, Steinunn 28 ára og Björg 20 ára. Fyrir komu fémunir sem fylgir:

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Kýr í standi | 8 | |
| Dito 12 ára kálflaus | 6 | |
| Dito kvíga kálflaus | 5 | |
| Hestur 15 vetra | 5 | |
| 17 ær | 17 | |
| Einn sauður gamall | 2 | |
| Sjö gimblingar | 5 | 80 |
| Mussufataspjarir | | 48 |
| Blá peysa gömul | | 32 |
| Blár brjóstadúkur gamall | | 48 |
| Rekkvoðir úr einskeftu fornar og skinndýna | | 48 |
| Tunnukerhald lítt brúkandi | | 80 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Dito skrifli | | 32 |
| Tunna matheld nokkuð | | 32 |
| Méltunna | | 12 |
| Strokkgrey | | 9 |
| 50 marka kolla gömul | | 13 |
| Þrjár kollur | | 18 |
| Þrjár fötur | | 18 |
| Þrjú smátrog | | 32 |
| Tveir leirdiskar og einn bolli | | 9 |
| Sex askar | | 24 |
| Ein tréskál | | 4 |
| Búrkista gömul og fúin | | 32 |
| 50 marka pottur | 1 | |
| Dito 15 marka | | 32 |
| Smiðjunefna lítt nýt | | 32 |
| Þófadýna með gjörð | | 24 |
| Þrennar bandreipalýjur | | 18 |
| Klyfberi óreiddur | | 10 |
| Fjórir kláfar lasnir | | 12 |
| Þrjár hrífur | | 9 |
| Tvær rekur varlausar | | 9 |
| Tvö orf | | 6 |
| Páll | | 20 |
| Exi | | 24 |
| Hálfvættarvog | | 32 |
| Átta fjalagrey og spýtur | 1 | |
| Klaufhamar og þversög | | 10 |
| Bátskrifli ónýtt | 1 | |
| Tvær handfæralýjur | | 40 |
| Vídalínspostilla í 2 tomis | | 64 |
| Tveir grallararæflar | | 32 |
| Sjöorðabók og tvennir Hallgrímssálmar | | 16 |
| Vídalíns Kristindómur | | 9 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Upprisusálmar með hugvekjum | | 24 |
| Fæðingarsálmar og bænakver | | 9 |
| Rokkur og ausa | | 24 |
| Langsagarstúfur | | 16 |
| Summa | 61 | 77 |
| Eigur Rafns Árnasonar eru öngvar. | | |
| En eigur Páls Árnasonar eru þessar: | | |
| Sortuð mussufatakorn | | 48 |
| Blá peysa og blá húfa | | 48 |
| Grænn bolur | 1 | |
| Kista | | 80 |
| Klútur | | 18 |
| Ein ær | 1 | |
| Einn gimlingur | | 80 |
| Summa | 4 | 82 |
| Eigur Bjargar Árnadóttur eru þessar: | | |
| Ein ær og gimlingur | 1 | 80 |
| Hempa gömul með saum | | 56 |
| Pils og svinta rauð | 3 | |
| Bolur röndóttur | | 32 |
| Tvö tröf | | 32 |
| Mittisband og kraganefna | | 16 |
| Rauður silkiklútur | | 32 |
| Kista lasin | | 32 |
| Léreftsklútur | | 24 |
| Summa | 7 | 16 |
| Eigur Steinunnar Árnadóttur eru þessar: | | |
| Ein ær og einn gimlingur | 1 | 80 |
| Hempa lasin | | 48 |
| Pils grænt fornt | 2 | |
| Pils grænt með dúk framan í | 1 | 48 |
| Treyja með kraga lasin | | 24 |
| Mittisband | | 16 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Tvö gömul tröf | | 32 |
| Rauður silkiklútur | | 40 |
| Annar klútur | | 14 |
| Kista | | 64 |
| Þríhyrna | | 10 |
| Summa | 7 | 88 |
| Sterbúsins summa | 61 | 77 |
| Eigur Páls | 4 | 82 |
| Eigur Bjargar | 7 | 16 |
| Summa summarum | 81 | 71 |

| | | |
|---|---|---|
| Skuldir sem eru á þessu sterfbúi eru þessar: | | |
| til prests og kirkju | 1 | 84 |
| til Sveins á Þönglabakka | 1 | |
| til Helgu á Þönglabakka | | 48 |
| til Bjarna Tómassonar | | 68 |
| til Sigmundar í Krosshúsum | 1 | |
| til Björns í Krosshúsum | | 68 |
| til Sigmundar í Flatey | | 32 |
| til Ólafs í Krosshúsum | | 18 |
| til Gríms á Brettingsstöðum | | 11 |
| til Jóns á Látrum | | 31 |
| til landsdrottins | 1 | 84 |
| í kaupstaðinn | | 40 |
| skiptalaun og skrifarapeningar | 1 | 8 |
| til virðingarmanna | | 64 |
| Skuldanna summa | 10 | 76 |

Skrá fylgir yfir þá muni sem fóru í skuldir og til skipta komu 70 rd. 91 sk. Árni fékk helminginn, bræðurnir 8 rd. 83½ sk. hver og systurnar 4 rd. 41¾ sk. Lóðseðlar barnanna fylgja. Mest af því sem Páll, Björg og Steinunn eru skráð fyrir í sjálfri uppskriftinni höfðu þau áður fengið hjá föður sínum, sum of mikið og skiluðu þá

einhverju til hans eða annars systkinis, þannig að á endanum fengu allir réttan hlut. Lokið var við skiptagjörninginn að Grýtubakka 21. maí 1793 og undir skrifa Gísli Ásmundsson, Björn Tómasson, Sigurður Bjarnason og Guðmundur Jónsson.

## TILVÍSANIR

1 ÞÍ. Rentukammer D1/12. Manntal 1762. Þingeyjarsýslur og Múlasýslur, nr. 137. Skinnastaður, bl. 10v–11r; Kirknasafn. Hof í Vopnafirði BA 1. Prestsþjónustubók 1784–1816, bls. 241. Sóknarprestur Árna setti dagsetninguna 8. júní við andlátið, sjá Skinnastaður BA 1. Prestsþjónustubók 1787–1817, bls. 14–15.

2 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Þing. ED1/8, 1. Skiptabók 1784–1793, bls. 15–20. Um orðið, sjá ritmálssafn Orðabókar Háskóla Íslands á vefslóðinni www.arnastofnun.is/page/ritmalssafn -> leit að „ems“.

3 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Þing. ED2/2. Dánarbú 1818–1825, örk 3, bl. 33r–35v; Þing. ED1/8, 1. Skiptabók 1784–1793, bls. 32–35.

4 ÞÍ. Rentukammer D1/12. Manntal 1762. Þingeyjarsýslur og Múlasýslur, nr. 139. Skútustaðir og Reykjahlíð, bl. 1v–2r; Sýsluskjalasafn. Þing. ED1/8, 1. Skiptabók 1784–1793, bls. 82–83; Kirknasafn. Mývatnsþing BA 1. Prestsþjónustubók 1785–1816, bls. 28–29, 36–37. Um soninn nafnlausa, sjá einnig Indriða Indriðason, *Ættir Þingeyinga* III, bls. 261.

5 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Þing. ED1/8, 1. Skiptabók 1784–1793, bls. 71–72.

6 ÞÍ. Rentukammer D1/12. Manntal 1762. Þingeyjarsýslur og Múlasýslur, fremst: Þönglabakki og Flatey, bl. 2v–3r; Kirknasafn. Þönglabakki BA 1. Prestsþjónustubók 1785–1816, bls. 28–29; Sýsluskjalasafn. Þing. ED1/8, 1. Skiptabók 1784–1793, bls. 40–44.

# Suður-Múlasýsla

*1786–1793*

## *Einar Grímsson*

Einar fæddist árið 1732 og eru foreldrar hans óþekktir. Eiginkona hans var Elín Jónsdóttir (f. 1734) og börn þeirra Árni (1762–1825), Helga (f. 1764) og Björg (f. 1766). Þau hjónin voru í húsmennsku í Barðsnesi við Norðfjörð árið 1762. Ekki er vitað hvenær Einar lést en dánarbú hans var skráð í Barðsnesgerði 2. apríl 1786. Í uppskriftinni er skammstöfunin f. fyrir fiska notuð í stað s. eða sk. fyrir skildinga og jafngilti einn fiskur tveimur skildingum.[1]

Anno 1786 þann 2. apríl að Barðsnesgerði voru að mínu forlagi uppskrifaðir og virtir þeir fémunir sem fundust í tilföllnu sterbúi eftir Einar heitinn Grímsson sem fylgjandi erfingja eftir sig látið hefur. Nefnilega ekkjuna Elíni Jónsdóttur og þrjú þeirra eftirlifandi börn, nefnilega Árna, Helgu og Björgu. Voru so af ekkjunni framvísaðir eftirskrifaðir fémunir sterbúinu tilheyrandi:

| | Specie rd. | f. |
|---|---|---|
| Í fríðu | | |
| 1. Kvíga þrevetur | 3 | |
| 2. Hestur 12 vetra | 3 | |
| 3. Tólf ær | 8 | |
| 4. Níu gemlingar | 3 | |
| Í fötum | | |
| 5. Klæðisfat blátt af varningsklæði nokkuð brúkað | 1 | 24 |
| 6. Klæðisfat nýtt lítið | 1 | 24 |
| 7. Rautt kessupils lítið bætt, gagnlegt | 1 | |

| | rd. | f. |
|---|---|---|
| 8. Græn svinta með þremur koparhnöppum brúkuð | | 30 |
| 9. Flónelssvinta mikið brúkuð | | 24 |
| 10. Blá sveipa ný með þremur koparhnöppum og borða | 1 | |
| 11. Prjónasaumstreyja lítið brúkuð | | 40 |
| 12. Vaðmálstreyja lítil mikið borin | | 24 |
| 13. Treyja mikið slitin | | 12 |
| 14. Vaðmálshempa vel hálfslitin | 1 | |
| 15. Þrjú belti, tvö þar af saumuð, eitt með koparstykkjum | 1 | |
| 16. Tvö tröf nokkuð brúkuð | 1 | |
| 17. Í duggu- og kaupstaðarsilkjum fátæklegum | | 15 |
| 18. Þrír dugguklútar | | 24 |
| 19. 1 alin af kartúni | | 16 |
| 20. Léreftsklútur slitinn | | 12 |
| 21. Þrjú styttubönd ofin | | 10 |
| 22. Trafaeskjur gamlar | | 4 |
| 23. Tvær pott- og ein merkurflaska | | 6 |
| 24. Prjónapeysa borin með tinhnöppum | 1 | |
| 25. Vaðmálsmussa hálfslitin með koparhnöppum | 1 | |
| 26. Önnur dito nokkuð bætt | | 12 |
| 27. Prjónabuxur mikið slitnar | | 10 |
| 28. Hattur gamall | | 12 |
| Í bókum | | |
| 29. Hálf Jónspostilla gömul | | 24 |
| 30. Hálf Gíslapostilla | | 12 |
| 31. Nýr Grallari | | 30 |
| 32. Hugvekjur | | 24 |
| 33. Fjögur sálmakver lítil | | 30 |
| 34. Píslarþankar nýir | | 12 |
| 35. Passíupredikanir | | 16 |
| 36. Þórðarbænir nýjar | | 8 |
| Í búsgagni | | |
| 37. Vættarkista gömul | | 30 |
| 38. Ein dito gömul | | 20 |

| | rd. | f. |
|---|---|---|
| 39. Ein dito með litillri læsing | | 15 |
| 40. 2 tunnu kerald gagnlegt | 1 | 12 |
| 41. Fimm skjólur allar fánýtar | | 16 |
| 42. Fimm trog sum gagnleg | | 24 |
| 43. Fimm kirnur gamlar | | 15 |
| 44. Fjalviður allur | | 20 |
| 45. Fjórir askar gamlir | | 10 |
| 46. Fjórir diskar fánýtir | | 6 |
| 47. Pottur vóg 1½ fjórðung eyralaus | | 20 |
| 48. Pottur vóg 3½ fjórðung með járngjörð eyralaus | 1 | 20 |
| 49. Pottur vóg 2½ fjórðung klofinn með járngjörð, sett á eyrað | 1 | |
| 50. Tveir lásar | | 12 |
| 51. Fimm hrífur, tvö orf | | 6 |
| 52. Mannbroddar | | 12 |
| 53. Fimm ljáir brúkaðir | | 15 |
| 54. Þrjú hárreip lasin | | 8 |
| 55. Þófi gamall | | 15 |
| 56. Tvær gjarðir, ein ístöð, allt fánýtt | | 6 |
| 57. Klyfberi | | 4 |
| 58. Þrír klippingar | | 15 |
| 59. Leðurhúð vóg 8 pund | | 40 |
| 60. Kola | | 4 |
| Er so heila sterbúsins summa | 45 | 32 |

Verslunarskuld á Reyðarfirði nam 10 rd. 27½ f. og þinggjald til sýslumanns 11 f., en skipti og skiptabréf kostuðu 36 f. Virðingarmenn fengu 10 f. hvor og eftir voru 33 rd. 33½ f. Elín fékk helminginn eða 16 rd. 40¾ f. og 5 rd. 29½ f. í bróðurlóð: „hvert ef giftist börnunum afturskilar“. Þetta voru 22 rd. 22¼ f. en Árni fékk 5 rd. 29½ f. en systurnar 2 rd. 38½ f. hvor um sig í systurlóð. Lóðseðlar ekkjunnar og barnanna fylgja, ásamt því sem var sett í skuldir og kostnað. Undir skrifa Jón Sveinsson sýslumaður, Davíð Jónsson, Elín Jónsdóttir, Erlendur Árnason.

*Eyjólfur Jónsson*

Eyjólfur fæddist árið 1750. Foreldrar hans voru Jón Hinriksson (f. 1698) og Sigríður Hálfdanardóttir (f. 1712) sem um skeið bjuggu á Lambleiksstöðum á Mýrum í Austur-Skaftafellssýslu en síðast í Fossárdal í Berufirði. Þar var Sigríður ekkja árin 1773–1776 og Eyjólfur hjá henni, en jafnframt kona hans Margrét Sveinsdóttir (1750–1801) síðasta árið. Börn þeirra voru Sigríður (f. 1775), Sveinn (1779–1843) og Sigríður (1784–1843). Þau voru í Fossárdal til ársins 1784 og aftur frá og með 1787. Þar lést Eyjólfur 30. september 1791 „úr stríðri landfarsótt" og var grafinn 4. október: „lét eftir þrjú börn lifandi", bætir prestur við. Dánarbúið var skráð 30. maí 1792.[2]

Anno 1792 þann 30. maí að Fossárdal var að mínu forlagi uppskrifað og virt sama staðar tilfallið sterbú við afgang Eyjúlfs Jónssonar þar búandi, hver þessa erfingja eftirskilið hefur, sína eftirlifandi ekkju Margrétu Sveinsdóttir og þeirra sameiginleg egtabörn Svein 13 vetra, Sigríði 16 og enn Sigríði 8 ára, af hreppstjóranum Jóni Jónssyni og bóndanum Jóni Jónssyni. En sterbúsins fémunir framtöldust þessir:

| | Courant rd. | sk. |
|---|---|---|
| Í fríðu | | |
| 1. Hestur 19 vetra | 2 | 24 |
| 2. Meri 19 vetra | 2 | 24 |
| 3. Kýr 18 vetra | 3 | 36 |
| 4. 40 ær með lömbum á 90 sk. | 37 | 48 |
| 5. Sjö sauðir tvævetrir á 68 sk. | 4 | 92 |
| 6. 24 gemlingar | 11 | 24 |
| Í búsgagni | | |
| 7. 3 tunnu ker gamalt | 1 | 48 |
| 8. Fimm trog | | 48 |
| 9. Fimm skjólur | | 48 |
| 10. Strokkur gamall | | 18 |
| 11. Sjö trébollar | | 27 |
| 12. Sex askar | | 40 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 13. 110 marka pottur | 5 | |
| 14. Tveir dito 15 merkur hver | 1 | 26 |
| 15. Þrír ljáir | | 40 |
| 16. Langsög, klaufhamar, naglbítur | | 22 |
| 17. Fimm kirnur til samans | | 54 |
| 18. Skarexi, tvær sigðir | | 15 |
| 19. Tvennir mannbroddar | | 34 |
| 20. Vog gömul | | 48 |
| 21. Páll og lítið járn | | 48 |
| 22. 2 tunnu ker | | 48 |
| 23. Kvern gömul | | 18 |
| 24. Stólkambar gamlir | | 8 |
| 25. Stór kista gömul | | 48 |
| 26. Kista ólæst lítil | | 24 |
| 27. Þriðja dito læst gömul | | 38 |
| 28. Læstur kistill | | 18 |
| 29. Þrír tunnuskrokkar | | 13 |
| 30. Reka og broddstöng | | 24 |
| 31. Tvær kvíslir, þrjár hrífur | | 15 |
| 32. Tvö orf, hór etc. | | 28 |
| 33. Tveir klyfberar líttnýtir | | 14 |
| 34. Tvenn ólreipi | | 22 |
| 35. Þrennar koparhringjugjarðir | | 54 |
| 36. Ístöð, þófól | | 34 |
| 37. Beisli með koparkjálkum | | 48 |
| 38. Tvö beislisslitur | | 27 |
| 39. Tvö kaðaltaumabeisli | | 10 |
| 40. Þófi gagnlegur | | 54 |
| 41. Klúka | | 68 |
| 42. Kvensöðull útslitinn | | 68 |
| 43. Þrír klútar | | 78 |
| 44. Tvö gömul silki | | 58 |
| 45. Flosbelti og kragi | | 27 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 46. Þrjú tröf gömul | 1 | |
| 47. Hattur gamall | | 34 |
| 48. Kvenhöttur og lindaband slitið | | 36 |
| 49. Söðuláklæði gamalt | 1 | 12 |
| 50. Kvenhempa með borðum | 2 | |
| 51. Klæðisfat | 2 | 24 |
| 52. Klæðissvinta með þremur silfurknöppum | 2 | 51 |
| 53. Svinta gömul | | 24 |
| 54. Treyja gömul með kraga | | 36 |
| Í bókum | | |
| 55. Biblía | 1 | 48 |
| 56. Jónspostilla | 1 | 48 |
| 57. Gerhardi hugvekjur með sálmum | | 32 |
| 58. Arnts Kristindómur | | 27 |
| 59. Sálareintal | | 24 |
| 60. Passíupredikanir, Upprisuhugvekjur | | 45 |
| 61. Þórðarbænir | | 8 |
| Í aðskiljanlegu | | |
| 62. 15 greniborð á 11 sk. | 1 | 69 |
| 63. Tíu spýtur og hurðarflak | | 32 |
| 64. Fjárhús | | 48 |
| 65. Fimm trégrindur, þrjár grenispýtur, börur | | 81 |
| 66. Vefstaður gamall | | 34 |
| 67. Þrír spænir á 9 sk. | | 27 |
| 68. Þrennir prjónar | | 20 |
| 69. Látúnsprjónar | | 9 |
| 70. Þrír meisar, tveir lárar | | 29 |
| 71. Sessa gömul | | 16 |
| 72. Skemma 5 faðma löng, 2 breið, læst með hurð á járnum | 5 | 48 |
| Útgjörir þá sterbúið in summa | 107 | 72 |

Skuldir voru nokkrar eða 3 rd. til Sigurðar á Þorvaldsstöðum, 48 sk. til Indriða Ásmundssonar á Borg, 45 sk. til Brynjólfs Péturssonar

læknis á Brekku og 24 sk. til Sigmundar á Bæ í Lóni og Þorsteins á Geithellum hvors um sig. Virðingarmenn fengu ótilgreinda upphæð og sýslumaður 83 sk. í ógoldið þinggjald en 1 rd. 90 sk. fyrir skipti og skiptabréf. Skuldanna summa var 7 rd. 89 sk. og til skipta komu 99 rd. 79 sk. Margrét fékk helminginn eða 49 rd. 87½ sk., Sveinn 14 rd. 25 sk. og systurnar 7 rd. 12½ sk. hvor. Móðir Margrétar, Sigríður Árnadóttir (f. 1713), var á lífi og hafði „áður í þetta bú innborið sinn mála, hvar fyrir sýnist óbillegt að hún nú í örverpi komin skuli þaðan víkja slipp og snauð". Var ákveðið að hún fengi „jafnt með systrum" eða 7 rd. 12 sk. Lóðseðlar fylgja og má ætla að Margrét hafi hugsað sér að halda áfram búskap, því í lokin segir: „Lóð hinna ómyndugu barna ef ekkjan bregður búi verður í hreppstjóra umsjón". Undir skrifa Jón Sveinsson sýslumaður og tveir Jónar Jónssynir. Margrét og börnin bjuggu í Fossárdal í nóvember 1792 og hún sögð „fróð, óstillt", en voru farin tveimur árum síðar.[3]

## *Ásdís Hermannsdóttir og Jón Jónsson*

Ásdís fæddist árið 1760 og voru foreldrar hennar Hermann Einarsson (1721–1767) og Guðný Gissurardóttir (1735–1767) í Fagradal í Breiðdal. Þann 22. febrúar 1784 giftist hún Jóni Jónssyni (1757–1787) og voru bæði í vinnumennsku í Fossárdal hjá Eyjólfi Jónssyni og Margréti Sveinsdóttur (sjá hér á bls. 184). Skilmálar voru hundraðs kjörgripur og helmingafélag. Þau bjuggu síðan í Berufjarðarhjáleigu ytri. Einar sonur þeirra fæddist 7. maí 1784 og lést 10. ágúst úr „sóttveiki"; hafði Eyjólfur í Fossárdal verið meðal guðfeðgina. Jón Jónsson lést úr bólusótt 6. janúar 1787 og var grafinn fimm dögum síðar, en 19. janúar „egta meybarn" þeirra Ásdísar, sem fæddist andvana deginum áður: „meinast dáið hafa úr bólunni í móðurlífi, af hvörri móðirin var haldin um sama skeið".[4] Ásdís giftist að nýju 21. september 1788, öðrum Jóni Jónssyni sem bjó fertugur við bústýru í Gautavík og var „vel að sér, polert" að mati sóknarprests. Ásdís var þá ekkja á Kambshjáleigu 28 ára með fyrirvinnu: „vel að sér, fróm". Skilmálar við giftingu voru helmingafélag „ef börn eru,

en ef ei, tekur það hjóna er lengur lifir tvo parta og útarfar aðeins þriðjung. Hér að auki er því sem lengur lifir tilsleginn kjörgripur og fjórðungsgjöf úr fé hins burtsálaða". Jón var ættaður úr Skagafirði og hafði numið grasafræði og jurtalækningar erlendis. Ekki er vitað hverjir foreldrar hans voru. Þau Ásdís bjuggu í Gautavík næstu árin og var Jón hreppstjóri. Þau eignuðust fjögur börn: Jón fæddist 7. febrúar 1789, Guðlaug 12. janúar 1790 og Guðrún 26. febrúar 1791, en Stefán fæddist og lést árið 1792.[5] Ásdís og Jón fórust í skriðuhlaupi í fárviðri 26. júní 1792, eftir því sem segir í prestsþjónustubók, og auka yngri sagnir því við að þau hafi verið í hellisskúta og mjólkað kvíaær. Jón „fannst upprekinn af sjónum" degi síðar og var grafinn 30. júní, en lík Ásdísar kom ekki fram og hélt prestur að það hefði orðið undir hlaupinu.[6]

Anno 1792 þann 28. júní að Gautavík var af hreppstjóranum Árna Gíslasyni uppskrifað og virt sama staðar tilfallið sterbú eftir þau í skriðuhlaupinu þann 26. ejusdem forgengnu hjón Jón Jónsson og Ásdísi Hermannsdóttir, hverra eftirlátnu fémunir fyrirfundust soleiðis:

| **No.** | | **Courant rd.** | **sk.** |
|---|---|---|---|
| | Í fríðu | | |
| 1. | Tveir hestar 20 vetra | 5 | |
| 2. | 20 sauðir tvævetrir | 14 | 22 |
| 3. | Sjö sauðir þrevetrir | 6 | 29 |
| 4. | 29 ær þar af 18 með lömbum | 18 | |
| | og 11 lamblausar | 6 | 39 |
| 4. | Tíu sauðir 4 á 5 vetra | 11 | 69 |
| 5. | 24 dito veturgamlir | 11 | 24 |
| 6. | Fjórir hrútar tvævetrir | 2 | 80 |
| | Í fatnaði | | |
| 7. | Forn vaðmálskjöll barkalitaður | 1 | 16½ |
| 8. | Klæðisvesti fornt og einskeftubuxur slitnar | 1 | 69 |
| 9. | Blá prjónpeysa með tinknöppum | | 56¾ |
| 10. | Ein dito lakari | | 45 |
| 11. | Klæðiskjöll lifrauður | 3 | 34 |

| No. | | rd. | sk. |
|---|---|---|---|
| 12. | Skinn- og klæðishúfa dönsk | 1 | 80 |
| 13. | Græn flónelspeysa fóðruð með dúk | 1 | 12 |
| 14. | Slitin vaðmálsreiðhempa forn | | 34 |
| 15. | Karlmannssokkabönd | | 15 |
| 16. | Sokkar bláir | | 13 |
| | hvítir | | 16 |
| 17. | Útprjónaðir karlmannsvettlingar | | 6 |
| | og kvenmanns dito bláir | | 7 |
| 18. | Skinnpeysa ný | 3 | 36 |
| 19. | Upphlutur með fati | 1 | 12 |
| 20. | Niðurhlutur | 1 | 48 |
| 21. | Blá svinta með silfurknöppum | | 68 |
| 22. | Treyja með tveimur krögum | | 48 |
| 23. | Kvenhempa betri með rauðum raskdregli | | 90 |
| 24. | Önnur dito lakari með borðatötrum | | 34 |
| 25. | Flosbelti með pörum | | 27 |
| | Eitt dito paralaust | | 20 |
| 26. | Tvö leturbönd | | 7 |
| 27. | Tveir léreftsklútar | 1 | 12 |
| 28. | Tvö tröf | | 54 |
| 29. | Þrír silkiklútar hver einn slitinn | 1 | 20 |
| 30. | 3 álnir klæðis | 2 | 30¾ |
| 31. | Hattur | | 54 |
| | Í rúmfötum | | |
| 32. | Tvö brekán | 1 | 12 |
| 33. | Tvær hvíluvoðir | | 27 |
| 34. | Skinn og boldangs beðjardýna | | 22½ |
| | Í peningum | | |
| 35. | 60 cronur heilar | 42 | 48 |
| 36. | 7 rd. til specie í rixortum, ½ cronum etc. | 7 | 84 |
| 37. | 8 rd. til specie í 8, 10, 16 sk., 2 mark, croner, ½ specie | | 9 |
| 38. | Í courant | | 20 |

| No. | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Í bókum | | |
| 39. Vídalínspostilla, Nýja sálmabókin annar partur | | 90 |
| 40. Verners Himinsvegur | | 34 |
| Grallari | | 10½ |
| 41. Antropologia sacra | | 9 |
| 42. Íslendingasögur | | 9 |
| 43. Mysterium magnum | | 5 |
| 44. Orusta og sigur trúarinnar | | 10½ |
| 45. Manuskript í 8vo, bænabók gömul | | 18 |
| 46. Catechismus stóri | | 5 |
| 47. Passíusálmar | | 5 |
| Í smíðatólum og aðskiljanlegu | | |
| 48. Skæri | | 5 |
| 49. Fjórar flöskur | | 16 |
| 50. Buxnaknappar | | 9 |
| 51. Vog | | 18 |
| 52. Járnkall 13 pund | | 68 |
| 53. Rokkur | | 34 |
| 54. Slaghamar | | 18 |
| 55. Klaufhamar | | 9 |
| 56. Töng | | 13½ |
| 57. Smiðjubelgsvirki | | 22½ |
| 58. Sög | | 9 |
| 59. Handöxi | | 7 |
| 60. 4 potta kútur | | 10½ |
| 61. Dallur | | 9 |
| 62. Þrennir járnprjónar og þrír kistlar | | 29¼ |
| Í reiðskap | | |
| 63. Klúka forn með sessu, ístöð, reiða, gjörð, hnappheldu | | 94½ |
| 64. Nýr þófi | | 34 |
| 65. Tvö beisli | | 34 |
| 66. Tveir undirgirðingar með beislistetri | | 5 |
| 67. Tveir klyfberar með reiðingum | | 28 |

| No. | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 68. Reip á þrjá hesta, gamall ullþófi | | 45 |
| Í búsgagni | | |
| 69. Skipskista gömul förvuð | | 90 |
| 70. Íslensk dito með skrá og lömum | | 45 |
| 71. Kista skrálaus | | 27 |
| 72. Stampspottur | 3 | 48 |
| 73. 30 marka pottur | | 45 |
| 74. 35 marka pottur | | 68 |
| 75. Lítill pottur | | 22½ |
| 76. 3 tunnu kerhald | 2 | 12 |
| 77. 1½ tunnu ker | 1 | |
| 78. 2 tunnu gallað | | 68 |
| 79. 1 tunnu ker | | 54 |
| 80. Strokkur | | 68 |
| 81. Átta trog | 1 | 12 |
| 82. Fjórar kirnur | | 22½ |
| 83. Eskjur | | 5 |
| 84. Skrína | | 13½ |
| 85. Tvær stórar kirnur | | 45 |
| 86. Þrjár skjólur gjarðlausar | | 5 |
| 87. Sex askar | | 9 |
| 88. Tin randfat 4 pund | | 68 |
| 89. Handkvern dönsk | | 68 |
| 90. Húðarskinn 1 fjórðungur | 1 | 12 |
| 91. Í rám og trjám | 1 | 57 |
| 92. Í heyi | | 54 |
| 93. Þverpoki | | 9 |
| 94. Tvö orf | | 7 |
| 95. Tvö hrip | | 7 |
| 96. Þrjár hrífur | | 7 |
| 97. Gamlir handkambar | | 9 |
| 98. Skaröxi | | 5 |
| 99. Tréskál með bresti | | 5 |

| No. | | rd. | sk. |
|---|---|---|---|
| 100. | Önnur dito | 3 | |
| | Þrír bollar og klyfberi óreiddur | | 18 |
| 101. | Lás | | 12 |
| 102. | Hjartarhornsknífur | | 6 |
| 103. | Hurð | | 13½ |
| 104. | Þrjár pakktunnur | | 40½ |
| | Tvær hálftunnur | | 14 |
| 105. | 22 pör prjónasaums | 2 | 6 |
| 106. | 2 tunnur byggmjöls | | 7 |
| 107. | Í skuldum útistandandi sterbúsins | 3 | 24 |
| 108. | Pallur með rúmum | 1 | 34 |
| 109. | Tvö pelglös | | 8 |
| 110. | Passíupredikanir gamlar | | 5 |
| 111. | Níu lambaskinn, fjórar gærur mislitar, nokkrar skuldir, skáldaðir bjórar með þvengjaskinnsroðum og 3 fjórðungar mislitrar ullar ásamt steðja allt virt til samans | 5 | 85 |
| | Hér að auk í peningum síðan viðbætt af hreppstjórum | 4 | |
| | Útgjörir sterbúið þá summa | 233 | 44¾ |

En þessa sterbúss útgangandi skuldir og bekostningar við hið sama angefast.

| | | rd. | sk. |
|---|---|---|---|
| 1. | Til monsieur Raben næstliðins árs landskuld af Gautavík 100 fiskar | 2 | 33 |
| 2. | Madame Höllu á Berunesi fyrir bekostning til útfararar, kirkjutíund af jörð og lausafé, lýsiskút, havkallsbein, sem og nú legkaup í allt | 2 | 51 |
| 3. | Til Sesselju Aradóttur fyrir 2 pund af hvítri ull | | 16 |
| 4. | Antonius á Tittlingi sem leitarmanns og í skuld | | 40 |
| 5. | Beykirs Helga fyrir skjólu járnbundna | | 48 |
| 6. | Marteins á Þiljuvöllum sem leitarmanns | | 22 |
| 7. | Kristjáns Þorgrímssonar sem leitarmanns og fyrir hans reisu til sýslumannsins | 1 | 94 |
| 8. | Eiríks Þórðarsonar á Berunesi fyrir leit | | 45 |
| 9. | Eiríks Jónssonar fyrir leit, registration og kistusmíði | | 76 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 10. Jóns á Skála í skuld | | 90 |
| 11. Sigurðar Þorsteinssonar fyrir útfararkostnað og fjárgöngur við sterbúið í þrjá daga | 1 | 54 |
| 12. Páls í Fossgerði fyrir fjögra daga þénustu við sterbúið | | 77 |
| 13. Til Steingríms og Jóns á Núpi fyrir dito, vurdering og kistusmíði | 1 | 12 |
| 14. Gróu Höskuldsdóttur fyrir tilsjón um sterbúið frá 28. júní til 10. júlí | 1 | 3 |
| 15. Til Árna Gíslasonar fyrir sitt ómak samt registration og vurdering í þrjá daga | | 68 |
| 16. Til síra Salómons fyrir inspection við sterbúið og líksöngseyrir | 1 | |
| 17. Til Sesselju Aradóttir í forsorgun til hausts | 1 | |
| 18. Tökupilts Gunnlaugs Brynjólfssonar í hýru og forsorgun | 2 | |
| 19. Sýslumanns Sveinssonar þinggjald 48 sk. fyrir þessa sterbús skipti 1 rd. 92 sk. skiptabréf á þremur örkum 1 rd. 48 sk. og genpart af sama 72 sk. | 4 | 68 |
| Er skuldanna summa | 24 | 29 |

Gengið var frá skiptum á Eskifirði 20. október 1792. Erfingjarnir voru börnin fjögur, Jón 4½ árs, Guðlaug 2½ árs, Guðrún 1½ árs og Stefán ¼ árs. Bróðurlóð var metið 61 rd. 23 sk. og haft aðeins 20 rd. hærra en systurlóð, sem varð 41 rd., í því skyni „að systurnar fái umboðspening og því heldur niðurdæmist í forsvaranlegt fóstur“. Stefán andaðist nokkru eftir að dánarbúið var skrifað upp, en dagsetningar er ekki getið: „hvers vegna hans umgetið arfalóð tilfellur hans systkinum og finnst viðbætt sérhvers lóðseðli að því frádregnu er fósturmóður hans madame Höllu úthlutaðist fyrir téðs Stefáns fóstur af hans lóði“, sem voru 6 rd. 94 sk. Lóðseðlar fylgja og er tilgreint það sem hvert barnanna fékk af því sem Stefán hafði átt að fá. Skuldir voru að mestu leyti greiddar í reiðufé. Þvínæst var ákveðið hvert börnin skyldu fara: „En þessi umgetnu börn eru soleiðis ráðstöfuð að Jón í staðinn Stefáns heitins inntekst í fóstur hjá madame Höllu Eiríksdóttur á Berunesi, Guðlaug hjá

hreppstjóranum Jóni Jenssyni á Núpi, en Guðrún hjá bóndanum Sigurði Þorsteinssyni á Steinaborg, hverra hver um sig vita skyldu sína að vera þeirra forverjarar undir hreppstjóra tilsjón". Arfurinn átti ekki að „eyðast sem annað rentulaust góss", heldur bar „áminnstum umboðshöldurum" að „þeir so framt þeir börnin í ómegð og óuppdregin frá sér láti, tilsvara þeim þá aftur þeirra fríðum arfi annaðhvort in natura eður í peningum eftir þeirri virðingu er skiptabréfið uppáhljóðar". Fjárhaldsmaður eða fósturforeldri máttu reikna sér 7 rd. courant á ári þangað til barnið væri fullra 10 ára, en eftir það 5 rd. að fullum 16 ára aldri „ef þess arfur so lengi til reynist". Undir skrifa Jón Sveinsson sýslumaður, Árni Gíslason, Salómon Björnsson og Jón Jensson.

### *Sigurður Arason*

Sigurður fæddist árið 1760 og var faðir hans Ari Sigurðsson (1728–1773) á Hnaukum í Álftafirði, en móðirin er óþekkt. Þann 14. september 1788 fór fram á Starmýri trúlofun Sigurðar og Guðleifar Jónsdóttur (1763–1843): „Skilmálar þeirra í milli eru stílaðir uppá helmingafélag af fengnu fé sem ófengnu, hvört sem vex eður þverrar, því til handa sem lengur lifir, og þar að auk allt það sem lög banna ekki, og uppberi það eftirlifandi". Þau voru gefin saman 19. október. Einkadóttir þeirra var Ingibjörg (1792–1843). Dánarbú Sigurðar var skráð 20. janúar 1793. Eyða er fyrir nafni Ingibjargar í formála og því aukið við hér.[7]

Anno 1793 dag 20. janúar að Starmýri við Álftafjörð var af hreppstjóranum Sveini Eyjólfssyni registrerað og virt samastaðar tilfallið sterbú við fráfall bóndans Sigurðar Arasonar, sem þessa erfingja eftirlátið hefur, nefnilega sína eftirlifandi ekkju Guðleifu Jónsdóttur og þeirra einasta egtabarn hálfs árs Ingibjörgu að nafni. Voru af ekkjunni framvísaðir eftirskrifaðir fémunir sterbúinu tilheyrandi:

| No. | | Courant rd. | sk. |
|---|---|---|---|
| | Í fríðu | | |
| 1. Ein kvíga | | 5 | |
| 2. Enn nú kvíga | | 5 | |
| 3. Færleikstrippi | | 3 | |
| 4. 25 ær með lömbum | | 28 | 12 |
| 5. 13 gemlingar á 90 sk. | | 12 | 18 |
| | Í fatnaði | | |
| 6. Skinnpeysa | | | 45 |
| 7. Brekán | | | 68 |
| 8. Tvær rekkvoðir | | 1 | 12 |
| 9. Koddi | | | 22 |
| 10. Vaðmálsbuxur brúkaðar | | | 45 |
| 11. Blá peysa ótilbúin | | 1 | 17 |
| 12. Slitnar buxur | | | 27 |
| 13. Slitin sessa | | | 22 |
| 14. Ábreiðunefna | | | 54 |
| 15. Mussa slitin | | | 34 |
| 16. Ein dito brúkuð | | | 68 |
| 17. Nærbuxur | | | 34 |
| 18. Síðhempa gömul | | | 68 |
| 19. Klæðisfat gamalt | | 1 | 12 |
| 20. Kessufat götótt | | | 34 |
| 21. Kvenhempa slitin | | | 79 |
| 22. Önnur betri | | 1 | 84 |
| 23. Treyja | | 1 | 12 |
| 24. Klæðissvinta | | | 79 |
| 24. Svinta með silfurknapp | | 1 | 39 |
| 25. Þriðja með silfurknapp | | 1 | 66 |
| 26. Klæðisfat með saum | | 2 | 78 |
| 27. Tvö tröf | | | 54 |
| 28. Tveir klútar | | | 68 |
| 29. Enn nú tveir klútar | | 1 | 66 |

| No. | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 30. Brjóstadúkur | | 68 |
| 31. Nærpeysa brúkuð | | 68 |
| Í bókum | | |
| 32. Sjóorðabók úr bandi | | 12 |
| 33. Sálareintal dito | | 22 |
| 34. Sálmabók gömul | | 34 |
| 35. Jónspostilla | 1 | 61 |
| Í búsgagni og amboðum | | |
| 36. Tinfat | | 54 |
| 37. Kista með læsing | | 68 |
| 38. Rokkur | | 68 |
| 39. Hattur | 1 | 12 |
| 40. Húfa | | 34 |
| 41. Fimm könnur | | 90 |
| 42. Skápur | | 58 |
| 43. Reiðfæri með ístöðum og tveimur gjörðum | | 68 |
| 44. Þófi | | 34 |
| 45. Beisli | | 54 |
| 46. 50 marka pottur gamall | 1 | 12 |
| 47. 30 marka dito götóttur | | 27 |
| 48. Leirskál | | 10 |
| 49. Tvö 2 tunnu og eitt tunnukerhald gömul | 3 | 36 |
| 50. Þrjár skjólur | | 54 |
| 51. Fimm trog | | 90 |
| 52. Tveir diskar | | 13 |
| 53. Þrír askar | | 34 |
| 54. Orf, tvær hrífur og tveir ljáir | | 34 |
| 55. Reiðingur | | 22 |
| 56. Reipi á sex hesta sum gömul | | 54 |
| 57. Fjórði partur í skipi | 1 | 66 |
| 58. Hálfur gagnvaður gamall | 1 | 12 |
| Summa | 96 | 82 |

Engar skuldir voru á búinu og Sveinn Eyjólfsson fékk 32 sk. fyrir virðinguna en Jón Sveinsson sýslumaður 1 rd. 84 sk. fyrir skipti og skiptabréf. Arfurinn nam því 94 rd. 62 sk. og fékk ekkjan helminginn eða 47 rd. 31 sk. og bróðurlóð uppá 23 rd. 68½ sk.: „hvörju síðara ef að nýju giftist hún barninu afturskilar". Lóðseðlar fylgja. Jón Arason á Þvottá, bróðir Sigurðar, var útnefndur „réttur lagaforverjari" Ingibjargar. Jón Sveinsson sýslumaður skrifaði undir skiptin á Eskifirði 13. apríl 1793.

## TILVÍSANIR

1 ÞÍ. Rentukammer D1/12. Manntal 1762. Þingeyjarsýslur og Múlasýslur, nr. 18. Skorrastaður og Hellisfjörður, bl. 6v–7r; Sýsluskjalasafn. S-Múl. ED1/1, 1. Skiptabók 1782–1799, bls. 101–105.

2 ÞÍ. Kirknasafn. Berufjörður og Berunes BC 1. Sóknarmannatal 1772–1785, bls. 20, 24, 26, 37, 38, 43; Berufjörður og Berunes BC 2. Sóknarmannatal 1785–1835, bls. 2, 6, 8, 9, 11, 14, 19; Berufjörður og Berunes BA 1. Prestsþjónustubók 1784–1816, bls. 199; Sýsluskjalasafn. S-Múl. ED1/1, 1. Skiptabók 1782–1799, bls. 281–284.

3 ÞÍ. Kirknasafn. Berufjörður og Berunes BC 2. Sóknarmannatal 1785–1835, bls. 21, 26.

4 ÞÍ. Kirknasafn. Berufjörður og Berunes BC 1. Sóknarmannatal 1772–1785, bls. 43; Berufjörður og Berunes BA 1. Prestsþjónustubók 1784–1816, bls. 23, 153, 189, 193, 199.

5 ÞÍ. Kirknasafn. Berufjörður og Berunes BC 2. Sóknarmannatal 1785–1835, bls. 7, 10, 15, 18; Berufjörður og Berunes BA 1. Prestsþjónustubók 1784–1816, bls. 28, 30, 154. Fæðing Stefáns er ekki færð til bókar.

6 ÞÍ. Kirknasafn. Berufjörður og Berunes BA 1. Prestsþjónustubók 1784–1816, bls. 200–201; Sýsluskjalasafn. S-Múl. ED1/1, 1. Skiptabók 1782–1799, bls. 272–279. Um Jón og skriðufallið, sjá *Longætt*, bls. 1157; Einar Jónsson, *Ættir Austfirðinga* VI, bls. 1172.

7 ÞÍ. Kirknasafn. Hof í Álftafirði BA 1. Prestsþjónustubók 1786–1815, bls. 157; Sýsluskjalasafn. S-Múl. ED1/1, 1. Skiptabók 1782–1799, bls. 279–281.



*Arfur Ingveldar Sigurðardóttur ekkju á Skarði eftir Guðnýju systur sína (sjá bls. 221). Hún fékk svuntu, skyrtugarm, kistu, nýtt pils og annað með upphlut, nærpilsgarm, sokka og aðra garma, bláan klút og hettu, samanlagt 5 ríkisdala virði. Sýslumaður skrifar textann og kvittar. ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Dal. ED1/3, 4. Skiptabók 1782–1804, bls. 193.*

# Dalasýsla

*1791*

## *Helgi Helgason*

Helgi fæddist 14. janúar 1758. Foreldrar hans voru Helgi Pálsson (1725–1785) húsmaður í Bjarneyjum og Elísabet Árnadóttir (1732–1809) húsfreyja í Langeyjarnesi á Skarðsströnd, gift Helga Ólafssyni (1730–1769) og höfðu þau hjónin tveimur árum fyrr eignast soninn Árna, sem lést á fyrsta ári. Árið 1761 eignuðust Helgi Pálsson og Elísabet svo dótturina Elísabetu (1761–1837) og með eiginmanni sínum átti hún Jóhannes árið 1765. Eiginkona Helga Helgasonar var Guðrún Jónsdóttir (1750–1805) og voru synir þeirra Jón (1787–1863), Helgi (1790–1831) og Sighvatur (1791–1820). Þau bjuggu á Krossi á Skarðsströnd frá því um 1786 og þar lést Helgi 20. október 1791. Var dánarbúið skráð mánuði síðar og skipti fóru fram vorið eftir. Verðmat er ekki gefið upp um nr. 105 og 106.[1]

Anno 1791 þann 22. nóvember var ég nærverandi á Krossi á Skarðsströnd í sterbúi eftir Helga Helgason, sem þar dó 20. október næstliðinn, hvört sterfbú var undir registrering og virðingu tekið með þar til útnefndum virðingarmönnum, nefnilega Jónasi Magnússyni og Örnólfi Þorsteinssyni, og var so eftirskrifað undir virðingu framlagt:

| | Specie rd. | sk. |
|---|---|---|
| **I. Í bókum** | | |
| 1. Gíslabók | | 16 |
| 2. Grallari | | 48 |
| 3. Gerhardi hugvekjur | | 40 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 4. Gömul sálmabók defect | | 12 |
| 5. Fæðingarsálmar | | 10 |
| 6. Vídalíns Heptalogus | | 24 |
| 7. Hústafla | | 20 |
| 8. Skrifuð messusöngsbók | | 4 |
| 9. Rímnakver úr bandi | | 12 |
| 10. Rímur af Þorsteini uxafót | | 8 |
| 11. Hólasögur í 4to lasnar | | 12 |
| 12. Atli síra Björns Halldórssonar | | 6 |
| 13. Læstur kistill undir bókunum | | 20 |
| II. Karlmannsfatnaður | | |
| 14. Mussa bætt með tinfyllingum | | 30 |
| 15. Buxur bættar | | 12 |
| 16. Ný mussa með vænum hnöppum | | 70 |
| 17. Buxnagarmar með buxnahnöppum | | 10 |
| 18. Nýjar buxur með dönskum hnöppum | | 40 |
| 19. Klæðisbrjóstadúkur | | 64 |
| 20. Blá peysa ný með beintölum | | 64 |
| 21. Þráðardúksskyrta | | 48 |
| 22. Dito bætt | | 24 |
| 23. Enn klæðisbrjóstadúkur með tinhnöppum | | 56 |
| 24. Ný peysa með dönskum hnöppum | | 80 |
| 25. Sortaðir sokkar | | 16 |
| 26. Stuðlavettlingar bláir | | 6 |
| 27. Bönd | | 10 |
| 28. Síðhempa nýleg með viðarhnöppum | 1 | |
| 29. Mórauðir sokkar með illeppum | | 20 |
| 30. Blá peysa gömul | | 24 |
| 31. Mórauð peysa forn | | 10 |
| 32. Tveir buxnagarmar | | 8 |
| 33. Blár peysugarmur með beintölum | | 5 |
| 34. Grá peysa slitin | | 10 |
| 35. Nærbuxur nýlegar | | 24 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 36. Mórauðir sokkar gamlir | | 6 |
| 37. Blá húfa forn | | 5 |
| III. Kvenfatnaður | | |
| 38. Nýleg kvenhempa | 1 | 32 |
| 39. 6 fjórðunga klæðisniðurhlutur | 2 | |
| 40. Fornt bolpils með upphlut | | 48 |
| 41. Klæðistreyja með borða framan | | 40 |
| 42. Svunta af 6 fjórðunga klæði með þremur vænum filagrans silfurhnöppum | 3 | 48 |
| 43. Höttur af fornu klæði með flöyelsborða | | 40 |
| 44. Græn klæðissvunta með silfurhnapp | 1 | |
| 45. Flosbelti með tinfylltum silfurpörum | | 48 |
| 46. Kragi með glertölum | | 32 |
| 47. Rauður dito með flöyelsborða | | 12 |
| 48. Rauður skákborðaklútur | | 64 |
| 49. Blár dito | | 28 |
| 50. Blár dito nýr | | 64 |
| 51. Þrír fornir klútar | | 32 |
| 52. Nýtt kattúnstraf | | 48 |
| 53. Dito kattúnstraf í sundur | | 10 |
| IV. Kistur og kistlar | | |
| 54. Vættarkista í góðu standi | | 80 |
| 55. Dito lakari | | 64 |
| 56. Forn kista lítt læst | | 52 |
| 57. Kistuskrifli | | 20 |
| 58. Nýleg skrína væn læst með járnböndum | | 64 |
| 59. Kistill | | 24 |
| V. Búrgögn | | |
| 60. 10 fjórðunga sár | | 40 |
| 61. Tunnusár | | 16 |
| 62. Dito | | 20 |
| 63. Eikartunna | | 20 |
| 64. Sex trog matheld | | 24 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 65. Þrjú smákerhöld | | 12 |
| 66. Fjórar fötur | | 12 |
| 67. Strokkur | | 20 |
| 68. Tinkanna forn | | 20 |
| VI. Eldsgögn | | |
| 69. 3 fjórðunga pottur | 1 | 32 |
| 70. Lítill pottur | | 32 |
| 71. Sex askar | | 16 |
| VII. Smíðatól | | |
| 72. Belgskrifli | | 16 |
| 73. Steðjagarmur | | 64 |
| 74. Lítill slaghamar | | 32 |
| 75. Töng | | 10 |
| 76. Klípitöng og löð | | 20 |
| 77. Nýr ljár, þrjár spíkur | | 24 |
| 78. Nafar | | 4 |
| 79. Íslenskar handkvarnir með stokk | | 32 |
| VIII. Reiðskapur | | |
| 80. Hnakkur með draffornri sessu, reiða, ístöðum og gjörðum | 1 | |
| 81. Þófagjörð með koparhringju | | 16 |
| 82. Beisli með koparstöngum | | 64 |
| 83. Dito lakari | | 24 |
| 84. Vefstaður laslegur | | 32 |
| 85. Tvö tunnuskrifli | | 10 |
| 86. Öxi | | 40 |
| 87. Skógaröxi og sniðill | | 16 |
| 88. Þófagarmar tveir | | 12 |
| IX. Rúmfatnaður | | |
| 89. Skinnsæng barleg | 1 | 32 |
| 90. Skinnkoddi með fiðri | | 16 |
| 91. Boldangskoddi lítill | | 4 |
| 92. Rekkjuvoðir fornfálegar | | 16 |
| 93. Enn nú rekkjuvoðir fornfálegar | | 16 |

| | | rd. | sk. |
|---|---|---|---|
| 94. | Brekánsgarmur | | 10 |
| 95. | Þverbakspoki | | 10 |
| 96. | Hattur | | 20 |
| 97. | Dito baðkúfur | | 20 |
| 98. | Þrjár flöskur | | 14 |
| | X. Amboð og þess háttar | | |
| 99. | Reipaslitur á átta hesta | | 48 |
| 100. | Kláfar | | 20 |
| 101. | Tveir klyfberar | | 16 |
| 102. | Tvö orf | | 12 |
| 103. | Hrífur og klár | | 20 |
| 104. | Börur | | 8 |
| 105. | Járnkall | | |
| 106. | Páll | | |
| 107. | Útdregið færi með blýsökku | | 32 |
| | XI. Hús og viður | | |
| 108. | Fjárhús | | 70 |
| 109. | Dito kofi | | 20 |
| 110. | Dönsk borð í búrinu | | 64 |
| 111. | Spýtur úti og í dyrum og í skemmu | | 40 |
| 112. | Pallur með rúmum, botnum og stiga | 1 | |
| 113. | Dito pallur | | 40 |
| 114. | Skemma læst | 1 | 48 |
| | XII. Lifandi peningur | | |
| 115. | Ein snemmbær kýr 10 vetra | 4 | |
| 116. | Ein góubær dito 5 vetra | 4 | |
| 117. | Enn nú ein góubær dito 5 vetra | 4 | |
| 118. | 19 ær með gimbrum | 12 | 64 |
| 119. | Tveir veturgamlir sauðir | 1 | 32 |
| 120. | Fjórir sauðir tvævetrir | 4 | |
| 121. | 16 lömb | 5 | |
| 122. | Hryssa útlifuð | 1 | 64 |
| 123. | Veturgamalt trippi | 2 | |

| | | rd. | sk. |
|---|---|---|---|
| 124. | Folald | 1 | 32 |
| 125. | Einn vænn róðrarbátur með öllu tilheyrandi | 10 | |
| 126. | Annar minni | 6 | |
| | | 100 | 40 |

Actum ut supra
Magnús Ketilsson

Skipti fóru fram á Krossi 18. maí 1792. Skuldir og kostnaður námu 12 rd. 19 sk. þannig að til skipta komu 88 rd. 21 sk. Guðrún átti samkvæmt kaupamálabréfi frá 9. apríl 1787 að fá helming eftirlátinna fémuna eða 44 rd. 20 sk. og þrír synir þeirra annan helming eða 14 rd. 67 sk. hver: Jón 4 vetra, Helgi 2 vetra og Sighvatur 1 árs. Jón varð eftir hjá móður sinni, Helgi fór til Jóns Jónssonar á Ballará og Sighvatur til Ívars Jónssonar á Melum: „En það sem hinum börnunum er úthlutað, Helga og Sighvati, er álitið fyrir eyðslueyrir. Móðirin er að sönnu formyndari barna sinna, en þó þeir sem börnin taka eru þeirra forverjarar meðan börnin hjá þeim eru“. Undir skrifa Magnús Ketilsson og Ívar Jónsson.

## *Sigríður Einarsdóttir*

Sigríður fæddist árið 1721. Foreldrar hennar voru Einar Jónsson (f. 1696) og Ingibjörg Bergsdóttir (f. 1691) á Geirmundarstöðum á Skarðsströnd. Eiginmaður Sigríðar var Jón Jónsson (f. 1720) og börn þeirra Guðbjörg (1754–1821), Einar (1755–1756), Einar (1757–1830), Ólafur (1760–1825), Guðrún (f. 1760), Jón (1760–1788), Ingibjörg (1762–1792) og Ragnhildur (1766–1843). Árið 1769 voru þau á Á og frá árinu 1780 bjó Sigríður sem ekkja á Krossi, með Jón son sinn sem fyrirvinnu. Þar lést hún 21. október 1791 og var dánarbúið skrifað upp mánuði síðar.[2] Uppboð fór fram samdægurs en svo gömul uppboðsbók er ekki varðveitt úr sýslunni.

Anno 1791 dag 22. nóvember var ég nærverandi á Krossi á Skarðströnd til að gjöra sterbús forretning eftir Sigríði Einarsdóttur, sem burtkallaðist þann 21. október næstliðna og voru hennar eftirlátnir fémunir undir registreringu og virðingu teknir með þessum virðingarmönnum, Jónasi Magnússyni og Örnólfi Þorsteinssyni, og kom þetta undir virðingu:

| | Courant rd. | sk. |
|---|---|---|
| Ein ær veturgömul | | 64 |
| Ein ær tvævetur | | 54 |
| Ein ær þrevetur | | 54 |
| Ein ær eldri, þó ei eldri en 6 vetra | | 45 |
| Ein ær dito, þó ei eldri en 6 vetra | | 45 |
| Ein ær dito, þó ei eldri en 6 vetra | | 45 |
| Eitt lamb | | 16 |
| Kýr 18 vetra gömul | 2 | 24 |
| Skinnsæng með fiðri forn | | 90 |
| Skinnkoddi með fiðri garmur | | 6 |
| Fornfálegt brekán | | 16 |
| Brekánsgarmur | | 2 |
| Sessugarmur og svæfilgarmur | | 5 |
| Tveir rekkvoðargarmar | | 7 |
| Ný rekkjuvoð | | 40 |
| Tvær skyrtur fornar | | 14 |
| Nærpilsgarmur og svuntugarmur | | 7 |
| Útstagaður pilsgarmur | | 10 |
| Peysugarmur | | 6 |
| Nýtt einskeftupils blátt | | 80 |
| Forn vaðmálshempa | | 48 |
| Beltisól með hringju | | 2 |
| Tunnusár | | 32 |
| Kistilskrifli | | 7 |
| 1 fjórðungur 13 merkur ullar, mikið af því þvegið | | 64 |
| Summa | 10 | 15 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Þetta hér framan- og ofanskrifað var sama dag selt á auction og hljóp sig til 12 rd. 76 sk. courant, sosem auctionsprotocolen útvísar bls. 14 | 12 | 76 |
| | | |
| Fyrir utan þetta framkom eftirskrifað undir registration og virðingu: | | |
| 7½ fjórðungur fiska, courant | 1 | 6 |
| Kroppur af kind á Skarði | | 32 |
| Tveir kroppar af kindum á Krossi | | 36 |
| ½ tunna undanrenningar súrmjólk | | 36 |
| Byrðuskrifli | | 22 |
| 1½ fjórðungur mörs | | 72 |
| Eitt trog og tveir dallar | | 13 |
| Kolla með ½ fjórðungi smjörs | | 27 |
| Mjölfjórðungur | | 13 |
| Ein fata | | 8 |
| Summa summarum | 16 | 53 |
| | | |
| Skuldir á þessum álnum eru: | | |
| Legkaup | | 54 |
| Líksöngseyrir | | 27 |
| Fyrir kistusmíði | | 27 |
| Fimm líkmenn, hvörjum 12 sk. | | 60 |
| 3 merkur brennivíns og saumur í kistu | | 40 |
| | 2 | 16 |
| | | |
| Þessir 2 rd. 16 sk. dregnir frá sterbúsins massa | 16 | 56 |
| skilja eftir | 14 | 37 |

Proclama í þessu sterfbúi var udstædt þann 24. október næstliðins til credi- og debitores að þeir skyldu hafa sig hjá mér innfundið intra medium hujus mensis og hafa sig öngvir angefið og öngvar skuldir á sterbúinu framkomið, utan restance til þeirrar fyrri kónglegu höndlunar uppá 9 rd., hvörjir dregnir frá áður eftirverandi 14 rd. 37 sk. skilja eftir 5 rd. 37 sk.

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Skiptaforvaltaralaun og skrifarapeningar gjöra courant | | 56 |
| og til tveggja virðingarmanna | | 32 |
| og fyrir auctionsholdelse | | 34 |
| | 1 | 26 |
| Verða þá eftir, sem til skipta koma | 4 | 11 |

Hlutaðeigendur og erfingjar í þessu sterbúi eru börn Sigríðar Einarsdóttur og barnabörn, nefnilega Einar Jónsson giftur og búandi. Ektafædd börn Jóns Jónssonar, nefnilega Sigríður 6 vetra, Guðmundur þrevetur og Steinný tvævetur. Ólafur sonur Sigríðar giftur, Guðbjörg ekkja, Guðrún ógift 27 ára, Ingibjörg gift og Ragnhildur 20 ára. Fær þá hvör bræðranna 79 sk. og hvör systranna 39½ sk. courant. Þeir 79 sk. sem börnum Jóns Jónssonar hlotnast skiptast soleiðis, nefnilega Guðmundur Jónsson fær uppá 39½ sk. og hvor þeirra systranna Sigríðar og Steinnýjar fær 19¾ sk.

Þeim óauctioneruðu fémunum á Krossi var soleiðis úthlutað og ráðstafað, eftir þörf nærverandi hlutaðeigenda:

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Einar Jónsson tekur við: | | |
| 7½ fjórðungur fiska | 1 | 6 |
| Byrðuskrifli | | 22 |
| Mjölfjórðungur | | 13 |
| | 1 | 41 |
| Hér af hefur Einar að svara Ólafi bróður sínum ef hann uppáheimtir | | 58 |
| Guðbjörg Jónsdóttir á Skarði tekur við kropp af kind á Skarði | | 32 |
| Dito öðrum á Krossi | | 36 |
| ½ tunnu undanrenningar súrmjólk | | 36 |
| | 1 | 8 |

Hér af hefur Guðbjörg að svara út til systra sinna: Guðrúnar 39½ sk. og Ragnhildar 25 sk. ef þær það heimta.

Ólafur á Skarði vegna konu sinnar Ingibjargar tekur við:

| | | |
|---|---|---|
| 1½ fjórðungur mörs | | 72 |
| Eitt trog og tveir dallar | | 13 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Kolla með ½ fjórðungi smjörs | | 27 |
| Fötu | | 8 |
| | 1 | 24 |

Hér af svarar hann til hinna systkinanna ef þau það heimta, nefnilega til Ragnhildar 14½ sk. og til Ólafs 21 sk. og til barna Jóns 45 sk. En af því auctioneraða tilheyrir þeim hjá sýslumanninum 34 sk. sem fellur til sveitarkassans. Fyrir skiptaréttinum var þeim nærverandi myndugu hlutaðeigendum boðið að taka að sér arfinn ef þeir vildu til skuldanna innan næstkomandi nýárs svara og stilla þar fyrir antakanlega caution, en með því þeir gátu öngva caution stillt og álitust sjálfir ei vederhæftugir, var so mikið á auction selt sem svara kunni því sem út átti að gjalda af sterbúinu. Actum ut supra.

Magnús Ketilsson

## *Sigurður Sigurðarson*

Sigurður fæddist árið 1731 og eru foreldrar hans óþekktir. Árið 1764 eignaðist hans soninn Sigurð og er ekki vitað hver móðirin var; fimm ára gamall var drengurinn tökubarn á Ballará. Eiginkona Sigurðar var Kristín Sæmundsdóttir (f. 1731) og börn þeirra Evfemía (1769–1833), Magnús (f. 1772) og Jón (1775–1831). Þau bjuggu í Ytri-Fagradal árið 1780 og skrifaði sóknarprestur að Sigurður væri „fákunnandi dánumaður" og Kristín „vel skýr og fróð, ei óskikkanleg". Í Fagradal voru þau næstu tvö árin að minnsta kosti en komin að Skarði árið 1784 og var hjá þeim 19 ára vinnumaður, Jón Jónsson, sem mun vera sá Jón smali sem kemur fyrir í uppskriftinni. Sigurður lést 25. október 1791 og var dánarbúið skráð 23. nóvember. Númer 59 vantar og ekki eru upphæðir allra útistandandi skulda tilgreindar. Athygli verð er sundurgreining fatnaðar.[3]

Anno 1791 þann 23. nóvember var ég nærverandi á Skarði á Skarðsströnd í sterbúi eftir Sigurð Sigurðarson, sem þar bjó og burtsálaðist þann 25. október næstliðinn, hvar þessir eftirskrifaðir voru hlutaðeigendur, nefnilega eftirlátin

ekkja Sigurðar Kristín Sæmundardóttir, skilgetin börn Eyfemía 22 ára og Jón 16 vetra, og Sigurður laungetinn, sem í kaupmálabréfinu er til arfs leiddur af föður sínum. Var so sterbúið undir registrering og virðingu tekið með þessum virðingarmönnum: Sigmundi Magnússyni og Jónasi Magnússyni, og framkom þetta eftirskrifað undir virðingu

| | Specie rd. | sk. |
|---|---|---|
| I. Í bókum | | |
| 1. Jóns biskups Vídalíns húspostilla | 1 | 32 |
| 2. Hugvekjur rotnar | | 16 |
| 3. Hallgríms- og Hugvekjusálmar | | 24 |
| 4. Vídalíns og Steins Föstupredikanir | | 24 |
| 5. Eintal | | 8 |
| 6. Fæðingarhugvekjur | | 2 |
| 7. Medicina animæ defect | | 2 |
| 8. Þórðarkver | | 10 |
| 9. Diarium | | 12 |
| 10. Fæðingarsaltari | | 8 |
| 11. Lassenii Vikubænir skrifaðar | | 4 |
| 12. Tvennar rímur | | 16 |
| II. Karlmannsfatnaður | | |
| 13. Mussa borin með viðarhnöppum | | 64 |
| 14. Buxur hálfslitnar | | 32 |
| 15. Mussa með dönskum hnöppum | 1 | |
| 16. Buxur með dönskum hnöppum nýlegar | | 48 |
| 17. Blá peysa með tinfylltum silfurhnöppum | 1 | 58 |
| 18. Buxur bættar | | 12 |
| 19. Síðhempa með pörum og viðarhnöppum | | 58 |
| 20. Klæðisbolur tvíhnepptur með tinhnöppum | 1 | 64 |
| 21. Hattur | | 8 |
| 22. Stuðlavettlingar nýir | | 20 |
| 23. Dito slitnir | | 10 |
| 24. Hvítar nærbuxur ótilsettar | | 24 |
| 25. Forn sessa | | 20 |
| 26. Blá peysa lítt slitin með tinhnöppum | | 80 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 27. Blár prjónbolur gatslitinn | | 20 |
| 28. Nærbuxur gráar | | 10 |
| 29. Dito bættar | | 12 |
| 30. Sauðsvartar vaðmálsbuxur bættar | | 10 |
| 31. Blár peysugarmur með tinhnöppum | | 16 |
| 32. Sauðsvartir sokkar bættir á hælum | | 10 |
| 33. Sokkagarmar | | 5 |
| 34. Prjónbuxur sortaðar | | 20 |
| 35. Floshelsi | | 16 |
| 36. Forn léreftsklútur | | 10 |
| Fatnaður Jóns | | |
| 37. Einskeftumussa með dönskum hnöppum | | 24 |
| 38. Vaðmálsbuxur með koparhnöppum stórum og viðarhnöppum | | 20 |
| 39. Blár prjónbolur með hnöppum | | 16 |
| 40. Blá peysa með hnöppum | | 64 |
| 41. Sortaðir sokkar bornir | | 10 |
| 42. Hattur með bandi | | 40 |
| 43. Vettlingar | | 8 |
| 44. Þrykktur klútur | | 8 |
| 45. Leggjabönd | | 10 |
| 46. Dito karlmannsbönd | | 12 |
| 47. Nærsokkar vantar neðan við annan | | 8 |
| 48. Prjónbuxur sauðsvartar | | 14 |
| 49. Blá húfa | | 12 |
| Fatnaður Eyfemíu | | |
| 50. Sparihempa af hreinlegu vaðmáli nýleg | 1 | |
| 51. Einskeftuhempa | | 32 |
| 52. Blátt klæðispils með rauðum upphlut | | 80 |
| 53. Græn svunta af 10 fjórðunga klæði með hnöppum af silfri | 1 | 32 |
| 54. Blá svunta forn með einum silfurhnappi | | 70 |
| 55. Grænt pils borið | 1 | |
| 56. Klæðistreyja slitin | | 10 |
| 57. Rauður kragi með flöyelsborða | | 20 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 58. Nýlegir kvensokkar | | 10 |
| 60. Dito lakari | | 7 |
| 61. Hvít húfa | | 8 |
| 62. Blár klútur | | 6 |
| 63. Flosbelti með koparpörum | | 48 |
| 64. Kattúnstraf | | 16 |
| 65. Léreftstraf gallað | | 16 |
| 66. Blár léreftsklútur með skákborðum | | 40 |
| 67. Grænt hálssilki | | 10 |
| 68. Rautt dito | | 12 |
| 69. Sortuð hvörndagssvunta | | 5 |
| 70. Þráðardúksskyrta | | 20 |
| Fatnaður Kristínar | | |
| 71. Blátt raskpils | | 32 |
| 72. Smávaðmálshempa slitin | | 48 |
| 73. Fornt upphlutspils af vaðmáli | | 18 |
| 74. Blá rasksvunta með tveimur silfurhúfuhnöppum | | 20 |
| 75. Svartur plydskragi | | 10 |
| 76. Svartur silkitrefill | | 2 |
| 77. Sokkar og háleistar | | 10 |
| 78. Mittisband | | 8 |
| 79. Kattúnstraf | | 24 |
| 80. Golgastrefill | | 2 |
| 81. Hvítur trefill | | 2 |
| 82. Svartur klútur | | 4 |
| 83. Rauðröndóttur handaklútur | | 3 |
| III. Rúmfatnaður | | |
| 84. Forn skinnsæng í rúmi Kristínar | | 70 |
| 85. Einskefturekkvoð nýleg | | 24 |
| 86. Tvær rekkvoðir slitnar í rúmi Eyfemíu | | 24 |
| 87. Tveir koddar | | 12 |
| 88. Skinndýna með fiðri | | 64 |
| 89. Sigurðar skinnsæng | 1 | 64 |

| | | rd. | sk. |
|---|---|---|---|
| 90. | Einskefturekkjuvoðir | | 24 |
| 91. | Brekán fornt | | 32 |
| 92. | Tveir koddar | | 16 |
| 93. | Skinnsæng forn í Hólmfríðar rúmi | 1 | 48 |
| 94. | Brekánsgarmur | | 10 |
| 95. | Sængardýna í Jóns smala rúmi | | 48 |
| 96. | Brekán | | 12 |
| 97. | Rekkvoð forn | | 6 |
| 98. | Koddi | | 4 |
| | IV. Búrgögn | | |
| 99. | Tunnusár laggbrotinn | | 40 |
| 100. | Dito lakari | | 32 |
| 101. | Sákerhald | | 24 |
| 102. | Þrjár kollur | | 16 |
| 103. | Fjórar fötur | | 16 |
| 104. | Sex trog | | 40 |
| 105. | Strokkur | | 36 |
| 106. | Tinkanna | | 40 |
| 107. | Átta askar | | 16 |
| 108. | Drukkjartunna í eldhúsinu | | 80 |
| 109. | Önnur dito á Geirmundarstöðum | | 80 |
| 110. | Skeggkarl | | 6 |
| 111. | Sleggjuflaska | | 4 |
| 112. | Lítill kútur | | 4 |
| 113. | Tjörutunna | | 24 |
| 114. | Sáskrifli | | 12 |
| 115. | Grenihálftunna | | 6 |
| 116. | Beykihálftunna | | 10 |
| 117. | Sákerhald | | 10 |
| 118. | Smjördallur | | 7 |
| 119. | Kvartél | | 2 |
| 120. | Tvær beyki- og eikarhálftunnur | | 20 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| **V. Í skinnum** | | |
| 121. Fjórðungur skóleðurs | 1 | |
| 122. 3½ fjórðungur sauðskinna | 2 | 32 |
| 123. Þrír skinnstakkar | | 64 |
| 124. Tvær brækur | | 40 |
| 125. Skinnsál | | 12 |
| **VI. Í kistum etc.** | | |
| 126. Vættarkista | | 64 |
| 127. 2 vætta kista forn | 1 | |
| 128. Skrína ný með nýrri skrá | | 64 |
| 129. Önnur dito | | 64 |
| 130. Lár með lás | | 64 |
| 131. Lítill kistill lamalaus | | 4 |
| 132. Fimm stokkar | | 10 |
| 133. Kista Eyfemíu | | 64 |
| 134. Dito Kristínar | 1 | |
| 135. Nýr pallkistill læstur | | 36 |
| 136. Kistilskrifli skorið | | 8 |
| 137. Lítill kistill | | 10 |
| 138. Gamall kistill | | 10 |
| 139. Stór pallkistill | | 20 |
| **VII. Reiðskapur** | | |
| 140. Hnakkur með gjörðum og lendlepp og reiða | | 64 |
| 141. Ólarbeisli með nýjum taumum | | 48 |
| 142. Lakara beisli | | 32 |
| 143. Ístaðagarmar | | 10 |
| 144. Kvenístöð | | 6 |
| 145. Tvö bandbeisli og bandarusl | | 16 |
| 146. Þrír klyfberar með reiðskap og fjórði óreiðaður | | 48 |
| 147. Ólarreipi 3½ par | 1 | |
| 148. Tólf pör bandreipa | 1 | 64 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| **VIII. Amboð** | | |
| 149. Torfljár | | 24 |
| 150. Reisla með steinlóði | | 24 |
| 151. Fimm rekur | | 64 |
| 152. Páll | | 18 |
| 153. Fimm hrífur með þremur hrífuhöfðum | | 24 |
| 154. Þrjú orf | | 24 |
| 155. Tvennir kláfar | | 48 |
| 156. Sjö meisar | | 32 |
| 157. Nýir kambar | | 32 |
| 158. Togkambar | | 10 |
| 159. Þrennir prjónar | | 24 |
| 160. Einn hærupoki | | 20 |
| 161. Einn dito betri | | 32 |
| 162. Lítill þverbakpoki bættur | | 8 |
| 163. Annar dito | | 8 |
| 164. Vefstaður | | 64 |
| 165. Ljábönd með engli, brýnum etc. | | 8 |
| 166. Sextugt færi | | 16 |
| **IX. Smíðatól og járn** | | |
| 167. Fimm hnífar | | 10 |
| 168. Tvær þjalir | | 4 |
| 169. Hestajárn | | 16 |
| 170. Ljáir átta og tvær spíkur | | 48 |
| 171. Rekið járn | | 6 |
| 172. Þrjár skógaraxir | | 40 |
| 173. Tveir sniðlar | | 8 |
| 174. Klaufhamar | | 12 |
| 175. Langviðasög | | 14 |
| 176. Skaröxi | | 26 |
| 177. Fjórir nafrar | | 12 |
| 178. Þrír heflar | | 8 |
| 179. Smíðatöng | | 12 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 180. Dengsluhamar | | 32 |
| 181. Hnoðhamar og beygitöng | | 3 |
| 182. Klípitöng | | 8 |
| 183. Fléttusög | | 8 |
| X. Fjárhús og viður | | |
| 184. Hesthúskofi | | 40 |
| 185. Spýtur allar úti | | 40 |
| 186. Fjalir í skemmu | | 48 |
| 187. Fjárhús eitt | 1 | |
| 188. Annað fjárhús | | 64 |
| 189. Þriðja fjárhús | | 48 |
| 190. Fjárhúskofi | | 24 |
| XI. Lifandi peningur | | |
| 191. Ein ær | | 64 |
| 192. Ein dito | | 64 |
| 193. Ein dito | | 64 |
| 194. Ein dito | | 64 |
| 195. Ein dito | | 64 |
| 196. Ein dito | | 64 |
| 197. Eitt lamb | | 40 |
| 198. Eitt dito | | 40 |
| 199. Eitt dito | | 40 |
| 200. Eitt dito vantar | | |
| 201. Eitt dito vantar | | |
| 202. Einn sauður á annan vetur | | 70 |
| 203. Einn dito | | 70 |
| 204. Einn hrútur dito | | 70 |
| 205. Ein kýr ung | 5 | |
| 206. Ein kýr dito | 4 | |
| 207. Ein kýr dito | 4 | |
| 208. Veturgömul kvíga | 2 | 64 |
| 209. Uxakálfur á annan vetur | 2 | 64 |
| 210. Hestur ungur | 6 | |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| XII. Skuldir inn í búið | | |
| 211. Hjá Magnúsi á Á fyrir reku | | 16 |
| dito þrjá meisa | | 12 |
| dito klyfbera | | 10 |
| 212. Hjá Jóni á Reynirkeldu | | 60 |
| 213. Hjá Örnólfi | | 48 |
| 214. Hjá Einari í Barmi 12 fiskar | | 24 |
| Summa summarum | 98 | 1 |
| Skuldir út af búinu | | |
| Húsauppbót | 4 | |
| Til prófastsins líksöngseyrir 12 fiskar | | 24 |
| Legkaup | | 48 |
| Til Samúels í Rúfeyjum 30 fiskar | | 60 |
| Til Gísla Sigurðssonar fyrir fimm ljái | | 40 |
| Dito fyrir skrá 8 fiskar | | 16 |
| Fyrir 2 fjórðunga fiska útí Rifi | | |
| Til Magnúsar á Á fyrir méltunnu | | |
| Af þinggjaldi í vor var restera 16½ fiskur | | 33 |
| Þinggjald í vor komandi 24 fiskar | | 48 |
| Landskuld sem gjaldast átti í vor var | 3 | |
| Dito í vor komandi | 3 | |
| Prestsgjald | | |
| Kirkjugjald kemur fyrir kirkjuvöktun. | | |
| Sveitarútsvar liqviderast í ómagameðgjöf, hvar um síðar gjörist skýrsla. | | |
| Til virðingarmanna | | 32 |
| Summa | 11 | 13 |

Actum ut supra
Magnús Ketilsson

Anno 1792 dag 19. maí var sterbúið á Skarði eftir Sigurð Sigurðarson aftur fyrirtekið. Bættist þá við áðursetta summu af sterbúsins massa, sem var 98 rd. 1 sk., þetta eftirskrifað:

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Ein ær | | 64 |
| Eldsgögn | | |
| Pottur klofinn og hræraður | | 48 |
| Dito líttnýtur | | 16 |
| Einn kútur | | 8 |
| Fjögur tunnuskrifli með þófaratunnu | | 20 |
| Skuldir inn í búið | | |
| Hjá sveitarkassanum | 3 | 48 |
| Hjá sýslumanni fyrir mannslán | 2 | 24 |
| 10 merkur ullar útí Rif fyrir 2 fjórðunga fiska | | 20 |
| 20 álnir einskeftu | 2 | 48 |
| Fyrir hestlán | | 41 |
| Hjá Jóni smala fyrir þrjár ær teknar í vetur | | 36 |
| Fyrir sauðartöku af Gísla í Langeyjarnesi | | 10 |
| Hnakkgjarðir | | 80 |
| Tilbót með ánum hjá Magnúsi Magnússyni | | 28 |
| Skrína útfrá | | 48 |
| Summa af sterbúsins massa | 110 | 60 |
| Skuldaútgjalds summa var áður komin uppá | 18 | 4 |
| Þar við bætist eftirskrifað: | | |
| Kaupstaðarskuld 1 rd. courant | | 85 |
| Til Sigurðar Sigurðarsonar fyrir 1 vætt 5 fjórðunga fiska 1 rd. 17 fiskar | 1 | 34 |
| dito fyrir 2 fjórðunga smjörs 40 fiskar | | 80 |
| Til Jóns smala fyrir 5 fjórðunga fiska | | 50 |
| dito 1 fjórðungur smjörs | | 40 |
| dito restans af fyrra árs kaupi | | 60 |
| dito þessa árs kaup 80 álnir eru | 2 | 60 |
| dito 6 álnir af einskeftu | | 72 |
| Til Sigurðar Sigurðssonar fyrir það sem vantar af kaupi hans | 1 | 68 |
| Til Samúels í Rúfeyjum fyrir 2 fjórðunga fiska | | 20 |
| Til Jónasar á Gröfum fyrir 1 fjórðung fiska | | 10 |
| Til Hólmfríðar 4 álnir einskeftu | | 48 |
| og hýru 20 álnir eru | | 60 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Til prófastsins fyrir 1 fjórðung smjörs | | 40 |
| Morgungjöf | 4 | |
| Skiptaforvaltaralaun og skrifarapeningar | 3 | 70 |
| Vantar uppá skóleður 5 merkur | | 24 |
| Til Sigurðar Sigurðssonar | | 64 |
| Til Jóns smala enn nú fordring | | 36 |
| Fyrir pottlán að öllu í tvö ár sem var 5 fjórðunga pottur 30 fiskar og tvö ár að hálfu 15 fiskar eru | | 90 |
| Summa skuldanna | 39 | 55 |

Til skipta komu 71 rd. 5 sk. og fékk Kristín helminginn eða 35 rd. 50 sk. Jón fékk 17 rd. 73 sk. en Evfemía og „sá til arfs leiddi" Sigurður 8 rd. 84 sk. hvort um sig. Lóðseðlar fylgja og tekið er fram: „Fiskurinn í Rifinu skiptist síðar". Undir skrifa Magnús sýslumaður og Ólafur Einarsson fyrir Kristínu og Jón.

### *Guðný Sigurðardóttir*

Guðný fæddist árið 1736. Foreldrar hennar voru Sigurður Tómasson (1697–1746) og Margrét Jónsdóttir (f. 1696) á Reynikeldu á Skarðsströnd. Guðný var vinnukona hjá Ingveldi systur sinni og Jóni Jónssyni manni hennar í Manheimum í ársbyrjun 1769 og hjá Magnúsi Ketilssyni sýslumanni í Búðardal að minnsta kosti árin 1780–1784. Hún lést á Krossi 29. október 1791 og var dánarbú hennar skráð 22. nóvember, en skiptin framkvæmd um leið.[4]

Anno 1791 þann 22. nóvember var ég nærverandi á Krossi á Skarðströnd hvar eftirlátnir fjármunir Guðnýjar Sigurðardóttur, sem þar dó þann 29. október næstliðinn, voru undir registreringu og virðingu teknir með þar til útnefndum virðingarmönnum, nefnilega Sigmundi Magnússyni og Jónasi Magnússyni, hvar eftirskrifað fyrir sjónir kom.

| | Specie rd. | sk. |
|---|---|---|
| 1. Nærpils | | 16 |
| 2. Sortuð einskeftusvunta | | 8 |
| 3. Bættur skyrtugarmur | | 6 |
| 4. Hempugarmur | | 10 |
| 5. Einskeftuskyrta | | 24 |
| 6. Vesturfaraskyrta | | 32 |
| 7. Blátt einskeftupils nýlegt með klæðisupphlut | 1 | |
| 8. Upphlutspilsgarmur með milnum | | 16 |
| 9. Nærskjól | | 2 |
| 10. Svartur svuntugarmur með hnapp | | 3 |
| 11. Flosbelti með pörum og linda | | 20 |
| 12. Blá peysa bætt | | 10 |
| 13. Nærpilsgarmur | | 5 |
| 14. Einir sokkar með böndum | | 12 |
| 15. Hetta | | 6 |
| 16. Nýir háleistar | | 5 |
| 17. Griplur og vettlingar | | 6 |
| 18. Áttstrent glas | | 3 |
| 19. Lár með rusli | | 3 |
| 20. Sokkgarmar | | 3 |
| 21. Skinnsæng með fiðri | 1 | |
| 22. Breiðkán reyrt fornt | | 12 |
| 23. Tvær fornar rekkjuvoðir | | 16 |
| 24. Skinnsessa með svörtu skinni | | 24 |
| 25. Skinnkoddi nýr með boldangs garmveri | | 24 |
| 26. Sleggjuflaska | | 4 |
| 27. Pottflaska | | 5 |
| 28. Svört prjóntreyja | | 24 |
| 29. 1¼ alin einskeftu | | 15 |
| 30. 2 álnir blá einskefta | | 32 |
| 31. Sokkar | | 12 |
| 32. Skjóða með rusli | | 4 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 33. Nýir illeppar | | 4 |
| 34. Tvær álessviður | | 8 |
| 35. Brotinn spegill | | 1 |
| 36. 1 pund af rullu og róltóbak ekki fullt | | 24 |
| 37. Smávaðmálshetta | | 10 |
| 38. Ull í kistli | | 5 |
| 39. Kistill | | 14 |
| 40. Kistuskrifli læst | | 28 |
| 41. Vættarkista | 1 | |
| 42. Sparihempa úr góðu vaðmáli borin | | 80 |
| 43. Nýtt hálfvættar klæðispils | 1 | 64 |
| 44. Ný 10 fjórðunga klæðissvunta með gylltum silfurhnappi | 1 | |
| 45. Fornt klæðispils grænt með bláum upphlut lögðum | 1 | 32 |
| 46. Lögð klæðistreyja | | 24 |
| 47. Spánný hempa | 1 | 32 |
| 48. Grænt 6 fjórðunga klæðispils nýtt | 2 | 32 |
| 49. Kragi lagður með vírborða | | 18 |
| 50. Dito lagður með flöyelsborða | | 18 |
| 51. Blár hnykill með blöðru | | 3 |
| 52. Flosbelti með pörum | | 24 |
| 53. Iðrunarsaltari | | 6 |
| 54. Tveir kveragarmar rotnir | | 3 |
| 55. Ný einskeftuskyrta | | 40 |
| 56. Hálssilki | | 8 |
| 57. Bláþrykktur klútur nýr | | 16 |
| 58. Enn bláþrykktur klútur nýr | | 16 |
| 59. Klútur blár | | 24 |
| 60. Lakari blár klútur (afskrifaður) | | 12 |
| 61. Bláþrykktur klútur forn | | 5 |
| 62. Dito trefill | | 2 |
| 63. Ein ær lamblaus | | 48 |
| Summa | 19 | 3 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Skuldir á þessum álnum eru: | | |
| Líkkista af góðum við | 1 | |
| Legkaup | | 48 |
| Fyrir Sigmund sem fór með kistu og líkmenn | | 20 |
| Líksöngseyrir | | 24 |
| Þorbirni sem líkmanns | | 16 |
| Gísla í Langeyjarnesi dito | | 16 |
| Einari á Ballará dito 8 fiskar | | 16 |
| Til Guðbjargar fyrir hennar ómak | | 40 |
| Summa | 2 | 84 |

Að auki voru skiptalaun 15 sk. og skrifarapeningar 1 rd., þannig að samanlagður frádráttur varð 4 rd. 3 sk. og sléttir 15 rd. komu til skipta. Erfingjar voru Ingveldur Sigurðardóttir á Skarði, systir Guðnýjar, og Ingibjörg dóttir Eyleifs bróður þeirra, sem hafði búið við lítil efni á Staðarhóli í Saurbæ og lést 16. október 1791.[5] Ingibjörg fékk 10 rd. í bróðurlóð og Ingveldur 5 rd. í systurlóð. Lóðseðlar fylgja og undir skrifar Magnús Ketilsson sýslumaður.

## TILVÍSANIR

1 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Dal. ED1/3, 4. Skiptabók 1782–1804, bls. 195–197, 227–229; Jón Guðnason, *Dalamenn* II, bls. 282, 290.

2 ÞÍ. Kirknasafn. Skarðsþing BC 1. Sóknarmannatal 1769–1784, bls. 14, 52, 84, 111b; Sýsluskjalasafn. Dal. ED1/3, 4. Skiptabók 1782–1804, bls. 193–195; Jón Guðnason, *Dalamenn* II, bls. 282, 294.

3 ÞÍ. Kirknasafn. Skarðsþing BC 1. Sóknarmannatal 1769–1784, bls. 36–37, 72, 100, 136; Sýsluskjalasafn. Dal. ED1/3, 4. Skiptabók 1782–1804, bls. 197–201, 221–224; Jón Guðnason, *Dalamenn* II, bls. 304, 348.

4 ÞÍ. Kirknasafn. Skarðsþing BC 1. Sóknarmannatal 1769–1784, bls. 10, 40, 76, 104, 132; Sýsluskjalasafn. Dal. ED1/3, 4. Skiptabók 1782–1804, bls. 191–193.

5 Dánarbú Eyleifs var skráð 31. október 1791 og námu eignir hans 44 ríkisdölum eftir skuldir, en skipti fóru fram 25. maí 1792, sjá ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Dal. ED1/3, 4. Skiptabók 1782–1804, bls. 186–188 og 225–226.



*Uppboð á lítilfjörlegum eignum Þorláks Ólafssonar í Örfirisey og seldist eiginlega allt á hærra verði en það var metið á (sjá bls. 228). ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Gullbr. ED2/1. Dánarbú 1788–1798, örk 1, bl. 229v.*

# Reykjavík

*1792–1795*

### *Einar Gíslason og Guðríður Jónsdóttir*

Einar fæddist árið 1724 og Guðríður árið 1720 og eru foreldrar beggja óþekktir. Þau voru í húsmennsku í Örfirisey í desember 1784, hann fimmtugur „sæmilega vel skýr" og hún 64 ára „frómkynnt", en Þorlákur Ólafsson fóstursonur þeirra, 15 ára, var skilgreindur sem tökubarn: „ei óefnilegur, hefur lært". Hann var læs en ekki fermdur. Þau áttu Vídalínspostillu, Biblíukjarna, Gerhardi hugvekjur, Diarium, Graduale, Forfeðrabænabók, Eintalið, sálmabók og Þórðarbænir. Einar var skráður sem bóndi í Örfirisey árin 1787 og 1788, og var Þorlákur þar sem vinnumaður. Í janúar 1792 voru þau öll á Steinhóli þar í eynni og Einar sagður grashúsmaður. Hann lést 26. júlí 1792 úr því sem sóknarprestur kallaði „vestansótt", sama dag og Þorlákur (sjá hér á bls. 228). Guðríður lést úr sömu sótt fjórum dögum síðar, sögð grashúskona. Dánarbú þeirra var skráð 13. ágúst og uppboð haldið 1. september, en skipti eru ekki varðveitt.[1]

Anno 1792 dag 13. ágúst á Effertsey á Seltjarnarnesi voru af oss undirskrifuðum eftir befalning hans kongelig majestets lögsagnara í Gullbringusýslu herra Sigurðar Péturssonar uppskrifaðir eftirlátnir fémunir í sterfbúi hjónanna sálugu Einars Gíslasonar og hans konu Guðríðar Jónsdóttur og komu þeir oss fyrir sjónir sem fylgir:

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 1. Kýr, skip, hús | | |
| 1. Ein kýr | 6 | |
| 2. Eitt fjögra manna far með öllu tilheyrandi | 12 | |
| 3. Einn bátur með öllu tilheyrandi | 8 | |

| | | rd. | sk. |
|---|---|---|---|
| 4. | Ein skemma læst | 1 | 48 |
| 5. | Ein smiðja læst með steðja, belg, hamar | 3 | |
| 6. | Eitt hús í bænum | | 32 |
| 7. | Einn fiskahjallur með lás | | 32 |
| 8. | Einn lofthjallur | | 64 |
| | 2. Fatnaður allslags | | |
| 9. | Ein mussuföt með svörtum hnöppum | 1 | 16 |
| 10. | Dito önnur með messinghnöppum | | 80 |
| 11. | Ein blá peysa með messinghnöppum | 1 | |
| 12. | Dito önnur | | 32 |
| 13. | Ein skinnpeysa | | 32 |
| 14. | Dito tvær peysur, blá og mórauð | | 48 |
| 15. | Tvær utanhafnarpeysur | | 20 |
| 16. | Þrennar nærbuxur | | 32 |
| 17. | Tvær skyrtur | | 64 |
| 18. | Einn brjóstadúkur | | 32 |
| 19. | Dito annar hvítur nýr óþæfður | | 4 |
| 20. | Ein peysa blá ótilbúin | 1 | 16 |
| 21. | Þrír hattar allir | 1 | 16 |
| 22. | Tvær húfur | | 24 |
| 23. | Sjö pör sokka | | 64 |
| 24. | Tvö helsi, einn klútur, tvennir vettlingar, ein bönd, ein hálsskyrta, allt | | 50 |
| 25. | Ein síðhempa | | 40 |
| 26. | Ein kvenhempa | 1 | |
| 27. | Dito önnur | | 64 |
| 28. | Ein kvenföt rauð | | 64 |
| 29. | Dito önnur | | 48 |
| 30. | Ein treyja, einn bolur | | 32 |
| 31. | Tvö upphlutsföt | | 32 |
| 32. | Tvö nærföt | | 16 |
| 33. | Tvær skyrtur, tvær strigasvintur | | 40 |
| 34. | Ein peysa, einn mállindi | | 32 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 35. Fjórir klútar, tveir treflar | | 64 |
| 36. Þrennir sokkar, eitt par íleppa | | 20 |
| 37. Einn húfugarmur, þrír karlmannsíleppar | | 6 |
| 38. Ein sæng gömul og bætt | | 64 |
| 39. Tvö brekán, fjórar rekkjuvoðir | 2 | 32 |
| 40. Dito eitt brekán | 1 | |
| 41. Dito eitt brekán, þrjár rekkjuvoðir | | 64 |
| 42. Tveir koddar, ein rekkjuvoð | | 64 |
| 43. 6 álnir einskeftu | | 64 |
| 44. Þrír hærusekkir, einn malpoki | | 72 |
| 45. 3 fjórðungar ullar | 2 | 12 |
| 46. Fernir sjóvettlingar | | 8 |
| 3. Bækur | | |
| 47. Ein Vídalínspostilla, einn grallari | 1 | 48 |
| 48. Einn Biblíukjarni, ein sálmabók | | 48 |
| 49. Ein hugvekjubók, ein Föstupredikanabók | | 34 |
| 50. Einir Píslarþankar, ein Forfeðrabænabók | | 20 |
| 51. Einar Þórðarbænir, Diarium, Lassenibænir, eitt sálmakver | | 16 |
| 4. Kistur, tunnur, eldsgögn | | |
| 52. Ein kista, læst | | 64 |
| 53. Dito stór, læst | | 48 |
| 54. Tvær dito, ólæstar | | 24 |
| 55. Tveir kistlar | | 16 |
| 56. Tvær lagartunnur tvíbytnar | 1 | |
| 57. Tvær dito einbytnar | | 48 |
| 58. Tvö lagarheilanker | | 24 |
| 59. Tvær grútartunnur, þrjár hálftunnur | | 24 |
| 60. Ein tunna kola, eitt anker með tjöru | 1 | |
| 61. Einn pottur | | 48 |
| 62. Dito einn pottur og tveir litlir brotnir | | 48 |
| 5. Skinnavara | | |
| 63. 7 pund leður | | 64 |
| 64. 9 pund sauðskinn | | 48 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 65. Tvær brækur | 1 | |
| 66. Tvær dito | | 48 |
| 67. Þrír skinnstakkar | | 80 |
| 68. Tvennir sjóskór, tvær tátiljur, tvennir sjóháleistar | | 32 |

6. Aðskiljanlegt

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 69. Eitt færi danskt, einn lóðarstrengur | 1 | 16 |
| 70. Fjögur dregin handfæri, ein blýsakka | | 32 |
| 71. Eitt gamalt stjórafæri og stampur | | 12 |
| 72. Þrír lóðarstokkar | 2 | |
| 73. Ein reisla | | 32 |
| 74. Ein kvörn með stokk | | 48 |
| 75. Sjö meisar, fjórar rekur, einn páll | | 40 |
| 76. Sjö askar, þrjár könnur, átta diskar | | 48 |
| 77. Einn strokkur, fimm fötur, þrjú keröld | | 32 |
| 78. Þrjú trog, þrjár öskjur, einn dallur, ein leirskál, sex spænir, ein ausa, tvær körfur, einn lár | | 48 |
| 79. Þrír kútar, ein vefskeið, 4 pund tóbak | | 80 |
| 80. Stóll með kömbum, einn stokkur með aðskiljanlegu, dito annar | | 18 |
| 81. Sjö tylftir peysuhnappa, einir skyrtuhnappar, einir buxnahnappar, tvö staup, ein gleraugu | | 54 |
| 82. Fjórar hrífur, fjögur orf, einn klár, tveir stórstampar, tvær pottflöskur, ein halda, einn hór | | 24 |
| 83. Ein seyðsluhrífa, tvær smjörskrínur | | 80 |
| 84. Einn lampi, tvær kolur | | 32 |
| 85. Þrír ljáir, ein sög, ein skaröxi, ein höfðaöxi, fimm nafrar, ein naglalöð, einn kúfótur | | 52 |
| 86. Ellefu hnífar, tveir hamrar, tvö brýni, tveir heflar, einn smíðastokkur með aðskiljanlegu | | 18 |
| 87. Einn gamall stampur, fjöl til að snúa með færi, ein reipi, eitt kvartil | | 24 |
| 88. Allslags trjáviður | 1 | 48 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 89. Tvær stórskrínur, einar börur, eitt öskutrog, tveir lóðarstampar, ein gildra, tveir baukar | | 32 |
| 90. Fimm pör prjóna, þrjár snældur, þrjár beitukistur | | 28 |
| 7. Allslags matföng | | |
| 91. 8 fjórðungar smjör | 5 | 64 |
| 92. 2 hundruð af ýsu | 4 | |
| 93. Í allslags hörðum höfðum | | 32 |
| 94. ½ tunna mjöl | 2 | |
| 95. 1½ tunna rúg | 6 | |
| 96. 2 skeppur bankabygg | 1 | 32 |
| 8. Torf, hey, peningar | | |
| 97. 1 hestur heys | | 32 |
| 98. 50 hestar elditorf | 3 | |
| 99. Í peningum | 1 | 28 |
| Summa summarum | 103 | 56 |

Actum ut supra
Þorfinnur Þorbjörnsson Jón Grímsson
Guðmundur Jónsson

Eftirskrifaðar skuldir eru sagðar á þessu sterfbúi:

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Legkaup þeirra sálugu hjóna beggja | 1 | 12 |
| Dito líksöngseyrir | | 56 |
| Í ljóstoll | | 26 |
| Til monsieur Guðmundar í Skildinganesi fyrir líkkistur þeirra | 3 | |
| Til líkmanna | 2 | |
| Til söngvara og hringjara | | 64 |
| Til uppskriftar- og virðingarmanna | | |
| Til Þuríðar | 1 | |
| Til Guðrúnar Sörinsdóttur fyrir tilhjálp í þeirra sáluðu sjúkleika | 1 | |

Þorfinnur Þorbjörnsson Jón Grímsson
Guðmundur Jónsson

### *Þorlákur Ólafsson*

Þorlákur fæddist í Engey árið 1770. Foreldrar hans voru Ólafur Gíslason og Vigdís Brandsdóttir vinnukona sem eru óþekkt að öðru leyti, fædd um 1740. Þorlákur var tökubarn Einars Gíslasonar og Guðríðar Jónsdóttur í Örfirisey og lést 26. júlí 1792 úr „vestansótt“, sama dag og Einar (sjá hér á bls. 223). Dánarbú Þorláks var skráð í Örfirisey 13. ágúst og eignir hans seldar á uppboði 1. september, en skipti eru ekki varðveitt.[2]

Anno 1792 dag 13. ágúst á Efertsey fyrirfundust af undirskrifuðum eftirlátnir fémunir sáluga Þorláks Ólafssonar:

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 1. Fatnaður | | |
| 1. Ein mussuföt, virt | 1 | |
| 2. Dito önnur | | 64 |
| 3. Ein blá peysa með hnöppum | | 80 |
| 4. Dito ótilbúin blá | | 80 |
| 5. 2 álnir blá késsa, 1 kvartil rauð késsa, hálf alin hvítt léreft | | 80 |
| 6. Tveir hattar | | 48 |
| 7. Tvær prjónskyrtur | | 64 |
| 8. Einn brjóstadúkur | | 16 |
| 9. Tvær peysur | | 24 |
| 10. Þrennar nærbuxur | | 40 |
| 11. Einar utanhafnarbuxur og húfa | | 5 |
| 12. Tveir klútar, tvennir vettlingar bláir, einir smokkar, ein bönd, tveir íleppar, einir vettlingar | | 60 |
| 13. Átta pör sokka | | 64 |
| 14. Ein blá peysa, stendur í panti fyrir | 1 | |
| 15. Í peningum | 1 | |
| Summa | 9 | 49 |
| Ógoldið | | |
| Legkaup og líksöngseyrir | | 82 |
| Til monsieur Guðmundar fyrir líkkistu | 2 | |
| Til uppskriftar- og virðingarmanna | | |

Þorfinnur Þorbjörnsson    Jón Grímsson
Guðmundur Jónsson

### *Halldóra Sigurðardóttir*

Halldóra fæddist 12. febrúar 1766. Foreldrar hennar voru Sigurður Sigurðsson (1718–1780) alþingisskrifari og Helga Brynjólfsdóttir Thorlacius (1728–1784) á Hlíðarenda í Fljótshlíð. Þann 14. september 1786 gekk hún að eiga Gísla Þórðarson Thorlacius (1742–1806) rektor Hólavallaskóla. Þau voru tvöföld systkinabörn, því Helga móðir Halldóru var systir Þórðar (1712–1791) föður Gísla og Kristín (1714–1785) móðir Gísla var systir Sigurðar föður Halldóru. Samkvæmt sóknarmannatali bjuggu Gísli og Halldóra í Hólavallaskóla árin 1787–1792, en árið 1793 eru íbúar skólans ekki skráðir og næstu tvö ár vantar. Sigurður sonur þeirra fæddist sumarið 1793 (sjá hér á bls. 245).[3] Halldóra lést „af langvinnri tæring“ 12. maí 1795 og voru eignir hennar skrifaðar upp 11. júní. Hér er sleppt 258 bókum sem voru virtar á 40 rd. 32 sk.[4]

Anno 1795 þann 11. júní var opnað sterbú madame Halldóru sálugu Sigurðardóttur í Reykjavíkurskóla og undir registration og vurdering tekið af héraðsprófastinum ásamt tveimur tilkölluðum héraðsprestum. Til staðar var við registrationina madame Halldóru sálugu eftirlátna einasta ómynduga sonar móðurbróðir candidatus juris herra Árni Sivertsen. Fjármunir sterbúsins voru af Halldóru sálugu eftirlifandi egtamanni herra rector Gísla Thorlacius framvísaðir, sem af undirskrifuðum virðingamönnum voru vurderaðir sem eftirfylgir...

| | **rd.** | **sk.** |
|---|---|---|
| Transport | 40 | 32 |
| Gull og silfur | | |
| Gullhringur með bókstafnum T með glasi yfir | 6 | |
| Sexbrotinn gullhringur | 5 | |
| Eitt silfurlummuúr | 6 | 48 |
| Einn stór silfurbikar 9½ lóð á 54 sk. | 5 | 33 |
| Einn dito minni með fótum, gylltur innan, 4 lóð 3 kvartil á 60 sk. | 2 | 93 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Ein silfurkanna með loki 5½ lóð á 54 sk. | 3 | 9 |
| Ein silfurskál 2 lóð 3 kvartil á 48 sk. | 1 | 36 |
| Sex nýjar silfurmatskeiðar Köbenhavns pröve vega 18 lóð 3 kvartil á 64 sk. | 12 | 48 |
| Tvær dito gamlar Köbenhavns pröve 7 lóð 2½ kvartil á 54 sk. | 4 | 28 |
| Fimm massiv teskeiðar og töng vega 6 lóð 3 kvartil | 3 | 64 |
| Flödeskeið af sama façon vegur 3 lóð ½ kvartil | 1 | 80 |
| Vínskeið vegur 1½ lóð | | 78 |
| Silfurfesti gyllt með nisti | 6 | |
| Beltisbúningur með pörum vegur 12 lóð | 7 | |
| Hempusilfur vegur 19 lóð og 1 kvartil á 52 sk. | 5 | 53 |
| Skó- og knéspennur | 6 | |
| Silfurknéspennur | | 48 |
| Silfurhálsspenna | | 64 |
| Dito minni | | 48 |
| Hattspenna | | 28 |
| Kjólkrókar vega 2 lóð 3½ kvartil | 1 | 64 |
| Víravirkis líntöjsknappar | | 64 |
| Litlir ermaknappar | | 16 |
| Glerknappar með silfurbúnaði | | 16 |
| Flöskupropp með silfurfesti | | 24 |
| Silfurtóbaksdósir | 6 | |
| Litlar silfurdósir | | 68 |
| Silfurbúinn tannbaukur | 1 | 32 |
| Silfurfingurbjörg | | 24 |
| Einn demant með linial | 2 | |

Fatnaður

| | | |
|---|---|---|
| Einn blár klæðiskvenfrakki með stálknöppum | 10 | |
| Einn dito grænn grófari með metalsknöppum | 7 | |
| Kventreyja kaffibrún | | 64 |
| Grænn damasksniðurhlutur þrílagður með flöyelsborða | 5 | 48 |
| Blár dito ólagður af sama | 4 | |
| Grænn dito af sarsi þrílagður | 8 | |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Blátt klæðisfat | 3 | |
| Kvenhempa lögð úr smávaðmáli | 5 | |
| 3 álnir blátt klæði á 1 rd. 32 sk. | 4 | |
| Klæðistreyja með kraga fín | 2 | |
| Upphlutur af gullofnu silki | 3 | |
| 7½ alin af bláu stoffi sundurskorið | 2 | 48 |
| Söðuláklæði af salúnsvefnaði nýtt | 7 | |
| Fornt söðuláklæði | 1 | |
| 9 álnir blátt rask | 3 | |
| Fótaband | | 10 |
| Höttkápa af Manchester forn | | 48 |
| Græn litarhespa | | 16 |
| Grænt lífstykki | | 32 |
| Grænt millumfat | 1 | |
| Fjögur pör bláir kvensokkar | | 64 |
| Eitt par hvítir kvensokkar | | 20 |
| Þrjú pör íleppar | | 24 |
| Vift | | 32 |
| Einn fínn hattur | 3 | 48 |
| Ein complet sort klædning | 6 | |
| Rauður kjóll með vesti | 3 | 48 |
| Violblá klæði öll | 16 | |
| Eitt silkiatlaskvesti | 2 | |
| Eitt rautt flöyelsvesti | 3 | 48 |
| Þrír kvenhálskragar með kaletryse ásamt þrjú pör manschetter | 2 | |
| Eitt netteldugs törklæði | 2 | |
| Eitt dito forklæði | 1 | |
| Eitt par kvenlummur | | 24 |
| 6¾ alin hvít silkibönd og 3 álnir colert dito, 7 álnir ljósblá dito, 4 álnir breiður svörtum, slumpur af böndum 24 sk. | 3 | 16 |
| Prjónakoddi baldýraður | | 64 |
| Proderaður posi | | 64 |
| Tvö pör fruentimmerhanskar | | 32 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Hattastrútsfjaðrir | | 64 |
| Tveir kattúnsklútar bláröndóttir | 1 | 32 |
| Svartur silkiklútur með rauðum röndum nýr | 1 | |
| Einn dito ljósleitur röndóttur | 1 | |
| Dito dammasksklútur | 1 | 32 |
| Ein fín léreftsskyrta | | 64 |
| Fruentimmerpungur úr silki með lás bróderaður | | 48 |
| Þrjú pör svartar silkistrumpur | 1 | |
| Tvö dito hvítar | | 64 |
| Eitt par blákarraðar dito | | 16 |
| Átta hálsklútar á 8 sk. | | 64 |
| Fjögur sett líntöy á 48 sk. | 2 | |
| Ein manchetskyrta | 1 | |
| Sængurföt | | |
| Olmerdúksyfirsæng nýlig bláröndótt með dún | 4 | 48 |
| Svæfill af sama | | 48 |
| Undirsæng af flömmuðu boldangi með fiðri | 8 | |
| Tveir koddar af sama | 3 | 48 |
| ~~Svæfill af bláröndóttu ullartöji~~ | | 24 |
| Tveir grāröndóttir koddar | 1 | |
| ~~Einar rekkjuvoðir með saum~~ | ~~1~~ | |
| Græn einskeftusparlök með saum | 1 | 32 |
| Salúnsáklæði | 1 | |
| Eitt dito | | 32 |
| Gamall boldangskoddi | | 20 |
| ~~Brekán~~ Umhengi röndótt til feltsængur | 1 | |
| Brekán | | 32 |
| ~~Yfirsæng með fiðri af íslenskum dúk~~ | ~~3~~ | |
| ~~Röndótt ullartöysundirsæng með fiður~~ | ~~2~~ | |
| ~~Boldangskoddi röndóttur~~ | | ~~48~~ |
| Rekkjuvoðir gamlar | | 48 |
| Krossvefnaðarábreiða með grænu fóðri | 1 | 32 |
| Áklæði gamalt og slitið | | 24 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Undirsæng af íslensku blaröndóttu tōji | 4 | 48 |
| ~~Einskeftusæng bætt~~ | ~~1~~ | ~~48~~ |
| ~~Gráröndóttur boldangskoddi~~ | ~~1~~ | |
| Einn dito af íslenskum dúk | | 48 |
| Einn dito af dito | | 56 |
| Rekkjuvoðir með saum bættar | | 48 |
| Dito með dito | | 48 |
| 7½ alin kersey | 1 | 16 |
| Eitt brekán og gamall koddi | | 64 |
| Þrjár sessur | | 64 |
| 5 stykki af röndóttu betrekki | | 24 |
| Eitt par lagener nr. 2 | 1 | 64 |
| Eitt par dito nr. 1 | 1 | |
| Eitt par dito fín nr. 4 | 2 | |
| ~~4 álnir léreft~~ Þrjú koddaver | | 24 |
| Stribet léreftsvesti | | 20 |
| Hvítur dreginn borðdúkur | | 64 |
| Einn dito minni | | 16 |
| Einn dito | | 8 |
| Fínn kaffidúkur slitinn | | 8 |
| 6 stykki servetter | 1 | |
| Eitt saumsparlak lítið | | 16 |
| Tveir kaffidúkar mislitir | | 48 |
| Rusl í stól | | 16 |
| Ein mussa gömul og bætt | | 10 |
| Blátt rasksparlak, annað dito af lérefti | | 32 |
| Vaðmálsparlak | | 24 |
| Tvö rekkjuvoðasparlök með brúnum | | 48 |

Borðbúnaður

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Sex pör nýir borðknífar | 1 | |
| Fjögur pör dito gamlir | | 24 |
| Tvö djúp tinföt vega 7 pund á 24 sk. | 1 | 72 |
| Tólf flatir tintalerkar vega 12 pund á dito | 3 | |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Ein stór tinkanna vegur 6½ pund á 20 sk. | 1 | 34 |
| Ný kanna vegur 2½ pund á 28 sk. | | 70 |
| Dito pottkanna vegur 2½ pund á 24 sk. | | 60 |
| Tintrekkpottur með fótum | | 16 |
| Tvö grunn tinföt vega 5½ pund á 28 sk. | 1 | 58 |
| Ein súpuskeið | | 12 |
| Fiskaspaði | | 8 |
| Tvær messingkaffikönnur | 1 | 16 |
| Tvær látúnskertapípur og einn lampi og ein söx | | 64 |
| Tvö stór járn með þremur boltum | 1 | 24 |
| Tvær tedósir af blikki | | 6 |
| Einn koparmorter og koparpottur | | 48 |
| Sex blikkformar | | 48 |
| Eitt sigti og rifjárn | | 12 |
| Einn stjaki og profitur | | 8 |
| Einn kaffiketill | | 24 |
| Leirkrukka með loki | | 6 |
| Tvær kaffimilnur | | 32 |
| Tvær steikarapönnur | | 80 |
| Vaffeljern | | 80 |
| Pottmál 3 pund á 20 sk. | | 60 |
| Náttpottur | | 56 |
| Tinkúpa vegur 2 pund á 20 sk. | | 40 |
| Tveir talerkar 2½ pund á dito | | 50 |
| Tvær traktir | | 2 |
| Bláspengd terín með fati | 1 | |
| Ein kringlótt terín fyrir utan fat | | 24 |
| Ein dito gölluð | | 4 |
| Ein dito hvít með loki | | 40 |
| Aflangt aschetfat | | 32 |
| Eitt dito lítið | | 16 |
| Tvær boller | | 32 |
| Tólf talerkar | | 72 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Fjórir dito litlir | | 10 |
| Fructskál með fati | | 8 |
| Þrjár kúpur | | 48 |
| Ellefu pör tekoppa á 4 sk. stykkið | | 92 |
| Ein kaffikanna og tepottur | | 32 |
| Tvær sósuskálar með fati, önnur með skeið og loki | | 48 |
| Flödekanna, tepottur og mjólkurpottur | | 16 |
| Flödepottur af Köbenhavns porcelain | | 28 |
| Tvö saltker | | 8 |
| Fjórir præsentstalerkar | | 24 |
| Einn lítill hvítur talerkur | | 4 |
| Þrjú pör brúnir tekoppar | | 20 |
| Ein krús loklaus | | 6 |
| Tveir talerkar | | 6 |
| Eitt hvítt flatt leirfat | | 10 |
| Fimm djúpir og sjö flatir talerkar á 3 sk. | | 36 |
| Eitt djúpt fat | | 10 |
| Svört skál | | 4 |
| Þrjú ölglös á 4 sk. stykkið | | 12 |
| Sex vínglös á 6 sk. stykkið | | 36 |
| Einn náttpottur | | 16 |
| Tyrkjahöfuð | | 4 |
| Púnsskeið | | 20 |
| Mobilier | | |
| Eitt nýtt eikarchatoll | 16 | |
| Einn eikarskápur með skúffum | 12 | |
| Úr með kassa | 7 | |
| Græn sæng með umhengi | 3 | 48 |
| Blátt málað borð með skúffu | 1 | 16 |
| Rautt dito kringlótt | 1 | |
| Teborð á einum fæti málað | | 48 |
| Eitt náttborð | | 64 |
| Þrír stólar á 64 sk. | 2 | |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Spegill í gylltum römmum | 1 | |
| Einn dito | | 48 |
| Einn dito | | 16 |
| Einn dito | | 12 |
| Einn rakspegill með behör | 1 | |
| og sex skillerier | | 64 |
| Beddi með strigabotni | | 48 |
| Langur skápur | | 40 |
| Slagbekkur | 2 | |
| Læstur skápur málaður | 1 | 48 |
| Rauðmáluð kista | 3 | 48 |
| Vættarkista | | 64 |
| Koffort | 1 | 48 |
| Náttskrín | | 48 |
| Einn stóll | | 20 |
| Látúnssleginn kistill | | 48 |
| Kistill málaður með eirlömum | | 24 |
| Einn dito | | 16 |
| Einn dito | | 12 |
| Einn dito málaður með bustarloki | | 20 |
| Tveir dito lakkeraðir læstir | | 32 |
| 48 kniplstokkar | | 32 |
| Stór skápur læstur frammi | | 48 |
| Borð dito í spiskamersinu | | 12 |
| Spiskammersumbúningur með hillum, hurð osfrv. | 1 | 48 |
| Fjögur trog á 8 sk. stykkið | | 32 |
| Sex askar á 4 sk. stykkið | | 24 |
| Einn strokkur | | 12 |
| Eitt kerhald | | 16 |
| Ein sýrutunna | 1 | |
| Einn stampur | | 8 |
| Ein vatnstunna | | 8 |
| Tveir brúsar á 10 sk. stykkið | | 20 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Þrír dito minni á 4 sk. | | 12 |
| Einn trésfótur járnsleginn stór | 1 | 32 |
| Dito minni | | 24 |
| Einn pottur | 1 | 32 |
| Dito | | 80 |
| Dito | | 48 |
| Dito tveir gallaðir | | 48 |
| Eitt borð í kökkenet og blökk | | 32 |
| Fjórar fötur á 4 sk. stykkið | | 16 |
| Kvörn í stokk | 1 | |
| Lampi | | 24 |
| Karlmannsreiðtöy með tilheyrandi | 4 | |
| Stumpur af tré | | 12 |
| Kista stór í loftinu | 2 | |
| Stólkambar tveir | 1 | |
| Togkambar | | 24 |
| Þrjú rúmstæði | | 48 |
| Eitt kefli | | 20 |
| Kista skrálæst | | 32 |
| Dito vættarkista | 1 | |
| Kuffort | | 64 |
| Eskjur kringlóttar | | 4 |
| Lár | | 4 |
| Karfa | | 6 |
| Kassi með loki og bretti | | 6 |
| Snældustokkur | | 4 |
| Feltsæng | 3 | |
| Tveir lárar | | 24 |
| Tveir mjólkurstampar | | 8 |
| Ein drykkjarkanna, snældustóll og lítil fata | | 16 |
| Stór karfa | | 16 |
| Kerfat af tré | | 8 |
| Brotinn torfljár, ífæra og ýsukrókar | | 12 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Lagartunna | 1 | |
| 8 fjórðungar smjörs | 4 | |
| 6 kvartila nefnur | | 32 |
| Sex dito tunnuskrifli | | 24 |
| Einn rokkur nýr | 1 | |
| Einn dito | | 64 |
| Askja með loki | | 4 |
| Þrjú reipi | | 28 |
| Eitt pund ull | 1 | |
| Vaðmálskoddaver | | 24 |
| 5 pund ullarhespur | | 48 |
| Skinnklæði | | 24 |
| Karfa með gula ull | | 16 |
| Kvartil með ull | | 16 |
| 4 punda reisla | 1 | 32 |
| Lítil reisla | | 8 |
| Ein járnrist | | 16 |
| Bytta með loki | | 8 |
| 5 pund risengryn á 10 sk. | | 50 |
| 8 pund engelsk hvede á 7 sk. | | 56 |
| Tvö pund perlugryn á 16 sk. | | 32 |
| 15 lóð pipar á 1½ sk. | | 23 |
| 1 kvint muscatblóm | | 16 |
| 2 lóð corender á 16 sk. | | 32 |
| 1 lóð muscat | | 18 |
| 4 lóð allrahanda | | 36 |
| ¼ lóð engifer | | 16 |
| Fimm kvint negel | | 15 |
| Þil fyrir pulterloftinu með hurð á járnum skrálæst | 2 | |
| Múffa í foutterali | | 24 |
| Tvær tóbaksfjalir með járni | | 16 |
| Kotra með tafli | | 32 |
| Hilla með girði og aðskiljanligu | | 24 |

| | rd. | sk. |
| --- | --- | --- |
| **Aðskiljanligt** | | |
| ½ pund hör | | 14 |
| Rusl í kistlinum nr. 29 A | | 12 |
| Dito rusl í kistlinum B | | 32 |
| Stykki úr rauðum kjól | | 56 |
| Rósaðar eskjur | | 8 |
| Rokkverkslissur framan á hempu | | 8 |
| Eitt búnt af helsum og böndum | | 32 |
| 2½ flöjelsborði á 20 sk. | | 50 |
| Tvinni | | 16 |
| 1 stykki rauðþrykkt kattún | | 48 |
| 17 álnir grænt sarsband á 3 sk. alinin | | 51 |
| Rusl í kistlinum C | | 48 |
| Bláar klæðispjötlur | | 32 |
| Aðskiljanligur silkitvinni | | 32 |
| Engelskur litur | | 20 |
| og þetta í öskjum | | 6 |
| Eitt microscop | | 16 |
| Tveir kompásar | | 24 |
| Tvær litlar reislur | | 20 |
| Læseglas | | 16 |
| Kikkert | | 16 |
| Reisla | | 16 |
| To saxe | | 16 |
| Messingslygt og blikkdós | | 16 |
| Stokkur með etc. | | 8 |
| Skrifkassi með tveimur byttum | | 24 |
| ~~Skó- og knéspennur~~ | | ~~16~~ |
| Úrkassi lítill | | 8 |
| Glaskrukka með reykelsi og tundurbaukur | | 24 |
| Brostnar dósir af skiælplade og silfursignet | | 32 |
| Eldgler, lítil skæri, messingsvinklar | | 16 |
| Málaðar öskjur | | 4 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Ullarkambar | | 8 |
| Reisla gömul | | 24 |
| **Smíðatól** | | |
| Brotin grindasög | | 12 |
| Dito minni | | 24 |
| Enn minnst | | 4 |
| Stingsög | | 8 |
| Þrjár handaxir | | 56 |
| Ljósastjaki | | 16 |
| Fimm knífar | | 14 |
| Skaröxi | | 10 |
| Hamar | | 24 |
| Þrír heflar | | 16 |
| Ein beygitöng og eirklippur, lítil sög | | 12 |
| Klaufhamar | | 24 |
| Kassi með saum | | 14 |
| Steðji, hamar og klömbrur af járni | | 60 |
| Smiðjuafl og sög | | 16 |
| Hjólnafar | | 16 |
| Olíusteinn | | 16 |
| Ný skrá með lykli | | 48 |
| Tveir slétthef lar | | 32 |
| Sporjárn og meitill | | 8 |
| Steinhögg | | 8 |
| Kúfótur og bor | | 8 |
| Fimm þjalir | | 10 |
| Fjórir nafrar | | 6 |
| Tvær öskjur með rusli og músafella | | 16 |
| Járnarusl | | 32 |
| Hefiltannarsteinn | | 2 |
| Stokkur með naglbít etc. | | 16 |
| Þrír langir stokkar með járnarusli | | 8 |
| Þrír korðar | | 32 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Steintafla og sirkill | | 16 |
| Töng og eldskara | | 24 |
| Skúffa með tömmerstokk, vinkli, úrfjöður | | 16 |
| Ein dito með knapparusli, nálhúsi | | 24 |
| Eski með beinnálhúsi og látúnsinstrumenter | | 16 |
| Linial elfenbeinstafla, sukkurtöng | | 24 |
| Messings sólskífa og proptrekker | | 24 |
| Hollenskar rögtóbaksdósir og tvær neftóbaksdósir | | 24 |
| Borðbjalla | | 8 |
| ~~Krum cirkel~~ | | |
| Skák í bókarformi | | 8 |
| Tveir koparkranar | | 32 |
| Lítill kúfótur og aðskiljanlegt rusl í sömu skápskúffunni | | 8 |
| Pípufoutteral | | 8 |
| Aðskiljanlegt drejertöy í skúffu | | 32 |
| Fimm touttur spilpeninga | | 32 |
| Engelskt skáktafl | | 32 |
| Þrír stokkar | 1 | 32 |
| Látúns rögtóbaksdósir | | 10 |
| Kista ómáluð | 2 | |
| Dito kistill | | 40 |
| Járnrekinn kassi með skúffum | 1 | |
| Drejerbekkur með öllu tilheyrandi | 10 | |
| Skrína og kockes nyt | | 80 |
| Rokkur | 1 | 48 |
| Eitt hesputré | | 64 |
| Eitt dito | | 16 |
| Stokkur með járnarusli | 1 | 24 |
| Bókapressa forskrúfuð með plóg | | 64 |
| Paraply | | 32 |
| Sólskífa og spegill | | 28 |
| Tvær steintöflur | | 20 |
| Fýrfat | | 4 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| og einn stampur | | 32 |
| Sleggja | 1 | 16 |
| Hverfusteinn með kassa | | 32 |
| Sveif með fimm nöfrum | | 12 |
| Krökuhöfuð | | 16 |
| Sleðahjól járnslegið | | 64 |
| Kotra með tilheyrandi samt skúffa með járnarusli | | 64 |
| Kamera obscura | | 32 |
| Tveir pottbrúsar, ein lítil tunna og einn dunkur á 4 sk. stykkið | | 12 |
| Kvensöðull með öllu tilheyrandi | 4 | |
| Karfa með aðskiljanligu | | 48 |
| Húðarskinn gatétið ~~og sauðskinn~~ vegur 18 merkur | 1 | 48 |
| Hrosshá | 1 | |
| og eitt sauðskinn | | 8 |
| Tveir dunkar og kvartil | | 48 |
| Tvær rekur | | 8 |
| Eitt hrip og einir barkrókar | | 48 |
| Orf og tvær hrífur | | 8 |
| Sex strábandstungur | | 16 |
| Munnlaug | | 28 |
| Tvö hrip og tvennir barkrókar brotið | | 16 |
| Páll í Skildinganesi | | 24 |
| Bátur með tilheyrandi utan segl | 6 | |

Í friðu

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Ung kýr svartkrossótt tímalaus | 7 | |
| Ein dito eldri | 6 | |
| Ein dito kvíga | 3 | |
| Sokkóttur hestur ungur | 4 | 48 |
| Einn dito gamall blesóttur | 3 | |
| Fjórar ær með lömbum | 4 | |
| ~~Bátur með tilheyrandi utan segl~~ | ~~6~~ | |
| Verður svo summa heila lausafjárins, sem hér er, lateris | 516 | 35 |

Vertíðarfiskur eins manns hlutur angefst að tölu 3 rd. Kann ei að metast til prís að svo stöddu, hvar fyrir herra rector tekur hann undir sína ábyrgð og svarar fyrir hann skilum til skiptiréttarins fyrr en skipti eru afgjörð.

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Jarðagóss sterbúsins er: | | |
| Hálf Stóra-Þverá í Fljótshlíð 15 hndr. að dýrleika, landskuld 60 álnir, kúgildi 2½. | | |
| Hálf Háa-Þverá 5 hndr. að dýrleika, landskuld 30 álnir, kúgildi 1½, metast báðar á 1 hndr. 8 rd. | 160 | |
| Verður altso heila sterbúsins massa. | | |
| Summa summarum | 676 | 35 |

Heila sterbúið afhendist undir herra rectors forvaringu, þangað til væntanligar skuldir á því heftandi verða greiddar, og skipti lokin. Nálægt búandi creditorer eru af skiptaréttinum aðvaraðir, sem inngefið hafa eftirfylgjandi reikninga, sem hér anfærast ásamt fleirum kröfum, er þegar eru anmeldaðar, nefnilega:

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Factor Höyen eftir reikningi af 13. júní 95 | 18 | 86 |
| Kaupmaður Bergmann eftir reikningi af 16. október 94 | 4 | 12 |
| Factor Th. Magnússon eftir reikningi af 12. júní 95 | 9 | 46 |
| Factor Dedichen restants uppá reikning af 3. febrúar 95 | 2 | 70 |
| Factor Petræus eftir reikningi af 12. janúar 95 | 1 | 64 |
| Urtekræmer Friborg eftir reikningi af 19. april 94 | 57 | 80 |
| Til apóteksins eftir reikningi af 30. maí 95 | 14 | 58 |
| Eftir obligation til monsieur Guðmundar í Skildinganesi | 30 | |
| Eftir dito til monsieur Otta Ingjaldssonar á Hrólfskála | 70 | |
| Víðara anmeldast í sterbúinu innistandandi peningar skólabiblioteksins afhentir herra rectori frá konrectori Páli Jakobssyni | 30 | |
| Víðari skuldir eru ennú ekki í sterbúinu anmeldaðar, hvar fyrir skiptaréttarins frekari aðgjörðir útsetjast inn til víðara. | | |
| Summa | 239 | 32 |

Ut supra dag 13. júní 1795

| | |
|---|---|
| Markús Magnússon | Geir Vídalín |
| Gísli Thorlacius | Bjarni Arngrímsson |
| Árni Sivertsen | Uppá prestsins síra Guðmundar Magnússonar |
| Skafti Sæmundsson | vegna, Jakob Árnason |

Skiptaréttur kom fyrst saman 29. júní og næst 11. febrúar 1796, þá 29. september og loks 24. nóvember, eftir að mestur hluti eignanna hafði verið seldur á uppboði 5. og 6. október. Samanlagðar eignir reyndust vera 831 rd. 24 sk. og skuldir 396 rd. 56 sk. Eftir stóðu 434 rd. 64 sk. og fékk Gísli helminginn og Sigurður helminginn. Fram kemur að drengurinn var í fóstri hjá Jóni Sveinssyni landlækni, sem bjó í Nesi við Seltjörn og var giftur Guðríði systur Halldóru; þau voru barnlaus. Í desember 1797 var Gísli til heimilis í skólanum og Sigurður hjá landlækni, fósturbarn 4½ árs og byrjaður að læra að lesa. Hann lést 1. ágúst árið eftir „rúmlega 5 ára gamall" úr andarteppuhósta og var grafinn viku síðar: „Mannvænlegt barn".[5] Til eru lýsingar á Gísla skömmu eftir að Halldóra lést. Hannes Finnsson biskup í Skálholti skrifaði Skúla bróður hans í Kaupmannahöfn 27. ágúst 1795 og harmaði ástandið: „Hand mistede en brav kone som elskede ham og hand hende igien, hun med sin fornuft og behagelige omgang förte ham saa at sige ved sin haand i den bye Reykevig, hvor levemaaden hos alt for mange ikke har roes for ædruelighed. Denne stötte, denne hus-södhed er hand nu berövet". Séra Geir Vídalín á Lambastöðum, síðar biskup, skrifaði Hannesi 11. október og hafði Gísli þá legið rúmfastur í meira en viku: „Sjúkdómur hans er kraftaleysi, trykning fyrir brjósti og dofi í hnjám og fótum. Þó er hann ekki stríður enn sem komið er, en mjög er ég hræddur um að hann varla muni komast bráðlega so til heilsu að hann geti gegnt embætti sínu, og líkast sýnist að þessi sjúkdómur muni draga hann seint eður snemma til bana". Gísli sótti um lausn frá embætti 1. maí 1798 og lifði hálft níunda ár eftir það.[6]

# TILVÍSANIR

1 ÞÍ. Kirknasafn. Seltjarnarnesþing BC 3. Sóknarmannatal 1784–1804, bls. 14, 48, 53, 81, 88, 120; Seltjarnarnesþing BA 4. Prestsþjónustubók 1769–1797, bls. 239–240; Sýsluskjalasafn. Gullbr. ED2/1. Dánarbú 1788–1798, örk 1, bl. 223r–233v.

2 ÞÍ. Kirknasafn. Seltjarnarnesþing BA 4. Prestsþjónustubók 1769–1797, bls. 240; Sýsluskjalasafn. Gullbr. ED2/1. Dánarbú 1788–1798, örk 1, bl. 224v, 229v, 234r.

3 ÞÍ. Kirknasafn. Seltjarnarnesþing BC 3. Sóknarmannatal 1784–1804, bls. 76, 85, 113; *Íslenzkar æviskrár* II, bls. 79–80.

4 ÞÍ. Kirknasafn. Seltjarnarnesþing BA 4. Prestsþjónustubók 1769–1797, bls. 242; Sýsluskjalasafn. Gullbr. ED1/9, 1. Skiptabók klerkdómsins 1781–1796: 11. júní 1795.

5 ÞÍ. Kirknasafn. Seltjarnarnesþing BC 3. Sóknarmannatal 1784–1804, bls. 149, 157; Seltjarnarnesþing BA 5. Prestsþjónustubók 1797–1816, bls. 148. Samkvæmt þessu fæddist Sigurður sumarið 1793, en skráning fæðinga í Reykjavík um þetta leyti var gloppótt og árið 1793 vantar; sjá Seltjarnarnesþing BA 4. Prestsþjónustubók 1769–1797, bls. 191–196, 203–204, 213–221.

6 Lbs. 25 fol. Bréfabók Hannesar Finnssonar 1771–1795, bls. 483; Lbs. 28 fol. Bréfasafn Hannesar Finnssonar: Geir Vídalín 11. október 1795; ÞÍ. Hannes Þorsteinsson, Ævir lærðra manna 18: Gísli Þórðarson Thorlacius, bls. 8–9, 19; skiptin eru nefnd þar á bls. 23.



*Nafnaskrá Guðmundar Péturssonar sýslumanns í fyrstu skiptabók sýslunnar: Árni Magnússon, Árni Árnason, Arngrímur Hallsson, Árni Jónsson, Ásmundur Jónsson og svo framvegis. ÞÍ. Sýsluskjalasafn. N-Múl. ED1/1. Skiptabók 1774–1809, fremst.*

# Norður-Múlasýsla

*1793–1795*

## *Ásmundur Jónsson*

Ásmundur fæddist árið 1730 og var ef til vill sonur Jóns Ásmundssonar (f. 1669), sem árið 1703 bjó í Ytri-Hlíð í Vopnafirði og átti Kristínu Jónsdóttur (f. 1666). Börn þeirra voru Margrét 8 ára og Jón 2 ára. Kristín mun hafa látist í Stórubólu og Jón gekk að eiga Arndísi Þorvarðardóttur (f. 1692). Þau bjuggu í Fremri-Hlíð árin 1730–1734 og var dóttir þeirra Ragnhildur (1730–1761). Sennilega var Ásmundur sonur þeirra. Eiginkona hans var Halldóra Bjarnadóttir (f. 1728) og börn þeirra Jón (f. 1755), Bjarni (f. 1756), Guðlaug (f. 1762), Vilhjálmur (f. 1765), Sigurður (f. 1765), Valgerður (f. 1768), Sveinn (f. 1769) og Kristín (1774–1854). Ásmundur og Halldóra bjuggu á Ljótsstöðum í Vopnafirði árið 1762, hann 32 ára og hún 35 ára, en þrír elstu synir þeirra voru þá eins til sjö ára gamlir. Árin 1785–1792 bjuggu þau í Skógum, sem síðan fóru í eyði. Bjarni sonur þeirra var einhleypur húsbóndi í Höfn við Bakkafjörð árin 1789 og 1791, að varðveitt eru sóknarmannatöl. Sveinn bróðir hans var með honum fyrra árið ásamt Ragnhildi Jónsdóttur bústýru 48 ára og Þóru Stefánsdóttur niðursetningi 18 ára, en Vilhjálmur síðara árið ásamt Ragnhildi. Í febrúar 1793 voru systkinin Vilhjálmur og Valgerður ein á bænum og má ætla að Ásmundur og Halldóra hafi farið til þeirra um vorið. Ári síðar var Vilhjálmur giftur Hallnýju Gísladóttur og Kristín systir hans vinnukona hjá þeim.[1] Ásmundur lést 7. júní 1793, sagður „eigingiftur maður frá Höfn“, og var grafinn fjórum dögum síðar, ef marka má prestsþjónustubók: „varð bráðkvaddur á sjó“. Sýslumaður

segir að hann hafi látist 19. apríl og sætir furðu að svo miklu skeiki á jafn skömmum tíma. Dánarbúið var skrifað upp 15. júlí og eignir tilgreindar sem höfðu verið afhentar þeim börnum hans sem voru farin að heiman. Verðmat er í spesíudölum og fiskum sem reiknast tveir skildingar hver eða með öðrum orðum 48 í ríkisdal.[2]

Anno 1793 þann 15. júlí innfann ég mig að Höfn á Norðurströndum, ásamt útnefndum virðingamönnum, nefnilega monsieur Oddi Ólafssyni á Bakka og Sigurði Sigurðssyni á Krossavík, til að uppskrifa, virða og skipta þar sama staðar tilföllnu sterfbúi eftir æruprýddan Ásmund Jónsson sem burtkallaðist þann 19. apríl síðstliðinn. Erfingjar til þessa sterfbús angáfust eftirskrifaðar persónur, nefnilega primo ekkja Ásmundar heitins erusöm Halldóra Bjarnardóttir, secundo hennar og þess sálaða eftirlifandi börn: a) Jón hér um hálffertugur nú uppihaldandi sér hjá prestinum á Klyppsstað í Loðmundarfirði, b) Bjarni hér um 33 ára gamall vinnumaður á Bustarfelli, c) Vilhjálmur 32 ára, d) Sigurður nú um þrítugsaldur, e) Sveinn 29 ára, f) Guðlaug 28 ára nú vinnukona á Grímsstöðum á Fjöllum innan Norðursýslu, g) Valgerður 23 ára, h) Kristín 22 ára.

Allir hlutaðeigendur voru hér nálægir að undanteknum Jóni, Bjarna, Sigurði og Guðlaugu, uppá hvörra vegna mætti, so lengi þessi skiptaréttur varir, Hallur Guðmundsson, en uppá ekkjunnar hönd mætti hennar sóknarprestur velæruverðugur síra Skafti Skaftason, og endilega fyrir hönd Valgerðar og Kristínar mætti Pétur Þorsteinsson á Hofi í Voknafirði.

Framvísuðust svo eftirskrifaðir fémunir til virðingar sem fylgir:

| | Specie rd. | f. |
|---|---|---|
| 1. Bækur | | |
| 1. Eintal sálarinnar og Passíusálmar, item skrudda, til samans | | 16 |
| 2. Föt þess sálaða | | |
| 2. Mussa og buxur með hnöppum | | 28 |
| 3. Peysa blá með hnöppum | | 24 |
| 4. Nærbuxnaræflar og tvö peysutötur léttvægt, allt | | 8 |
| 5. Hattur | | 8 |
| 6. Tvöföld húfa alblá | | 6 |
| 7. Svartir sokkar | | 4 |

| | rd. | f. |
|---|---|---|
| b) Ekkjunnar | | |
| 8. Gömul einskeftuhempa gatslitin | | 15 |
| 9. Pils og svinta af varningsklæði | 1 | 15 |
| c) Valgerðar | | |
| 10. Pils og svinta | 1 | 5 |
| 11. Treyja slitin | | 8 |
| 12. Gömul hempa | | 15 |
| 13. Röndóttur klútur gamall | | 12 |
| d) Fatnaður Kristínar | | |
| 14. Pils úr varningsklæði bláu borið | 1 | |
| 15. Dúkssvinta útskriðin | | 6 |
| 16. Vaðmálshempa útskriðin | | 16 |
| 3. Eldsgögn | | |
| 17. Tveggja skjólna pottur gagnlegur en gamall | 1 | |
| 18. Einn dito 15 marka dito | | 12 |
| 4. Búsgögn | | |
| 19. Kerhaldsklápur gamall bastfúinn | | 12 |
| 20. Strokkur lítill og gamall | | 8 |
| 21. Eitt trog gamalt | | 2 |
| 22. Ein skjóla og biða | | 4 |
| 5. Aðskiljanlegt | | |
| 23. Sex fjalir allar | | 12 |
| 24. Handkambar líttnýtir | | 4 |
| 25. Tveir askar | | 6 |
| 26. Tveir bollar, tveir diskar, allt | | 4 |
| 27. Ein kista loklaus | | 8 |
| 28. Einn klyfberi | | 3 |
| 29. Eitt ólarreipi gagnslitið | | 2 |
| 30. Þófól með koparhringum | | 4 |
| 31. Járnhringabeisli og dito gjörð, allt | | 4 |
| 32. Einir sölubandsprjónar | | 3 |

| | rd. | f. |
|---|---|---|
| **6. Lifandi** | | |
| 33. Átta ær með lömbum | 8 | |
| 34. Tvær ær dito | 1 | 32 |
| 35. Einn sauður þrevetur | 1 | 16 |
| 36. Ein kýr kálflaus 12 vetra | 5 | |
| 37. Kvíga 5 vetra hefur átt einn kálf meinast undir hob hvort kálfs von hafi | 4 | |
| 38. Einn hestur 13 vetra í meðallagi | 5 | 24 |

Fleiri fémunir fyrirfundust eigi búinu tilheyrandi og þess vegna angafst af ekkjunni eftirskrifað, sem þeir fjærverandi erfingjar hjá foreldrum þeirra uppborið hafa uppá sinn væntanlegan erfðaqvota, nefnilega:

| | rd. | f. |
|---|---|---|
| **1. Jón** | | |
| Ellefu ær | 10 | |
| Eina kú að fyrsta kálfi | 6 | |
| Tvo hesta, annar húðarklár | 7 | |
| Eitt 2 tunnu kerhald | | 30 |
| 40 marka pottur gamall | | 30 |
| | 24 | 12 |
| **2. Bjarni** | | |
| Tvævett mertrippi | 3 | 24 |
| Einn vetrung | 1 | 24 |
| Eitt kerhald tekur 1½ tunnu gamalt | 1 | |
| | 6 | |
| **3. Sigurður** | | |
| Einn sauð tvævetran | 1 | 24 |
| Vefstað með öllu tilheyrandi | | 30 |
| 15 marka pott eyrnalausan | | 15 |
| | 2 | 21 |
| **4. Guðlaug** | | |
| Eitt pils af bláu varningsklæði | 1 | |
| Ein dúksvunta mikið borin | | 12 |
| Eitt traf | | 18 |

| | rd. | f. |
|---|---|---|
| Einn klút | | 12 |
| Kvensöðull með blárri einskeftu um, gamall | | 30 |
| Eitt brekán | | 30 |
| | 3 | 6 |
| Summa summarum | 71 | 1 |

Fleiri fémunir eður inngangandi skuldir auglýstust eigi en útgangandi skuldir auglýstust eftirskrifaðar:

| | rd. | f. |
|---|---|---|
| 1. Til erfingjans Vilhjálms fyrir útlagða peninga fyrir föður hans sáluga | 1 | 24 |
| 2. Til erfingjans Sveins fyrir útlagðan begravelseskostnað | 2 | 24 |
| | 4 | |
| Fleiri skuldir angáfust eigi. Verður svo beholdet bú | 67 | 1 |
| Eftir því erfinginn Jón hefir uppborið til 24 rd. 12 f. sem langt yfirgengur hans erfðaqvota af þessu búi, en er nú sjálfur bast fátækur ómegð hlaðinn, svo ekki getur neitt aftur til arfskostnaðar lagt, þess vegna fráfalla erfingjar arfsjafnaðar tilkalli við hann, og allt so hlýtur hans uppborinn qvoti að dragast frá búsins massa | 24 | 12 |
| Igien massa dividenda | 42 | 37 |
| Við framanskrifaða summu bætist eftir erfingjans Bjarna uppástandi 1 rd. á pottinn sem undir no. 17 er anfærður fyrir 1 rd. en hann býðst til að kaupa fyrir 2 rd. gerir | 1 | |
| | 43 | 37 |

Skiptakostnaður nam 2 rd. 9 f. og eftir stóðu 41 rd. 28 f. eða með öðrum orðum 41 rd. 56 sk. Ekkjan fékk helminginn og fjórir bræðranna 3 rd. 37 $^{5}/_{11}$ f. hver, en systurnar þrjár 1 rd. 42 $^{8}/_{11}$ f. Lóðseðlar fylgja og nákvæm skuldaskil út frá því sem hver og einn hafði fengið áður. Undir skrifa, sama stað og dag, Guðmundur Pétursson sýslumaður, Oddur Ólafsson og Sigurður Sigurðsson.

*Snjólfur Jónsson*

Snjólfur fæddist árið 1762. Foreldrar hans voru Jón Oddsson (1730–1765) og Kristín Magnúsdóttir (1730–1799) í Húsavík. Jón fórst í snjóflóði með vinnumanni sínum síðla vetrar árið 1765, er þeir leituðu sauða. Þann 6. maí 1787 trúlofuðust Jón og Guðrún Sveinsdóttir (f. 1754) og giftust 8. júlí; hann frá Hólshúsum 25 ára og hún frá Brúnavík 38 ára. Skilmálar voru helmingafélag og fjórðungsgjöf til þess þeirra sem lifði lengur. Þau bjuggu í Hólshúsum árið 1790 og síðar í Brúnavík. Börnin urðu þrjú. Sveinn fæddist 7. október 1787 og Oddný 12. apríl 1789, en dó 24. júní. Jón fæddist árið 1791. Snjólfur lést 17. júlí 1793 og var dánarbúið skráð 18. ágúst, en skipti fóru fram 15. september.[3]

Anno 1793 þann 18. ágúst að Brúnavík í Borgarfirði var eftir skipun velæðla herra sýslumannsins seigneur Guðmundar Péturssonar þar tilfallið sterfbú eftir Snjólf sáluga Jónsson, ábúanda þar samastaðar, af viðkomandi hreppstjórum virt og uppskrifað, hvörs dauðadagur innféll þann 17. júlímánaðar næstliðinn. Erfingjar að sterfbúinu eru hans eftirlifandi ekkja æruprýdd Guðrún Sveinsdóttir, samt beggja þeirra skilgetin börn, piltar tveir, nefnilega Sveinn 8 ára og Jón 2ja. Formyndarar eftir lögunum sýnast að vera Oddur Ögmundsson bræðrungur þess sálaða og Guðmundur Sveinsson móðurbróðir barnanna að skyldsemi, en eftir því að ekkjan hefur beðið viðkomandi hreppstjóra Magnús Magnússon að meðtaka fullkominn formynderskap fyrir eldra barnið, og hann þar uppá gefið að vottum sitt jáyrði, þá sýnist hann fremur öðrum vederhæftugur. Kaupmálabréfið framvísar að helmingafjárlag gjört hafi verið til hvors hjóna sem lengur lifði, samt þar að auki morgungáfa 12 rd. specie 27 sk. í peningum og öðrum gildum aurum. Búsins fjárhlutir voru uppskrifaðir og virtir sem fylgir.

| **No.** | **Courant rd.** | **sk.** |
|---|---|---|
| Í fríðu | | |
| 1. Ein kýr svartskjöldótt að lit 9 vetra gömul | 7 | |
| 2. Ein dito svarthuppótt 7 vetra kálflaus | 5 | |
| 3. Þriðja dito hvít 10 á 11 vetra | 6 | |
| 4. Tarfur veturgamall | 3 | |

| No. | | rd. | sk. |
|---|---|---|---|
| 5. | 18 ær stykkið á 1 rd. 12 sk. | 20 | 24 |
| 6. | Átta sauðir tvævetrir á 1½ rd. courant stykkið | 12 | |
| 7. | Fjórir dito þrevetrir | 7 | |
| 8. | 16 gemlingar veturgamlir | 11 | 32 |
| 9. | Hestur 4 vetra | 6 | |
| 10. | Hross 7 vetra | 6 | |
| 11. | Skip með veiðarfærum | 8 | |
| | Í bókum | | |
| 12. | Biblía | 2 | |
| 13. | Postilla magister Vídalíns | 2 | 24 |
| 14. | Grallari | | 68 |
| 15. | Sálmabók | | 68 |
| 16. | Passíuhugvekjur | | 54 |
| 17. | Doctor Arndts Kristindóms síðustu bækur | | 22 |
| 18. | Fæðingarhugvekjur með sálmum | | 34 |
| 19. | Harmonia Evangelica | | 36 |
| 20. | Nýja testamentið | | 34 |
| 21. | Eintalið | | 34 |
| 22. | Sjöorðabók magister Vídalíns | | 34 |
| 23. | Herslefs Föstupredikanir | | 22 |
| 24. | Hallgrímskver | | 18 |
| 25. | Oeconomia Christiana | | 22 |
| 26. | Davíðssaltari | | 27 |
| 27. | Missiraskiptaoffur | | 22 |
| 28. | Upprisuhugvekjur | | 34 |
| 29. | Síðari partur þeirrar nýju Sálmabókar | | 68 |
| | Í fatnaði | | |
| 30. | Karlmanna reisuhempa | 1 | 74 |
| 32. | Sparimussa | 2 | 68 |
| 32. | Önnur lakari | 1 | 24 |
| 33. | Blá peysa | 1 | 48 |
| 34. | Sparibuxur | | 48 |
| 35. | Dúkbrjóstadúkur | 1 | 40 |

| No. | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 36. Augnasaumssessa | 2 | |
| 37. Blómstursaums | 1 | |
| 38. Nærbuxur | | 48 |
| 39. Kvenmannshöttur | 4 | |
| 40. Kvenhempa | 1 | 48 |
| 41. Pils af dökkum og rauðum dúk | 3 | 48 |
| 42. Sveipa af sama slitin nokkuð með þremur silfurhnöppum | 3 | 68 |
| 43. Kersupils | 2 | 48 |
| 44. Klæðistreyja með prjónasaumsermum | 1 | |
| 45. Léreftsklútur | | 48 |
| 46. Annar dito | | 36 |
| Í reiðtygjum | | |
| 47. Karlmannsklúka albúin með þófa og beislinu | 5 | |
| 48. Kvensöðull fornfálegur með gjarðatötrum | 1 | 40 |
| Í kistum | | |
| 49. Kista tvílæst | 1 | 48 |
| 50. Önnur samaslags | 1 | 12 |
| 51. Þrjú kistuskrifli læsingarlaus og hrörleg | 1 | |
| Í eldsgögnum | | |
| 52. Einn 30 marka pottur gallaður | 1 | 7 |
| 53. Annar stærri mikið brunninn | 1 | 20 |
| 54. Þriðji 90 marka gamall og bættur | 1 | 48 |
| Í búsgagni | | |
| 55. Smiðja lasin með steðja, hamri og lasnri töng | 1 | |
| 56. Þrír ljáir | | 48 |
| 57. Axartetur | | 14 |
| 58. Stórkerhald brostið | 2 | |
| 59. Annað gjarðlaust og lítt nýtanlegt | | 48 |
| 60. Sex trog | 1 | 12 |
| 61. Strokkur nær óbrúkanlegur | | 18 |
| 62. Þrjár biður | | 48 |
| 63. Þrjár skjólur | | 34 |
| 64. Tveir askar | | 14 |
| 65. Tveir diskar | | 8 |

| No. | | rd. | sk. |
|---|---|---|---|
| | Í amboðum | | |
| 66. Tvö orf, þrjár hrífur | | | 9 |
| 67. Klyfberi | | | 18 |
| 68. Tvær rekur | | | 14 |
| 69. Í fjalvið brúkanlegum | | 2 | 48 |
| 70. Í hrífum | | | 27 |
| 71. Fjögur ólarreipi | | | 48 |
| | Í peningum | | |
| 72. Í banco | | 4 | |
| 73. Í speciumynt | | 3 | 36 |
| 74. Eitt túmark | | | 34 |
| 75. Þrjú ríxort | | | 72 |
| 76. Tveir 10 skildingar | | | 20 |
| 77. Silfurskeið | | 1 | 39 |
| | Summa summarum | 163 | 43 |

Þessu til staðfestingar eru okkar undirskrifuð nöfn, sama stað, ár og degi sem fyrr greinir.

Magnús Magnússon
Árni Gíslason

Skipti fóru fram að Desjarmýri 15. september 1793 með vottunum Guðvarði Sveinssyni og Sigurði Hallssyni. Guðrún var á staðnum og hennar vegna séra Hjörleifur Þorsteinsson, en fyrir Svein var Magnús Magnússon hreppstjóri og Oddur Ögmundsson fyrir Jón. Engar voru skuldirnar, hvorki útistandandi né innistandandi, en erfðaskattur og skiptakostnaður námu 4 rd. 62 sk, þannig að til skipta komu 158 rd. 77 sk. Helmingur fór til ekkjunnar eða 79 rd. 38½ sk. og hún afþakkaði bróðurlóð. Bræðurnir fengu þar af leiðandi 39 rd. 67¼ sk. hvor, en ekki var eignunum skipt að svo stöddu: „Eftir því ekkjan sjálf vill behalda sonum sínum hjá sér til uppfósturs ásamt þeirra erfðaqvotum, þá uppástóð hún enga úthlutan þar á gerða, sem henni var af skiptaréttinum eftirlátið, með því

móti að hún undirgekkst að láta téða qvota ei verða uppgangseyrir, heldur standa þeim afdráttarlaus skil þar á, nær til myndugra ára komnir væru, hvar með fjárhaldsmönnum var uppálagt að hafa tilbærilega umsjón, svo vel sem í því að þeir ómyndugu yrði forsvaranlega uppmenntaðir til munns og handa“. Undir skrifa Guðmundur Pétursson sýslumaður, Guðmundur Sveinsson og Sigurður Hallsson.

### *Jón Sigfússon*

Jón fæddist árið 1746. Foreldrar hans voru Sigfús Jónsson (f. 1696) og Sigríður Jónsdóttir (f. 1717) á Kleppjárnsstöðum í Hróarstungu. Eiginkona hans var Ingibjörg Þórarinsdóttir (1736–1827) og eignuðust þau Vigfús (1775–1829), Sigfús (f. 1777) og Jón (f. 1782). Árið 1791 tóku þau við Ljótsstöðum í Vopnafirði í eyði og þar bjuggu þau næstu árin. Jón lést 3. október 1794 og var grafinn fimm dögum síðar: „Kenndi ei banasóttar fyrr en á sama dægri og hann sálaðist... Meinast að dáið hafi úr stríðu taki eður köldugigt“. Við uppskrift dánarbús og skipti 15. apríl 1795 er hann sagður látinn 11. október og er hitt sennilegra. Verðmat er í dölum og fiskum.[4]

Anno 1795 þann 15. apríl innfann ég mig að Ljótsstöðum í Voknafirði, ásamt útnefndum virðingarmönnum, nefnilega Einari Ólafssyni á Torfastöðum og Þorvaldi Þórðarsyni á Krossavík, til að uppskrifa, virða og skipta þar sama staðar tilföllnu sterfbúi eftir fyrrum ábúandann þar sama staðar Jón sáluga Sigfússon, sem andaðist þann 11. október næstliðins árs. Erfingjar til búsins undirréttuðust: 1) Ekkja Jóns sáluga Ingibjörg Þórarinsdóttir, fyrir hvörrar hönd mætti sem lögverji hreppstjórinn monsieur Jón Ólafsson á Torfastöðum, 2) Vigfús son téðra hjóna kominn til lögaldurs og alltso myndugur, 3) Sigfús bróðir hans 18 vetra og 4) Jón bróðir hans 12 vetra gamall, fyrir hvörra beggja síðstnefndu bræðra hönd, sem ómyndugra, var tilsettur bóndinn Jón Jónsson á Vakurstöðum. Voru svo eftirskrifaðir fémunir undir virðing framvísaðir:

| | Specie rd. | f. |
|---|---|---|
| **I. Bækur** | | |
| 1. Vetrarpartur Jónspostillu af 1763 nokkuð trosnaður | | 24 |
| 2. Barnapredikanir gamlar og rotnar | | 4 |
| 3. Grallari rotinn | | 10 |
| 4. Himinsvegur rotinn | | 10 |
| 5. Þriðja bók af Johann Arndts Kristindómi | | 16 |
| 6. Vídalíns Kristindómur rotinn | | 6 |
| 7. Eintal sálarinnar gagnrotið | | 2 |
| 8. Hugvekju-, Passíu- og Upprisusálmar í einu bandi rotnir | | 12 |
| 9. Vídalín yfir sjö orðin | | 6 |
| 10. Pontoppidans spurningar, rotnar | | 4 |
| **II. Hirslur** | | |
| 11. Vættarkista gömul með lasinni skrá | | 20 |
| 12. Dito botnlaus og skráarlaus | | 12 |
| 13. Skápur hurðarlaus | | 8 |
| 14. Gömul skrína | | 6 |
| 15. Stór kistill ólæstur | | 8 |
| **III. Búsgagn** | | |
| 16. Þrjár tjörutunnur tómar á 12 fiska stykkið | | 36 |
| 17. Pakktunna gömul | | 5 |
| 18. Þrjár kollur frá 14 til 20 merkur | | 16 |
| 19. Þrjár fötur allar | | 15 |
| 20. Þrjú trog öll | | 18 |
| 21. Tvær danskar lekabyttur | | 8 |
| 22. Fjórir askar allir | | 12 |
| 23. Fjórir diskar | | 4 |
| 24. 60 marka pottur gamall og bættur | | 24 |
| 25. ⟨Annar⟩ tekur hér um 40 merkur bættur | | 16 |
| 26. Malingarkvörn með kassa gagnleg | 1 | 12 |
| **IV. Amboð** | | |
| 27. Fjórar hrífur | | 4 |
| 28. Tvö orf | | 2 |

| | rd. | f. |
|---|---|---|
| 29. Tvær rekur | | 2 |
| 30. Páll | | 8 |
| 31. Þrjár klárur | | 3 |
| 32. Sex kláfar talsins | | 18 |
| 33. Belgur gagnlegur | | 32 |
| 34. Dengslishamar | | 10 |
| 35. Töng | | 6 |
| 36. Hnoðhamar | | 2 |
| 37. Skaraxarbrot | | 4 |
| 38. Fjósbörur | | 4 |
| 39. Sleði | | 12 |
| 40. Þrír hnífar | | 3 |
| 41. Tveir nafrar | | 4 |
| V. Aðskiljanlegt | | |
| 42. Byssa | 1 | 12 |
| 43. Hverfusteinn með þró | | 18 |
| 44. Rokkur gamall | | 16 |
| 45. Stokkakambar gamlir | | 12 |
| 46. Torfkrókar | | 4 |
| 47. Einir prjónar | | 2 |
| 48. Bandveftarlár | | 4 |
| 49. Pottflaska og brúsi | | 4 |
| 50. Brennivínsstaup og merkurglas | | 2 |
| VI. Reiðtygi | | |
| 51. Þófi | | 16 |
| 52. Tveir klyfberaræflar | | 8 |
| 53. Ólarreipi á einn hest | | 20 |
| 54. Hárreipi á einn hest gömul | | 10 |
| 55. Beislisræfill | | 6 |
| VII. Lifandi | | |
| 56. Ein kýr rauð væntanlega snemmbær | 5 | 24 |
| 57. Kvíga meinast með kálfi | 4 | |
| 58. Merhryssa 14 á 15 vetra | 4 | |

| | | rd. | f. |
|---|---|---|---|
| 59. Dito þrevetra afstyrmi | | 4 | |
| 60. Folald | | 2 | 24 |
| 61. 17 ær ungar og gamlar | | 17 | |
| 62. Sjö sauðir tvævetur á 1 rd. stykkið | | 7 | |
| 63. 30 gemlingar á 24 fiska stykkið | | 15 | |
| | Summa | 72 | 34 |

Fleiri fémunir fyrirfundust eigi og sömuleiðis álitust þau framskrifuðu föt til dags og nætur af engu verði, svoleiðis að þau kynni ei til virðingar færast. Þessu næst auglýstu viðkomandi að búið hefði engar útistandandi skuldir að öðrum að heimta, en þar á mót hvíldu á búinu eftirskrifaðar skuldir, nefnilega:

| | rd. | f. |
|---|---|---|
| 1. Til þeirrar fyrrverandi upphöfðu konglegu höndlunar | 10 | 30 |
| 2. Til nærverandi höndlunar á Voknafirði eftir framvísuðum reikningi 11 rd. 88 sk. kúrant til specie | 10 | 24 |
| 3. Til sýslumannsins eftir reikningi | 22 | 28 |
| 4. Til Odds á Bakka 7 rd. kúrant til specie | 6 | 10 |
| 5. Til prestsins séra Einars Stefánssonar á Hofi eftir reikningi fyrir prestsskyldur 62, í allt | 1 | 12 |
| 6. Til Arngríms Eymundssonar á Haugstöðum fyrir lánaðan 1 rd. í banco | | 42 |
| | 52 | 4 |
| Fleiri útgangandi skuldir angefast ei, hvers vegna erfingjar lofast þar til að svara, ef fleiri mót von síðar uppkoma kynni. | | |
| Hleypur so búsins skuldlaus stokkur til | 20 | 30 |
| Hvar frá dregst skiptaréttarins salarium ásamt tveggja virðingarmanna til samans | 1 | 30 |
| Verður so eftir til deildar | 19 | |
| Og eftir því ekkjan uppástendur enga bróðurlóð eður begrafelseskostnað þá sundurskiptist massan þannig: | | |
| a) Ekkjunnar helmingur verður | 9 | 24 |
| b) Vigfúsa bróðurlóð verður | 3 | 8 |

| | rd. | f. |
|---|---|---|
| c) Sigfúsa dito | 3 | 8 |
| c) Jóns dito | 3 | 8 |
| | 19 | |

Sökum vanefna búsins þá begierðu erfingjar að skuldirnar væru ei í þetta skipti útteknar, hvar á mót þeir lofast þeim eftir hægðum sínum rigtuglega að lúka til skuldaheimtumanna, sem af hlutaðeigendum var eftirlátið, uppá það erfingjar fyrir þá grein neyðist ei til að bregða búi. Sömuleiðis voru ei heldur erfðaqvotarnir úthlutaðir þar erfingjar vilja halda búinu saman í félagi og þess vegna álíta sundurdeilinguna þarflausa, hvörju skiptarétturinn var samþykkur, með því móti að það sem kynni græðast í félagi yrði allra erfingja sameiginlegt notagjald, eftir réttri tiltölu. Fleira fyrirféll ei við þennan skiptagjörning að ámálga, hvörju til merkis og staðfestu eru undirskrifaðra nöfn, á sama stað, ár og degi sem upphaflega greinir.

| | |
|---|---|
| Guðmundur Pétursson | Ingibjörg Þórarinsdóttir |
| Einar Ólafsson | Vigfús Jónsson |
| Þorvaldur Þórðarson | Jón Ólafsson |
| | Jón Jónsson |

### *Ragnhildur Jónsdóttir*

Ragnhildur fæddist árið 1762 og var móðir hennar Ragnhildur Óladóttir (1732–1812), en faðir óþekktur. Eiginmaður hennar var Bjarni Ásmundsson (f. 1756), sonur Ásmundar Jónssonar í Skógum (sjá hér á bls. 247). Þau trúlofuðust 28. september 1794 og giftust 8. október, vinnuhjú á Bustarfelli í Vopnafirði: „helmingafélag gjörist af fengnu og ófengnu“. Dóttir þeirra Silkisif fæddist á Hauksstöðum 9. desember 1795 og var skírð heima. Daginn eftir lést Ragnhildur, sögð húskona: „Hún sálaðist eftir það barnið hafði alið og komst ei frá sínum eftirburði, hafði lifað með sínum egtamanni eitt ár; að aldri 33 ára“. Dánarbúið var skráð á Síreksstöðum hálfu ári síðar og því skipt samdægurs.[5]

Anno 1796 þann 13. júní að Sýringsstöðum í Voknafirði innfann ég mig til, ásamt útnefndum virðingarmönnum Jóni Sigurðssyni og Pétri Bjarnasyni, að virða og skipta þar samastaðar tilföllnu sterbúi eftir Ragnhildi heitina Jónsdóttir, sem andaðist í annarri viku jólaföstu, hvörrar egtamaður Bjarni Ásmundsson, ásamt þeirra sameiginlegri dóttur að nafni Silkisif nú rúmt misseris gamallri, er erfingi til þessa bús. Framvísaðist so:

| | Specie rd. | f. |
|---|---|---|
| **Bækur** | | |
| 1. Sumarpartur Jónspostillu í sæmilegu bandi | | 24 |
| 2. Sokölluð Grallarabók í bandi | | 12 |
| 3. Gerhardi hugvekjur | | 16 |
| 4. Herslebs Sjöorðabók defect | | 6 |
| 5. Hallgrímssálmar | | 4 |
| 6. Pontoppidans spurningar | | 4 |
| **Fatnaður** | | |
| 7. Kessupils fornt | 1 | 12 |
| 8. Treyja borðalögð | | 12 |
| 9. Hempa borðalögð | | 35 |
| 10. Styttuband | | 4 |
| 11. Flöyelssvunta með raskfóðri | | 24 |
| 12. Hornaklútur bláteinóttur | | 24 |
| 13. Annar dito lítill | | 16 |
| 14. Kragi | | 12 |
| 15. Beltispör | | 6 |
| 16. Vaðmálsmussa með hnöppum | | 16 |
| 17. Svartir áverusokkar | | 4 |
| **Aðskiljanlegt** | | |
| 18. Vættarkista læst gömul | | 30 |
| 19. Tveir askar | | 6 |
| 20. Bytta og diskur | | 4 |
| 21. Fata | | 4 |
| 22. Önnur dito með eysli | | 4 |
| 23. Grasatrog | | 3 |

| | rd. | f. |
|---|---|---|
| 24. Ný tjörutunna | | 12 |
| 25. Ein dito gömul | | 6 |
| 26. Kolla uppá 20 merkur | | 7 |
| 27. Hálftunna og kvartil | | 4 |
| 28. Sjö pallfjalir | | 30 |
| 29. Öxi gömul | | 4 |
| 30. Ein klára | | 2 |
| Lifandi gripir | | |
| 31. Tíu ær með lömbum | 10 | |
| 32. Tveir sauðir þrevetrir á 72 fiska stykkið | 3 | |
| 33. Einn sauður tvævetur | 1 | |
| 34. Tvær gimbrar lamblausar | 1 | |
| 35. Tveir gemlingar veturgamlir | 1 | |
| 36. Mertrippi þrevett afstyrmi | 2 | 24 |
| 37. Kvíga hefir átt einn kálf | 4 | |
| Summa | 30 | 40 |

Fleiri fjármuni nefndi Bjarni ekki og engar skuldir voru útistandandi. Kaupmanni skuldaði búið 5 rd. 72 f. og séra Einari á Hofi 3 rd., en Eymundi í Teigi 24 f. og sýslumanni 1 rd. 47 f. í þingskyldur, samanlagt 9 rd. 47 f. Skiptakostnaður nam 57 f. þannig að eftir voru 19 rd. 36 f. sem feðginin skiptu á milli sín. Úthlutun í skuldir fylgir, nema til kaupmannsins sem Bjarni lofaði að borga um sumarið. Og „eftir því hann sjálfur veitir barni sínu fóstur og uppheldi þá hefir hann þess fjárhald. Þess vegna var þessi deild ei úthlutuð, sem því síður gerðist, sem hún gat þó ei orðið innstæða“. Undir skrifa Jón Sigurðsson og Pétur Bjarnason.

## TILVÍSANIR

1 *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 380; ÞÍ. Rentukammer D1/12. Manntal 1762. Þingeyjarsýslur og Múlasýslur, nr. 4. Hof í Vopnafirði, bl. 5v–6r ; Kirknasafn. Hof í Vopnafirði BC 1. Sóknarmannatal 1785–1811, bls. 12, 42, 74, 106, 162, 188, 214, 234, 248; Skeggjastaðir BC 1. Sóknarmannatal 1784–1838, bls. 38, 42, 48, 52; Einar Jónsson, *Ættir Austfirðinga* VII, bls. 1395–1398.

2 ÞÍ. Kirknasafn. Skeggjastaðir BA 1. Prestsþjónustubók 1784–1816, bls. 201; Sýsluskjalasafn. N-Múl. ED1/1. Skiptabók 1774–1809, bls. 46–51.

3 *Annálar* V, bls. 295; ÞÍ. Kirknasafn. Klyppsstaður BA 1. Prestsþjónustubók 1784–1816, bls. 10, 65, 83. Fæðing Jóns er ekki færð til bókar og ekki andlát Snjólfs, sjá bls. 80, 84; Sýsluskjalasafn. N-Múl. ED1/1. Skiptabók 1774–1809, bls. 60–64.

4 ÞÍ. Kirknasafn. Hof í Vopnafirði BC 1. Sóknarmannatal 1785–1811, bls. 164, 190, 216, 234, 248; Hof í Vopnafirði BA 1. Prestsþjónustubók 1784–1816, bls. 258; Sýsluskjalasafn. N-Múl. ED1/1. Skiptabók 1774–1809, bls. 96–99.

5 ÞÍ. Kirknasafn. Hof í Vopnafirði BA 1. Prestsþjónustubók 1784–1816, bls. 39, 188, 259; Sýsluskjalasafn. N-Múl. ED1/1. Skiptabók 1774–1809, bls. 136–138.



*Illa farin fyrsta blaðsíða í dánarbúsuppskrift eftir Guðrúnu Ívarsdóttur, sem eignaðist barn á laun rétt áður en hún dó (sjá bls. 276). ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Snæf. ED2/130. Dánarbú 1785–1812, örk 9, bl. 53r.*

# Snæfellsnessýsla

*1799–1805*

*Hallur Ólafsson*

Hallur fæddist árið 1749. Foreldrar hans voru Ólafur Pétursson (1712–1778) og Guðrún Hallsdóttir (1715–1783) á Þverá í Núpsdal í Húnavatnssýslu. Eiginkona hans var Málfríður Ólafsdóttir (1751–1799) frá Bjargi í Miðfirði. Börn þeirra voru Ebeneser (1778–1785), Málfríður (f. 1780) og Guðrún (f. 1780), báðar látnar þegar faðir þeirra lést úr landfarsótt 26. febrúar 1799. Hann var jarðaður 4. mars og dánarbúið skráð í Bjarnabúð á Hellissandi daginn eftir. Málfríður lést úr brjóstveiki 22. júlí 1799, þá til heimilis á Bug í Fróðársókn. Skipti eftir þau hjónin eru ekki varðveitt. Haft er spurningamerki þar sem verðmat sést ekki vegna skemmda.[1]

Anno 1799 þann 5. mars voru af undirskrifuðum mönnum uppskrifaðir og virtir eftirlátnir fjármunir Halls sáluga Ólafssonar í Bjarnabúð á Sandi, hverja hans eftirlifandi ekkja Málfríður Ólafsdóttir ásamt hennar tilkosnum svaramanni, monsieur Jón Guðmundsson í Bug, framleggja til virðingar, nefnilega þessa:

| No. | Courant rd. | sk. |
|---|---|---|
| 1. Vídalíns hússpostilla illa bundin | 1 | |
| 2. Grallari úr bandi | | 24 |
| 3. Skræða af íslenskri sálmabók | | 20 |
| 4. Gerhardi hugvekjur | | 32 |
| 5. Sjöorðabók Vídalíns | | 18 |
| 6. Gömul skræða eða bók um ódauðleik sálarinnar | | 4 |

| No. | | rd. | sk. |
|---|---|---|---|
| 7. | Enn nú gömul bók í þrem pörtum | | 12 |
| 8. | Fæðingarsálmar úr bandi | | 6 |
| 9. | Hallgrímskver | | 4 |
| 10. | Hattur með tinhringju | | 50 |
| 11. | Sjóhattur gamall | | 12 |
| 12. | Sortuð vaðmálsmussa forn með hnöppum | 1 | |
| 13. | Buxur af sama fornar | | 48 |
| 14. | Buxnahnappar | | 10 |
| 15. | Blá peysa með dönskum hnöppum | 1 | 32 |
| 16. | Prjónaður brjóstadúkur nýr | | 80 |
| 17. | Ljósblá peysa nýleg hneppt | 1 | |
| 18. | Dito forn ogso hneppt | | ? |
| 19. | Dúkskyrta nýleg lítil | | 48 |
| 20. | Dito slitin | | 24 |
| 21. | Prjónaðar buxur hnepptar slitnar | | 32 |
| 22. | Strigabuxnagarmar | | 18 |
| 23. | Sauðsvartir buxnagarmar | | 10 |
| 24. | Tvennar nærbuxur fornar | | 34 |
| 25. | Græn klæðissvinta með silfurhnapp | 1 | 68 |
| 26. | Strigapils | | 60 |
| 27. | Traf af lérefti brúkað | | 32 |
| 28. | Handaklútur bláröndóttur | | 28 |
| 29. | Silkiklútur lítill | 1 | |
| 30. | Hálssilki dökkt | | 34 |
| 31. | Tvær rekkvoðir gatslitnar | | 10 |
| 32. | 3 fjórðunga panna götuð | 1 | |
| 33. | Fjórðungspanna brunnin | | 64 |
| 34. | 10 marka panna | | 30 |
| 35. | Vættarkista íslensk læst | 1 | 12 |
| 36. | Dito dönsk lamalaus | | 48 |
| 37. | Kistuskrifli skrá- og lamalaus | | 20 |
| 38. | Skápur gamall og fúinn | | 16 |
| 39. | Skrínuskrifli | | 24 |

| No. | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 40. Koffort skrá- og lamalaust | | 12 |
| 41. Þrjár tjörutunnur fornar | | 60 |
| 42. Fjórir askar fornir | | 20 |
| 43. Trog og kerhald | | 16 |
| 44. Sákerhald gamalt og laggbrotið | | 12 |
| 45. Tvær fötur gjarðfáar og lekar | | 10 |
| 46. Grautarskál | | 8 |
| 47. Tveir lampar | | 54 |
| 48. Reisla tekur ½ vætt | | 28 |
| 49. Karrar fornir | | 24 |
| 50. Húskofi sem ekki fylgir búðinni | | 34 |
| 51. Fiskarár brúkaðar | 1 | 68 |
| 52. Spelahjallur | 2 | 48 |
| 53. Húshjallur | | 44 |
| 54. Lofthjallur | 1 | 12 |
| 55. Hnakkur fornfálegur | | 40 |
| 56. Tvö beisli og tvær gjarðir | | 64 |
| 57. Þófi nýlegur | | 44 |
| 58. Hálfur fjórðungur af sauðskinnum | | 32 |
| 59. Ný skinnbrók | | ? |
| 60. Dito háleistuð | | ? |
| 61. Skinnstakkur nýr | | ? |
| 62. 18 pallfjalir | 1 | 20 |
| 63. Þrjár pallslár | | 22 |
| 64. Fjórir rúmstokkar | | 44 |
| 65. Tvö greniborð forn | | 40 |

Fleiri fjármunir voru ei framlagðir.

Skuldir sem þessu sterbúi eiga að gjaldast eru þessar:

| | | |
|---|---|---|
| Fjögur þjónustukaup til páska | 4 | |
| Mélkvartilsverð hjá séra Benedikt Árnasyni | 1 | 24 |
| 3 fjórðungar hjá Jóni Hallssyni | | 34 |
| Summa lateris | 38 | 13 |

Skuldir sem á þessu stervbúi liggja angefast þessar:

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Til Ólafsvíkurhöndlunar | 5 | 3 |
| Til Daníels í Kirkjufelli | | 40 |
| Fleiri skuldir eru ei nefndar. | | |
| Útfararkostnaður Halls sáluga | 9 | 91 |

Þess er að geta að Hallur sálugi átti færleik sem menn ei vita fyrr en í vor hvert lifandi er eða dauður; so og eru til hér um 80 af fiski og ýsu blautum, sem ei kann að þessu sinni virðast. Ekkjan er ekki vel forsýnuð með matvæli og hefur hún á skiptadegi að gjöra reikning fyrir allt hvað hún þarf til nauðsynja sinna; en allir ofanskrifaðir fémunir setjast í hennar an- og tilsvar til vordaga. Datum ut supra.

Ólafur Björnsson sem virðingarmenn undirskrifa
Þorvarður Guðmundsson
Guðmundur Jónsson

### *Þorgerður Heinsdóttir*

Þorgerður var að öllum líkindum dóttir Heins Bjarnasonar sem árið 1703 var 23 ára sonur bónda í Fossárdal við Ólafsvík, en síðar kirkjuhaldari á Laugarbrekku undir Jökli og gaf kirkjunni kaleik. Í manntali 1762 er Þorgerður skráð sem bóndi í Holtsbúð, 45 ára, með ónafngreindan vinnumann og tvo ómaga. Hún er jafnframt tilgreind sem eigandi kirkjunnar ásamt Gottskálk Eiríkssyni bónda á Laugarbrekku og Þórði Guðmundssyni í Holti. Til er vitnisburður hennar 24. nóvember 1789 um landamerki Hleinar og Bala, og kveðst hún þá vera 72 ára.[2] Ekki er vitað hvenær Þorgerður lést, en dánarbúið var skráð á Brekkubæ 14. maí 1799. Tveimur dögum síðar krafðist séra Ásgrímur Vigfússon á Hellnum skuldar úr búinu og er bréf hans nokkuð skemmt.[3] Það fylgir uppskriftinni hér.

Uppskrift á þeim fjármunum eftir Þorgerði Heinsdóttur á Brekkubæ dag 14. maí 1799.

| | | rd. | sk. |
|---|---|---|---|
| 1. | Kragi | | 20 |
| 2. | Svunta með tveimur silfurknöppum lítilfjörlegum | | 68 |
| 3. | Hempa lasin | | 32 |
| 4. | Kista gömul og lamalaus með lítilfjörlegri skrá | 1 | 12 |
| 5. | Hálftunnuskrokkar tveir gamlir | | 16 |
| 6. | Fata og kerhald mjög fornt | | 20 |
| 7. | Gamalt heilanker laggbrotið og bandalaust | | 28 |
| 8. | 5 fjórðungar méls á hálftunnu | 1 | 54 |
| 9. | Hey virt | | 45 |
| 10. | Sneis og hrífa | | 10 |
| 11. | Skemmukofi með skrá og lykli | 1 | |
| 12. | Gömul messusöngsbókarskræða | | 8 |
| 13. | 5 merkur ullar | | 15 |
| 14. | Sængurdýnumynd | | 68 |
| 15. | Tvær rekkvoðir og brekán allt fornt | 1 | |
| 16. | Brúkanleg skyrta | | 40 |
| 17. | Pilsmynd með ónýtu svunturæskni | | 12 |
| 18. | Strigapilsmynd | | 5 |
| 19. | Þrennar sokkamyndir, einir brúkanlegir | | 16 |
| 20. | Lítil fata til 2 potta og önnur ditto minni | | 12 |
| 21. | Þrír askar brotnir og líttnýtir | | 6 |
| 22. | 10 marka pottur | | 40 |
| 23. | Blautfiskstrog | | 4 |
| 24. | Skrína gömul brotin og ónýt | | 12 |
| 25. | Eingirnisprjónar | | 7 |
| 26. | Kvartilsgarmur | | 5 |
| 27. | Tveir gemlingar horaðir | | 68 |
| 28. | Fimm ær með marki sneitt framan hægra og biti aftan, og hvatrifað vinstra, hvör af þeim virtar 1 rd., gjörir í allt | 5 | |
| 29. | Fjárhúskofi | | 32 |
| 30. | Karrar | | 32 |
| | Summa | 16 | 15 |

Eru so skuldir sem reiknast þar á móti þessar:

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Líksöngseyrir | | 27 |
| Legkaup til kirkjunnar | | 54 |
| Kistusmíði | | 64 |
| Til líkmannanna | 2 | 32 |
| Fyrir brennivín | 2 | 35 |
| Fyrir mann til Ólafsvíkur | | 48 |
| Fyrir brauð og gamalvín | | 52 |
| Fyrir húsaleigu og kostnað prestsins | 2 | |
| Saum á líkkistuna | | 14 |
| Summa | 9 | 38 |

Hér fyrir utan lýsir herra Ásgrímur Vigfússon eftir skuld sem okkur er ei kunnug. Til virðingarmanna eftir því sem herra sýslumanninum sýnist.

Þórður Tómasson
Magnús Gíslason

Þessum eftirskrifuðum skuldum lýsi ég til mín óbetöluðum, eftir Þorgerði heitina Heinsdóttur.

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Landskuld [0000000000]t sem árlega jafnast gefur af sér fimm kap[la af 0000]töðu, hvört ár 2 fjórðunga fiska, gjörir í níu ár [2 v]ættir 2 fjórðunga meðalfisk, eða | 4 | 48 |
| Troðningur og [á]gangur með tvo menn, og um 20 fjár, með veru hennar í skemmunni á minni lóð, 1 fjórðungur árlega, gjörir í tíu ár 10 fjórðunga fiska, eður | 2 | 48 |
| Prestgjald 16 sk. árlega gjörir í sjö ár | 1 | 16 |
| og nú áfallandi legkaup | | 54 |
| Summa | 8 | 70 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Hér uppí hefi ég meðtekið líttnýtan skemmukofa sem er sagður að vera virtur | 1 | |
| og í fjórum stöðum laggbrotið og gjarðlítið kvartil | | 28 |
| Resterar | 7 | 42 |

Laugarbrekku dag 16. maí 1799
Ásgrímur Vigfússon

## *Silpha*

Ekkert er vitað um Silphu annað en það sem hér kemur fram. Dánarbú hennar var skráð 24. júlí 1800 og má ráða af eignum að hún hafi verið nokkuð öldruð. Samdægurs gerði Jón Jónsson factor á Arnarstapa reikning fyrir útfararkostnaði, án þess að upphæðar sé getið, og fram kemur að hann geymdi reitur hennar. Tveimur árum síðar eignaðist hann dóttur með konu sinni Jórunni Oddsdóttur Hjaltalín og var henni gefið nafnið Silpha, hugsanlega í höfuðið á hinni, og hver veit nema Silpha eldri hafði verið fóstra fyrri barna þeirra hjóna, sem voru sex að tölu og fædd árin 1790–1799. Númer 5 vantar í uppskriftina og summu, sem er aukið við hér.[4]

Fjármunir eftir Silpha sálugu

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 1. Einskeftupils burtselt | | 48 |
| 2. Blár niðurhlutur og svunta samlitt af gömlu raski gölluðu og einn spennuhnappur | 2 | 48 |
| 3. Lítilfjörleg silfurpör á flosbandi | | 64 |
| 4. Blár upphlutspilsgarmur | | 52 |
| 6. Tvær skyrtur af striga slitnar | | 20 |
| 7. Blá peysa forn | | 32 |
| 8. Svört einskeftusvunta | | 14 |
| 9. Tvennir sokkar | | 16 |
| 10. Nærpils gamalt burtselt | | 24 |
| 11. Forn rekkvoð | | 20 |
| 12. Gamall handaklútur | | 36 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 13. Fjórir gamlir klútar | | 52 |
| 14. Kragi með treyjulöfum | | 32 |
| 15. Gamlar trafðskjur íslenskar | | 4 |
| 16. Gamalt kúfört | | 36 |
| Summa | 7 | 18 |

Stapa dag 24. júlí 1800
Þórður Tómasson
Guðmundur Tumason

Þessi útfararkostnaður Silphar sálugu er óborgaður til mín undirskrifaðs, hvar fyrir sterbúsins fjármunir eru hjá mér til geymslu á meðan.

Stappen den 24. Juli Anno 1800
Jón Jónsson

## *Bjarni Bjarnason*

Bjarni fæddist árið 1743. Foreldrar hans voru Bjarni Þórðarson (f. 1713) og Helga Guðmundsdóttir (f. 1721) á Skarði í Haukadal í Dalasýslu og síðar í Eyrarsveit á Snæfellsnesi. Eiginkona hans var Guðrún Árnadóttir (f. 1759) og börn þeirra Solveig (f. 1783), Bjarni (f. 1785), Helga (f. 1789), Árni (f. 1791), Þorgerður (f. 1792) og Jón (f. 1794). Árið 1801 bjuggu þau á Gufuskálum og þar lést Bjarni 14. desember. Dánarbúið var skráð 24. janúar 1802 og skipti fóru fram 16. september. Verðmat vantar á nr. 77.[5]

Anno 1802 þann 18. janúar að Gufuskálum var hreppstjórinn Þórarinn Jónsson til staðar með undirskrifuðum virðingarmönnum til að uppskrifa og virða láta eftirlátna fjármuni Bjarna sáluga Bjarnasonar sem deyði sama staðar 14. desember. Erfingjar eru ekkjan Guðrún Árnadóttir og fimm börn, nefnilega Bjarni 17 ára, Árni 11 ára, Sólveig 19 ára og Helga 13 ára, Jón 8 ára. Fyrir barnanna hönd var til staðar monsieur Jón Árnason. Var so af ekkjunni framlagt sterfbúsins góss sem fylgir:

| No. | | rd. | sk. |
|---|---|---|---|
| 1. | Vídalínspostilla | 2 | |
| 2. | Grallari | | 22 |
| 3. | Biblíukjarni | | 16 |
| 4. | Davíðs lessaltari | | 24 |
| 5. | Gerhardi hugvekjur | | 32 |
| 6. | Vídalíns Föstupredikanir | | 24 |
| 7. | Misseraskiptaoffur | | 16 |
| 8. | Eintalið | | 16 |
| 9. | Kvöld- og morgunsálmar skrifaðir | | 8 |
| 10. | Kvöld- og morgunoffur | | 28 |
| 11. | Upprisusálmar | | 10 |
| 12. | Þórðarbænir | | 8 |
| 13. | Barnalærdómur | | 23 |
| 14. | Skinnhúfa | | 48 |
| 15. | Hattur | | 32 |
| 16. | Síðhempa forn | | 16 |
| 17. | Mussa brúkuð | | 64 |
| 18. | Buxur sortaðar | | 48 |
| 19. | Mussugarmur forn | | 16 |
| 20. | Útprjónsbrjóstadúkur | 1 | 12 |
| 21. | Dito af flanéli forn | | 64 |
| 22. | Peysa blá með beintölum | | 48 |
| 23. | Skinnpeysa forn | | 32 |
| 24. | Dito blá af prjóni garmur | | 8 |
| 25. | Dúkskyrta forn | | 32 |
| 26. | Nærbuxur bláar | | 40 |
| 27. | Dito bláar fornfálegar | | 16 |
| 28. | Buxnagarmar sortaðar | | 6 |
| 29. | Sokkar sortaðir | | 12 |
| 30. | Dito sauðsvartir | | 16 |
| 31. | Enn nú tvennir bættir | | 16 |
| 32. | Kollótt húfa forn | | 4 |
| 33. | Hvítir hosuprjónsvettlingar | | 8 |
| 34. | Sokkabönd og einir íleppar | | 8 |

| No. | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 35. Rauðleitur klútur | | 24 |
| 36. Dito lakari | | 8 |
| 37. Tvær kistur hvör á 16 sk. | | 32 |
| 38. Skrína læst með lömum | | 32 |
| 39. Dito loklaus | | 8 |
| 40. Lagartunna | | 64 |
| 41. Tjörutunna | | 24 |
| 42. Dito lakari | | 12 |
| 43. Méltunnuskrokkur | | 4 |
| 44. Tveir kvartilskrokkar | | 4 |
| 45. Ein fata og kerald | | 12 |
| 46. Strokkur | | 16 |
| 47. Eitt mjólkurtrog | | 12 |
| 48. Pottur tekur 3 fjórðunga | 2 | |
| 49. Dito tekur fjórðung göllluð | | 24 |
| 50. Hnakkur óbrúkanlegur | | 32 |
| 51. Ístöð og einn gjarðahringur | | 32 |
| 52. Þófi brúkanlegur | | 48 |
| 53. Beisli lítt brúkanlegt með járnstöngum | | 16 |
| 54. Orf og hrífa | | 12 |
| 55. Þrjár ljáspíkur | | 16 |
| 56. Þrjár sagir, öxi, hamar, fjórir nafrar | 1 | |
| 57. Ein reipi brúkanleg, dito lakari | | 24 |
| 58. 1 fjórðungur af sauðskinnum | | 64 |
| 59. 14 pallfjalir með slám | 1 | 16 |
| 60. Fjórar lausar fjalir | | 32 |
| 61. Sex rár brúkanlegar, 16 lakari | | 48 |
| 62. Einn planki | | 48 |
| 63. Eitt bak af tré | | 32 |
| 64. Spelahjallur | 1 | 64 |
| 65. Dito óspelaður | 1 | |
| 66. 1 fjórðungur af haustull | | 48 |
| 67. Skemma | 1 | 16 |

| No. | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Enn nú bíður óvirt til vors | | |
| 68. Eitt áttærings skip gamalt með segli og reiða | 15 | |
| 69. Eitt báthró fjögra manna far | 2 | |
| 70. Dito tveggja manna far | 5 | |
| 71. Ein lóð með bólstreng og bóli | 3 | 60 |
| 72. Tveir lóðarstrengir nýir, dito fornt færi | 1 | 64 |
| 73. Ein kýr 8 vetra gömul | 8 | |
| 74. Ein kvíga á fyrsta kálfi | 6 | |
| 75. Tvær ær | 2 | |
| 76. Einn færleikur 15 vetra | 2 | 48 |
| 77. Einn dito 4 vetra | | |
| 78. Fiskur 4 hundruð | 16 | |
| Summa | 88 | 41 |

| | | |
|---|---|---|
| Skuldir framtaldi ekkjan | | |
| 1. Begrafelsiskostnað | 4 | |
| 2. Til madame Heidemann | 4 | 49 |
| 3. Til Árna Bjarnasonar | 2 | |
| 4. Til monsieur Jóns Árnasonar | 1 | 40 |
| 5. Eftirstandandi af brjóstadúksverði | | 48 |
| 6. Til Þórarins Jónssonar | | 23 |
| 7. Morgungáfa | 12 | |
| 8. Landskuld | 12 | |
| 9. Prestgjald | | 72 |
| 10. Ljóstollur | | 26 |
| 11. Meðgjöf með kvígu | 3 | 12 |
| 12. Með færleik | 2 | |
| 13. Til Hálfdáns í Bervík | | 48 |
| 14. Til Árna Sigurðssonar | 6 | 12 |
| 15. Álag á jörðina | | 12 |
| 16. Til herra sýslumanns og fyrir uppskrift og virðing | 3 | |
| Summa | 64 | 42 |

Fleira framtaldi ekki ekkjan sterbúið áhrærandi. Actum ut supra.

Þórarinn Jónsson　　Illugi Ólafsson
　　　　　　　　　　Árni Sigurðsson

Skiptin annaðist Stefán Vigfússon Scheving að Ingjaldshóli 16. september 1802 í umboði Péturs Péturssonar sýslumanns. Guðrún var viðstödd og Jón bróðir hennar, bóndi á Gufuskálum, fyrir hönd barnanna. Sterbúsins massa var 88 rd. 41 sk. og skuldir námu 64 rd. 42 sk., sem Guðrún hafði að mestu leyti greitt: „En so sem það mesta af áminnstum skuldum er nú allareiðu af ekkjunni sjálfri betalað til viðkomandi, so fellur burt þessi summa úr uppskriftinni, og hvað nú ábrestur að fullnægja greindum skuldum, lofar hún að hafa það gjört klárt fyrir nýtt ár“. Til skipta komu 24 rd. og fékk Guðrún helminginn, en synirnir 3 rd. á mann og dæturnar 1½ rd.: „Þenna litla arf skal móðurin í börnunum þénanlegustu aurum útgreiða hið besta“. Undir skrifa Scheving, Guðrún og Jón, en Þórarinn Jónsson og Illugi Ólafsson sem skiptavottar.

## *Guðrún Ívarsdóttir*

Guðrún fæddist árið 1770. Foreldrar hennar voru Ívar Jónsson (f. 1734) og Kristín Björnsdóttir (f. 1747) í Ytra-Skógarnesi í Miklaholtssókn. Þar var Guðrún að minnsta kosti til ársins 1793, en átta árum síðar var hún vinnukona á Rauðkollsstöðum í Rauðamelssókn. Hún var bústýra hjá Jóni Halldórssyni á Garðabrekku í Staðastaðarsókn þegar hún lést 18. september 1802. Jón var þá um þrítugt og hafði misst konu sína Halldóru Pálsdóttir tæpu ári fyrr. Þegar ösku var hent úr eldhúsi daginn eftir að Guðrún lést fundust líkamshlutar úr nýfæddu barni. Finnur Jónsson sýslumaður kvaddi sex karla til líkskoðunar 22. september og sendi amtmanni skýrslu með bréfi 15. október.[6] Eignir Guðrúnar voru skráðar 12. október og er uppskriftin nokkuð illa farin (sjá mynd á bls. 264).[7]

Anno 1802 þann 22. september var sýslumaðurinn í Snæfellsnessýslu Finnur Jónsson til staðar að Garðabrekku í Staðarsveit með sex tilteknum undirskrifuðum góðum mönnum, hreppstjórum og bændum, til að skoða andvana líkama þeirrar þar þann 18. þessa mánaðar bráðdauðu konu Guðrúnar Ívarsdóttur, og þann 19. sama mánaðar fundnu parta af dauðum barnslíkama á sama stað, allt eftir anmodning frá prófasti herra Guðmundi Jónssyni, sem presti í þessari Staðarsókn, af dato 20. sama mánaðar. Var fyrst af sýslumanninum og þeim sex tilteknu mönnum skoðað andvana lík þeirrar dauðu konu, og gátu þeir ekki séð á líkamanum að hún væri dauð af mannavöldum eða nokkrum útvortis tilverknaði, þar á líkinu var ekkert að sjá nema lítið blóð úthlaupið af nösunum og kviðurinn uppþembdur með bláum blettum. Brjóstin á þessum kvenlíkama voru og skoðuð, og sást af þeim að hún hafði verið með barni, þar stálmi fannst í þeim; í því eina stærri og öðru minni. Partar af fullvöxnum nýklakins barns líkama voru og á staðnum framvísaðir; var það höfuð, læri, lendar og fætur, sem allt virtist fullburða, en miðpartinn vantaði. Af þessu gátu ekki sjónarmennirnir sagt hvernig það væri frá lífi eða dögum komið.

Þar eftir yfirheyrði sýslumaðurinn nákvæmlega hússins fólk, sem var bóndinn Jón Halldórsson og móðir hans Þórdís Árnadóttir karlæg á áttræðisaldri, og ekki fleiri nema barn 5 ára. Sagði Þórdís að hún í sumar hefði séð á Guðrúnu þeirri dauðu þykkt, og spurt hana hvernig á henni stæði, en hún hefði ætíð sagt að með sér stæði blóð, og ekki hefði hún getað eftir öðru komist. Jón Halldórsson segir það sama og leggur til að á laugardagskvöldið þann 18. þessa mánaðar hafi Guðrún heitin farið með sér út í fjós til að þvo sér höfuðið; og þá hún hafi verið búin að ausa tveimur lúkum í höfuð honum hafi hún liðið niður og sagt „æ! já, já“. Strax hafi hann tekið hana og borið út úr fjósinu sem dauða, er hann segir hann hafi ekki betur vitað, og strax sótt tvo menn, nefnilega fyrst Þorleif Þorleifsson og síðan Guðlaug Guðlaugsson, sem báðir hér nálægir frambera að þeir ekki nokkurt lífsmark hafi fundið með þeim líkama sem þeir strax tilkvaddir sáu af Guðrúnu Ívarsdóttur. Jón Halldórsson, ásamt öllum nálægum besigtelsis og þingmönnum, framber að Guðrún Ívarsdóttir hafi hingað komið frá Hrísdal í Hnappadalssýslu sunnudaginn annan í sumri næstliðna, þá og strax var lítið kvis um að hún væri með barnsþunga eða ólétt. Sú eftir prófastsins angefning tilkvadda kvenpersóna Ingiríður Gísladóttir var hér og yfirheyrð, og segir hún, að þegar hún á sunnudagsmorguninn kom að Garðabrekku og hafi tekið þar

upp eld, hafi hún í eldstónni fundið parta af barnslíkama og strax kallað til Jón Halldórsson, sem þá með nefndum Þorleifi hafi tekið þá upp, og ekki geti hún sagt hvert líkaminn sé brunninn af eisu eða ösku, þó það sýnist líklegt. Actum ut supra.

| | |
|---|---|
| Finnur Jónsson | Bárður Bjarnason |
| Jón Arnbjörnsson | G. Brandsson |
| Magnús Einarsson | Jón Pálsson |
| Guðmundur Sigurðsson | |

Conform med originalen, testerer F. Jonsen

Anno 1802 þann 12. október var uppskrifað og virt, af hér undirskrifuðum mönnum, þeir fémunir sem Guðrún sáluga Ívarsdóttir eftir sig lét, sem deyði þann 18. september þessa árs, so ásigkomnir sem fylgir:

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Í fatnaði | | |
| 1. Vaðmálshempa | 1 | |
| 2. Upphlutspils blátt | 4 | |
| 3. [Dito a]f vaðmáli | 2 | |
| 4. [00000] | 1 | |
| 5. [00000]svunta | 1 | |
| 6. [Ein vaðm]álstreyja | | 38 |
| 7. [00000]pör | | 16 |
| 8. [00000]skyrta | | 48 |
| 9. [000000]a fúin | | 23 |
| 10. [000000]uhúfa | | 22 |
| 11. [000000]svunta | | 6 |
| 12. [0000000] koparpörum | | 18 |
| 13. [000000]kunnu sokkar | | 9 |
| 14. [000000]ægi | | 9 |
| 15. [00000000] klútur | | 28 |
| 16. Eitt traf | | 26 |
| 17. Röndóttur léreftsklútur | | 48 |
| 18. Einn dito dröfnóttur | | 68 |
| 19. Bláþrykktur dito | | 13 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 20. Alblár dito | | 23 |
| 21. Flosbelti | | ? |
| 22. Rósasilki | | ? |
| 23. Silkiklútur | | ? |
| 24. Rautt hálssilki | | ? |
| 25. Hvítur hálstrefill | | ? |
| 26. Styttuband | | ? |
| 27. Spegill | | ? |
| 28. Treflaöskjur | | ? |
| 29. Fjórar burðhespur, vega 2 pund | | ? |
| 30. 15 merkur ullar | | ? |
| 31. Manuale og Hallgrímssálmar | | ? |
| 32. Upprisusálmar | | ? |
| 33. Söngsaltari | | ? |
| 34. Blá svunta af stoffi með koparhnöppum | 1 | |
| 35. Strigapils og styttuband | | 14 |
| Summa | 17 | 48 |

Skuldir á þessu sterbúi eru:

| | | |
|---|---|---|
| Líkkista fyrir fullorðinn og barnskista | 1 | 34 |
| [Legkau]p og líksöngseyrir | 1 | 36 |
| | 2 | 70 |

[Ættmen]ni þessarar sálugu konu eru: Móðir Kristín Björnsdóttir. Bræður [Bjarni] Ívarsson skilgetinn 16 ára, [Guðmu]ndur 20, [Guðm]undur 19, [Ívar, Bjarni, Bjö]rn. Datum ut supra.

[0000000000000]

Þorleifur Þorleifsson

Skiptasalarium etc. og til virðingarmanna er ekki innfært.

### *Guðrún Jakobsdóttir*

Guðrún fæddist árið 1728 og eru foreldrar hennar óþekktir. Eiginmaður hennar var Jón Þorsteinsson (f. 1729) og árið 1801 bjuggu þau í Bervík sem húsfólk með jarðnæði. Jarðarför Guðrúnar fór fram 19. september 1805 og var dánarbúið skráð 16. nóvember ásamt skuldum og miklum tilkostnaði, þannig að afgangs urðu rétt rúmlega fimm ríkisdalir.[8] Á uppboði 3. nóvember 1806 var „restin“ af dánarbúi hennar seld og fór smjörið á 3 rd. 69 sk. en svarthöttótt ær á matsverði 2 rd. 48 sk. Samtals seldist fyrir 7 rd. 14 sk. Skipti eru ekki varðveitt.[9]

Uppskrift af fjármunum Guðrúnar heitinnar Jakobsdóttur

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Klútur bláröndóttur | | 32 |
| Dito blár | | 24 |
| Þriðji bláröndóttur | | 34 |
| 1 alin af bláröndóttu lérefti | | 28 |
| Dito bláu lakara | | 10 |
| Dito bládropóttu eins | | 12 |
| Rauð silkislæða | | 10 |
| Dito dökkrauð slæða | | 7 |
| Tvennar trafaöskjur | | 8 |
| Dúkskyrta með prjónermum | | 21 |
| Dito forn þó betri | | 24 |
| Dito lakasta | | 10 |
| Blátt einskeftupils, með grænum upphlut, dálítið | 1 | 32 |
| Blár niðurhlutur melétinn | 1 | 16 |
| Grænt pils með götum, eins | 1 | 32 |
| Græn svunta lítt nýt, með þremur silfurhnappamyndum | | 64 |
| Dito enn lakari með látúnshnöppum | | 24 |
| Treyja fornfáleg | | 40 |
| Hempa eins | | 68 |
| Dito lakari | | 48 |
| Strigapilsgarmur ónýtur | | 16 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Peysugarmur | | 8 |
| Dito blár | | 16 |
| Mórauð karlmannspeysa | | 54 |
| Ónýtar strigabuxur | | 16 |
| Aðskiljanlegir fatagarmar helst hæfilegir til bóta | | 20 |
| Í peningum alls, þó fundið í þrennu lagi | 2 | 20 |
| Ein bókarskræða | | 5 |
| 3½ alin af hvítu voðmáli | 1 | 12 |
| Einskefturekkjuvoð brúkuð | | 50 |
| Dito af voðmáli | | 64 |
| Dito af einskeftu lökust | | 34 |
| Brekánsgarmur | | 16 |
| Rekkjuvoðargarmur | | 8 |
| Tvennir sjóvettlingar | | 8 |
| Karlmanns teinabönd ónýt | | 4 |
| Dito lakari | | 3 |
| Sauðsvört hetta | | 4 |
| Röndóttur poki | | 16 |
| Ónýt reisla | | 2 |
| Karrar brúkanlegir | | 14 |
| Dito lakari | | 8 |
| Bláir vettlingar ónýtir | | 2 |
| Dito kvenvettlingar | | 4 |
| Enn nú tvennir vettlingar | | 8 |
| Prjónastokkur með tvennum prjónum ryðguðum | | 5 |
| Gömul skæri | | 8 |
| Illeppar | | 2 |
| Blá prjónhúfa slök | | 8 |
| Tvennir sokkar rauðir | | 24 |
| Tveir smástokkar | | 4 |
| Spegilgarmur | | 2 |
| Hnífur | | 4 |
| Spengdur diskgarmur | | 2 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Bætt og lasleg skinnsæng | 1 | 12 |
| 9 pund af mislitri ull | | 80 |
| Vættarkista með skrá og lömum | 1 | 12 |
| Skrína með 2 fjórðungum smjörs og trénu | 2 | 48 |
| Átta pallfjalir með tveimur rúmstokkum | 1 | |
| Askur | | 5 |
| Dito lakari | | 3 |
| Tveir pottar mikið gallaðir | | 48 |
| Fjögur kerhöld | | 32 |
| Strokkur | | 32 |
| Fata | | 5 |
| Tvö trog | | 10 |
| Sákerhald með súrmat í | 1 | 32 |
| Grjón og mél, í allt | 2 | 48 |
| Tunna með 2½ anker drykkjar | 1 | 4 |
| Tunnan sjálf | | 64 |
| 1½ fjórðungur fiska | | 30 |
| 8 pund ullar | | 70 |
| Kistugarmur í fjölum | | 22 |
| Þrjár ær | 6 | |
| Þrjú lömb | 1 | 68 |
| Ein kýr 18 vetra gömul | 10 | |
| Eitt brekán | | 68 |
| Summa summarum | 49 | 76 |

Skuldir eru sem menn vita sannar

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Til sex líkmanna, sem úttóku mikið erfiði og dauðlega hættu þann 19. september | 7 | 48 |
| Til Þórðar Bjarnarsonar á Hellu | 2 | |
| Item álag á kotið Helludal | 1 | 48 |
| Til Þorbjarnar Arngrímssonar | 2 | |
| Item eldivið og húsaleiga, þess verð 1½ ár | 1 | 48 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Til Arngríms Tyrfingssonar | | 48 |
| Til virðingarmanna í allt | 2 | |
| Dito bolatollur og hestleiga | 1 | |
| Til Bergljótar fyrir þvott og hirðing á ruslinu | | 48 |
| Til Guðrúnar Sæmundsdóttur fyrir vöku og þjónustu | | 48 |
| Til Benteins fyrir drukk | | 20 |
| Til Magnúsar Gíslasonar | 3 | |
| Fyrir brauð, brennuvín, borð, nagla, kol, kistusmíði, þrjár ferðir í Lón og tvær á Stapa, hestalán til þeirra og síðast undir líkið, með mörgu öðru umstangi, töf og fyrirhöfn | 18 | |
| Til prestsins fyrir hans hættureisu þann 19. september, meiðreiðarmann, tvo hesta, líkpredikun og yfirsöng | 3 | |
| Til kirkjunnar í Lóni | | 54 |
| Til Gils Gilssonar | 1 | |
| Summa summarum | 44 | 74 |

Sem tilsjónarmaður að allt framanskrifað hafi soleiðis tilgengið sem skráð er, og virðingarmenn tilkvaddir, og hvör meðtekið sitt. Vitna ég að Görðum í Beruvík þann 16. nóvember 1805.

Jón Nikulásson — og við sem virðingarmenn
Sigurður Guðmundsson
Árni Þorkelsson

## TILVÍSANIR

1 ÞÍ. Kirknasafn. Nesþing BA 2. Prestsþjónustubók 1785–1836, bls. 438–439; Sýsluskjalasafn. Snæf. ED2/130. Dánarbú 1785–1812, örk 9, bl. 49r–51r.

2 *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 111; Ólafur Elímundarson, *Kirkjur undir Jökli*, bls. 248–249; ÞÍ. Rentukammer D1/10. Manntal 1762. Vesturland, nr. 95: Laugarbrekka, Knör og Lón, bl. 1v–2r; Kirknasafn. Breiðavíkurþing AA 4. Máldagar Hellisvalla undir Jökli 1560–1887, bls. 64–66.

3 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Snæf. ED2/131. Dánarbú 1715–1803, örk 1, nr. 3 (uppskriftin) og örk 3, nr. 3 (krafan).

4 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Snæf. ED2/130. Dánarbú 1785–1812, örk 3, bl. 15r–16v. Um Jón og Jórunni, sjá *Manntal á Íslandi 1801. Vesturamt*, bls. 79.

5 *Manntal á Íslandi 1801. Vesturamt*, bls. 89; ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Snæf. ED2/131. Dánarbú 1715–1803, örk 1, nr. 6.

6 *Manntal á Íslandi 1801. Vesturamt*, bls. 59, 72; ÞÍ. Skjalasafn Vesturamts III-39. Fylgiskjöl bréfadagbóka 1802–1803, nr. 1235; *Dulsmál 1600–1900*, bls. 148–150.

7 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Snæf. ED2/130. Dánarbú 1785–1812, örk 9, bl. 53.

8 *Manntal á Íslandi 1801. Vesturamt*, bls. 87; ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Snæf. ED2/130. Dánarbú 1785–1812, örk 3, bl. 57r–63v. Þar eru tvö nokkuð samhljóða eintök uppskriftar og er þeirri fylgt sem er undirrituð, en fáein orð um meðreiðarmann og tvo hesta tekin með úr þeirri síðari þegar getið er kostnaðar við ferðalag prestsins.

9 ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Snæf. EC1/1, 1. Uppboðsbók 1797–1818, bl. 67v.

# Barðastrandarsýsla

*1802–1804*

## *Jón Þorgrímsson og Steinunn Sveinsdóttir*

Jón fæddist 12. október 1761. Foreldrar hans voru Þorgrímur Jónsson (1703–1781) og Guðrún Helgadóttir (f. 1731) í Keflavík á Rauðasandi. Steinunn fæddist árið 1767. Foreldrar hennar voru Sveinn Jónsson (1741–1813) og Guðrún Pálsdóttir (1724–1815) á Efri-Vaðli á Barðaströnd. Steinunn og Jón giftust um 1790 og voru árið 1794 í Hrísnesi á Barðaströnd. Þegar manntal var tekið sumarið 1801 bjuggu þau í Skápadal við Patreksfjörð með börnum sínum og foreldrum Steinunnar, ásamt vinnukonu. Börn þeirra voru Guðrún (1791–1879), Sveinn (1792–1870), Þorgrímur (1793–1837), Jón (f. 1795), Ingveldur (1797–1883) og Ingibjörg (f. 1800). Fjölskyldan var á Sjöundá við Rauðasand veturinn eftir, þar sem fyrir voru Bjarni Bjarnason og Guðrún Egilsdóttir (sjá hér á bls. 290). Bjarni myrti Jón 1. apríl 1802, að eigin sögn síðar í sjálfsvörn, og konu sína 5. júní. Málið var tekið til rannsóknar um haustið og vekur athygli að morðin eru ekki nefnd við skráningu á eignum Jóns sem fór fram í Hrísnesi 10. nóvember, en uppboð og skipti samdægurs. Ef til vill var uppskriftinni haldið hreinni af morðunum til að tryggja föðurarf barnanna. Fátt er um föt í skránni og má auka því við sem Steinunn yfirheyrð 8. nóvember hafði sagt um fatnað Jóns daginn sem hann var drepinn: „Hann var með bláa kollhúfu einungis á höfði, bláröndóttan klút um hálsinn, í blárri peysu tvíhnepptri með beintölum, útprjónuðum bol hálfslitnum með rauðum bryddingum um hálsmálið, hnepptum undir hendinni, nýrri einskeftuskyrtu, börkuðum skinnbuxum slitnum og bættum, þó heilum, sauðsvörtum nærbuxum nýlegum og tvennum sokkum, þeir ytri mórauðir

einspinnusokkar, hinir voru hvítir með bláum röndum að ofanverðu, meðferðis vissi ég ei hann hefði utan eina vettlinga, tvenna roðskó og stafinn sinn". Þann 12. nóvember í Sauðlauksdal voru Bjarni og Steinunn dæmd til dauða, hann fyrir morðin og hún fyrir aðild að þeim, og skyldu eignir þeirra ganga til konungs, líkt og eignir Þorsteins Pálssonar á sínum tíma (sjá hér á bls. 43). Verðmat sést ekki alltaf vegna skemmda á jaðri blaða og er þá sett spurningamerki.[1] Steinunn og Bjarni eignuðust soninn Jón, sem fæddist 21. mars 1803 (d. 1882). Hún lést í fangahúsinu í Reykjavík 31. ágúst 1805.

Anno 1802 þann 10. nóvember var [000000] nálægur á Hrísnesi til að registrera og [virða] fjármuni Jóns heitins Þorgrímssonar og Steinunnar Sveinsdóttur milli hennar og sex [þeirra] lifandi barna, nefnilega þriggja pilta Sveins, Þorgríms, Jóns, og þriggja stúlkna Guðrúnar, Ingveldar og Ingibjargar. Uppá þessara barna vegna var eftir sýslumannsins skikkun þeirra móðurbróðir stefnuvottur monsieur Jón Sveinsson, en virðingarmenn voru monsieur Guðmundur Sigmundsson á Múla og Ari Gíslason í Miðhlíð, og fyrirfundust:

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 1. Dúkföt eignuð Guðrúnu litlu | 3 | |
| 2. Styttuband | | 10 |
| 3. Treyja | | 40 |
| 4. Grænn niðurhlutur úr kessu | | 60 |
| 5. Forn hempa | | 40 |
| 6. Karlmannsmussa | | 40 |
| 7. Þrír prinsmetalshnappar | | 10 |
| 8. Fínt léreftstraf | | ? |
| 9. Grófara dito | | ? |
| 10. Hvítur sakramentisklútur | | ? |
| 11. Rauðflekkóttur dito | | ? |
| 12. Bláröndóttur lérefts[klútur] | | ? |
| 13. Silkiklútur með rauðum bekkjum | | 60 |
| 14. Spónalitaður silkiklútur og blátt silki | | 20 |
| 15. Rauðleitur kragi | | 18 |
| 16. Bláleitur dito | | 14 |
| 17. Spegill og prjónasessa | | 5 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 18. Lítill kistill útskorinn | | 20 |
| 19. Trafaöskjur | | 6 |
| 20. Föstupredikanir | | 20 |
| 21. Píslarþankar og Hallgrímssálmar | | 32 |
| 22. Gömul sálmabók og þrjú smákver | | 8 |
| 23. Gömul fatakista | | 40 |
| 24. Gömul byssa | 1 | 64 |
| 25. Exi | | 48 |
| 26. Tinkanna og diskur | | 60 |
| 27. Grindarsög | | 60 |
| 28. Smíðahamar | | 70 |
| 29. Nafar | | 10 |
| 30. Skógarexi og löð | | 6 |
| 31. Járnarusl tilslegið Ara | | 11 |
| 32. [Kis]tugarmar | | 8 |
| 33. Gamalt færi með steini | | ? |
| 34. Blöndukanna, skál og ausa | | ? |
| 35. Skrálaus skrínugarmur | | ? |
| 36. Tvö trog og dallur | | ? |
| 37. Tvær fötur og körrur | | ? |
| 38. Altunnugarmur | | ? |
| 39. Koffort með skrá | | ? |
| 40. Gömul kista, mun vætt | | ? |
| 41. Pallkistugarmur með rusli í | | ? |
| 42. Þrenn bandreipi | | ? |
| 43. Karlmannsístöð | | ? |
| Svört biða | | ? |
| 44. Reka og hvalbeinsspaði | | ? |
| 45. 2 fjórðungar 8 merkur af mör | 2 | |
| 46. 70 steinbíts | 2 | |
| 47. 15 merkur af mjöli | | ? |
| 48. 45 þorskar | 2 | |
| 49. 12 skötubörð | | ? |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 50. Tveir pottar stór og lítill bættir | | ? |
| 51. Einn pottur 16 merkur | | ? |
| 52. Þrjú ærföll | 2 | 48 |
| 53. 6 pottar lýsis | | 60 |
| 54. Sæng | 1 | 16 |
| 55. Koddi | | 8 |
| 56. Rekkjuvoðir | | 32 |
| 57. Brekán | 1 | 16 |
| 58. Færleikur 12 vetra | 1 | 64 |
| 59. Ein ær | 1 | 16 |
| 60. 4½ pund flekkótt ull | | 36 |
| 61. Rauðflekkótt kýr með vetrarfang | 11 | |
| 62. Rauður sakramentisklútur með hvítum teinum | | 80 |
| 63. Blá stoffsvynta með silfurhnapp | 1 | |
| 64. Bláleitur léreftsklútur | | 54 |
| 65. Tvö tröf nýtt og fornt | | 80 |
| Summa | 48 | 75 |

Uppboðsskráin tilgreinir númerin og nöfn kaupenda, en jafnframt fáeina hluti sem bættust við. Fjórir diskar seldust á 7 sk. og hugsanlega barnarúm á 30 sk. en orðið er ógreinilegt. Þá seldust klyfberi, sokkafjöl, togkampar, kútur, prjónar og lampi, en verðið sést ekki vegna skemmda. Samanlagt andvirði var 46 rd. 49 sk. og skrifa þeir undir Guðmundur sýslumaður, nafni hans Sigmundsson og Teitur Jónsson. Kostnaður við skráningu, uppboð og skipti var dreginn frá, en er ekki tilgreindur. Börnin eru síðan talin upp: Þorgrímur 8 ára, Sveinn 9 ára, Jón 4 ára, Guðrún 10 ára, Ingveldur 3 ára og Ingibjörg 2 vetra. Var bróðurlóð 4 rd. 21 sk. og systurlóð 2 rd. 11 sk. Steinunn fékk helming eignanna og bróðurlóð, samanlagt 27 rd. 46 sk. Þann 16. nóvember, fjórum dögum eftir dóminn, var gerð skrá yfir eignir hennar og birtist þar sumt það sama og Jón var skráður fyrir en hefur ekki selst. Uppboð var haldið á Hrísnesi 13. desember með númerum og nöfnum kaupenda, en upphæðir sjást ekki fyrir skemmdum. Samanlagt söluverð var 33 rd.[2]

Konstitueraður sýslumaður í Barðastrandarsýslu Guðmundur Scheving gjöri vitanlegt: Anno 1802 þann 16. nóvember var konstitueraður sýslumaður Guðmundur Scheving til staðar að Hrísnesi til að registrera og virða fémuni þá sem tilheyrðu þeirri fyrir áfýsingu og launung á tveimur morðum, frömdum af Bjarna Bjarnasyni á Sjöundá, með héraðsdómi að Sauðlauksdal þann 12. þessa mánaðar frá lífi dæmdu Steinunni Sveinsdóttur, ásamt fyrir virðingarmenn útnefndum Guðmundi Sigmundssyni og Teiti Jónssyni; og fyrirfundust sem segir:

| | | rd. | sk. |
|---|---|---|---|
| 1. | Gamall sár sem tekur eina tunnu á 1 rd. og eitt kjarald á 24 sk. | 1 | 24 |
| 2. | Þrír trogagarmar, fjórir askar og tveir dallar | | ? |
| 3. | Tvær fötur nýlegar og ein vatnsfata | | ? |
| 4. | Ein vættarkista gömul og lamabrotin | | ? |
| 5. | Skrínugarmur ólæstur | | ? |
| 6. | Koffort með lömum skrálaust | | ? |
| 7. | Pallkistill með lítilvægu rusli | | ? |
| 8. | Brotin karlmannsístöð | | ? |
| 9. | Reka og hvalbeinsspaði og tveir laupar | | ? |
| 10. | Tveir pottgarmar bættir | | ? |
| 11. | Brekán og rekkjuvoðir og dýna | 2 | ? |
| 12. | Gísla biskups húspostilla, Grallari og sálmabók | 1 | ? |
| 13. | Hallgrímskver og einar Vikubænir | | ? |
| 14. | 70 steinbíts | 2 | ? |
| 15. | 45 smáfiskar | | ? |
| 16. | 20 þorskhöfuð og átta skötubörð | | ? |
| 17. | 14 pund mörs á 11 sk. | | ? |
| 18. | 18 pund af hvítri ull | | ? |
| 19. | 4½ pund af flekkóttri dito | | ? |
| 20. | Einn færleikur 18 vetra meiddur | | ? |
| 21. | Ein rauðflekkótt kýr ófengin geldmjólk 16 vetra | | ? |
| 22. | Og so sem heysafnið virðist vel ríflegt handa leigufé því sem ábýlinu fylgir, so er afgangurinn tilstaðinn Sveini Jónssyni (sem nú tekur á móti því og leigufénu til ábyrgðar og vöktunar) fyrir | 2 | 20 |
| | Summa | 28 | ? |

| | | rd. | sk. |
|---|---|---|---|
| | Hér frá ganga | | |
| Hjá henni innistandandi föðurarfur barna sinna, nefnilega: | | | |
| | Þorgríms Jónssonar | 3 | 24 |
| | og Guðrúnar Jónsdóttur | 1 | 60 |
| Jarðaskuldir, tíundir, kóngs-, prests- og kirkjugjald af hennar parti, | | | |
| | er enn óbetalað fyrir þetta ár og hleypur til | 5 | 48 |
| Jóns heitins Þorgrímssonar restance til Patrixfjarðarhöndlunar | | | |
| | árið 1802 var 4 rd. 32 sk., hvar af helmingur sem hún átti að betala, | | |
| | og enn er óbetalaður, er | 2 | 16 |
| Til sýslumannsins í registrationslaun, og virðingarmanna, betalast | | 1 | |
| | Er | 13 | 52 |

Ofanskrifaðir fémunir hlaupandi upp á [00000] eru af sýslumanni bóndanum Sveini [Jónssyni til gey]mslu á hendur faldir, þangað til þeir að útg[engnu]m og kunngjörðum skuldunauta og skulduheimtumanna innköllunum og auctionsplönum verða [seldir] við opinbera auction, búinu til ávinnings, og kunna [þær] hér að ofan teiknaðar sýslumanni vitanlegar skuldir ei fyrr að lúkast. Actum ut supra.

Guðmundur Scheving    Teitur Jónsson
Guðmundur Sigmundsson

### *Guðrún Egilsdóttir og Bjarni Bjarnason*

Guðrún fæddist 16. maí 1765. Foreldrar hennar voru Egill Sigurðsson (1733–1785) og Kristín Guðmundsdóttir (f. 1728) á Naustabrekku á Rauðasandi. Bjarni fæddist 11. janúar 1761. Foreldrar hans voru Bjarni Bjarnason (1725–1795) og Solveig Loftsdóttir (f. 1727) í Skápadal við Patreksfjörð. Guðrún og Bjarni giftust árið 1789 og bjuggu fyrstu árin í Raknadal við Patreksfjörð, í Hrísnesi á Barðaströnd og að Þverá við Vatnsfjörð, en vorið 1795 fluttust þau að Sjöundá. Þar voru þau sumarið 1801 með börnum sem þá lifðu og Solveigu móður Bjarna, auk vinnumanns og vinnukonu. Börn þeirra voru Sigríður (f. 1789), Guðrún (1791–1794), Gísli

(f. 1793), Gísli (1795–1862) og Bjarni (1800–1824). Bjarni myrti eiginkonu sína 5. júní 1802 og hafði áður drepið Jón Þorgrímsson sambýling sinn (sjá hér á bls. 285). Hann var dæmdur til dauða 12. nóvember og hálshöggvinn í Kristiansand í Noregi 4. október 1805. Gögn eru ekki til um eftirlátnar eigur Guðrúnar, en fjármunir Bjarna, helmingur búsins, voru skráðir á Sjöundá 13. nóvember 1802 og seldir á uppboði 15. desember. Eitt blað í arkarbroti er varðveitt, skemmt á jöðrum. Því lýkur á nr. 3 á uppboðinu.[3]

Konstitueraður sýslumaður í Barðastrandarsýslu Guðmundur Scheving gjöri vitanlegt: Anno 1802 þann 13. nóvember var konstitueraður sýslumaður Guðmundur Scheving til staðar á Sjöundá með tilkvöddum hreppstjórum Jóni Pálssyni og Sigmundi Jónssyni til virðingarmanna, til að registrera fjármuni þess frá lífi dæmda morðingja Bjarna Bjarnasonar þar, og fannst sem fylgir:

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 1. Vættarkista með skrá og lömum lítið gölluð | | ? |
| 2. Minni og gömul með millilæsingu dito | | ? |
| 3. Einn tunnusár forn | | ? |
| 4. Fjögur trog, tveir dallar, þrjár fötur og eitt kjarald flest fúið | | ? |
| 5. Verskrína með skrá og lömum | 1 | ? |
| 6. Vídalínspostilla | 1 | ? |
| 7. Sálmabók og Graduale | 1 | ? |
| 8. Himinsvegur og Sjöorðabók | 1 | ? |
| 9. Sæng fornfáleg | 2 | ? |
| 10. Brekán og ein rekkjuvoð og þrjár gærur | 1 | 48 |
| 11. Bláröndóttur léreftsklútur | | 50 |
| 12. Pils úr grænu klæði hálfslitið | 2 | |
| 13. 2 fjórðunga pottur mikið brunninn | | 64 |
| 14. Tveir 10 marka pottar, annar eyrnalaus | | 32 |
| 15. Þrjár ær lamblausar | 3 | 36 |
| 16. Einn sauður gamall | 3 | |
| 17. Einn dito veturgamall | 1 | 12 |
| 18. 5 pottar af sellýsi | | 55 |
| 19. 1 fjórðungur mörs | | 80 |
| 20. Fiskæti ýmisleg | 1 | |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 21. Einn lár á Melanesi skal vera af þessu búi, tvær rekur, einn kláfur og tvö meisskrifli | | ? |
| 22. Blár léreftsklútur með hvítum teinum forn | | ? |
| 23. Grænt kessupils nærri gatslitið | | ? |
| 24. Tvö tróf | | ? |
| Summa | 27 | 24 |

Meira fannst ei tilheyra sakamanni Bjarna Bjarnasyni, hann er og sjálfur mjög klæðfár og kunna þau því allraminnst að registrerast, en þessir fémunir voru til geymslu á hendur seldir bóndanum Bjarna Stefánssyni á Melanesi fyrir sannsýnan betaling, uns þeir að útgengnum auctionsplönum og innköllunum skulduheimtumanna og skuldunauta seldir yrðu við opinbera auction. Ut supra.

Guðmundur Scheving    Jón Pálsson
Sigmundur Jónsson

Anno 1802 þann 15. desember var konstitueraður sýslumaður Barðarstrandarsýslu Guðmundur Scheving til staðar á Sjöundá, til að burtselja við almennt kunngjörða auction fémuni þá sem tilheyrt hafa sakamanni Bjarna Bjarnasyni, sem og að betala og innkalla búsins skuldir og til góða hafandi, eftir framkomandi gögnum. Til auctionsvotta útnefndust Sigmundur Jónsson og Ólafur Sigurðsson. Voru svo téðir fémunir upphrópaðir og boðnir, og seldir sem fylgir:

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 1. Gekk inn | | ? |
| 2. Bjarna Pálssyni | | ? |
| 3. Gekk inn | | ? |
| 4. Jóni Ísleifssyni | | ? |
| Lateris | | ? |

*Bjarni Bjarnason*

Bjarni fæddist árið 1758. Foreldrar hans voru Bjarni Rögnvaldsson (f. 1728) og Steinunn Jónsdóttir (f. 1736) á Fjarðarhorni í Gufudalssókn. Eiginkona hans var Björg Einarsdóttir (1758–1803) og börn þeirra Ragnhildur (1786–1824), Jónas (1788–1812), Ingveldur (1789–1871), Benjamín (1790–1843), Oddgeir (1795–1811), Guðmundur (f. 1796) og Halldór (1798–1881). Þau bjuggu á Hríshóli í Reykhólasveit að minnsta kosti árin 1786–1790 og voru á Melanesi við Rauðasand árið 1801. Ekki er vitað hvenær Bjarni lést en eignir hans voru skrifaðar upp á Skógi 30. júlí 1803. Björg fór til Einars bróður síns á Svínanesi í Flateyjarsókn og þar lést hún 23. desember sama ár. Sóknarprestur útskýrði dauðsfallið í fáeinum orðum: „Var frá forstandinu og er líkast hafi svelt sig í hel“.[4]

Anno 1803, þann 30. júlí, var uppskrifað og virt eftirlátið sterfbú Bjarna sáluga Bjarnasonar á Skógi, og fyrirfannst það þannig eftir ekkjunnar Bjargar Einarsdóttur tilsögn og framvísan:

| **No.** | | **rd.** | **sk.** |
|---|---|---|---|
| 1. | Kýr, hvít, 9 vetra, sem bar um næstliðin sumarmál | 10 | |
| 2. | Ein dito rauð, 5 vetra, síðbær, geldmjólk undir | 12 | 48 |
| 3. | Einn hestur, ungur | 6 | |
| 4. | Einn færleikur, ungur | 4 | |
| 5. | Bærrar kýr fóður af fornu heyi og lítill prjónn að auki | 6 | |
| 6. | Blá prjónpeysa ný, tilsett með látúnshnöppum | 1 | 64 |
| 7. | Mussa gatslitin | | 32 |
| 8. | Skinnpeysa | 1 | |
| ~~9.~~ | ~~Mosaður prjónpeys hnappalaus, gatslitinn~~ | | ~~16~~ |
| 10. | Útprjónaður bolur forn, þó heill | | 54 |
| 11. | Nýlegar skinnbuxur | | 27 |
| 12. | Vaðmálsbuxur, bættar og rifnar | | 8 |
| 13. | Hattur ekki mikið brúkaður, en upplitaður | | 48 |
| ~~14.~~ | ~~Vídalínspostilla, úr bandi~~ | | ~~80~~ |
| 15. | Ejusdem Sjöorðabók og Hugvekjusálmar, og so úr bandi | | 16 |

| No. | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 16. Spegill eilífs lífs | | 8 |
| 17. Eintal | | 6 |
| 18. Fæðingarhugvekjur, úr bandi | | 8 |
| 19. Upprisusálmar, rotnir | | 4 |
| 20. Hallgrímskver með sama slag | | 4 |
| ~~21. Iðrunarspegill allteins~~ | | ~~2~~ |
| 22. Fjórar Missiraskiptapredikanir dito | | 2 |
| 23. Þorgeirssálmar dito, illa skrifaðir | | 2 |
| 24. 2 fjórðunga pottur bættur | | 64 |
| 25. 1 fjórðungs dito | | 40 |
| 26. Einn lítill dito | | 24 |
| 27. Einn dito líttnýtur | | 16 |
| 28. Tunnusár gamall | | 80 |
| 29. Sákerald með tveimur gjörðum | | 40 |
| 30. Lagartunna einbotnuð með fjórum greniböndum | | 24 |
| 31. Tunnuskrifli | | 4 |
| 32. Strokkur með járngjörð neðan | | 32 |
| 33. Fimm trog held | | 48 |
| 34. Tvö dito lakleg | | 8 |
| 35. Þrír dallar | | 12 |
| 36. Fimm fötur | | 16 |
| 37. Átta askar | | 18 |
| 38. Átta diskar | | 16 |
| 39. Reisla með steinlóði | | 40 |
| 40. Ónýtur steðji | | 24 |
| 41. Smiðjuhamar líttnýtur | | 16 |
| 42. Skinnsæng með fiðri, barleg | 2 | |
| 43. Brekán fornfálegt | | 24 |
| 44. Forn skinnkoddi og gæra | | 12 |
| ~~45. Brekánsgarmur~~ | | ~~12~~ |
| 46. Einn dito skárri | | 20 |
| 47. Tvær rekkjuvoðir bættar | | 16 |
| 48. Tvær dito lakari | | 8 |

| No. | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 49. Tvær dito | | 8 |
| 50. Lítil skaröxi | | 12 |
| 51. Klaufhamar | | 12 |
| 52. Ný bandreipi | | 20 |
| 53. Önnur fyrnri | | 16 |
| 54. Þrjú reipaslitur | | 12 |
| 55. Ein snærisreipi og eitt stakt slitið | | 10 |
| 56. Sex tögl úr hampi | | 32 |
| 57. Átta fiskiólar | | 10 |
| 58. Eitt ólarreipi og kviðsmeigsól | | 12 |
| ~~59. Brúkað færi með járnsökku~~ | | ~~27~~ |
| 60. Eitt dito útdregið | | 12 |
| 61. Eitt dito lakara | | 8 |
| 62. Þrjú ærskinn | | 32 |
| 63. Forn brók | | 24 |
| ~~64. Ein dito lítil~~ | | ~~12~~ |
| ~~65. Þriðja minnst~~ | | ~~4~~ |
| 66. Lítill skinnstakkur brúkaður | | 8 |
| 67. Lakleg gjörð með koparhringjum | | 24 |
| 68. Óbrúkanleg ístöð með koparhringjum | | 12 |
| 69. Fjórar hrífur | | 24 |
| ~~70. Tveir klyfberar, annar á 32 sk., hinn á 27 sk.~~ | | ~~59~~ |
| 71. Vefstaður alfær, nema vanta tvö sköft | | 80 |
| 72. Hesthús með hurð | | 48 |
| 73. Fjórar smáhurðir aðrar | | 27 |
| 74. Fimm meisar, misjafnir að stærð | | 27 |
| 75. Stigi | | 8 |
| 76. 23 smáspýtur | | 54 |
| 77. 24 fjalastykki | 1 | 12 |
| 78. Tvær lengri fjalir | | 24 |
| 79. Hreinleg mussa með koparhnöppum, slitin | | 48 |
| 80. Kista gömul | | 48 |
| 81. Ein dito betri | | 64 |

| No. | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 82. Kistuskrifli | | 32 |
| 83. Tvær rekur vænar | | 27 |
| 84. Þrír ljáir líttnýtir | | 16 |
| 85. Einn lampi | | 8 |
| Summa | 61 | 48 |

| | | |
|---|---|---|
| Þessar skuldir meinar ekkjan sterfbúið eiga hjá öðrum: | | |
| Hjá monsieur Jóni Pálssyni | | 64 |
| Hjá Arngrími á Látrum, ærmeðgjöf í vetur | | 24 |
| Hjá Ásgeiri í Bæ, tilbót á 15 merkur mörs fyrir honum fenginn gemling í vor. | | |
| Hjá monsieur Sigmundi fyrir hestlán og sokkar sem mótsagðist. | | |
| Summa | 62 | 40 |

| | | |
|---|---|---|
| Skuldir á sterfbúinu: | | |
| Restants af landskuld, uppí hvörja betalað er 18 pör púlssokka, en á að vera 2 rd. specie. | | |
| Til höndlunarinnar á Vatneyri | 2 | 24 |
| Til Ólafs í Hænuvík | 1 | |
| Til síra Eyjólfs líksöngseyrir og dagsverk | | 59 |
| Til kirkjunnar ljóstollur | | 26 |
| | 4 | 13 |
| En legkaup segir ekkjan að monsieur Þorvarður hafi eftirgefið sér. | | |
| Til áar, sem madame Arnfríður meinar sig eiga hjá sterfbúinu, þykist ekkjan ei skyldug að svara. | | |
| Beholdning | 58 | 27 |

Guðmundur Scheving sýslumaður gekk frá skiptum í Haga 31. ágúst 1803. Björg fékk helming og börnin helming: Jónas, Oddgeir, Guðný, Halldór, Benjamín, Ingveldur og Ragnhildur. Sýslumaður bætti því við 10. október að hvert barn fengi 3 rd. 84 sk. „sem sveitarinnar hreppstjórar er syrgja fyrir uppfóstri barnanna hafa viðtekið“.

*Einar Þorsteinsson*

Einar fæddist árið 1733 og eru foreldrar hans óþekktir. Eiginkona hans var Guðrún Ólafsdóttir (1751–1826) og börn þeirra Helga (1783–1784), Helga (1784–1784), Ólafur (f. 1785), Helga (1787–1828), Þuríður (1789–1869), Sigríður (f. 1794) og Sveinn (1795–1816). Þau bjuggu á Brekkuvöllum á Barðaströnd árið 1788 og á Naustabrekku á Rauðasandi árið 1801. Helga dóttir þeirra var þá vinnukona á Sjöundá, 14 ára gömul. Ekki er vitað hvenær Einar lést en eignir hans voru skráðar 13. mars 1804. Verðmat vantar á vefjarverk nr. 52, sem ekkjan keypti á uppboði nokkru síðar fyrir 1 rd. 48 sk.[5]

Anno 1804 þann 13. mars að Naustabrekku var eftir tilskikkun yfirvaldsins af okkur undirskrifuðum uppskrifað og virt samastaðar eftirlátið sterfbú Einars heitins Þorsteinssonar, sem fannst sem fylgir:

| **No.** | **rd.** | **sk.** |
|---|---|---|
| 1. Jörðin Naustabrekka 6 hndr. keypt fyrir | 60 | |
| 2. Kýr 8 vetra ófengin | 10 | |
| 3. Kvígukálfur alinn með aðventu | 3 | |
| 4. Átta ær | 15 | |
| 5. Fimm gemlingar | 5 | |
| 6. Hestur | 7 | |
| 7. Dúkbolur með 14 silfurlokshnöppum | 1 | 48 |
| 8. Mórauð peysa með hnöppum | | 32 |
| 9. Blá peysa með 20 látúnshnöppum | | 24 |
| 10. Mussa með 27 hnöppum | | 48 |
| 11. Ditto með hnöppum | | 24 |
| 12. Sortaðar prjónbuxur | | 16 |
| 13. Sauðsvartir karlmannssokkar | | 12 |
| 14. Mórauðir ditto | | 8 |
| 15. Hattur | | 48 |
| 16. Brekán | | 48 |
| 17. Ditto | | 24 |
| 18. Tvær rekkjuvoðir fornar | | 16 |

| No. | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 19. Vættarkista | | 80 |
| 20. Ditto | | 32 |
| 21. Sár með hlemm | 1 | |
| 22. Ditto með hlemm | 1 | |
| 23. Tunna | | 16 |
| 24. Fimm trog | | 24 |
| 25. Sex fötugarmar | | 12 |
| 26. Tveir dallar | | 12 |
| 27. Einn strokkur | | 10 |
| 28. Tunnuskrifli | | 7 |
| 29. 3 fjórðunga pottur brunninn | | 48 |
| 30. Ditto minni | | 32 |
| 31. Járnkall | | 70 |
| 32. Steðji | | 48 |
| 33. Pálrekugarmur | | 4 |
| 34. Varreka | | 2 |
| 35. Ljáklappshamar | | 12 |
| 36. Klaufhamar | | 5 |
| 37. Reisla með steinlóði | | 24 |
| 38. Steinsleggja | | 5 |
| 39. Tvö orf | | 18 |
| 40. Tvær hrífur | | 10 |
| 41. 15 pallfjalir lasnar og þrjár slár undir | 1 | |
| 42. Þrjú viðarstrengsli | | 16 |
| 43. Einar börur | | 6 |
| 44. Klyfberi | | 16 |
| 45. Þrjú bandreipi | | 16 |
| 46. Tvö snærisreipi | | 6 |
| 47. Smiðjubelgsvirki | | 28 |
| 48. Hjallhús með hurð | | 48 |
| 49. Fjárhús með hurð og stöfum | | 40 |
| 50. Hesthúskofi | | 20 |
| 51. Fjórir laupar | | 10 |

| No. | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 52. Vefjarverk | | |
| 53. Merarhá | | 32 |
| 54. Rostockspostilla laus úr bandi | | 12 |
| 55. Grallari í sama standi | | 4 |
| 56. Gerhards hugvekjur | | 5 |
| 57. Hugvekju- og Hallgrímssálmar í blöðum | | 4 |
| 58. Eintal | | 4 |
| 59. Þórðarbænir | | 3 |
| 60. Fæðingarsálmar | | 4 |
| 61. Tveir lampar | | 6 |
| 61. Hússkrá lasin | | 32 |
| Sterfbúsins heila summa | 115 | 75 |

Skuldir hér á eru:

| | | |
|---|---|---|
| ~~Registrations, virðingarmanna og skiptaforvaltaralaun~~ | | |
| Útfararkostnaður | 6 | |
| Til Bæjarkirkju | 1 | 42 |
| Til Björns í Breiðavík | 1 | |

Þess dauða eftirlifandi ekkja Guðrún Ólafsdóttir og fimm ektaborin börn þeirra, nefnilega bræðurnir Ólafur og Sveinn, samt systur Helga, Þuríður og Sigríður, eru einustu erfingjar.

Bjarni Pálsson — in fidem
Sigmundur Jónsson — Guðmundur Scheving

Sýslumaður hélt uppboð að Brekku á Rauðasandi 20. apríl og seldist fyrir 199 rd. 49 sk. Munaði mestu að Guðbrandur Jónsson keypti Naustabrekku á 130 rd. 24 sk. Í beinu framhaldi voru skuldir dregnar frá: útfararkostnaður 6 rd., gjöld til konungs og kirkju 2 rd. 16 sk., skuld við Jón í Hergilsey 48 sk. og 2 rd. 46 sk. við Herning kaupmann. Þá voru 5 rd. 64 sk. teknir frá „til síðar framkomandi skulda lúkningar, sem konan segist vita að séu á búinu, en getur ei greint glöggt". Uppskrift, uppboð og skipti kostuðu 10 rd. 17 sk.

Þetta gerði 26 rd. 95 sk. og til skipta komu 173 rd. 46 sk. Ekkjan fékk helminginn eða 87 rd. 24 sk., en bræðurnir 24 rd. 88 sk. hvor og systurnar 12 rd. 44 sk. Undir skrifa Guðmundur sýslumaður, Jón Sveinsson, Bjarni Pálsson, Sigurður Pétursson og Sigmundur Jónsson.

## *Elín Bjarnadóttir*

Elín fæddist 10. ágúst 1772. Foreldrar hennar voru Bjarni Pálsson (f. 1748) og Ingibjörg Guðmundsdóttir (f. 1749) á Lambavatni á Rauðasandi. Elín eignaðist dótturina Guðrúnu (1794–1855) með annars óþekktum Jóni árið 1794 og var þá á Króki hjá foreldrum sínum. Eiginmaður hennar var Ólafur Arngrímsson (f. 1764) og börn þeirra Kristín (1797–1832), Gísli (1798–1835), Bjarni (1799–1875) og Ingibjörg (1800–1885). Þau voru fyrstu árin á Króki, en árið 1800 í Stekkadal og árið eftir á Stökkum. Ekki er vitað hvenær Elín lést en eignir hennar voru skráðar 26. mars 1804.[6]

Anno 1804 þann 26. mars að Króki var eftir yfirvaldsins tilhlutan af okkur undirskrifuðum uppskrifað og virt eftirlátið sterfbú Elínar heitinnar Bjarnadóttur, sem bestóð af fylgjandi fémunum.

| **No.** | **rd.** | **sk.** |
|---|---|---|
| 1. Kýr 6 vetra | 10 | |
| 2. Ditto 10 vetra | 9 | |
| 3. Kvíga veturgömul | 4 | |
| 4. Hestur 26 vetra | 1 | |
| 5. Hryssa | 3 | |
| 6. Trippi veturgamalt | 1 | |
| 7. Ein ær | 1 | 48 |
| 8. Tveir sauðir tvævetrir | 3 | |
| 9. Þrír gemlingar | 3 | |
| 10. Hálft bátshræ með tveimur árum | 1 | |
| 11. Blár niðurhlutur forn | 2 | |
| 12. Upphlutspils blátt | | 48 |

| No. | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 13. Ditto blátt | | 48 |
| 14. Nærpils | | 16 |
| 15. Klæðissvunta blá með látúnshnapp | | 64 |
| 16. Ditto rauð hnappalaus | | 32 |
| 17. Úr stoffi | | 64 |
| 18. Einskeftuhempa nýleg | 1 | |
| 19. Ditto forn | | 24 |
| 20. Treyja | | 15 |
| 21. Ditto | | 12 |
| 22. Treyjukragi | | 12 |
| 23. Traf | | 20 |
| 24. Ditto | | 16 |
| 25. Léreftsklútur | | 68 |
| 26. Ditto röndóttur | | 16 |
| 27. Ditto blár | | 12 |
| 28. Rauður silkiklútur forn | | 32 |
| 29. Dökkur silkiklútur | | 16 |
| 30. Beltisól með lítilfjörlegum koparpörum | | 16 |
| 31. Tvö styttubönd forn | | 32 |
| 32. Vættarkista forn | | 48 |
| 33. Ditto lakari | | 12 |
| 34. Skinnsængurdýna með fornu fiðri | 1 | |
| 35. Tvær fornar rekkjuvoðir | | 20 |
| 36. Brekán fornt og slitið | | 20 |
| 37. Ditto lakara | | 16 |
| 38. Tunnusár | | 64 |
| 39. Ditto | | 64 |
| 40. Ditto | | 32 |
| 41. Sákerald | | 12 |
| 42. Tunna einbotnuð | | 16 |
| 43. Átta trog | | 32 |
| 44. Fimm dallar | | 16 |
| 45. Þrjár fötur | | 10 |

| No. | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 46. Einn strokkur | | 7 |
| 47. 3 fjórðunga pottur bættur og lasinn | | 16 |
| ~~48. Pottur bættur og lasinn~~ | | |
| 49. Ditto | | 12 |
| 50. Ditto þriðji | | 20 |
| 51. Kútlegill | | 24 |
| 52. Járnkall | | 70 |
| 53. Torfljár | | 16 |
| 54. Tveir klyfberar með gjörðum | | 24 |
| 55. Ein bandreipi | | 16 |
| 56. Koparbeislisgarmur | | 20 |
| 57. Þófagarmur með gjörð og koparhringju | | 12 |
| 58. Tvær varrekur | | 12 |
| 59. Fjalviður í baðstofu með rúmstokkum | 1 | |
| 60. Fjórar rárspírur | | 24 |
| 61. Hálf Vídalínspostilla | | 48 |
| 62. Hálf Gíslabók | | 24 |
| 63. Grallari laus í bandi | | 4 |
| 64. Sjöorðabók Vídalíns | | 16 |
| 65. Skyldan | | 16 |
| 66. Hallgrímssálmar | | 8 |
| 67. Eintal | | 10 |
| 68. Hugvekjusálmar | | 4 |
| 69. Fæðingarsálmar | | 6 |
| 70. Þórðarbænir | | 3 |
| Sterfbúsins heila summa | 56 | 61 |

Útfararkostnaður Elínar heitinnar Bjarnadóttur skeði uppá föður hennar reikning, og varð nær því uppá 10 rd., hvörn hann gefur dótturbörnum sínum öllum jafnt, reiknast því ei sterfbúinu til útsvars.

Bevísanlegar skuldir á sterfbúinu eru:

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Landskuld af Króki nú í vor | 2 | 48 |
| Í kaupstað | 2 | |
| Til Ásgeirs í Bæ | | 48 |
| Til Jóns Svartssonar í Kollsvík | | 48 |
| Registrations-, virðingarmanna- og skiptisalarium | 2 | 48 |
| Skuldasumman verður | 8 | |

Af búsins beholdning, sem verður 48 rd. 6 sk., tekur ekkjumaðurinn Ólafur Arngrímsson helming, nefnilega 24 rd. 31 sk., en hinn helmingurinn skiptist millum eftirlifandi barna, nefnilega Guðrúnar 10 ára, Kristínar 7, Gísla 6, Bjarna 5 og Ingibjargar 4 ára. Verður so bróðurlóð 6 rd. 91 sk. en systurlóð 3 rd. 45½ sk., sem allt forblífur hjá föðurnum, sem uppfóstrar þau.

Ut supra
Guðmundur Scheving

## TILVÍSANIR

1 *Manntal á Íslandi 1801. Vesturamt*, bls. 230; ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Barð. ED1/1, 1. Skiptabók 1785–1803, bl. 47r–50v. Jón Helgason þekkti dánarbúið og nýtti það í umfjöllun sinni um Sjöundármálið, sjá *Vér Íslands börn* I, bls. 156–157. Orð Steinunnar eru í afriti málsgagna í Skjalasafni Landsyfirréttar 11. Málsskjöl 1803, nr. 3, bl. 10r (eldra blaðsíðutal 17). Vélrituð uppskrift Þórs Vilhjálmssonar fylgir í umslagi. Knappari lýsing er í sjálfri dómabókinni, sjá Sýsluskjalasafn. Barð. GA/1, 3. Dóma- og þingbók 1791–1804, bl. 121r.

2. ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Barð. ED2/11. Dánarbú 1804–1809, bl. 92r–93v.

3 *Manntal á Íslandi 1801. Vesturamt*, bls. 240; ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Barð. ED2/11. Dánarbú 1804–1809, bl. 91r–v. Um Bjarna og Guðrúnu, sjá Jón Helgason, *Vér Íslands börn* I, bls. 154.

4 *Manntal á Íslandi 1801. Vesturamt*, bls. 239; ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Barð. ED1/1, 2. Skiptabók 1803–1812, bl. 2r–4v; Kirknasafn. Flatey á Breiðafirði BA 1. Prestsþjónustubók 1788–1816, bls. 256. Björg aðstoðaði Bjarna og Steinunni á Sjöundá við kistulagningu á Guðrúnu konu hans; sjá Jón Helgason, *Vér Íslands börn* I, bls. 176.

5 *Manntal á Íslandi 1801. Vesturamt*, bls. 236, 240; ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Barð. ED1/1, 2. Skiptabók 1803–1812, bl. 12v–15r.

6 *Manntal á Íslandi 1801. Vesturamt*, bls. 237; ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Barð. ED1/1, 2. Skiptabók 1803–1812, bl. 11r–12v.



*Vottun hins 26 ára Frederiks Christophers Trampe amtmanns í Vesturamti, ári síðar stiftamtmanns, sem tók eftir misbresti áður en Guðmundur Ketilsson sýslumaður fékk bókina í hendur 5. ágúst 1805: „Denne af 339, tre hundrede tredive og ni, blade i qvart (hvorved dog anmærkes at bladet 163, et hundrede tresindstyve og tre, ved en feil i pagineringen er udeladt, saa at bladet 165 fölger umiddelbar bladet 161) bestaaende, giennemdragen og med amtets segl forsynede bog, authoriseres herved til skifte-protokoll for Myre og Nappedals syssel". ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Borg.Mýr. ED3/1, 2. Skiptabók Mýrasýslu 1806–1828, bls. 1.*

# Mýrasýsla

*1807–1810*

## *Halldóra Kolbeinsdóttir*

Halldóra fæddist árið 1767. Foreldrar hennar voru séra Kolbeinn Þorsteinsson (1731–1783) og Arndís Jónsdóttir (1732–1814). Arndís var dóttir séra Jóns Jónssonar á Gilsbakka og var Kolbeinn aðstoðarprestur hans árin 1759–1765, en þjónaði eftir það í Miðdal í Árnessýslu. Arndís var til heimilis í Kalmanstungu árið 1801. Halldóra var síðari eiginkona Árna Þorleifssonar (1734–1814) bónda í Kalmanstungu, sem áður átti Ingibjörgu Bjarnadóttur (1711–1791) og voru þau barnlaus. Ingibjörg átti fjögur börn með fyrri manni sínum, Jóni Magnússyni (f. 1710). Þau bjuggu í Kalmanstungu og foreldrar hennar áður. Jörðin var lengi í eigu Skálholts og árið 1788 keypti Árni hana á uppboði. Börn þeirra Halldóru voru Guðný (1795–1799), Jón (1797–1797), Jón (1798–1862), Guðný (1801–1801), Arndís (1804–1869) og Kolbeinn (1806–1862). Ekki er vitað hvenær Halldóra lést en dánarbú hennar var skráð 29. og 30. júní 1807. Skipti fóru fram síðari daginn. Númer 174 er tvítekið og 202 vantar, en ekkert verðmat er á nr. 309.[1] Í lóðseðlum er oftar en ekki fyllri lýsing á eignum Halldóru, svo sem um ástand bóka eða fatnaðar, og er orðalag þá sótt þangað. Nægir að nefna slitinn silkiklút af rósasilki (nr. 37), sem svo er lýst í lóðseðli, en er í uppskriftinni bara rósaklútur. Í tveimur tilvikum fæst sundurliðun, nefnilega á krögum (nr. 56) og hnökkum (nr. 174), þar sem í uppskrift segir aðeins „Þrír kragar á 48 sk. hvör“ og „Tveir hnakkar etc“.

Sterfbú Halldóru Kolbeinsdóttur á Kalmanstungu
Vourdering af 29.–30. júní 1807

| No. | | rd. | sk. |
|---|---|---|---|
| | Í bókum | | |
| 1. | Steinsbiblía í góðu standi | 3 | |
| 2. | Vídalínspostilla, editio 3 | 1 | 32 |
| 3. | Grallari í góðu standi, editio 15 | | 32 |
| 4. | Dito gamall, editio 11, lakari | | 16 |
| 5. | Sálmaflokkar með Lasseni bænum | | 48 |
| 6. | Sálmabók að nokkru skrifuð | | 32 |
| 7. | Íslensk sálmabók 1771 | | 32 |
| 8. | Lutheri Katekismus stóri | | 16 |
| 9. | Bók með aðskiljanlegar bænir af D. Avenario | | 16 |
| 10. | Vídalíns Föstupredikanir | | 32 |
| 11. | Sigurhrósshugvekjur | | 24 |
| 12. | Gerhardi dito | | 32 |
| 13. | Nýja testamentið í sæmilegu standi | | 40 |
| 14. | Missiraskiptaoffur | | 20 |
| 15. | Sigurhrósshugvekjur í bærilegu standi | | 16 |
| 16. | Píslarþankar | | 24 |
| 17. | Fæðingarsálmar og Hugvekjusálmar | | 16 |
| 18. | Eintalið defect | | 8 |
| 19. | Krossskólareglur | | 12 |
| 20. | Hallgrímssálmar í slæmu bandi | | 24 |
| 21. | Manuale bilað í bandi | | 8 |
| 22. | Davíðssaltari í lélegu bandi | | 8 |
| 23. | Samúelssálmar | | 8 |
| 24. | Þorlákskver | | 16 |
| 25. | Þórðarbænakver nýtt | | 16 |
| 26. | Tyro juris | | 24 |
| | Karlmannsfatnaður | | |
| 27. | Hattur þríhyrndur gamall | | 32 |
| 28. | Mussa gömul slitin | | 36 |
| 29. | Dito lakari | | 28 |

| No. | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 30. Blá peysa silfurhneppt með 24 silfurhnöppum | 3 | 48 |
| 31. Vaðmálsbuxur fornar | | 40 |
| 32. Blár klæðisbolur silfurhnepptur | 2 | 32 |
| Kvenfatnaður | | |
| 33. Kvenhöttur með silfurpörum | 5 | 48 |
| 34. Fornt traf | | 48 |
| 35. Hvítur sakramentis silkiklútur nýlegur | 1 | 48 |
| 36. Svartur silkiklútur með rauðum teinum | 1 | |
| 37. Silkiklútur af rósasilki slitinn | | 64 |
| 38. Silkiklútur með hvítum teinum rósaður lítill | | 48 |
| 39. Svartur silkiklútur með grænum teinum | | 80 |
| 40. Rauður silkiklútur með grænum bekkjum | | 60 |
| 41. Rautt silki með rósum nýtt | | 64 |
| 42. Ljósblátt rósasilki brúkað | | 40 |
| 43. Blátt silki | | 40 |
| 44. Höttsilki blátt | | 80 |
| 45. Hálssilki blátt | | 40 |
| 46. Rósað hálssilki gamalt og slitið rautt | | 24 |
| 47. Dökkrautt hálssilki gamalt og slitið | | 16 |
| 48. Svart rósasilki nýlegt | | 64 |
| 49. Ljósgrænt hálssilki | | 16 |
| 50. Bláhvítur klútur silkidreginn nýr | 1 | |
| 51. Bláhvítur silkiklútur nýlegur | 1 | |
| 52. Silkiklútur með rauðum teinum | 1 | |
| 53. Silkiklútur gamall og dreginn | | 32 |
| 54. Dökkblár léreftsklútur með teinum stærri | | 48 |
| 55. Rauður klútur með gulum og hvítum dropum | | 48 |
| 56. Einn kragi | | 48 |
| Svartur kvenkragi | | 48 |
| Kragi með vírknipplingum | | 48 |
| 57. Gamall kragi tölusettur mikið bilaður | | 12 |
| 58. Kvenhempa gömul og slitin með flosi á börmunum | 1 | 48 |
| 59. Ný kvenhempa með nýjum saum með flosi | 3 | |

| No. | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 60. Skyrta af lérefti nýleg | | 64 |
| 61. Upphlutsfat blátt nokkuð borið með upphlut af rauðu töji | 3 | |
| 62. Dito af blárri einskeftu með grænum upphlut með 16 silfurmillum og nál, gamalt og slitið | 2 | |
| 63. Blátt pils ljósleitt með ísaum gallalaust | 5 | |
| 64. Grænt klæðispils nýtt með svörtum ísaum | 5 | |
| 65. Blá klæðissvunta með ísaum | 2 | |
| 66. Græn svunta af sarsi lögð með svörtum flöjelsborðum slitin | 1 | 32 |
| 67. Blá einskeftusvunta með glerhnappi | 1 | |
| 68. Dökk klæðistreyja lögð með flöjelsborðum lítið borin | 2 | 48 |
| 69. Svartir knipplingar til pils | | 32 |
| 70. 4 álnir af bláu klæði á 1 rd. | 4 | |
| 71. 4 álnir rósadamask | 1 | 32 |
| 72. 2½ álnir dito bláröndóttu lérefti | | 48 |
| **Karlmannsfatnaður** | | |
| 73. Hattur | | 48 |
| 74. Drengpeysa blá með 24 silfurhnöppum | 2 | |
| 75. Rósadamasksbolur | | 32 |
| 76. Kjóll blár lítill | | 40 |
| 77. Barnshúfa með silfurhnappi | 1 | 48 |
| 78. Hempa handa barni af einskeftu með víravirki | | 40 |
| 79. Tveir silkiklútar litlir | | 64 |
| 80. Rósadamasksvunta lögð með þremur gylltum víravirkishnöppum | 3 | 16 |
| 81. Rósadamaskssamfella með þremur hnöppum | 1 | 16 |
| 82. Silfurmillur á fati | 2 | 48 |
| 83. Ermar af prjón sortaðar til treyju | | 16 |
| 84. Belti með gylltum silfurstykkjum og pörum | 5 | |
| 85. Tvennir kvensokkar bláir, aðrir slitnir | | 32 |
| **Sængurfatnaður** | | |
| 86. Þríveraður dúnkoddi | 2 | |
| 87. Dúnsvæfill með hvítu léreftsveri með saum til beggja enda | 1 | 64 |
| 88. Rauðröndóttur einskeftukoddi slitinn | | 80 |
| 89. Bláröndótt boldangssæng fín gömul | 6 | |

| No. | | rd. | sk. |
|---|---|---|---|
| 90. | Röndótt boldangssæng með fiðri gölluð | 5 | |
| 91. | Vaðmálsrekkjuvoðir slitnar með saum | 1 | |
| 92. | Fóðruð salúnsábreiða | 2 | 32 |
| 93. | Rósað sparlak með dökkleitum bekk á þrjá vegi | 1 | |
| 94. | Krosssaumsábreiða fóðruð gulu fóðri forn | 2 | 32 |
| 95. | Hvíluvoðir með blárri bryddingu | 2 | 32 |
| 96. | Nýjar hvíluvoðir grófari | 2 | 32 |
| 97. | Vaðmálsstykki í rekkjuvoðir | 1 | |
| 98. | Rauðröndóttur koddi með bláum röndum sumstaðar | | 64 |
| 99. | Bláröndóttur koddi | | 64 |
| 100. | Undirsæng með nýju vaðmálsveri hvítu | 5 | |
| 101. | Bláleitt sparlak | | 32 |
| 102. | Rauðrósað sparlak | | 24 |
| | Aðskiljanlegt | | |
| 103. | Vaðmálsrekkjuvoðir nýjar | | 80 |
| 104. | Fiðursæng með vaðmálsveri | 3 | 82 |
| 105. | Rekkjuvoðir gamlar | | 48 |
| 106. | Fiðursæng með hvítu vaðmálsveri | 2 | 48 |
| 107. | Rekkjuvoðir önnur forn, önnur nýrri | | 80 |
| 108. | Koddagarmar tveir | | 32 |
| 109. | Rekkjuvoðir tvær mikið slitnar | | 48 |
| 110. | Líttnýt undirdýna | | 32 |
| 111. | Bláröndóttur koddi | 1 | |
| 112. | Rauðröndóttur koddi | | 64 |
| 113. | Leppadýna | | 32 |
| 114. | Tvær rekkjuvoðir | | 42 |
| ~~115.~~ | | | |
| 116. | Bláröndóttur koddi slitinn | | 24 |
| 117. | Tennt brekán lítið slitið | | 80 |
| | Kistur | | |
| 118. | 2 vætta kista með vænni skrá og járnum | 3 | |
| 119. | Minni 2 vætta kista væn | 1 | |
| 120. | Ein vættarkista með skrá og lömum | 1 | |

| No. | | rd. | sk. |
|---|---|---|---|
| 121. | Ein vættarkista með skrá og lömum væn | 1 | |
| 122. | Kista uppsmíðuð með skrá og lömum | | 64 |
| 123. | Kistuhró botnlaust með kengjum | | 32 |
| 124. | Önnur ogso í lokustandi | | 32 |
| 125. | ½ vættar kista án skrár og lama gömul | | 24 |
| 126. | Kistill vænn | | 48 |
| 127. | Lítill kistill læstur | | 12 |
| 128. | Skápur læstur | | 48 |
| 129. | Koffort með skrá og lömum | | 56 |
| | Búsgögn | | |
| 130. | 2 tunnu sár nýlegur í góðu standi | 2 | 48 |
| 131. | 2 tunnu sár forn | 1 | 64 |
| 132. | 2 tunnu sár forn og feyskinn | 1 | 16 |
| 133. | 1½ tunnu sár sæmilegur | 1 | 48 |
| 134. | Tveir 2 tunnu sáir gamlir | 3 | |
| 135. | Tunnusár lélegur og laggstokkinn | | 80 |
| 136. | Lagartunna með járnböndum á endum | 1 | 48 |
| 137. | Lagartunna með svigagjörðum | 1 | 48 |
| 138. | Sjö fötur, sex á 16 sk., ein á 8 sk. | 1 | 8 |
| 139. | Níu kerhöld, sjö á 16 sk. og tvö á 8 sk. | 1 | 32 |
| 140. | 15 trog á 20 sk. | 3 | 12 |
| 141. | Átta askar á 8 sk., fjórir trédiskar á 6 sk., tvær skálar per 10 sk. | 1 | 2 |
| 142. | Tveir kútar, 8 og 4 potta, gamlir | | 28 |
| | Eldsgögn | | |
| 143. | 6 fjórðunga pottur með brotið eyra vænn | 4 | |
| 144. | ½ vættar pottur bættur | 1 | 64 |
| 145. | 2 fjórðunga pottur ógallaður | 2 | |
| 146. | 2 fjórðunga dito lappaður með gjörð | 1 | 16 |
| 147. | 3 fjórðunga dito lélegur | | 32 |
| 148. | Strókapottur | | 32 |
| 149. | Lítill pottur | | 24 |
| 150. | Látúnspottur tekur vart pott | | 16 |
| 151. | 3 marka dito eyrabrotinn | | 10 |

| No. | | rd. | sk. |
|---|---|---|---|
| 152. | Nýr koparlampi | 1 | |
| 153. | Koparlampi | | 64 |
| 154. | Járnlampi | | 16 |
| 155. | Lampi af látúni lítill | | 16 |
| | Smiðja | | |
| 156. | Steðji vænn næstum nýr | 5 | |
| 157. | Slaghamar gallaður | | 72 |
| 158. | Dengsluhamar | | 32 |
| 159. | Járnsleggja vegur 15 pund | 1 | 32 |
| 160. | Klaufhamar gallaður | | 16 |
| 161. | Hnoðhamar | | 10 |
| 162. | Ennþá járnsleggja | | 48 |
| 163. | Smiðjutöng | | 24 |
| 164. | Lóð væn | | 40 |
| 165. | Smiðjubelgur með aflhólk | | 40 |
| 166. | Klípitöng léleg | | 12 |
| 167. | Járnkall vænn | | 64 |
| 168. | Járn rekið og órekið 10 pund á 6 sk. | | 60 |
| 169. | Þrjár handaxir, hvar af tvær á 36 sk. og ein á 24 sk. | 1 | |
| 170. | Tvær reislur gamlar, önnur með stein, hin með járnlóði | | 56 |
| 171. | Lítil reisla með blýlóði | | 16 |
| 172. | Vænn páll nýr | | 40 |
| 173. | Fjórar rekur vænar, þar af tvær nýjar | | 44 |
| 174. | Fjögur hrífuhöfuð og hrífusköft á 4 sk. | | 16 |
| | Reiðskapur | | |
| 174. | Hnakkur með ístöðum, yfirdekki og lendklæði | 2 | |
| | Hnakkur með dýnu, yfirdekki og lendklæði, ístaðalaus | 2 | |
| 175. | Söðull undir alhellu af drifnu látúni með reiða vænum og gröfnum stykkjum | 9 | |
| 176. | Þófi til söðulsins lélegur | | 80 |
| 177. | Glitvefnaðarárklæði | 4 | |
| 178. | Söðulsessa af grænu flöjeli með dún | 1 | 32 |
| 179. | Beisli með koparstöngum og vænum búningi öllum | 2 | |

| No. | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 180. Reiðgjarðir með koparhringjum vænar | | 64 |
| 181. Beisli með koparstöngum og lélegum ólum | 1 | |
| 182. Beisli með járnstöngum gamalt | 1 | |
| 183. Sex gjarðir með koparhringjum | 1 | 56 |
| 184. Blómstursaumssessa af dún með rauðu fóðri | 1 | 32 |
| 185. Krossvefnaðarsessa með fiðri og bláu fóðri | 1 | |
| 186. Krossvefnaðarsessa gömul fornfáleg | | 32 |
| 187. Bandreipi á 30 hesta á 24 sk. | 7 | 48 |
| 188. Vænar ólar dito á sex dito á 48 sk. | 3 | |
| 189. Dito dito á þrjá dito, tvær á 24 sk. og ein 32 sk. | | 80 |
| 190. Átta klyfberar nýir óbentir | 2 | |
| 191. Átta dito brúkaðir með böndum á 16 sk. | 1 | 32 |

Borðbúnaður

| | | |
|---|---|---|
| 192. Borðdúkur hvítur bættur | | 16 |
| 193. Borðdúkur hvítur lélegur | | 16 |
| 194. Borðdúkur lítill stoppaður | | 20 |
| 195. Barmafat af tini vegur 4½ pund nýlegt | 2 | |
| 196. Dito dito 5 pund gamalt | 1 | 80 |
| 197. Barmafat lítið lélegt vegur 3 pund | 1 | |
| 198. Djúpt steikarfat vænt 4 pund | 1 | 48 |
| 199. Tvö steikarföt grunn 3 pund, hvört annað gallað | 2 | |
| 200. Skerdiskar tveir af tini vega 2½ pund | 1 | |
| 201. Tveir skerdiskar af tini 2½ pund | 1 | |
| 203. Tveir dito dito 2½ pund | 1 | |
| 204. Pottkanna af tini vegur 3 pund væn | 1 | 16 |
| 205. Dito dito lakari 3 pund | 1 | |
| 206. Tinkanna gölluð vegur 3 pund | 1 | |
| 207. Tekanna af tini | | 34 |
| 208. Tinflaska ferskeytt með höldu í skrefi vegur 4 pund | 2 | 32 |
| 209. Tveir leirdiskar djúpir | | 24 |
| 210. Tvö pör borðknífa tréskeftir | | 24 |
| 211. Eitt par dito koparskeftir | | 16 |
| 212. Tvö pör borðknífa beinskeftir ósamkynja á 8 sk. | | 16 |

| No. | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 213. Kaffiketill gamall og brunninn | | 80 |
| 214. Kaffikvörn gömul | | 32 |
| 215. Tvö pör tekoppa samkynja bláleitir | | 20 |
| 216. Eitt par tekoppa af porsellain, brostin undirskálin | | 10 |
| 217. Tvö pör tekoppa hvítir | | 16 |
| 218. Húðarskinn vegur 16 pund | 3 | 64 |
| 219. Húðarskinn vegur 15 pund | 3 | 48 |
| 220. Húðarskinn vegur 14 pund | 3 | 26 |
| 221. Húðarskinn vegur 14 pund | 3 | 26 |
| 222. Kýrskinn vegur 7 pund | 1 | 61 |
| 223. 10 pund af sauðskinnum, þar í nokkur ærskinn | 1 | 24 |
| 224. Kláfar á fjóra hesta, tvennir á 32 sk., tvennir á 24 sk. | 1 | 16 |
| 225. Tólf meisar á 8 sk. | 1 | |
| 226. Dýrabogi gamall þó brúkanlegur | 6 | |
| 227. Tjald fyrir sex manns vænt af einskeftu | 5 | |
| 228. Malikvörn | 1 | 32 |
| 229. Danskur skotrokkur gamall | 1 | 16 |
| 230. Standrokkur | | 32 |
| 231. Tveir ullarpokar | | 80 |
| 232. Þrír ullarpokar ruddaðir | | 72 |
| 233. Hærupoki | | 32 |
| 234. Tíu grasljáir nýir á 24 sk. | 2 | 48 |
| 235. Torfljár nýr | | 48 |
| 236. Torfljár mikið brúkaður | | 24 |
| 237. Átta grasljáir brúkaðir á 16 sk. | 1 | 32 |
| 238. Íslenskur vefstaður gamall mikið slitinn | | 40 |
| 239. Þrjú borð væn | 1 | |
| 240. Ellefu borð lakari | 2 | 72 |
| 241. Tíu borð mjög léleg á 10 sk. | 1 | 4 |
| 242. Nokkrar spýtur í heygarði misstórar | 1 | 16 |
| 243. 2 vætta kista fúin | 1 | |
| 244. Koparljósapípa | | 32 |
| 245. 2 fjórðunga strokkur lélegur | | 32 |

| No. | | rd. | sk. |
|---|---|---|---|
| 246. | Látúnsmundlaug gömul | | 40 |
| 247. | Látúnsmundlaug nýleg og minni | | 48 |
| 248. | Trafaeskjur bilaðar og spengdar | | 10 |
| 249. | Trafaeskjur nýlegar | | 24 |
| 250. | Raftur á tvo hesta | | 64 |
| | Í silfri | | |
| 251. | Hálsfesti af silfri með kringlóttu nisti vegur 4 lóð 3 fiska | 3 | |
| 252. | Beltispör af víravirki ógyllt 4 lóð | 4 | |
| 253. | Silfurkanna með handarhaldi og hnappafótum vegur 15 lóð | 9 | 32 |
| 254. | Beltispör steypt með myndum gyllt vegur 3 lóð lök | 2 | |
| 255. | Beltispör með drifnu silfri með látúnsfóðri og doppum | 1 | 32 |
| 256. | Fingurbaugur af gulli | 5 | |
| 257. | Þrír svuntuhnappar með laufum af grófu víravirki, sléttir undir, gamlir 2 lóð 20 fiskar | 3 | |
| 258. | Svuntuhnappar þrír af víravirki undir og yfir | 3 | 48 |
| 259. | Belti með silfurpörum steyptum vegur 5 lóð, stykkjum sjö doppum átta af drifnu verki og stykkin fóðruð | 4 | |
| 260. | Millur af silfri steyptar 18 að tölu með nál vega 3 lóð 8 fiska | 2 | 32 |
| 261. | Skyrtuhnappar stórir með víravirki undir og yfir vega 15 fiska | | 56 |
| 262. | Dito dito minni af dito vega 9 fiska | | 48 |
| 263. | Peysuhnappar samtíningur af silfri vega 1½ lóð 15 að tölu | | 90 |
| 264. | Bindisspenna af silfri með látúnssvift biluð | | 24 |
| 265. | Silfurstaup með hnappfótum og trekki S.J. vegur 3 lóð 1 fisk | 2 | |
| 266. | Silfurstaup með hnappfótum danskt 3 lóð | 2 | |
| 267. | Tvær silfurskeiðar vega 6½ lóð stimplaðar HI | 4 | |
| 268. | Tvær skeiðar vega 5 lóð 6 fiska stimplaðar IO | 3 | 48 |
| 269. | Silfurskeið vegur 3 lóð 18 fiska stimpluð PL | 2 | 40 |
| 270. | Skeið af silfri vegur 3 lóð 3 fiska með ÞO | 2 | |
| 271. | Silfurskeið gömul með hnapp á enda vegur 2 lóð 4 fiska | 1 | 32 |
| 272. | Silfurskeið með prövestimpli vegur 3 lóð 9 fiska | 2 | 30 |
| | Í peningum | | |
| 273. | Í bancoseðlum | 190 | |
| 274. | Í spesíum, cronum, rixortum, 2 mörkum | 355 | |

| No. | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Í lifandi pening | | |
| 275. Ein kýr 18 vetra kálflaus hvít | 6 | |
| 276. Dito 11 vetra rauðhölsótt | 12 | |
| 277. Dito 8 vetra dumbótt | 12 | |
| 278. Dito 5 vetra gráskrámótt | 12 | |
| 279. Dito 5 vetra hvít að lit | 12 | |
| 280. Dito 4 vetra hvít baugótt | 12 | |
| 281. Naut 4 vetra | 12 | |
| 282. Boli 2 vetra | 6 | |
| 282. Naut hvítt 2 vetra | 6 | |
| 283. Dito veturgamalt hvítt | 4 | |
| 284. Dito veturgamalt | 4 | |
| 285. Bolakálfur þorraalinn | 2 | |
| 286. Kvígukálfur þorraalinn | 2 | |
| 287. 30 ær með lömbum | 60 | |
| 288. 24 dito lamblausar | 44 | |
| 289. 15 sauðir rosknir | 33 | 72 |
| 290. 18 dito tvævetur | 36 | |
| 291. 38 veturgamlir | 38 | |
| 292. Húðarhestur yfir 20 vetra | 2 | 48 |
| 293. Bleikálóttur dito 20 vetra | 3 | |
| 294. Rauður hestur glófextur 18 vetra | 4 | |
| 295. Brúnskjóttur hestur 15 vetra | 4 | |
| 296. Grjáskjóttur hestur 13 vetra | 5 | |
| 297. Sótrauður hestur 10 vetra | 6 | |
| 298. Brúnkúfóttur 10 vetra | 6 | |
| 299. Brúnstjörnóttur 8 vetra | 6 | |
| 300. Brún dito 4 vetra | 6 | |
| 301. Rauðsokkóttur óvanaður 3 vetra | 3 | |
| 302. Brúnskjóttur 2 vetra ógeltur | 2 | 48 |
| 303. Hryssa brúnskjótt 17 vetra | 3 | |
| 304. Dito sótrauð 17 vetra | 3 | 48 |
| 305. Dito bleik 14 vetra | 4 | |

| No. | | rd. | sk. |
|---|---|---|---|
| 306. | Dito brúnkúfótt 8 vetra | 4 | |
| 307. | Móálótt með folaldi 4 vetra | 4 | |
| | Í jarðagóssi | | |
| 308. | Jörðin Kalmanstunga 27 hundruð á 10 rd. per hndr. | 273 | 32 |
| | Þrjú kúgildi á 12 rd. | 36 | |
| | Hey virt og yfirlitið. Var taða anslegin fyrir einn málfaðm virtur | 4 | 48 |
| | Úthey rúmur málfaðmur | 2 | 24 |
| 309. | Yfirsæng með ýmislega röndóttu einskeftuveri og dún hálfhreinsuðum | 7 | |
| | Summa summarum | 1604 | 61 |

Sem forsvarsmenn fyrir seinni konu börn monsieur Árna eru af hönum kosnir, sem næststandandi og líklegastir: factor Jón Kolbeinsson á Stykkishólmi fyrir Arndísi nú 3 vetra, séra Einar á Brekku í Norðurárdal fyrir Jón, nú 10 vetra, og séra Eggert á Reykholti fyrir Kolbein, nú misseris gamlan. Prestarnir báðir voru hér til staðar við uppskriftina, en Jón Kolbeinsson ekki.

Skipti eftir fyrri konu monsieur Árna, Ingibjörgu sálugu, framber hann sjálfur að séu í löglegan tíma afgjörð og öllum örfum fyrri konu barna hans af sér að fullu útsvarað, og full skil fyrirgjörð, hvað og tilstaðarverandi viðkomendur játa satt að vera, og segjast altso ekkert frekara uppástand þarí hafa að framfæra.

Það hér að framan skrifaða og virta hey til 6 rd. 72 sk. óskar ekkjumaðurinn monsieur Árni að ei komi til skipta heldur megi það hönum af viðkomandi tilstandast af óskiptu án reiknings. Hvað allir tilstaðarverandi viðkomendur því heldur tilstanda og samsinna, sem monsieur Árni sinna barna vegna segist vilja fráfalla öllum útfararkostnaði og bróðurlóði og ei taka utan helming bús; og þaraf jafnvel strax yfirláta börnum sínum öllum eftir jöfnuði og tiltölu nokkuð töluvert.

Þar hjá óskar og uppástendur monsieur Árni að dóttir hans Arndís gangi í jöfn skipti með bræðrum hennar Jóni og Kolbeini, þar sér finnist það náttúrlegt og billegt. Þetta samþykkja og beggja bræðranna tilstaðarverandi svaramenn og stúlkunnar nú fjærverandi svaramaður herra Kolbeinsen skal hennar vegna óskað hafa að þetta mætti viðgangast. Hér hjá er það enn framar ekkjumannsins tilmæli, að hann megi behalda jörðunni Kalmanstungu með henni fylgjandi þremur kvíildum til afgjalds og allra nota, sína lífstíð, án þess að verða frem-

ur nokkrum af viðkomandi erfingjum sérílagi útdeild í þetta sinn. Hvað viðkomandi vegna erfingjanna fullkomlega samþykkja og tilstanda, sem náttúrleg billegheit móti erfingjanna gamla föður.

Að öðru leyti hafa hvörki erfingjanna svaramenn, né heldur sjálfur ekkjumaðurinn monsieur Árni, meira að framfæra eða uppástanda við þau gjörandi skipti, en óska og játa allir að þau megi framfara eftir framan anfærðu.

Þannig framfarið og slútað, degi síðar en upphaflega greinir. Testera ut supra.

| | |
|---|---|
| Pétur Ottesen | Jón Þórðarson |
| Einar Þórólfsson | Einar Guðbrandsson |
| Eggert | |

„Sterbbúsins massa" var 1611 rd. 61 sk. og er hækkun um 7 rd. frá uppskriftinni óútskýrð. Árni fékk Kalmanstungu með kúgildum og heyi eða samanlagt 316 rd. 8 sk. utan skipta. Kostnaður við uppskrift og skipti nam 26 rd. 71 sk. Eftir stóðu 1268 rd. 78 sk. og fékk Árni helminginn eða 634 rd. 39 sk. en börnin 211 rd. 45 sk. hvert. Til fjárhaldsmanna barnanna nefndust sömu menn og nefndir eru í uppskriftinni. Undir skrifa Pétur sýslumaður, Einar Þórólfsson og Jón Þórðarson.

## *Þórný Snorradóttir*

Þórný fæddist árið 1750. Foreldrar hennar voru Snorri Eiríksson (1711–1776) og Ingibjörg Árnadóttir (f. 1715) á Snorrastöðum í Kolbeinsstaðahreppi. Árið 1775 eignaðist hún soninn Jón með Erlendi nokkrum, sem annars er óþekktur. Tveimur árum síðar gekk hún að eiga Jón Egilsson (1750–1792) og bjuggu þau í Hjörsey. Börn þeirra voru Guðrún (f. 1777), Snorri (f. 1779), Marteinn (f. 1780), Eysteinn (f. 1780), Ingibjörg (1786–1860) og Ingveldur (1788–1833). Seinni maður Þórnýjar var Sigurður Ólafsson (1766–1825) og áttu þau Jón (f. 1794). Hún lést 23. september 1810 og var dánarbúið skráð 15. október. Skipti fóru fram samdægurs.[2]

Anno 1810 þann 15. október var sýslumaður Pétur Ottesen til staðar í Hjörtsey í Mýrasýslu, með tilteknum tveimur virðingarmönnum og registrationsvottum,

viðkomandi hreppstjóra monsieur Brandi Guðmundssyni á Svarfhóli og bóndanum monsieur Bjarna Péturssyni á Síðumúlaveggjum, til að uppskrifa og virða láta tilfallið dánarbú á fyrstnefndum stað, eftir andaða konu bóndans monsieur Sigurðar Ólafssonar, Þórnýju Snorradóttur, sem deyði þann 23. september þessa árs. Af ekkjumanninum monsieur Sigurði voru eftirskrifaðir fjármunir framseldir og sýndir til virðingar:

| **No.** | | **rd.** | **sk.** |
|---|---|---|---|
| | 1. Bækur | | |
| 1. | Vídalínspostilla gömul | | 80 |
| 2. | Grallaraskræða | | 6 |
| 3. | Sálmabók með flokkum gömul | | 32 |
| 4. | Kristindómur Vídalíns | | 16 |
| 5. | Föstupredikanir ditos | | 24 |
| 6. | Sjöorðabók með Hallgrímssálmum | | 20 |
| 7. | Missiraskiptaoffur | | 20 |
| 8. | Sturmshugvekjur | | 44 |
| 9. | Gerhardii hugvekjur | | 30 |
| 10. | Bænakver skræða | | 4 |
| | 2. Kvenfatnaður | | |
| 11. | Kvenhöttsgarmur | | 24 |
| 12. | Kvenhempa nýleg | 2 | 48 |
| 13. | Léreftsklútur bláröndóttur | | 48 |
| 14. | Blár höfuðklútur | | 24 |
| 15. | Þrír léreftstreflar lélegir | | 24 |
| 16. | Tvær silkislæður klútar | | 48 |
| 17. | Klútfiða léleg | | 16 |
| 18. | Blátt klæðisfat | 3 | 48 |
| 19. | Upphlutur með 14 silfurmillum og nál | 3 | |
| 20. | Blátt klæðisfat | 2 | |
| 21. | Blá þrílögð svynta með þremur silfurhnöppum | 3 | |
| 22. | Kessusvynta tvílögð með þremur silfurhnöppum | 1 | 48 |
| 23. | Belti með silfurspennum | 1 | 24 |
| 24. | Rauðir kvensokkar | | 16 |
| 25. | Hversdagspils bláleitt | 1 | |

| No. | | rd. | sk. |
|---|---|---|---|
| | 3. Karlmannsföt | | |
| 26. | Blá peysa gömul með 23 silfurtinfyllingum | 1 | 48 |
| 27. | Hattgarmur | | 16 |
| 28. | Léreftsskyrta léleg | | 40 |
| 29. | Mussa með látúnshnöppum | 1 | 64 |
| 30. | Bláar nærbuxur | | 30 |
| 31. | Tvennir sokkar sortaðir | | 24 |
| 32. | Hvítir vettlingar | | 6 |
| 33. | 8 álnir af skyrtudúk | 1 | |
| 34. | Tvennir vaðmálsbuxnagarmar | | 32 |
| | 4. Rúmfatnaður | | |
| 35. | Kvenkragi | | 24 |
| 36. | Sæng með fiðri karbætt | 1 | |
| 37. | Dito enn lakari | | 64 |
| 38. | Koddi | | 64 |
| 39. | Dito lakari | | 48 |
| 40. | Tveir skinnkoddar | | 32 |
| 41. | Loðin ábreiða með götum | | 64 |
| 42. | Vaðmálsrekkvoð | | 64 |
| 43. | Einskeftu dito | | 32 |
| 44. | Nýtt brekán tennt | 1 | 32 |
| 45. | Einskeftu dito gamalt | | 48 |
| 46. | Fornt dito tennt | | 64 |
| 47. | Svart og hvítt einskeftubrekán | | 48 |
| 48. | Tvær vaðmálsrekkvoðir | 1 | |
| 49. | Þrír rekkvoðagarmar á 16 sk. stykkið | | 48 |
| 50. | Dito ein gömul | | 24 |
| 51. | 4 álnir af hvítu vaðmáli | | 80 |
| | 4. Hirslur | | |
| 52. | Kista stór undir mat | 2 | |
| 53. | Dito af líkri stærð, lakari | | 16 |
| 54. | Vættarkista léleg | | 64 |
| 55. | Skrifli ólæst | | 24 |

| No. | | rd. | sk. |
|---|---|---|---|
| | 5. Eldsgögn | | |
| 56. | 3 fjórðunga pottur nýlegur | 2 | 32 |
| 57. | Dito lélegur | 1 | |
| 58. | 2 fjórðunga dito bættur fótalaus | | 24 |
| 59. | ½ vættar pottur bættur | | 64 |
| 60. | 6 fjórðunga dito bættur óheldur | | 24 |
| 61. | 12 marka dito bættur | | 28 |
| | 6. Búsgögn | | |
| 62. | 1½ tunnu sár lélegur | | 64 |
| 63. | Dito tekur minna | | 32 |
| 64. | Fimm trog matheld á 16 sk. | | 80 |
| 65. | Fimm dito mikið lakari | | 48 |
| 66. | Sjö fötur smáar og stórar á 12 sk. | | 84 |
| 67. | Sex dallar ýmislegir á 12 sk. | | 72 |
| 68. | Átta askar á 8 sk. | | 64 |
| 69. | Einn trédiskur 4 sk., tvær skálar 4 sk., tvær ausur 6 sk. | | 14 |
| 70. | Þrjár lagartunnur á 64 sk. | 2 | |
| 71. | Þrír tunnuskrokkar | | 24 |
| 72. | Tvær ½ tunnur bandalausar | | 10 |
| | 7. Tinbúnaður | | |
| 73. | 15 pund af tini á 40 sk. | 6 | |
| 74. | Fjórar silfurskeiðar | 7 | 48 |
| 75. | Fjórir hornspænir | | 16 |
| | Tetöj | | |
| 76. | Stór kaffiketill með ósamkynja bollum fjórum pörum | 2 | |
| | 8. Reiðtygi | | |
| 77. | Alfær karlmannsreiðtygi | 4 | 48 |
| 78. | Þófagarmur og koparhringjugjörð léleg | | 24 |
| | 9. Amboð | | |
| 79. | Tíu sköft | | 40 |
| 80. | Tvö orf | | 8 |

| No. | | rd. | sk. |
|---|---|---|---|
| | 10. Reiðskapur | | |
| 81. | Þrír klyfberar | | 42 |
| 82. | Alhrip | | 64 |
| 83. | Þrennir kláfar | | 80 |
| 84. | Átta kýrmeisar af ýmsri stærð | | 64 |
| 85. | Járnkarl | | 48 |
| 86. | Tvær skrár | | 16 |
| 87. | Járnsleggja | | 48 |
| 88. | Koparlampi | | 32 |
| 89. | Dito bilaður | | 24 |
| 90. | Járn dito lélegur | | 10 |
| | Smiðja | | |
| 91. | Belggarmur, steðji, dengsluhamar, slaghamar, tvær laðir, smíðatangargarmur, beygitöng, kúfótur og klípitöng tilsamans | 3 | 48 |
| 92. | Skarexi | | 48 |
| 93. | Stingsög lítil | | 16 |
| 94. | Húsanafar | | 8 |
| | Úthýsi | | |
| 95. | Hesthús yfir fimm hesta | 1 | 48 |
| 96. | Dito yfir fjóra | 1 | 32 |
| 97. | Dito yfir tvo | | 48 |
| 98. | Lambhús | 1 | 64 |
| 99. | Dito | 1 | 32 |
| 100. | Íslenskur vefstaður | | 32 |
| 101. | Togkambar | | 24 |
| 102. | Laus viður utanbæjar | 4 | 64 |
| 103. | Tvennar börur | | 40 |
| 104. | Hesthús við fjósið | | 64 |
| 105. | Bandreipi á átta hesta | 1 | 32 |
| 106. | Ólarreipi á tvo dito | | 32 |
| 107. | Grasljáspíkur fjórar | | 32 |
| 108. | Torfljár | | 48 |
| 109. | Átta klippingar | 1 | 16 |

| No. | | rd. | sk. |
|---|---|---|---|
| 110. | Kýrskinn | 1 | |
| 111. | Tvö kópskinn | | 32 |
| 112. | Skrína með lélegri skrá | | 32 |
| 113. | 16 marka kútur | | 16 |
| 114. | Dito | | 12 |
| 115. | Skápur lítill | | 16 |
| | 12. Innanbæjarviður | | |
| 116. | Átta borð léleg | 1 | 32 |
| 117. | Eitt borð ennþá | | 32 |
| | Lifandi peningur | | |
| 118. | 40 ær lamblausar | 40 | |
| 119. | Tíu veturgamalt | 10 | |
| 120. | 14 gemlingar á 48 sk. | 7 | |
| 121. | Kálfur | 1 | 32 |
| | Hross | | |
| 122. | Foli þrevetur | 3 | |
| 123. | Færleikur | 1 | 48 |
| 124. | Áttæringur fær með tveimur seglum og fjórum árum | 40 | |
| | Jarðagóss | | |
| 125. | 10 hndr. í Hjörtsey á 6 rd. | 60 | |
| 126. | Tvö kúgildi | 12 | |
| 127. | Laxárholt hálft 9 hndr. á 6 rd. | 54 | |
| 128. | Tólf ær | 12 | |
| 129. | Lambhústún 5 hndr. á 3 rd. | 15 | |
| | Peningar | | |
| 130. | Í rígsortum og specium til courant | 50 | |
| | Summa | 410 | 64 |
| | Skuldir á búinu: | | |
| 1. | Ekkjumannsins útfararkostnaður uppá | 40 | |
| 2. | Til Jóns í Fíflaholtum | 20 | |
| 3. | Til Eysteins á Álftaá | 5 | |
| | Til síra Jóns á Ferjubakka | 3 | 48 |
| | Til síra Björns í Hítardal | 1 | 64 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Til monsieur Bárðar á Svarfhóli | 1 | |
| Til Steindórs á Þverholtum | | 40 |
| Til Hjálms Þorkelssonar á Einarsnesi | 1 | 24 |
| Til borgara Guðmundar Bjarnasonar | | 76 |
| Til Bjarna á Litla-Kálfalæk | | 64 |
| Til herra Fabers höndlunar frá 1806 | 8 | 86 |
| Í dauðum aurum innistandandi í sterfbúinu af umboði Jóns Snorrasonar á Álftá uppá | 32 | |
| Innistandandi vinnukonuskyldur til kvenmanns sem í búinu hefir þjónað um 30 ár, sem af viðkomendum er tilstaðið til hundraðs | 4 | |
| Summa skulda | 121 | 18 |

Fyrir morgungáfu ekkjumannsins, sem af honum var uppástaðin, og af öllum viðkomendum tilstaðin, til 4 hndr. á landsvísu, var af óskiptu tekið: Eitt sexróið skip, bátur fjórróinn, tveir sáir og tveir kaggar, tveir hestar og tvær kvígur.

Fyrir innistandandi umboði í búinu framannefnds Jóns Snorrasonar til 2 hndr. í fríðu, var enn framar af sterfbúinu frátekið, nefnilega: Ein kýr, þrjár ær og þrír sauðir tvævetrir.

Framvegis var fráskilið uppskrift: Hjónarúm handa ekkjumanninum, eftir áliti allra viðkomenda.

Svo og var frátekið fyrir útdauðum kirkjukúgildum hér á Hjörtsey, og búið á til að svara í millitíð, nefnilega 3½ kúgildi, samt til jarðarinnar sjálfrar 3½ dito: Þrjár kýr, tólf ær, sex sauðir tvævetrir og 16 lömb.

Fyrir óborgaðri landskuld sem á að vera í fríðu: Tvævetur boli.

Erfingjar að þessu sterfbúi eru angefnir: Snorri Jónsson giftur maður á Stóra-Kálfalæk, Eysteinn Jónsson ráðsmaður á Álftá, Jón Sigurðsson á Hjörtsey 16 vetra, Guðrún Jónsdóttir gift kona á Ánastöðum, madame Ingibjörg Jónsdóttir á Sigguseli, Jón Erlendsson nú til veru á Hjörtsey.

Þannig uppskrifað og virt í allra viðkomenda og þeirra ómyndugu svaramanna nærveru. Ut supra.

Pétur Ottesen

Til skipta komu 289 rd. 46 sk. og fékk ekkjumaðurinn helming eða 144 rd. 71 sk. Bróðurlóð Snorra, Eysteins og beggja Jóna var 28 rd. 91 sk. en systurlóð Guðrúnar og Ingibjargar 14 rd. 45½ sk. Ingveldur er ekki nefnd. Lóðseðlar barnanna fylgja og fengu öll hlut í Laxárholti eða Lambhústúni, en Sigurður hefur haldið Hjörsey. Skiptalaun námu 10 rd. 74 sk. sem „allir viðkomendur verða að svara eftir tiltölu". Undir skrifa sýslumaður, Bárður Guðmundsson og Runólfur Pétursson sem skiptavottar og virðingarmenn, en Sigurður, Snorri og Eysteinn sem viðkomendur, þá Pétur Jónsson fyrir hönd Ingibjargar konu sinnar og Þórður Benediktsson vegna Guðrúnar, en Bárður aftur sem svaramaður Jóns Erlendssonar.

## TILVÍSANIR

1 *Manntal á Íslandi 1801. Vesturamt*, bls. 1; *Borgfirzkar æviskrár* I, bls. 177; ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Borg.Mýr. ED3/1, 2. Skiptabók Mýrasýslu 1806–1828, bls. 14–29. Um kaup Árna á jörðinni, sjá *Hvítan jökul, snauða menn*, bls. 32–33.

2 *Manntal á Íslandi 1801. Vesturamt*, bls. 43; *Borgfirzkar æviskrár* V, bls. 328; X, bls. 240; ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Borg.Mýr. ED3/1, 2. Skiptabók Mýrasýslu 1806–1828, bls. 181–184.

# Borgarfjarðarsýsla

*1810–1815*

## *Sigrún Guðlaugsdóttir*

Sigrún fæddist árið 1750. Foreldrar hennar voru Guðlaugur Bjarnason (f. 1725) og Guðrún Jónsdóttir (1724–1789) á Brekku á Hvalfjarðarströnd. Eiginmaður hennar var Ólafur Þorsteinsson (1755–1832) og börn þeirra Guðríður (1784–1844), Guðlaugur (1786–1830), Árni (1787–1832), Guðmundur (1788–1825), Guðrún (f. 1790) og Þorbjörg (f. 1791). Þau bjuggu á Þyrli í desember 1787 og framvegis, nema veturinn 1791–1792 á Brekku. Ólafur var hreppstjóri um skeið. Árið 1801 voru þau á Þyrli, en utan sóknar árin 1805–1808. Í febrúar 1809 voru þau á Stóra-Botni og Sigrún sögð „dyggðakona, vel að sér", en Ólafur „hagleiks og sómamaður, sæmilega skynugur í andlegu". Bækur voru nægar. Í febrúar 1810 var Ólafur þar ekkjumaður, en haustið 1811 kominn aftur að Þyrli, kvæntur Solveigu Guðmundsdóttur (1773–1814). Má ætla að Sigrún hafi látist á Stóra-Botni í árslok 1809 eða í ársbyrjun 1810, og Ólafur þá um vorið flust að Þyrli. Þar var dánarbúið skráð 14. júní og skipti fóru fram samdægurs.[1]

Anno 1810 þann 14. júní að Þyrli á Hvalfjarðarströnd var uppskrifað og virt, og þar eftir til endilegra skipta fyrirtekið af sýslumanni í Borgarfjarðarsýslu Jónasi Scheving, þar fallið sterfbú eftir egtakonuna Sigrúnu Guðlaugsdóttir. Þeir af ekkjumanninum Ólafi Þorsteinssyni framvísuðu sterfbúsmunir voru þannig uppskrifaðir og virtir sem fylgir:

| Nr. | | rd. | sk. |
|---|---|---|---|
| 1. | Messusöngs- og sálmabók í ekta bandi | 1 | 48 |
| 2. | Önnur dito í alskinni | | 84 |
| 3. | Nýja testament í dito | | 48 |
| 4. | Sturmshugvekjur fyrri partur og Hugvekjusálmar | | 40 |
| 5. | Píslarþankar og Passíusálmar | | 30 |
| 6. | Misseraskiptaoffur | | 16 |
| 7. | Fæðingarhugvekjur og sálmar | | 24 |
| 8. | Davíðssaltari | | 16 |
| 9. | Vídalíns Föstupredikanir | | 16 |
| 10. | Krossreglur | | 14 |
| 11. | Horsters Ágrip | | 8 |
| 12. | Vasakver bænda | | 8 |
| 13. | Jónsbók rotin | | 14 |
| 14. | Kvenhöttur, vafður flöjelsborða, vænn | 2 | |
| 15. | Grænt klæðisfat með dökku knippli | 5 | |
| 16. | Svinta af sama, þrílögð með dökkum flöjelsborða | 2 | |
| 17. | Blátt klæðisfat og svinta með liberiborða | 6 | |
| 18. | Klæðistreyja fóðruð, allögð grænum borðum | 1 | 64 |
| 19. | Dito með prjónermum, lögð á baki | | 72 |
| 20. | Ljósblá kvenpeysa ótilbúin | | 48 |
| 21. | Dökkur flöjelsperlukragi | | 40 |
| 22. | Dito dito með grænum knipplingum | | 30 |
| 23. | Rauður dito með ektavírsknipplingum | | 36 |
| 24. | Rauðdropóttur silkiklútur | | 80 |
| 25. | Dökkur dito | | 40 |
| 26. | Blár léreftsklútur | | 64 |
| 27. | Blár léreftsklútur með rauðum teinum | | 64 |
| 28. | Tvö tröf | 1 | 48 |
| 29. | Hvít handlína | 1 | |
| 30. | Dökkt hálssilki | | 72 |
| 31. | Dito rósasilki | | 24 |
| 32. | Blátt dito | | 26 |
| 33. | Grænt dito | | 64 |

| Nr. | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 34. Dito rósað dito | | 24 |
| 35. Flosmállindi | | 32 |
| 36. Trafaeskjur | | 48 |
| 37. Dökk prjónpeysa ný með saumhnöppum | 1 | |
| 38. Dito hnappalaus | | 48 |
| 39. Vaðmálsbuxur | | 24 |
| 40. Ullskyrta með prjónermum | | 32 |
| 41. Nærbuxur | | 24 |
| 42. Sortaðir sokkar | | 16 |
| 43. Hvítir nærsokkar | | 12 |
| 44. Fiðursæng með röndóttu boldangsveri | 8 | |
| 45. Boldangsyfirsæng með óhreinum æðardún | 6 | |
| 46. Dito fiðursæng, væn og gallalaus | 8 | |
| 47. Einskeftuversfiðursæng gölluð | 4 | |
| 48. Röndóttur boldangsdúnkoddi | 1 | 64 |
| 49. Dito dito forn | 1 | |
| 50. Röndóttur svæfill með hreinsuðum dúni | | 80 |
| 51. Einskeftuversfiðurkoddi | | 64 |
| 52. Dito með dúni | | 64 |
| 53. Einskeftuversfiðurkoddi | | 56 |
| 54. Glitvefnaðarábreiða | 6 | |
| 55. Salúnsbrekán | 1 | 32 |
| 56. Tennt brekán | 1 | 64 |
| 57. Dito fornt | | 80 |
| 58. Vaðmálsrekkjuvoð | 2 | |
| 59. Aðrar vaðmáls | 1 | 64 |
| 60. Þriðju dito | 1 | |
| 61. Einskeftu dito | 1 | 24 |
| 62. Dúksparlök með brún | 1 | |
| 63. Kaffibrúnn niðurhlutur með eins upphlut | 3 | |
| 64. Blátt einskeftufat | 2 | |
| 65. [Annað] klæðis dito | | 56 |
| 66. Sjö silfurskeiðar | 10 | 48 |

| Nr. | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 67. Silfurpör | 3 | 6 |
| 68. Þrír víravirkis silfursvintuhnappar | 3 | |
| 69. Þrír dito dito | 1 | 24 |
| 70. Einn dito dito | | 32 |
| 71. Silfurstaup | 1 | 48 |
| 72. 16 silfurmylnur | 2 | |
| 73. 2 tunnu sár | 1 | 32 |
| 74. Annar dito | 1 | 32 |
| 75. Tunnusár | 1 | |
| 76. Annar dito | | 80 |
| 77. Átta mjólkurtrog | 2 | |
| 78. Sex kerhöld | 1 | 32 |
| 79. Fjórar fötur | | 56 |
| 80. Strokkur | | 32 |
| 81. Níu askar | 1 | |
| 82. Tinfat | 1 | 32 |
| 83. Tíu tintallerkar | 2 | 48 |
| 84. Tinkanna | | 80 |
| 85. Merkur tinkanna | | 32 |
| 86. 7 fjórðunga pottur | 3 | |
| 87. 5 fjórðunga dito | 2 | |
| 88. 2 fjórðunga dito | 1 | 48 |
| 89. 1 fjórðungs dito | | 48 |
| 90. Lítill dito | | 24 |
| 91. Kista með skrá, lömum og koparlykli | 1 | 32 |
| 92. Önnur læst, lamalaus | | 48 |
| 93. Þrjú kistuhró | | 72 |
| 94. Danskur rokkur | 1 | |
| 95. 15 borð | 3 | 48 |
| 96. 20 dito hálf | 2 | |
| 97. 14 fjalabútar | 1 | |
| 98. Þrír rúmstokkar með brík | | 48 |
| 99. Fjögur hálftré | 1 | 32 |

| Nr. | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 100. Tíu sperrukjálkar | 1 | 48 |
| 101. 27 grenispýtur | 1 | 64 |
| 102. Alfær vefstaður | | 64 |
| 103. Orf og hrífur | | 64 |
| 104. Þrennir birkikláfar | | 72 |
| 105. Tíu meisar | | 40 |
| 106. Fjórar rekur, einn páll | | 32 |
| 107. Fjórar strábandshálftunnur | | 16 |
| 108. Tveir koparlampar | | 64 |
| 109. Alfær smiðja | 4 | |
| 110. 1 líspund 1 pund ósmíðað járn | 2 | 12 |
| 111. Skarexi, fjórir heflar, sög og fjórir nafrar | 1 | |
| 112. Tvær skógaraxir | | 48 |
| 113. Torfljár | | 16 |
| 114. Járnkall vóg 12 pund | 1 | 48 |
| 115. Kvensöðull með beisli og öllu tilheyrandi | 8 | |
| 116. Þófi með skinni | | 48 |
| 117. Augnasaumssessa | | 32 |
| 118. Flossessuver | | 32 |
| 119. Ólarbeisli bilað | | 64 |
| 120. Kvenístöð með þófaól | | 16 |
| 121. Ein koparhringjugjörð | | 32 |
| 122. Sjö klyfberar með reiðingum | 1 | 48 |
| 123. Ólarreipi á þrjá hesta | 1 | |
| 124. Hárbandsreipi á tólf hesta | 2 | 48 |
| 125. Eitt kýrskinn | 1 | 48 |
| 126. Lítið brúkuð selanót | 1 | 48 |
| 127. Kýr rauðskjöldótt 7 vetra | 15 | |
| 128. Þrevetur boli | 7 | |
| 129. Tólf ær með lömbum | 24 | |
| 130. Sex sauðir tvævetrir | 12 | |
| 131. Tólf gemlingar | 16 | |
| 132. Bleikskjóttur hestur 9 vetra | 10 | |

| Nr. | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 133. Rauðblesóttur dito 14 vetra | 6 | |
| 134. Sótrauður dito 12 vetra | 6 | |
| 135. Jarpkúfóttur dito 18 vetra | 4 | |
| 136. Gráskjóttur færleikur 10 vetra | 5 | |
| Auk þessa hafa börnin áður meðtekið, nefnilega: | | |
| Guðlaugur Ólafsson 23 rd. 88 sk. | | |
| Guðmundur 9 rd. 64 sk. | | |
| Guðríður 29 rd. 36 sk. | | |
| Þorbjörg 23 rd. | | |
| Guðrún 23 rd. 18 sk. | 109 | 14 |
| Sterfbúsins heila summa | 404 | 54 |
| Skuldir á sterfbúinu að meðreiknuðum útfararkostnaði 36 rd. 48 sk. | | |
| Skipta- og skrifaralaun og virðingarmanna salarium 7 rd. 48 sk. | | |
| Summa, sem frádregst | 44 | |
| Koma þá til skipta | 360 | 6 |

Ólafur fékk helminginn eða 180 rd. 3 sk., bræðurnir 40 rd. $^{2}/_{3}$ sk. hver og systurnar 20 rd. $^{1}/_{3}$ sk. Lóðseðlar barnanna fylgja og dregið er frá það sem hafði verið afhent áður. Aðeins Árni hafði ekkert fengið. Guðlaugur og Guðrún höfðu fengið of mikið og þurftu að borga föður sínum til baka. Börnin voru öll komin til lögaldurs og óþarfi að setja þeim forsvarsmenn: „einungis ber föðurnum að hafa tilsjón með syni sínum Árna, sem, þótt hann sé af ómagaaldri, ekki er fullmyndugur að lögum“. Árið 1809 var hann 22 ára, fermdur og læs, sagður „fáfræðingur, skýr í andlegu“, en ári síðar „hægferðugur, einfaldur, en skýr í andlegu“.[2] Undir skiptin skrifar sýslumaður.

## *Guðný Þóroddsdóttir*

Guðný fæddist árið 1778. Foreldrar hennar voru Þóroddur Þórðarson (f. 1750) og Þóra Snæbjarnardóttir ( 1753–1841) á Fitjum í Skorradal. Eiginmaður hennar var Jón Sæmundsson (1770–1846) og börn þeirra Gísli (1800–1857), Þóroddur (f. 1802), Vilborg (1804–

1855) og Guðný (1805–1860). Þau bjuggu í Bakkakoti við Fitjar og þar lést Guðný, en ekki er vitað hvaða dag. Dánarbúið var skráð í 27. október 1815 og skipti fóru fram í nóvember, en dagsetning sést ekki vegna skemmdar í handriti.[3]

Anno [1815 þann 00.] nóvember var af sýslumanni í Borgarfjarðarsýslu [til regluleg]ra skipta fyrirtekið dánarbú Guðnýjar Þóroddsdóttur, egtakvinnu hreppstjórans í Skorradal, Jóns Sæmundssonar á Bakkakoti, er að skiptaréttarins tilhlutun var af tveimur tilskikkuðum dánumönnum uppskrifað og verðlagt þann 27. fyrra mánaðar, þannig sem fylgir:

| Nr. | | rd. | sk. |
|---|---|---|---|
| 1. | Rauðröndóttur silkiklútur | 2 | 48 |
| 2. | Rauðflekkóttur dito | 1 | |
| 3. | Rauður dito | 1 | |
| 4. | Blátt damaskshálssilki | 1 | |
| 5. | Rautt dito dito | 1 | |
| 6. | Dito dito dito | | 80 |
| 7. | Bláröndóttur léreftsklútur | 1 | 20 |
| 8. | Rauðdropóttur dito | | 80 |
| 9. | Dökkbláröndóttur dito | 1 | 20 |
| 10. | Tveir hvítir hálstreflar | | 48 |
| 11. | Rauðröndóttur dito | | 24 |
| 12. | Hvít handlína með silkiskúfum | 1 | 48 |
| 13. | Léreftstraf | 1 | 16 |
| 14. | Þrjú léreftströf á 1 rd. stykkið | 3 | |
| 15. | Blár kattúnsklútur | | 48 |
| 16. | Mállindi | | 48 |
| 17. | Flosaður dito | | 48 |
| 18. | Flöyelskragi með egtavírsknipplingum, klæðislöfum og liberiborðum | 1 | 48 |
| 19. | Dito með silkiborðum og löfum | 1 | 48 |
| 20. | Rauður klæðisupphlutur vel umvendaður | 1 | 48 |
| 21. | Blátt klæðisfat | 5 | |
| 22. | Rautt kersufat með varpsaum | 4 | |

| Nr. | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 23. Grænt klæðisfat | 5 | |
| 24. Klæðissvinta blá með liberiborðum | 3 | |
| 25. Rauð rasksvinta, þrílögð með flöyelsborða | 1 | 32 |
| 26. Græn klæðissvinta með saum | 1 | 48 |
| 27. Blátt einskeftuupphlutsfat | 2 | |
| 28. Fornt klæðisfat | 1 | |
| 29. Röndótt einskeftufat nýtt | 3 | |
| 30. Bláröndótt einskeftusvinta | 1 | 16 |
| 31. Röndótt dito dito | | 56 |
| 32. Blá kvenpeysa ný | 1 | |
| 33. Vaðmálshempa með nýju flosverki | 5 | |
| 34. Dito dito forn | 1 | |
| 35. Fornt hempuflosverk | 1 | |
| 36. Prjónnærfat | 1 | |
| 37. Tvennir sokkar | | 32 |
| 38. Tvær skyrtur | 1 | 48 |
| 39. Hattur | 3 | |
| 40. Vaðmálsmussa með messingshnöppum | 2 | |
| 41. Prjónbuxur með tólf messingshnöppum | 1 | 48 |
| 42. Blár prjónbolur með tólf silfurhnöppum | 1 | 64 |
| 43. Blá peysa | 2 | |
| 44. Nýjar langbuxur | 1 | |
| 45. Nærbuxur | | 32 |
| 46. Einskeftuskyrta | 1 | |
| 47. Bláir sokkar | | 48 |
| 48. Svartir dito | | 16 |
| 49. Bláar handstúkur | | 16 |
| 50. Hvítir vettlingar | | 16 |
| 51. Síðhempa | | 64 |
| 52. 5 álnir skyrtudúkur | 1 | 64 |
| 53. 8 álnir hvít fataeinskefta | 2 | 48 |
| 54. Blá húfa | | 32 |
| 55. Bætt sæng með gömlu fiðri | 2 | |

| Nr. | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 56. Rekkjuvoðir | 1 | 48 |
| 57. Tennt brekán | 1 | 48 |
| 58. Fiðurkoddi | | 32 |
| 59. Rekkjuvoðir | 1 | 48 |
| 60. Koddi | | 32 |
| 61. Salúnsbrekán | 1 | 48 |
| 62. Einskefturekkjuvoð | 1 | |
| 63. Pellsaumsábreiða | | 48 |
| 64. Rekkjuvoðir og brekánsgarmur | | 48 |
| 65. Átta rúmskinn órotin | 1 | |
| 66. Brekán | 1 | |
| 67. Fiðurkoddi | | 24 |
| 68. Poki og malpoki | | 32 |
| 69. Karlmannsreiðtygi með öllu tilheyrandi | 5 | |
| 70. Þófaáreiði með beisli og sessugarmi | 1 | |
| 71. Klyfberar og reiðingar á þrjá hesta | 1 | |
| 72. Kista væn, skrálæst | 2 | |
| 73. Önnur dito með skrá og lömum | 1 | 64 |
| 74. Þriðja dito minni | 1 | 32 |
| 75. Kistuskrifli járnalaust | 1 | |
| 76. Annað dito lakara | | 48 |
| 77. Þriðja dito viðlíka | | 48 |
| 78. Tvær kistur fúnar og járnalausar | | 48 |
| 79. Kistill læstur | | 64 |
| 80. Skápur dito | 1 | |
| 81. Tvær tágarkörfur | 1 | |
| 82. Fjögur pör bandprjóna | | 64 |
| 83. 20 pallfjalir, faðms langar hvör | 5 | |
| 84. Fjórir rúmstokkar með tveimum bríkum | 1 | |
| 85. Standþil fyrir pallhúsi með dyrastöfum og tveimur hillum | 1 | 32 |
| 86. Greniviðarstaurar, fúnir og hálffúnir | 2 | |
| 87. Baðstofuhurð með dyrastöfum og búrhurð skrálæst | 3 | |
| 88. Tunnusár með loki matheldur | 2 | |

| Nr. | | rd. | sk. |
|---|---|---|---|
| 89. | Annar dito loklaus og gjarðfár | 1 | 32 |
| 90. | Einbytnuð tunna | 1 | |
| 91. | Önnur dito | | 64 |
| 92. | Tvö kerhöld og tveir dallar | 1 | 48 |
| 93. | Tvær vatnsfötur og þrjár mjólkurfötur | 1 | |
| 94. | Fjögur trog ný | 2 | |
| 95. | Fjögur dito gömul | 1 | 48 |
| 96. | Strokkur | 1 | 64 |
| 97. | Sex askar | 1 | 32 |
| 98. | Þrjár tréskálar | | 48 |
| 99. | Merkur tinkanna | | 64 |
| 100. | Tinfat, diskur og loklaus kanna, vegur 7½ pund | 2 | |
| 101. | Tinkálskál | 1 | |
| 102. | Sex pottflöskur | | 48 |
| 103. | Átta nauthyrningsspænir | 1 | 32 |
| 104. | Málaðar öskjur | | 64 |
| 105. | Teketill | 1 | |
| 106. | Stór spegill | 3 | |
| 107. | Fjögur pör tebolla | | 64 |
| 108. | Máluð leirkrús | | 32 |
| 109. | Hvítur leirdiskur | | 16 |
| 110. | Koparlampi | 1 | 48 |
| 111. | 3 fjórðunga pottur bættur | 1 | 32 |
| 112. | 1½ fjórðungs dito | 1 | 32 |
| 113. | 1 fjórðungs dito girtur | | 64 |
| 114. | 7 marka dito dito | | 32 |
| 115. | Pæll | | 64 |
| 116. | Moldarpæll | | 32 |
| 117. | Fjórar rekur | 1 | |
| 118. | Tvö orf | | 16 |
| 119. | Fimm hrífur | | 64 |
| 120. | Tvær klárur | | 16 |
| 121. | Fimm meisar | | 48 |

| Nr. | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 122. Ný reipi á sex hesta og slitur á fjóra | 3 | |
| 123. Steðji og dengsluhamar | 2 | |
| 124. Belgvirki, aflhólkur og töng | 1 | |
| 125. Tvær þjalir, klípitöng og lóð | 1 | |
| 126. Tvær litlar skógaraxir og sniðill | 1 | |
| 127. Skarexi, klaufhamar, kúfótur og tveir nafrar | | 64 |
| 128. Strengsög og stingsög | | 32 |
| 129. Sax og tálguhnífur | | 16 |
| 130. Fjórar ljáspíkur | | 64 |
| 131. Tveir birkibroddstafir | | 32 |
| 132. Öskjur | | 8 |
| 133. Koparhringjur og 1 pund brotakopars | 1 | |
| 134. Vídalínspostilla | 2 | |
| 135. Grallari og tvær sálmabækur | 1 | 64 |
| 136. Werners Himinsvegur | 1 | |
| 137. Sturmshugvekjur báðir partar og Anonymus | 1 | |
| 138. Bastholms Höfuðlærdómur báðir partar | 1 | |
| 139. Vídalíns Sjöorðabók | | 24 |
| 140. Vísnabók, Samúelssálmar, Lassenii bænir | | 32 |
| 141. Misseraoffur og Vikubænir | | 40 |
| 142. Balles Biblíulestrar og Bastholms Communionbók | | 64 |
| 143. Kvöldvökur báðir partar og Vinagleði | | 48 |
| 144. Nýja testamenti og sálmabók á dönsku | | 24 |
| 145. Handbók fyrir hvörn mann, Tyro juris og Fingrarím | 1 | 16 |
| 146. 15 lögþingisbækur, Diarium, Þankar, Fæðingarhugvekjur, Stegmansbænir | 1 | 24 |
| 147. Togkambar | | 16 |
| 148. Gyllt silfurpör | 6 | |
| 149. Ógyllt silfurpör | 3 | 16 |
| 150. Þrír filagrans svintuhnappar | 4 | |
| 151. Þrír silfursvintuhnappar ósamkynja | 1 | 48 |
| 152. 20 silfurmillur með silfurnál | 2 | |
| 153. 24 silfurpeysuhnappar | 3 | 48 |

| Nr. | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 154. Silfurskeið | 2 | |
| 155. Kýr 9 vetra síðbær | 20 | |
| 156. Dito 6 vetra | 20 | |
| 157. Kvíga veturgömul tímalaus | 10 | |
| 158. 16 ær með lömbum | 48 | |
| 159. Einn sauður þrevetur og einn tvævetur | 6 | |
| 160. Þrjár ær lamblausar | 6 | |
| 161. 13 gemlingar | 26 | |
| 162. Hestur 7 vetra | 10 | |
| 163. Hross 14 vetra | 8 | |
| 164. Hestur 13 vetra | 10 | |
| 165. Hross þrevett | 7 | |
| 166. Hross yfir tvítugt | 5 | |
| Summa | 379 | 20 |

Skuldir á [000000000000]ra útgjöra tilsamans 86 rd. 72 sk. nefnilega:

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Útfararkostnaður | 20 | |
| Til Þórðar á Súlunesi fyrir lánaða 30 bankseðla 1812 | 15 | |
| Snæbjarnar á Fitjum dito dito 14 bankseðla 1812 | 10 | |
| Sýslumanns Schevings | 3 | |
| Björns Þorleifssonar | 2 | |
| Ólafs á Ferstiklu | 1 | 24 |
| Bjarna Hermannssonar | 2 | 48 |
| Kaupmanns Knudsens | 19 | |
| Kaupmanns Simonsens | 9 | |
| Stúdents Jonsens | 2 | |
| Torfa í Árnanaustum | 3 | |
| | 86 | 72 |

Skiptakostnaður nam 5 rd. 44 sk. og eftir stóðu 287 rd. Jón Sæmundsson fékk helminginn eða 143 rd. 48 sk. Gísli 15 ára og Þóroddur 13 ára fengu 57 rd. 39 sk. en Vilborg 11 ára 28 rd. 67

sk. Ekki þótti ástæða til að úthluta arfinum „þar börnin verða kyrr hjá föður sínum“. Guðný er ekki nefnd. Jón tók að sér að greiða allar skuldir og skrifar undir ásamt Jónasi Scheving sýslumanni, en jafnframt Torfi Árnason með öðrum virðingarmanni og skiptavotti, sem var Jónsson en fornafnið sést ekki vegna skemmda, hugsanlega Sigurður.

## TILVÍSANIR

1 *Borgfirzkar æviskrár* VIII, bls. 324; *Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt*, bls. 435; ÞÍ. Kirknasafn. Saurbær á Hvalfjarðarströnd BC 1. Sóknarmannatal 1786–1798, bls. 50, 138, 148, 184; BC 2. Sóknarmannatal 1805–1821, bls. 72–73, 86–87, 114–115; Sýsluskjalasafn. Borg.Mýr. ED1/4, 2. Skiptabók Borgarfjarðarsýslu 1801–1821, bl. 127r–129v.

2 ÞÍ. Kirknasafn. Saurbær á Hvalfjarðarströnd BC 2. Sóknarmannatal 1805–1821, bls. 72–73, 86–87.

3 *Borgfirzkar æviskrár* XIII, bls. 337; ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Borg.Mýr. ED1/4, 2. Skiptabók Borgarfjarðarsýslu 1801–1821, bl. 151v–153v.



Druknaðir í Sæbóls Sókn þann 6ta Maji. 1812.

1) Jón Jónsson Vinnumaður á Sæbóli 32ur ára
2) Thomas Eiríksson Vinnumaður á Sæbóli 29 ára
3) Nikulás Einarsson Vinnupiltur sama staðar 22 ára.
4) Jón Sigmundsson Giftur og bóndi á Álfadal 56 ára.
5) Jón Jónsson hans sonur frá sama heimili 24 ára
6) Jón Jónsson giftur maður á Hrauni 37 ára
7) Jón Jónsson Vinnumaður frá Hrauni 28 ára
8) Nicolas Jónsson og so frá Hrauni 21 ára
9) Guðmundur Sigurðsson giftur bóndi á Hálsi 47 ára
10) Nils Guðmundarson hans sonur frá sama Bæ 17 ára
11) Guðmundur Hákonarson Giftur bóndi á Brekku 44 ára
12) Jón Jónsson hans Vinnumaður 21 ára
13) Ólafur Ólafsson og so hans Vinnumaður; 26 ára
14) Jón Jónsson giftur og bóndi á Gillingadal 42 ára
15) Þorgrímur Sigmundsson giftur og bóndi á Álfadal 30 ára

*Skrá séra Jóns Sigurðssonar í Mýraþingum yfir menn sem drukknuðu í Sæbólssókn 6. maí 1812. Dánarbú þeirra flestra voru skráð og fylgja hér. Þí. Kirknasafn. Dýrafjarðarþing BA 1. Prestsþjónustubók 1785–1816, bls. 206.*

# Ísafjarðarsýsla

*1812*

## *Jón Sigmundsson og Jón Jónsson*

Jón Sigmundsson fæddist árið 1756. Foreldrar hans voru Sigmundur Ólafsson (1717–1788) og Sigríður Pétursdóttir (1716–1787) á Sæbóli á Ingjaldssandi. Eiginkona hans var Þórdís Jónsdóttir (1754–1825) og börn þeirra Kristín (f. 1781), Guðrún (1782–1862), Jón (1787–1812), Gissur (1788–1840), Þorbjörg (1790–1803), Ólafur (1792–1855) og Ebeneser (1794–1881). Framhjá konu sinni átti Jón soninn Jón (1787–1801) með Málmfríði Ingimundardóttur (1765–1804) vinnukonu þeirra. Fjölskyldan bjó í Álfadal árið 1801. Jón drukknaði 6. maí 1812 ásamt Jóni syni sínum og fjölda annarra manna. Þeirra á meðal var yngri bróðir Jóns og alnafni (f. 1757) sem bjó í Rana, hjáleigu frá Núpi í Dýrafirði, og áttu þeir saman ólarvað og grásleppunet, svo sem hér kemur fram. Sýslumaður kom í Álfadal 29. maí og lét skrá eignir þeirra feðga, en skipti þeim 6. og 8. september.[1]

Anno 1812 þann 29. maí var til staðar konstitueraður sýslumaður yfir Ísafjarðarsýslu Ebeneser Thorstensen með tveimur virðingarmönnum, nefnilega Sveini Jónssyni á Brekku og Tómasi Eiríkssyni á Álfadal, til að uppskrifa og virða láta sterfbú eftir Jón heitinn Sigmundsson sem á 57. ári aldurs síns burtkallaðist þann 6. maí þessa árs. Var so framlagt til uppskriftar sem fylgir:

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 1. Bækur | | |
| 1. Vídalínspostilla trosnuð úr bandi | 1 | 48 |
| 2. Grallari rotinn defect | | 16 |

| | | rd. | sk. |
|---|---|---|---|
| 3. | Nýja messusöngsbókin | | 76 |
| 4. | Gerhardi hugvekjur gamlar og rotnar í bandi | | 32 |
| 5. | Chatechismus rotinn | | 16 |
| 6. | Eintalið uppúr bandi | | 14 |
| 7. | Upprisuhugvekjur úr bandi | | 24 |
| 8. | Vídalínspredikanir | | 24 |
| 9. | Hugvekjusálmar | | 12 |
| 10. | Passíusálmar | | 16 |
| 11. | Þórðarkver rotið og rotin skrudda | | 15 |
| | **2. Fatnaður** | | |
| 12. | Blá peysa tvíhneppt forn með messingshnöppum | 1 | 64 |
| 13. | Önnur dito dito með tinhnöppum | 1 | 32 |
| 14. | Sortaðar vaðmálsbuxur fornar | | 24 |
| 15. | Sauðsvartar dito dito | | 24 |
| 16. | Grá peysa forn | | 24 |
| 17. | Tvennir sokkar svartir, aðrir 12 sk., hinir 4 sk. | | 16 |
| 18. | Tvennir dito dito nýlegir | | 40 |
| 19. | Einir dito hvítir dito | | 20 |
| 20. | Léreftsskyrta forn | | 32 |
| 21. | Prjón dito | | 16 |
| 22. | Nærbuxur fornar | | 16 |
| 23. | Vettlingar 4 sk., húfa 3 sk., sokkabönd 6 sk. | | 13 |
| 24. | Hálsband af flosi | | 12 |
| 25. | Blár klútur forn | | 24 |
| | **3. Sængurföt** | | |
| 26. | Fiðurkoddi með einskeftuveri | | 32 |
| 27. | Brekán breitt | | 64 |
| 28. | Dito lakara | | 48 |
| 29. | Einskefturekkjuvoðir fornar nokkuð | 1 | |
| 30. | Segleinskefta 14½ alin á lengd en 1¾ á breidd | 4 | 80 |
| | **4. Búrs- og eldsgögn** | | |
| 31. | 2 tunnu sár matheldur | 2 | |
| 32. | Annar dito dito betri tekur tunnu | 1 | 24 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 33. Þriðji dito dito góður dito | 1 | |
| 34. Tvær tjörutunnur, önnur á 48 sk., hin 40 sk. | | 88 |
| 35. Drykkjartunna forn og bandalítil | 1 | |
| 36. Strokkur forn | | 48 |
| 37. Dallur tekur 40 merkur | | 60 |
| 38. Dito dito 24 dito | | 32 |
| 39. Dito dito 24 dito | | 32 |
| 40. Dito gjarðafár 16 sk., dito minnstur 10 sk. | | 26 |
| 41. Drykkjarkanna tekur 12 merkur | | 8 |
| 42. Tíu trog öll góð | 2 | 48 |
| 43. Þrjár fötur og einn dallur | 1 | |
| 44. Þrjár ausur misstórar á 24 sk., 16 sk., 12 sk. | | 52 |
| 45. Þrír diskar gamlir | | 14 |
| 46. Gafflar fjórir, stærstu á 16 sk., hinir 5 sk. hvör | | 41 |
| 47. Enn askur nýr 20 sk., tréskál spengd 12 sk. | | 32 |
| 48. Vatnsspanna | | 6 |
| 49. 4 fjórðunga pottur bættur | 2 | |
| 50. Annar 3 fjórðunga vænn | 3 | |
| 52. Þriðji 35 marka gamall | 1 | |

### 5. Hirslur

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 53. Kista máluð gömul með skrá og lykli etc. | 2 | 48 |
| 54. Kista gömul óskrálæst | | 48 |
| 55. Dito stór ólæst lasin | | 64 |
| 56. Fjórða minni | | 64 |
| 57. Fimmta minnst | | 48 |
| 58. Sjötta skrálæst með lömum | 1 | 48 |
| 59. Kistill stór ólæstur | | 20 |

### 6. Smíðatól

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 60. Öxi gömul | | 24 |
| 61. Þjöl 16 sk., borjárn 4 sk., raspur 24 sk. | | 44 |
| 62. Nafar 6 sk., hamarshöfuð ónýtt 16 sk. | | 22 |

### 7. Reiðskapur

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 63. Tveir klyfberar | | 56 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 64. Tvær gjarðir með koparhringum | | 48 |
| 65. Beisli með koparstöngum | | 32 |
| 66. Tvö reipi og tagl | | 40 |

8. Aðskiljanlegt

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 67. 40 faðmar ólarvaðs, helmingur heyrir til Ranasterfbúinu, helmingurinn | 1 | |
| 68. Hálft húðarskinn | 1 | |
| 69. Grásleppunet hálft, hálft heyrir til á Rana | | 48 |
| 70. Eitt færi sextugt | 4 | |
| 71. Dito nokkuð brúkað í kaupstað | 3 | |
| 72. Lóð nýleg | 5 | |
| 73. Önglar með tunnum í lóðastokki | | 32 |
| 74. Línupatti hér um 6 faðmar | | 16 |
| 75. Þarfasnæri 17 til 20 faðma | | 12 |
| 76. Dito minna | | 8 |
| 77. Tvö lambskinn og eitt sauðskinn | | 30 |
| 78. Fjórir ljáir slegnir | 1 | |
| 79. Járn 1½ mörk | | 14 |
| 80. Skinnbrók gömul | | 24 |
| 81. Vefstaður | | 48 |
| 82. Þrjú orf 36 sk., dito hrífur 30 sk. | | 66 |
| 83. Þrjár rekur lasnar 12 sk., páll 32 sk. | | 44 |
| 84. Tveir lampar lasnir | | 64 |
| 85. Broddstafur | | 24 |
| 86. Þrír meisar, einn stór, sá stóri á 48 sk., hinir 48 sk. | 1 | |
| 87. Börur 20 sk., kláfar í standi 1 rd. | 1 | 20 |
| 88. Sleðagarmur og tveir rokkar | 1 | 12 |

9. Hús og viður

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 89. Búr í þremur stafgólfum etc. | 6 | |
| 90. Eldhús með hurð og dyrastöfum | 1 | 24 |
| 91. Eitt stafgólf í baðstofu með palli, lofti og tveimur rúmum | 7 | |
| 92. Dyraloft | | 24 |
| 93. Fjalir í búri | 2 | 32 |

| | | rd. | sk. |
|---|---|---|---|
| 94. | Fjalviður í skemmunni | 1 | 64 |
| 95. | Spelahjallur | 3 | |
| 96. | Lambhús með tilheyrandi | 1 | 48 |
| 97. | Sauðhús með tilheyrandi | 2 | |
| 98. | Hesthús | | 48 |
| 99. | Laus viður yfir allt | 7 | |
| 100. | Lausarúm eða beddi | | 48 |
| 101. | Stigi gamall | | 32 |
| | 10. Lifandi peningur | | |
| 102. | Svarthjálmótt kýr hornótt 13 vetra grasbær | 20 | |
| 103. | Rauður hálfvanaður hestur 6 vetra | 8 | |
| 104. | Rauður kapall 17 vetra | 4 | |
| 105. | Sex ær | 12 | |
| 106. | Fjórir sauðir þrevetrir | 12 | |
| 107. | Fimm dito tvævetrir | 10 | |
| 108. | Gemlingur | 1 | |
| 109. | Hálft naust | 2 | |
| | Summa | 170 | 94 |

Engvar skuldir segist ekkjan vita að búið hafi útistandandi. En skuldir segist ekkjan vita að hvíli á búinu sem fylgir:

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 1. Til Flateyrarhöndlunar | 30 | 73 |
| 2. Til kirkjunnar | | 62 |
| 3. Til Skagasystkinanna | | 64 |

Erfingjar sterfbúsins eru:

1. Ekkjan Þórdís Jónsdóttir og hennar börn:
2. Ekkjan Guðrún Jónsdóttir á Álfadal
3. Gissur Jónsson á 24. ári
4. Ólafur Jónsson á 20. ári
5. Ebeneser Jónsson á 18. ári
6. Kristín Jónsdóttir gift.

Jón Þórðarson á Alviðru er piltanna verge.

| | |
|---|---|
| Ut supra | Ebeneser Thorstensen |
| Tómas Eiríksson | Sveinn Guðmundsson |

Sama stað, ár og dag var af viðkomandi sýslumanni með sömu virðingarmönnum virtar og skipt sterfbúsálnir eftir Jón Jónsson, sem burtkallaðist þann 6. maí þessa árs á sínu 26. ári. Fram var þá lagt sem fylgir:

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 1. Föt | | |
| 1. Tvíhneppt peysa blá með messingshnöppum | 2 | 48 |
| 2. Dito dito með tinhnöppum | 2 | 48 |
| 3. Þriðja dito forn | 1 | 32 |
| 4. Sortaðar prjónbuxur nýjar að mestu | | 64 |
| 5. Sortaðar dito ótilsettar | | 64 |
| 6. Seglbuxur gamlar | | 48 |
| 7. Þrennir sokkar nýir | 1 | |
| 8. Stúkur, vettlingar og bönd | | 48 |
| 9. Klútur með rauðum teinum | | 80 |
| 10. Svartar nærbuxur | | 48 |
| 11. Skyrta af prjóni borin | | 32 |
| 12. Hattur borinn nokkuð | 1 | 32 |
| 13. Vættarkista gömul | 1 | |
| 14. Kofi á hlaðinu hálfur með spýtum | 1 | |
| 15. Enn nú kista ólæst (vættar) | | 64 |
| 2. Lifandi peningur | | |
| 16. Þrjár ær | 6 | |
| 17. Hálfur sauður tvævetur | 1 | |
| 18. Sauðarskinn | | 24 |
| 19. Fimm pör sokka púlbands | | 50 |
| 20. Skrína | | 64 |
| Summa | 22 | 74 |

Ekkjan og áðurtaldir eru erfingjar.

| | |
|---|---|
| Ut supra | Ebeneser Thorstensen |
| Tómas Eiríksson | Sveinn Guðmundsson |

Kostnaður við uppskrift á búi Jóns Sigmundssonar nam 48 sk. og skiptin kostuðu 7 rd. 60 sk. Henkel kaupmaður gaf eftir 8 rd. af verslunarskuldinni og til skipta komu 138 rd. 95 sk. Þórdís fékk helminginn eða 69 rd. 47½ sk., en synirnir 13 rd. 86 sk. hver og dæturnar 6 rd. 91 sk. Úthlutun í skuldir fylgir og lóðseðlar. Sýslumaður tók fram í lokin að erfingjunum væri „ekki meinað að skipta hlutunum sér haganlegast, þegar hvör fær sína fulla lóð“. Skuldir voru engar á búi Jóns Jónssonar og kostnaður við uppskrift og skipti nam 3 rd. 8 sk., svo að eftir voru 19 rd. 66 sk. Þórdís og bræður Jóns fengu bróðurlóð eða 3 rd. 90 sk. en systurnar 1 rd. 98 sk. Lóðseðlar fylgja. Ekki er getið kostnaðar við útför þeirra feðga.

### *Þorgrímur Lífgjarnsson*

Þorgrímur fæddist árið 1786. Foreldrar hans voru Lífgjarn Jónsson (1749–1805) og Helga Þorgrímsdóttir (1745–1825) á Söndum í Dýrafirði. Þar var hann árið 1801 og nokkrum árum síðar giftist hann Guðrúnu (1782–1862) dóttur Jóns Sigmundssonar í Álfadal (sjá hér á bls. 339). Börn þeirra voru Þórdís (1807–1868), Jón (1810–1836) og Björg (1812–1820). Þorgrímur drukknaði 6. maí 1812 og var dánarbú hans skráð 29. maí, en skipti fóru fram 9. september.[2] Nr. 15 vantar og nr. 17–18 eru í karlkyni í framhaldi af peysu í nr. 14 og mun skrifari hafa haft orðmyndina „peys“ í huga sem einnig kemur fyrir hjá Guðmundi Sigurðssyni (sjá hér á bls. 350). Verðmat vantar á nr. 60 og sennilega eru það sömu dufl og nr. 63.

Sama stað, ár og dag var af viðkomandi sýslumanni og með sömu virðingarmönnum uppskrifað og virt sterfbú eftir Þorgrím í Álfadal, sem burtkallaðist þann 6. maí þessa árs á sínu 27. aldursári. Fram var so lagt sem fylgir:

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 1. Bækur | | |
| 1. Gíslapostilla | 1 | |
| 2. Dito skrifuð | 1 | |
| 3. Nýja sálmabókin skemmd | | 48 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 4. Grallari | | 32 |
| 5. Sturmshugvekjur | | 48 |
| 6. Nýja testament | 1 | |
| 7. Sumargjöf | | 27 |
| 8. Föstupredikanir | | 24 |
| 9. Sturms síðari partur | | 48 |
| 10. Islands Litteraturselskabs 12. bindi | | 16 |
| 12. Passíusálmar skrifaðir 12 sk. og skrudda 6 sk. | | 18 |
| 13. Fæðingarsálmar | | 12 |
| 2. Fatnaður | | |
| 14. Blá peysa tvíhneppt með messingshnöppum | 3 | |
| 16. Dito eldri | 1 | 64 |
| 17. Gráblár forn | | 48 |
| 18. Blár forn | 1 | 32 |
| 19. Sortaðar prjónbuxur | | 48 |
| 20. Skyrta af prjóni | | 32 |
| 21. Tvennar nærbuxur bornar | 1 | |
| 22. Vesti rautt | | 64 |
| 23. Hvítir sokkar 28 sk., dito 16 sk., stúkur 8 sk., vettlingar 5 sk. | | 57 |
| 24. Hattur gamall | 1 | |
| Rúmföt eru engin utan ekkjunnar rúm. | | |
| 3. Búrs- og eldsgögn | | |
| 25. Tunna vel í standi með járngjörð | 1 | 48 |
| 26. Eitt kerhald stórt | 1 | 24 |
| 27. Dito lakara | 1 | |
| 28. Tvær vatnsfötur með járngjörðum | 1 | |
| 29. Fimm dallar allir | 1 | 40 |
| 30. Þrjár fötur | | 48 |
| 31. Sjö trog | 1 | 72 |
| 32. Fimm askar á 16 sk. | | 80 |
| 33. Lítill askur 8 sk., drykkjarkanna 24 sk., tvær ausur 24 sk. | | 56 |
| 34. Tvennar eskjur 24 sk., tvö kvartil tvíbytnur 40 sk. | | 64 |
| 35. Sákerald | | 32 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 36. 7 fjórðunga pottur | 7 | |
| 37. 3 dito | 3 | |
| 38. 1 dito | 1 | |
| 39. 10 marka pottur | | 48 |
| 4. Smíðatól | | |
| 40. Steðji | 4 | |
| 41. Belgur í standi | | 48 |
| 42. Sleggja | 1 | |
| 43. Hamar | | 32 |
| 44. Klaufhamar | | 24 |
| 45. Tveir heflar 32 sk., borjárn og nafar 12 sk. | | 44 |
| 46. Grindarsög 16 sk., langviðarsög 1 rd. | 1 | 16 |
| 47. Hverfisteinsauga | | 16 |
| 5. Hirslur | | |
| 48. Kista í standi | 2 | |
| 49. Dito ólæst stór | 1 | 48 |
| 50. Skrína | 1 | 12 |
| 51. Pallkistill vænn | 1 | |
| 52. Dito dito | | 48 |
| 6. Reiðskapur | | |
| 53. Hnakkur með gjörðum, ístöðum og dýnu | 3 | 24 |
| 54. Reipi eitt par | | 32 |
| 7. Aðskiljanlegt | | |
| 55. Torfljár | 1 | |
| 56. Ein spík | | 16 |
| 57. Snæri | 1 | 48 |
| 58. Hálft húðarskinn | 1 | |
| 59. Hálft net | | 24 |
| 60. Tvö dufl | | |
| 61. Ný lóð | 4 | |
| 62. Önglastokkur með önglum | | 24 |
| 63. Tvö dufl | | 64 |
| 64. Tunnuskrifli | | 32 |

| | | rd. | sk. |
|---|---|---|---|
| 65. Tveir meisar | | | 40 |
| 66. Tveir rokkar | | 1 | 64 |
| 67. Páll | | | 24 |
| 68. Tvö orf og þrjár hrífur | | | 72 |
| 69. Tveir lampar og beislisbúningur | | 1 | 64 |

8. Hús og viður

| | | |
|---|---|---|
| 70. Hjallur | 6 | |
| 71. Partur af húsi með jötufjöl | 1 | |
| 72. Dyraloft | 1 | 48 |
| 73. Pallur í baðstofu með rúmstæði | 2 | 48 |
| 74. Loftstigi | | 32 |
| 75. Viður í hjalli | 2 | 48 |
| 76. Laus viður | 4 | 32 |
| 77. Bátur með segli, nýju tré, reiða, stýri, tveimur árum, austurtrogi, ífæru | 20 | |

9. Lifandi peningur

| | | |
|---|---|---|
| 78. Hjálmótt kýr 16 vetra tímabær | 16 | |
| 79. Hestur skjóttur 7 vetra | 8 | |
| 80. Þrjár ær | 6 | |
| 81. Fjórir sauðir, tveir tvævetrir 4 rd., hinir þrevetrir 6 rd. | 10 | |
| Summa | 147 | 74 |

Útistandandi skuldir eru:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Hjá Gísla í Tröð | 1 | |
| 2. Hjá Gils á Sæbóli | | 24 |
| 3. Hjá Jóni Þorvaldssyni | | 64 |
| Summa summarum | 149 | 66 |

Skuldir hefta á sterfbúinu:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Til Flateyrarhöndlunar | 1 | 48 |
| 2. Til Þingeyrar dito | 51 | 85 |
| 3. Til Tómasar á Álfadal | 1 | 32 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 4. Til Jóns Þorvaldssonar | | 44 |
| 5. Til kirkjunnar | | 62 |

Til fleiri skulda man ekki ekkjan.

Erfingjar eru:
1. Ekkjan Guðrún Jónsdóttir og hennar börn:
2. Þórdís Þorgrímsdóttir á þriðja ári
3. Björg dito 6 vikna
4. Jón dito á öðru ári

Jón Þórðarson í Alviðru er barnanna næsti móðurfrændi en föðurfrændur eru allir á Norðurlandi.

Ut supra　　　　Ebeneser Thorstensen
Tómas Eiríksson　　　　Sveinn Guðmundsson

Henkel kaupmaður gaf eftir 12 rd. af skuldinni og kostnaður við uppskrift og skipti nam 5 rd. 2 sk., þannig að til skipta komu 100 rd. 34 sk. Guðrún fékk 50 rd. 17 sk. og Jón 25 rd. 8 sk. en Björg og Þórdís 12 rd. 52 sk. hvor. Sýslumaður bætir því við að Guðrún hafi hvorki viljað bróðurlóð né morgungjöf: „kannske þess vegna að hennar sparnaðarföt voru ekki heldur uppskrifuð“. Úthlutun í skuldir fylgir en ekki lóðseðlar: „Að tiltaka vissa hluti fyrir hvört barn fyrir sig sýnist hér ekki þörf, þar þeir líka eru að mestu leyti skran, sem skemmdum er undirkastað, fyrst móðir barnanna heldur við bú. Nóg sýnist því að tiltaka hvað hvörju ber að upphæð, so þau seinna meir fái hvað þeim ber, ef kringumstæður tilláta það þá“.

## *Guðmundur Sigurðsson*

Guðmundur fæddist árið 1765. Foreldrar hans voru Sigurður Guðmundsson (1733–1789) og Guðrún Jónsdóttir (1733–1804) á Hóli í Önundarfirði. Fyrri kona hans var Guðrún Gilsdóttir (1773–1802) og bjuggu þau árið 1801 á Sæbóli. Börn þeirra voru Sigurður (1794–1794), Gils (1795–1812), Sigríður (1797–1797) og Jóhannes (f. 1802). Þann 31. október 1803 gekk Guðmundur að eiga Önnu

Bernharðsdóttur (1777–1839) og eignuðust þau andvana stúlku árið 1806, en síðan Guðrúnu (1807–1807), aðra Guðrúnu (1808–1809) og Elínu (f. 1809). Guðmundur drukknaði 6. maí 1812 og dánarbú hans var skráð 30. maí. Gils sonur hans drukknaði líka en hefur talist vera of ungur til að eignir hans væru færðar til bókar. Ekki taldist heldur ástæða til að gera formleg skipti á búinu, því ónafngreindur stjúpsonur ekkjunnar, vafalaust Jóhannes, hafði fengið sitt og Elín var bara þriggja ára gömul.[3]

Anno 1812 þann 30. maí var til staðar á Hálsi á Ingjaldssandi konstitueraður sýslumaður yfir Ísafjarðarsýslu Ebeneser Thorstensen, ásamt tveimur tilteknum virðingarmönnum, nefnilega Sveini Guðmundssyni á Brekku og Tómasi Eiríkssyni á Álfadal, til að uppskrifa og verðleggja eftirlátna fjármuni bóndans sáluga Guðmundar Sigurðssonar á Hálsi, sem á 44. aldursári sínu burtkallaðist næstliðinn 6. þessa árs og voru þeir til uppskriftar og verðlags framlagðir sem fylgir:

| | **rd.** | **sk.** |
|---|---|---|
| 1. Í bókum | | |
| 1. Graduale 18. edition af 1773 | | 32 |
| 2. Fræðabók | | 10 |
| 3. Harmonia Evangelica | | 16 |
| 4. Gerhardi hugvekjur, vantar titilblað | | 24 |
| 5. Fæðingarhugvekjur | | 16 |
| 6. Sjöorðapredikanir Vídalíns | | 27 |
| 7. Hugvekju- og Passíusálmar | | 24 |
| 8. Fæðingarsálmar | | 6 |
| 9. Skrifuð bæna- og sálmaskrudda | | 2 |
| 10. Domini Balles Biblíulestrar | | 27 |
| 2. Fatnaður | | |
| 11. Tvíhneppt blá peysa með prinsmetalshnöppum | 1 | 48 |
| 12. Sortaðar buxur af vaðmáli nýlegar | | 48 |
| 13. Grár peys bættur, vettlingar og handstúkur | | 20 |
| 14. Sauðsvartar prjónbuxur lasnar | | 8 |

| | | rd. | sk. |
|---|---|---|---|
| 15. Tvennir sokkar | | | 24 |
| 16. Einn klútur | | | 48 |
| | 3. Rúmfatnaður | | |
| 17. Brekán lasið | | | 24 |
| 18. Tvær rekkjuvoðir | | | 16 |
| | 4. Bús- og eldsgögn | | |
| 19. Sár tekur 1½ tunnu | | 1 | |
| 20. Annar ditto tekur tunnu matheldur | | | 64 |
| 21. Ditto ditto ditto | | | 64 |
| 22. Tvo mjólkurtrog stykkið 12 sk. | | | 24 |
| 23. Þrjú ditto stykkið 8 sk. | | | 24 |
| 24. Þrjú ditto lakari stykkið 4 sk. | | | 12 |
| 25. Þrír dallar allir laggbrotnir stykkið 5 sk. | | | 15 |
| 26. Mjólkurfötur tvær, báðar á | | | 24 |
| 27. Vatnsfata | | | 12 |
| 28. Tvennar öskjur misstórar | | | 6 |
| 29. Tveir diskar | | | 6 |
| 30. Sex askar stykkið 4 sk. | | | 24 |
| 31. Einn pottur tekur 3½ fjórðung, vel í standi | | 3 | |
| 32. Ditto tekur 2 fjórðunga | | 2 | |
| 33. Ditto tekur 36 merkur sprunginn | | | 32 |
| 34. Fjórði ditto tekur fjórðung gallaður | | | 24 |
| 35. Útigleymdust tvö kerhöld, annað tekur 3 fjórðunga en hitt 2 fjórðunga, matheld | | | 24 |
| | 5. Hirslur | | |
| 36. Kista skrálæst með lömum | | 1 | 48 |
| 37. Ditto ditto með brotinni löm | | 1 | |
| 38. Ditto með lítt nýtri skrá | | | 48 |
| 39. Ditto garmur | | | 24 |
| | 6. Smíðunartól | | |
| 40. Handhefill 3 sk., annar minni 1 sk. | | | 4 |
| 41. Laðarbrot 2 sk., handsög 8 sk. | | | 10 |
| 42. Tvær þjalir litlar útnúnar 4 sk., hnoðhamar 2 sk., borjárn 2 sk. | | | 8 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 43. Ruslastokkur | | 16 |
| 44. Smiðjubelgur með blístru | | 32 |
| 45. Smiðjutöng og herslustokkur | | 28 |
| **7. Reiðskapur** | | |
| 46. Hnakkur dýnulaus með ístöðum, koparbeisli, heillri gjörð og slitinni, með fjórum hringjum | 2 | |
| **8. Aðskiljanlegt** | | |
| 47. Tvær tjörutunnur | | 64 |
| 48. Reisla með steinlóði | | 12 |
| 49. Tveir goggar | | 4 |
| 50. Standrokkur í standi | | 32 |
| 51. Dito snældulaus | | 24 |
| 52. Hússkrá með lykli og skinu ódugleg | | 24 |
| 53. Varreka | | 6 |
| 54. Tvö orf 12 sk., þrjú hrífusköft 16 sk. | | 28 |
| 55. Heyfesti í tveimur pettum | | 6 |
| 56. Eitt reipi 6 sk., klyfberi 3 sk. | | 9 |
| 57. Tveir kollharðar | | 8 |
| 58. Kútkorn með hesthári og tveir botnnámar | | 2 |
| 59. Tveir kýrmeisar 12 sk., rimarbörur 10 sk. | | 22 |
| 60. Tvö sokkalög og þrjár flöskur | | 26 |
| **9. Hús og viður** | | |
| 61. Skemma með skrá, lykli og lömum | 4 | 48 |
| 62. Hjallur hálfspelaður illa | 1 | |
| 63. Garðhurð og dyrustafir | | 10 |
| 64. Hesthúskró | | 48 |
| 65. Baðstofufjalir með rúmi | | 24 |
| 66. Fjalir tugtals í skemmunni | 1 | |
| 67. 20 rárspýtur veiklegar | 1 | 48 |
| 68. 24 stykki misstórir smáraftar | | 24 |
| 69. ¼ í bátnausti við Sæbólssjó | 1 | 48 |
| 70. ¼ í 55 faðma línu sem vegur 14 pund | 1 | |

| | | rd. | sk. |
|---|---|---|---|
| | 10. Lifandi peningur | | |
| 71. | Þrjár ær lamblausar | 6 | |
| 72. | Ein ær með lambi | 2 | |
| 73. | Fjórir sauðir þrevetrir | 12 | |
| | NB einn dito tvævetur til Steenbach. | | |
| 74. | Þrevett mertrippi | 5 | |
| | Summa | 60 | 70 |

Hús jarðarinnar, baðstofa, búr, fjárhús, fjós, voru undireins yfirlitin og álitust að viðum og veggjum viðbúðarfær. Öngvar skuldir á sterfbú þetta útistandandi, en skuldir hefta á því:

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 1. Til Flateyrarhöndlunar | 27 | 92 |
| 2. Til Gils Jónssonar á Sæbóli | 9 | |
| 3. Til kirkju ljóstollur og tíund | | 53 |
| 4. Til uppskriftar og virðingar | | 32 |
| 5. Uppí þessa vors landskuld | 1 | 48 |
| 6. Ditto ditto til Jóns Þorvaldssonar | 1 | 12 |

Erfingjar þessa sterfbús eru:
1. Ekkjan Anna Bernharðsdóttir og
2. Dóttir hennar Elín Guðmundsdóttir á þriðja ári.

Stjúpsonur ekkjunnar hefur fengið fullan arf bæði eftir föður og móður, með einni kú virtri 20 rd. og uppfóstrið gefið.

Ut supra — Sveinn Guðmundsson
Ebeneser Thorstensen — Tómas Eiríksson

## *Jón Jónsson, Jón Jónsson og Nikulás Jónsson*

Jón eldri fæddist árið 1774, Jón yngri árið 1784 og Nikulás árið 1791. Þeir voru synir Jóns Jónssonar (f. 1739) og Herdísar Jónsdóttur (1751–1802). Öll voru þau árið 1801 á Hrauni á Ingjaldssandi. Eiginkona Jóns eldri var Margrét Jónsdóttir (1775–1843), sem það

ár var vinnukona á Sæbóli. Börn þeirra voru Guðrún (24. febrúar–11. mars 1806), Guðrún (8. febrúar–2. ágúst 1807), Ásta (8. febrúar–4. ágúst 1807), Jón (27. apríl–20. maí 1808), Jón (1809–1836) og Guðrún (1811–1888). Yngri bræðurnir voru ógiftir. Þeir drukknuðu allir 6. maí 1812 og voru eignir þeirra skráðar 1. júní. Skipti eftir Jón eldri fóru fram 12. september og eftir bræður hans tveimur dögum síðar.[4]

Árið 1812 þann 1. júní var til staðar konstitueraður sýslumaður Ebeneser Thorstensen, með tveimur virðulegum tilteknum álitamönnum Sveini Guðmundssyni og Tómasi Eiríkssyni, til að uppskrifa og verðleggja eftirlátna fjármuni Jóns sáluga Jónssonar á Hrauni á Ingjaldssandi, sem deyði þann næstliðinn 6. maí á síns aldurs 38. ári. Var so framlagt til virðingar:

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 1. Bækur | | |
| 1. Gerhardi hugvekjur | | 24 |
| 2. Vídalíns Sjöorðapredikanir | | 24 |
| 3. Davíðssaltari | | 16 |
| 2. Fatnaður | | |
| 4. Blá peysa tvíhneppt borin með tinhnöppum | 1 | 48 |
| 5. Ditto ditto spány með tinhnöppum ditto | 3 | |
| 6. Ditto ditto borin einhneppt með ditto | 1 | |
| 7. Einskeftuvesti blátt með hvítu baki af sama | 1 | |
| 8. Sortaðar prjónbuxur með messingarhnöppum | 1 | 22 |
| 9. Aðrar ditto sortaðar bornar | | 48 |
| 10. Bláar nærbuxur | | 60 |
| 11. Grákembd peysa ný með tinhnöppum | 1 | 24 |
| 12. Einhneppt peysa blá borin | | 64 |
| 13. Nærbuxur sauðsvartar | | 64 |
| 14. Skyrta fornleg | | 32 |
| 15. Mórauðir bandsokkar | | 24 |
| 16. Hvítir ditto og sauðsvartir | | 24 |
| 17. Tvennir vettlingar | | 24 |
| 18. Hattur | 1 | |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 3. Bús- og eldsgögn | | |
| 19. Þrjú mjólkurtrog | | 64 |
| 20. Tvær fötur, önnur 12 sk., önnur 16 sk. | | 28 |
| 21. 16 marka dallur nýr | | 16 |
| 22. 7 fjórðunga pottur | 6 | |
| 4. Hirslur | | |
| 23. Kista máluð læst með lömum | 6 | |
| 24. Kistuskrokkur með ónýtri skrá lykilslaus | | 32 |
| 25. Ditto vættarkista með lélegri skrá og lykli | 1 | |
| 26. Fjórða ditto lítil með skrá | | 48 |
| 5. Aðskiljanlegt | | |
| 27. Grindarsög lítil og reisla íslensk í Mosdal | | 44 |
| 28. Skaraxarkjak | | 32 |
| 29. Hnakkur reiðskapslaus | 2 | |
| 30. Skemmuhús með skrá og lykli | 3 | |
| 6. Lifandi peningur | | |
| 31. Þrjár ær | 6 | |
| 32. Tveir sauðir gamlir | 6 | |
| Summa | 47 | 4 |
| Inngjald búsins er: | | |
| 1. Hjá Guðmundi Björnssyni á Brekku | 1 | |
| 2. Sveini Guðmundssyni ibid | | 28 |
| Summa summarum | 48 | 32 |
| En útgjöld búsins: | | |
| 1. Til Flateyrarhöndlunar | 1 | 76 |
| 2. Af pottverði | 2 | |
| 3. Madame Steenbak | | 24 |
| 4. Tómasar á Álfadal | 1 | |
| 5. Árna í Mosdal | | 24 |
| 6. Til uppskriftar og virðingarmanna | | 32 |
| 7. Til prófasts síra Ásgeirs fyrir léða ár | | 48 |
| Summa | 6 | 12 |

Erfingjar sterfbúsins eru:
1. Ekkjan Margrét Jónsdóttir
2. Jón Jónsson ektaborinn á þriðja ári
3. Guðrún Jónsdóttir ditto á fyrsta ári.

| | |
|---|---|
| Ut supra | Sveinn Guðmundsson |
| Ebeneser Thorstensen | Tómas Eiríksson |

Sama stað, ár og dag voru af viðkomandi sýslumanni með sömu virðingarmönnum uppskrifaðir fjármunir þeir sem framkomu eftir bræðurnar Jón og Nikolás Jónssyni á Hrauni, sem deyðu næstliðinn 6. maí, sá fyrri 25, en hinn 21 árs. Framkom so til virðingar:

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 1. Fatnaður | | |
| 1. Blá peysa tvíhneppt með beintölum borin | 1 | |
| 2. Blá ditto ditto með tinhnöppum og bandbryddingum | 2 | 48 |
| 3. Ditto ditto með dúkbryddingum | 2 | 48 |
| 4. Ditto ditto með sarsbryddingum | 2 | 48 |
| 5. Ditto ditto ditto minnst | 2 | |
| 6. Sortaðar prjónbuxur | | 64 |
| 7. Röndótt léreftsskyrta dregin | | 36 |
| 8. Aðrar prjónbuxur sortaðar | | 64 |
| 9. Tvær dregnar einskeftuskyrtur | | 48 |
| 10. Sauðsvartar nærbuxur | | 28 |
| 11. Aðrar lakari | | 24 |
| 12. Athafnabuxur | | 24 |
| 13. Hattur | 1 | |
| 14. Tvennir sokkar mórauðir, einir hvítir | 1 | |
| 15. Rauðmerktur klútur | | 48 |
| 16. Þrennir handvettlingar | | 20 |
| 17. Grákembd peysa ný | 1 | 16 |
| 2. Hirslur | | |
| 18. Gömul vættarkista | 1 | 24 |
| 19. Önnur ditto lamalaus | 1 | |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 3. Lifandi peningur | | |
| 20. Tvær ær og einn sauður tvævetur | 6 | |
| Summa | 25 | 60 |

Erfingjar sterfbúsins eru:

1. Faðir þeirra Jón Jónsson
2. Systir þeirra Borgný Jónsdóttir
3. Bróðurbörn þeirra Jón og Guðrún.

| | |
|---|---|
| Ut supra | Sveinn Guðmundsson |
| Ebeneser Thorstensen | Tómas Eiríksson |

Kostnaður við uppskrift og skipti eftir Jón Jónsson eldri nam 3 rd. 45 sk. og skuldir voru 6 rd. 12 sk., þannig að til skipta komu 38 rd. 71 sk. Margrét fékk helminginn eða 18 rd. 35½ sk., en bróðurlóð var 12 rd. 23 sk. og systurlóð 6 rd. 12½ sk. Úthlutun í skuldir fylgir, en ekki lóðseðlar: „Að tiltaka hluti sem hvört barnið skuli hafa fyrir sig sýnist ekki þörf, fyrst þau eru so ung, en hlutirnir skran og skemmdum og sliti undirkastaðir, so sem er bæði búsgagn og karlmannafatnaður“. Kostnaður við dánarbú yngri bræðranna var 2 rd. 67 sk. og eftir stóðu 22 rd. 57 sk. Úthlutun í skuldir fylgir og lóðseðlar, með milligreiðslum til jafnaðar. Jón faðir bræðranna fékk 7 rd. 45 sk. og átti að fá 7 sk. hjá Jóni syni Jóns eldri, sem fékk andvirði 7 rd. 84 sk. og átti að greiða afa sínum af þeirri upphæð. Guðrún systir hans fékk 4 rd. 2 sk. og skyldi greiða Borgnýju föðursystur sinni 25 sk., sem þá fékk 3 rd. 73 sk. og þær jafnmikið.

## *Guðmundur Hákonarson*

Guðmundur fæddist árið 1768. Foreldrar hans voru Hákon Bárðarson (f. 1730) og Sigríður Bjarnadóttir (1732–1820) í Arnarnesi í Dýrafirði. Eiginkona hans var Borgný Jónsdóttir (1772–1859), systir bræðranna frá Hrauni (sjá hér á bls. 353). Þar bjuggu þau árið 1801 á móti foreldrum hennar, en fluttust fáum árum síðar að Brekku þar sem Brynjólfur bróðir hans hafði áður búið. Börn Guðmundar og Borgnýjar voru Herdís (1796–1844), Margrét (1797–1865), Gabríel (25. mars–20. maí 1799), Guðrún (16. júlí–11. október

1800), Hallgrímur (1801–1833), Elísabet (f. 12. júlí 1803), Guðrún (f. 2. apríl 1805), Borgný (1806–1861), Guðmundur (1808–1849), Gabríel (f. 22. júní 1810) og Hákon (20. febrúar–3. ágúst 1812). Guðmundur drukknaði 6. maí 1812 og var dánarbúið skráð 1. júní, en skipti fóru fram 26. október.[5] Ekki er verðmat á nr. 80.

Sama ár og dag var viðkomandi sýslumaður með tveimur sömu áður tilteknu virðingarmönnum til staðar á Brekku í Ingjaldssandi til að uppskrifa og verðleggja eftirlátna fjármuni sáluga bóndans Guðmundar Hákonarsonar, sem deyði þann næstliðna 6. maí á 43. aldursári. Var svo framlagt sem fylgir:

| | **rd.** | **sk.** |
|---|---|---|
| 1. Bækur | | |
| 1. Vídalínspostilla í tveimur pörtum | 2 | |
| 2. Graduale | | 24 |
| 3. Sú nýja messusöngsbók | | 48 |
| 4. Gerhardi hugvekjur | | 16 |
| 5. Föstupredikanir Vídalíns útaf historíunni | | 24 |
| 6. Fæðingarhugvekjur og sálmar | | 40 |
| 7. Passíusálmar | | 24 |
| 8. Sturmshugvekjur síðari partur með Anonymo | | 72 |
| 9. Tvennar Vikubænir skrifaðar | | 16 |
| 10. Eintal og Diarium | | 14 |
| 11. Sunnudagabænir | | 4 |
| 12. Passíusálmar og Lassenibænir illa skrifað | | 8 |
| 13. Skrifuð bænaskrudda léleg | | 24 |
| 14. Bræðrasálmabók | | 34 |
| 15. Hallgrímskver | | 12 |
| 2. Fatnaður | | |
| 16. Bláar nærbuxur | 1 | |
| 17. Aðrar sauðsvartar | | 48 |
| 18. Skyrta nýleg af prjóni | | 54 |
| 19. Grákembd peysa | | 68 |
| 20. Blár bolur slitinn | | 8 |
| 21. Bláir sokkar slitnir | | 10 |
| 22. Stígvél | 3 | |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| **3. Rúmfatnaður** | | |
| 23. Rekkjuvoðir nýjar | 1 | |
| 24. Brekán | | 48 |
| 25. Rekkjuvoðir fyrnri | | 48 |
| 26. Brekán lakara | | 24 |
| 27. Rekkjuvoðir lakastar | | 24 |
| 28. Brekán laklegt | | 32 |
| **4. Bús- og eldsgögn** | | |
| 29. Sár tekur 1 tunnu | 1 | 16 |
| 30. Ditto ditto | 1 | |
| 31. Þriðji ditto lakastur en heldur | | 64 |
| 32. Einbytnutunna | | 48 |
| 33. Dallar fjórir | 1 | |
| 34. Þrjár fötur | | 40 |
| 35. Tvær vatnsspöndur | | 12 |
| 36. Strokkgarmur | | 4 |
| 37. Átta trog matheld | 2 | |
| 38. Tíu askar misgóðir | 1 | 24 |
| 39. Blöndukanna | | 24 |
| 40. Leirskál | | 10 |
| 41. Tréskál | | 8 |
| 42. Tveir tródiskar | | 8 |
| 43. Tinkanna | | 64 |
| 44. Hringafat af tini | 1 | |
| 45. Tveir tintallerkar | | 24 |
| 46. Fjórir gaffalar | | 4 |
| 47. Eirketill tekur 40 potta, gersemi vegur 15 pund | 12 | |
| 48. Pottur tekur 2 fjórðunga | 2 | |
| 49. Annar pottur tekur 1 fjórðung | | 48 |
| 50. Ditto tekur 10 merkur | | 24 |
| **5. Hirslur** | | |
| 51. Kista í búrinu | | 64 |
| 52. Rauð kista í húsinu | 4 | |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 53. Önnur græn í skemmunni | 4 | |
| 54. Kistuskrifli í húsinu | 1 | 32 |
| **6. Reiðskapur** | | |
| 55. Hnakkur með dýnu, beisli, gjörðum, ístöðum | 4 | |
| 56. Klyfberi með gjörðum í standi | | 32 |
| 57. Annar ditto laklegur | | 16 |
| **7. Smíðatól** | | |
| 58. Belgvirki með blístrugarmi | | 24 |
| 59. Steðji | 3 | |
| 60. Einn hamar | 1 | |
| 61. Hefilgarmur | | 2 |
| **8. Aðskiljanlegt** | | |
| 62. Tveir rokkar | 1 | 32 |
| 63. Togkambar | | 48 |
| 64. Ein pálreka | | 48 |
| 65. Þrjú orf | | 26 |
| 66. Fjórar hrífur með höfðum stykkið 10 sk. | | 40 |
| 67. Þrír meisar | | 64 |
| 68. Einn ditto stór | | 32 |
| 69. Rimarbörur | | 24 |
| 70. Lampar tveir | | 48 |
| **9. Hús og viður** | | |
| 71. Stafgólf af baðstofu með súð uppyfir rúmi uppí húsi niðri, alþiljuðu rúmi þar, vænu borði, vænum glerglugga og hurð með skrá og lykli | 8 | |
| 72. Baðstofuloft | 2 | |
| 73. Pallur með rúmum | 2 | |
| 74. Skemma skrálæst | 10 | |
| 75. Hjallur speladur með hespu og lás | 8 | |
| 76. Fjárhús tekur 24 | 4 | |
| 77. Hesthús | 1 | |
| 78. Laus viður | 1 | 48 |
| 79. Fjalir þrjár í skemmunni | | 64 |
| 80. Naust við sjóinn | | |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 10. Lifandi skepnur | | |
| 81. Rauð hvíthöfðótt kýr 6 vetra gallalaus, kálflaus en bar um miðjan vetur | 18 | |
| 82. Önnur rauðflekkótt hyrnd 10 vetra | 12 | |
| 83. Þriðja svört hvíthúfótt grasbær að öðrum kálfi | 18 | |
| 84. Rauðskjóttur færleikur 10 vetra | 6 | |
| 85. Rauðskjóttur hestur afgamall | 2 | |
| 86. Fjórar ær lembdar | 8 | |
| 87. Sex sauðir 4 vetra og fjórir þrevetrir | 30 | |
| 88. Sex ditto tvævetrir | 12 | |
| 89. Fimm gemlingar | 5 | |
| 90. Skipsverð | 33 | |
| Summa | 243 | 62 |
| Inngjald sterfbúsins: | | |
| 1. Frá Sveini á Brekku | | 32 |
| 2. 10 pund af ull hjá síra Ásgeiri | 1 | 4 |
| Summa summarum | 245 | 2 |
| Útgjöld sterfbúsins: | | |
| 1. Til Flateyrarhöndlunar | 77 | 62 |
| 2. Til Þingeyrar | 4 | 8 |
| 3. Til kirkju, tíundir | | |
| 4. Landskuld í vor | 6 | |
| 5. Morgungáfa ekkjunnar | 30 | |
| 6. Fyrir akkeri og ífæru til prófasts síra Ásgeirs | 4 | 48 |
| 7. Til Jóns í Holti | 4 | |
| | 126 | 22 |

Erfingjar sterfbúsins eru:

1. Ekkjan Borgný Jónsdóttir 40 ára og hennar börn:
2. Herdís Guðmundardóttir 16 ára
3. Margrét 15 ára
4. Hallgrímur 11 ára
5. Elísabet 9 ára
6. Guðrún 7 ára

7. Borgný 6 ára
8. Guðmundur 4 ára
9. Gabríel 2 ára
10. Hákon 1 árs

| | |
|---|---|
| Ut supra | Sveinn Guðmundsson |
| Ebeneser Thorstensen | Tómas Eiríksson |

Henkel kaupmaður gaf eftir 20 rd. af verslunarskuldinni og skiptakostnaður nam 5 rd. 44 sk., þannig að eftir stóðu 123 rd. 32 sk. Borgný fékk helminginn eða 66 rd. 64 sk., en hver bræðranna 10 rd. 18 sk. og hver systranna 5 rd. 9 sk. Fram kemur að sýslumaður fékk stígvélin og hluta af tvævetur sauð, en aðrar skuldir átti Borgný að greiða „hið fyrsta í því sem hún getur komið sér saman við skuldaheimtumenn. Að tiltaka vissa hluti til hvörs barns er ekki þörf fyrst ekkjan heldur við bú og börnin verða hjá henni. Nóg sýnist því að tiltaka summur sem hvörju ber fyrir sig, so þau á sinni tíð geti fengið hvað þeim ber, ef kringumstæður þá tilláta það“.

### *Jón Jónsson*

Jón fæddist árið 1770. Foreldrar hans voru Jón Halldórsson (1735–1804) og Guðrún Helgadóttir (1740–1804) í Villingadal á Ingjaldssandi. Eiginkona hans var Guðrún Vigfúsdóttir (1770–1843) og börn þeirra Jón (1796–1853), Bjarni (f. 1797), Þorvaldur (1798–1799), Kristrún (1800–1882), Guðrún (1802–1856), Sigurfljóð (1804–1859), Sigurborg (1805–1816), Kristín (1806–1816), Karítas (f. 1807) og Jónas (1811–1868). Árið 1801 bjuggu þau í Villingadal á móti foreldrum hennar, Vigfúsi Jónssyni (1733–1806) og Kristrúnu Þorvaldsdóttur (1746–1804), og voru foreldrar hans hjá þeim. Jón drukknaði 6. maí 1812 og var dánarbúið skráð 1. júní, en skipti framkvæmd 14. september.[6]

Sama dag var til staðar viðkomandi sýslumaður með sömu vottum að uppskrifa og meta eftirlátna fjármuni bóndans sáluga Jóns Jónssonar á Villingadal sem burtdeyði þann 6. maí næstliðinn 42 ára, og var því framlagt:

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| **1. Bækur** | | |
| 1. Vídalínspostilla | 2 | |
| 2. Graduale | | 16 |
| 3. Passíuhugvekjur | | 48 |
| 4. Dægrastytting | | 16 |
| 5. Þórðarkver prentað og skrifað | | 6 |
| 6. Fræðabók defect að framan | | 20 |
| 7. Gerhardi hugvekjur | | 12 |
| 8. Dagleg iðkun guðrækninnar | | 10 |
| **2. Fatnaður** | | |
| 9. Blá peysa tvíhneppt borin | 1 | |
| 10. Grákembd ótilsett | | 64 |
| 11. Sortaðar buxur fornar | | 48 |
| 12. Ditto nýjar ótilsettar | | 54 |
| 13. Sauðsvartar nærbuxur | | 32 |
| 14. Skyrta af prjóni ótilsett | | 64 |
| 15. Sokkar mórauðir nýir | | 32 |
| 16. Ditto tvennir | | 30 |
| **3. Búrs- og eldsgögn** | | |
| 17. 1½ tunnu sár | 1 | 48 |
| 18. 1 tunnu sár | 1 | |
| 19. Sáskrifli | | 24 |
| 20. Kerhald laggbrotið | | 16 |
| 21. Veslingsstrokkur | | 12 |
| 22. Fjögur trog held | | 64 |
| 23. Tvö ditto lasin | | 16 |
| 24. Fjórir dallar | | 32 |
| 25. Tvær fötur | | 12 |
| 26. Fimm askar | | 28 |
| 27. 3 fjórðunga pottur vel nýr | 4 | |
| 28. Annar tekur 1½ fjórðung | 1 | |

| | | rd. | sk. |
|---|---|---|---|
| | 4. Hirslur | | |
| 28. | Kista skrálæst | 1 | 24 |
| 29. | Önnur ditto lamalaus | 1 | |
| 30. | Þriðja ólæst | | 48 |
| 31. | Fjórða ditto um þveran gafl | | 64 |
| | 5. Aðskiljanlegt | | |
| 32. | Hnakkur með sessu, tveimur gjörðum, ístöðum og beisli | 3 | 48 |
| 33. | Eitt reipi | | 24 |
| 34. | Lampi brunninn | | 16 |
| 35. | Goggar tveir | | 8 |
| 36. | Handfæri slitið | | 32 |
| 37. | Rekuspaði | | 8 |
| 38. | Þrjú hrífusköft | | 12 |
| 39. | Eitt orf | | 4 |
| | 6. Hús og viður | | |
| 40. | Skemmukofi með lás og hespu | 2 | 24 |
| 41. | Sex fjalaspækjur | | 54 |
| 42. | Fjárhús tekur 20 fjár | 1 | 48 |
| 43. | Þrjár fjalir í búrinu | | 24 |
| 44. | Tveir meisar | | 32 |
| 45. | Tíu fjalir í baðstofu með rúmstokkum | 2 | 64 |
| 46. | Laus viður | 1 | |
| 47. | Rokkur | | 64 |
| 48. | Klyfberi gjarðalaus | | 24 |
| | 7. Lifandi peningur | | |
| 49. | Svartflekkótt kýr 12 vetra fengin | 20 | |
| 50. | Rauður hestur 16 vetra | 4 | |
| 51. | Þrjár ær lembdar | 6 | |
| 52. | Tveir sauðir þrevetrir | 6 | |
| 53. | Þrír ditto tvævetrir | 6 | |
| 54. | Tveir gemlingar | 2 | |
| | Summa | 78 | 78 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Inngjald sterfbúsins: | | |
| 1. Frá Sveini á Brekku 3 pund ull | | 30 |
| 2. Frá Jóni Þorvaldssyni | | 48 |
| Summa summarum | 79 | 60 |
| | | |
| Útgjald sterfbúsins: | | |
| 1. Til Flateyrarhöndlunar | 17 | 55 |
| 2. Til kirkjunnar á Sæbóli tíund | | 14 |
| 3. Til virðingarmannanna | | 32 |
| 4. Landskuld í vor | 2 | |
| en þar uppí eru til 14 pör sokka. | | |

Erfingjar þessa sterfbús eru:

1. Ekkjan Guðrún Vigfúsdóttir og hennar börn:
2. Jón Jónsson 16 ára
3. Bjarni 14 ára
4. Kristrún 12 ára
5. Guðrún 11 ára
6. Sigurfljóð 9 ára
7. Sigurborg 7 ára
8. Kristín 6 ára
9. Karítas 5 ára
10. Jónas 1 árs

| | |
|---|---|
| Ut supra | Sveinn Guðmundsson |
| Ebeneser Thorstensen | Tómas Eiríksson |

Kaupmaður gaf eftir 10 rd. af verslunarskuldinni og kostnaður við skiptin nam 2 rd. 24 sk., þannig að eftir voru 68 rd. 1 sk. Guðrún fékk helminginn eða 34 rd. ½ sk. og bróðurlóð var 5 rd. 64 sk. en systurlóð 2 rd. 80 sk. Úthlutun í skuldir fylgir en ekki lóðseðlar, því sýslumanni þótti ekki ástæða til að tilgreina hluti hvers barns fyrir sig „þar arfur þessi ekki er þeim eins árs forði og því síður þeim til uppfósturs... kann því ekki að álítast annað en eyðslufé“.

*Tómas Eiríksson*

Tómas fæddist árið 1783. Foreldrar hans voru Eiríkur Tómasson (1738–1788) og Margrét Sveinsdóttir (1756–1814) á Þorfinnsstöðum í Valþjófsdal. Margrét giftist síðar Birni Jónssyni (1764–1812), sem var nýlátinn þegar mannskaðinn mikli varð, og átti með honum soninn Jón (f. 1790). Árið 1801 og eftirleiðis var Tómas vinnumaður á Sæbóli hjá Gils Jónssyni (1748-1816) og Margréti Tómasdóttur (f. 1733), tengdaforeldrum Guðmundar Sigurðssonar (sjá hér á bls. 349), og eins víst að Margrét hafi verið föðursystir hans. Tómas drukknaði 6. maí 1812 og var dánarbúið skráð 2. júní. Skipti fóru fram sex dögum síðar.[7] Í formála uppskriftar er eyða fyrir aldri hins látna, sem er aukið við hér.

Anno 1812 þann 2. júní var til staðar viðkomandi sýslumaður með tveimur tilkölluðum vottum, Sveini og Tómasi, til að uppskrifa og virða eftirlátna fjármuni Tómasar sáluga Eiríkssonar sem deyði þann 6. maí næstliðinn 29 ára gamall. Framkom svo þetta eftirskrifað:

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 1. Bækur | | |
| 1. Nýja messusöngsbókin | | 48 |
| 2. Norsku laga erfðir með sálmi og Veronikukvæði | | 2 |
| 3. Hallgrímskver | | 10 |
| 2. Fatnaður | | |
| 4. Fiðurkoddi gamall með einskeftuveri | | 32 |
| 5. Grár bolgarmur og svartur buxnagarmur | | 2 |
| 6. Sauðsvartar nærbuxur bættar | | 16 |
| 7. Mórauðir sokkar ósamkynja | | 10 |
| 8. Mórauðir bandsokkar nýir | | 32 |
| 9. Nýir sokkar hvítir | | 24 |
| 10. Aðrir ditto lítið brúkaðir | | 16 |
| 11. Tvennir vettlingagarmar | | 2 |
| 12. Handvettlingar gallaðir á þumli | | 5 |
| 13. Nærbuxnagarmar | | 16 |
| 14. Skyrtugarmur | | 8 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 15. Stouthúfa blá ný | | 24 |
| 16. Nýlegar prjónbuxur sortaðar með hnöppum | | 64 |
| 17. Skyrtugarmur | | 8 |
| 18. Nýleg peysa blá með tinhnöppum | 2 | |
| 19. Önnur ditto lítil hnappalaus | 1 | |
| 20. Nýtt brekán | 1 | 16 |
| 21. Einskefturekkjuvoð hálfslitin | | 24 |
| 22. Ditto vel ný | | 48 |
| 3. Hirslur | | |
| 23. Kista skráarlaus með einni löm | | 48 |
| 24. Kistilkorn | | 10 |
| 25. Pottbrot lítið | | 1 |
| 4. Lifandi skepnur | | |
| 26. Einn sauður tvævetur | 2 | |
| Summa | 10 | 82 |

Skuldir hefta á þessum fjármunum anteknar:

| | | |
|---|---|---|
| Til Gils Jónssonar á Sæbóli | 1 | |
| Til prófasts síra Ásgeirs | 2 | |

Erfingjar eru móðir hans Margrét og hálfbróðir Jón Björnsson. Fleira var ekki framlagt til uppskriftar.

Ut supra — Sveinn Guðmundsson
Ebeneser Thorstensen — Tómas Eiríksson

Sýslumaður gekk frá skiptum í Stóra-Hjarðardal 8. júní 1812 og tók nr. 21, 22 og 25 upp í kostnað og erfðaskatt, samanlagt 73 sk. Gils fékk nýtt brekán (nr. 20) og prófastur peysu (nr. 18), en uppskriftarmenn nr. 1 og virðingarmenn nr. 9. Eftir urðu 6 rd. 33 sk. sem var skipt jafnt á milli Margrétar og Jóns.

1 *Manntal á Íslandi 1801. Vesturamt*, bls. 286; ÞÍ. Kirknasafn. Dýrafjarðarþing BA 1. Prestsþjónustubók 1785–1816, bls. 206–207; Dýrafjarðarþing BA 2. Prestsþjónustubók 1785–1816 (afrit), bls. 182–183; Sýsluskjalasafn. Ísafj. ED1/1, 2. Skiptabók 1811–1825, bls. 89–93, 122–126. Dánarbú Jóns yngri er á bls. 119–122 og skiptin á bls. 153–154. Tveir synir hans drukknuðu með honum, Sigmundur 28 ára og Pétur 15 ára; sjá ofangreindar kirkjubækur.

2 *Manntal á Íslandi 1801. Vesturamt*, bls. 269; ÞÍ. Kirknasafn. Dýrafjarðarþing BA 1. Prestsþjónustubók 1785–1816, bls. 206; Dýrafjarðarþing BA 2. Prestsþjónustubók 1785–1816 (afrit), bls. 182; Sýsluskjalasafn. Ísafj. ED1/1, 2. Skiptabók 1811–1825, bls. 94–97, 126–127.

3 *Manntal á Íslandi 1801. Vesturamt*, bls. 285; ÞÍ. Kirknasafn. Dýrafjarðarþing BA 1. Prestsþjónustubók 1785–1816, bls. 206; Dýrafjarðarþing BA 2. Prestsþjónustubók 1785–1816 (afrit), bls. 182; Sýsluskjalasafn. Ísafj. ED1/1, 2. Skiptabók 1811–1825, bls. 97–100.

4 *Manntal á Íslandi 1801. Vesturamt*, bls. 285, 287; ÞÍ. Kirknasafn. Dýrafjarðarþing BA 1. Prestsþjónustubók 1785–1816, bls. 206; Dýrafjarðarþing BA 2. Prestsþjónustubók 1785–1816 (afrit), bls. 182; Sýsluskjalasafn. Ísafj. ED1/1, 2. Skiptabók 1811–1825, bls. 100–102, 127–130. Þar stendur að skipti eftir yngri bræðurna hafi farið fram 4. desember, sem ekki fær staðist miðað við röðina.

5 *Manntal á Íslandi 1801. Vesturamt*, bls. 287; ÞÍ. Kirknasafn. Dýrafjarðarþing BA 2. Prestsþjónustubók 1785–1816 (afrit), bls. 34, 38, 44, 47, 49, 53, 58, 62, 63, 67, 182; Dýrafjarðarþing BA 1. Prestsþjónustubók 1785–1816, bls. 45–82, 206; Sýsluskjalasafn. Ísafj. ED1/1, 2. Skiptabók 1811–1825, bls. 103–106, 151–152.

6 *Manntal á Íslandi 1801. Vesturamt*, bls. 288; ÞÍ. Kirknasafn. Dýrafjarðarþing BA 1. Prestsþjónustubók 1785–1816, bls. 206; Dýrafjarðarþing BA 2. Prestsþjónustubók 1785–1816 (afrit), bls. 182; Sýsluskjalasafn. Ísafj. ED1/1, 2. Skiptabók 1811–1825, bls. 107–109, 128–129.

7 *Manntal á Íslandi 1801. Vesturamt*, bls. 285; ÞÍ. Kirknasafn. Dýrafjarðarþing BA 1. Prestsþjónustubók 1785–1816, bls. 206; Dýrafjarðarþing BA 2. Prestsþjónustubók 1785–1816 (afrit), bls. 182; Sýsluskjalasafn. Ísafj. ED1/1, 2. Skiptabók 1811–1825, bls. 109–111.

# Strandasýsla

*1813–1820*

## *Guðný Árnadóttir*

Guðný fæddist árið 1778. Foreldrar hennar voru Árni Teitsson (1732–1813) og Guðrún Sigmundsdóttir (1743–1835) á Hömrum í Haukadal í Dalasýslu. Árið 1801 var hún á Víðidalsá við Steingrímsfjörð og þar var Gísli Arnfinnsson (1773–1856) vinnumaður. Þau giftust 16. ágúst 1801: „helmingafélag og morgungjöf lofað 8 rd. til specie". Þau voru fyrst á Felli en síðan í Miðhúsum og lengst á Broddadalsá. Börn þeirra voru Einar (1801–1858), Ólafur (1802–1861), Guðmundur (1805–1860), Steinunn (1807–1875), Guðný (1809–1875), Páll (1810–1823), Arnfinnur (1812–1861) og Kristín, sem fæddist 7. júní 1813 og lést 3. september „af langvaranligum kýlum og kröm". Guðný lést 10. nóvember sama ár og lýsir sóknarprestur því nákvæmlega: „Fór hún um kvöldið heilbrigð að sækja sjó í fötu en fannst skömmu síðar örend undir steini hvar hún kúrði, fannst síðan á líkamanum víðsvegar bláir flekkir – hún lét eftir sig sjö börn lifandi og egtamann í sárfátæku ástandi – hún var annars guðhrædd, þolinmóð, iðjusöm og vel innréttuð manneskja". Hún var grafin 21. nóvember og dánarbúið skráð 2. desember, en skipti fóru fram 28. sama mánaðar. Verðmat vantar á þrjú lömb í lokin. Gísli var á Broddadalsá árið 1816 með öll börnin og Helga systir hans bústýra.[1]

Eftir réttarins tilskipan af 18. næstliðins mánaðar innfann sig á Broddadalsá þann 2. desember 1813 hreppstjórinn Jón Jónsson á Snartartungu, ásamt með bóndanum Sigurði Björnssyni á Broddanesi, til að uppskrifa og virða eftirlátið sterbú Guðnýjar sálugu Árnadóttur, sem deyði þar þann 11. nóvember sama árs,

að viðstöddum ekkjumanninum Gísla Arnfinnssyni. Var so framlagt og virt sem eftirfylgir:

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Sálmabók | | 24 |
| Eintal | | 16 |
| Gerhards hugvekjur | | 16 |
| Vaðmálshempa forn | 1 | |
| Kventreyja forn og farin | | 12 |
| Upphlutsgarmur úr rauðu klæði | | 20 |
| Klæðisniðurhlutur, rauður, stokkinn | 3 | |
| Klæðissvinta, blá, lögð með borða og silfurhnapp í | 2 | |
| Einskeftupils fornt og drafið, grænt | | 32 |
| Vaðmálspils hvítt, fornt | | 24 |
| Sokkar rauðir | | 10 |
| Brekán, draffornt, með götum | | 16 |
| Tvær rekkjuvoðir, bættar | | 16 |
| Kista lítil, lama- og skrálaus og fúin | | 10 |
| Einn tunnusár | | 48 |
| Þrjú trog lítil og fánýt | | 24 |
| Tvær fötur | | 24 |
| Eitt kerald | | 10 |
| Ein fata | | 6 |
| Einn strokkur | | 16 |
| Einn klyfberi | | 8 |
| Tveir meisar | | 16 |
| Kláfar | | 48 |
| Ein panna hálfs annars fjórðungs, sprungin | 1 | |
| Ein bandreipi, léleg | | 12 |
| Tvö orf og ein hrífa | | 24 |
| Ein kýr 14 vetra | 12 | |
| Fjórar ær | 8 | |
| Ein hryssa 8 vetra | 4 | |
| Þrjú lömb, lifa ennþá. | | |
| Summa | 35 | 48 |

Erfingjar eru þeirra egtafædd börn: Einar 12 vetra, Ólafur 11 vetra, Guðmundur 8 vetra, Páll 3 ára, Arnfinnur 1 veturs, Steinunn 6 vetra, Guðný 5 ára.

Skuldir

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Útfararkostnaður | 5 | |
| Til Reykjarfjarðar kauphöndlunar | | 72 |
| Til hreppstjórans ferðar og virðingarkaup með meiru | 1 | |
| Til Sigurðar á Broddanesi | | 16 |
| Er | 6 | 88 |

Þessar skuldir betalar Gísli eftir samkomulagi til hlutaðeigandi. Í sinn helming beheldur Gísli 14 rd. 28 sk. Í bræðranna ⟨hlut⟩ hvörs fyrir sig falla 2 rd. 36 sk. en systranna 1 rd. 20 sk. Hér uppá virðist ei þurfa að nafngreina hvað hvör fyrir sig hafa skuli, þar barnanna hlutur gengur þó meiri væri til þeirra forsorgunar og sveitinni varla að vænta endurgjalds, þó til einhvörs unnið hafi. Sýslumaður mun ei krefjast betalings fyrir afskipti af þessu sterbúi, en vonar að Gísli borgi sér án langs undandráttar skuldir þær er hann að undanförnu átti hjá honum, eins sem hreppstjórinn skrifar að sjálfviljuglega tilboðist hafi.

Bæ þann 28. desember 1813
Jón Jónsson
Sem vottar undirskrifa Jón Jónsson, Sigurður Björnsson

## *Magnús Tómasson*

Magnús fæddist árið 1747. Foreldrar hans voru Tómas Sigurðsson (f. 1720) og Ingibjörg Magnúsdóttir (1722–1789). Fyrsta eiginkona hans var Hólmfríður Bjarnadóttir (1723–1795) og voru þau barnlaus, en hún átti þrjú börn með fyrri manni sínum. Önnur kona Magnúsar var Ingibjörg Arnfinnsdóttir (1750–1806) og voru þau einnig barnlaus. Þau bjuggu í Kolbeinsvík árið 1801. Þriðja kona hans var Guðrún Jónsdóttir (f. 1765) og giftust þau 29. júní 1806. Synir þeirra voru Magnús (1806–1836) og Jón (1808–1811). Magnús varð bráðkvaddur 21. janúar 1814 og var dánarbúið skráð 8. mars, en skipti fóru fram 24. sama mánaðar.[2]

Anno 1814 þann 8. mars ⟨var⟩ uppskrifað sterbúið í Kolbeinsvík eftir Magnús sáluga Tómasson, búandi þar, sem deyði þann 2. febrúar. Hans ekkja er Guðrún Jónsdóttir og barn þeirra Magnús Magnússon 8 ára, hvörju settur er formyndari bóndinn Árni Árnason á Kambi.

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Þrjár ær, hvör virt á 1 rd. 48 sk., er | 4 | 48 |
| Þrír gemlingar hvör á 80 sk. | 2 | 48 |
| Færleikur 15 vetra með reiðskap | 5 | |
| Steðji | 4 | |
| Smiðjubelgur | | 48 |
| Smíðahamar | 1 | |
| Annar dito | | 40 |
| Klaufhamar | | 36 |
| Löð | | 80 |
| Járnsleggja | 1 | 32 |
| Beygjutöng | | 10 |
| Þrjár ljáspíkur, líttnýtar | | 32 |
| Skaröxi | | 36 |
| Járnkall 8 pund, ryðgaður | 1 | 48 |
| Handöxi | | 36 |
| Þrír heflar, allir á | | 16 |
| Trénafar seldur Ísleifi á Þórustöðum, óbetalaður | | 16 |
| Þrír hnífar, allir á | | 12 |
| Þjöl | | 48 |
| Önnur dito | | 16 |
| Langviðarsög | 1 | |
| Þversög | | 6 |
| Páll | | 24 |
| Hnakkgarmur, með ístöðum | | 64 |
| Ólarbeisli | 1 | |
| Þófagarmur | | 24 |
| Tvenn reipaslitur | | 24 |
| Fiskalár, lamaður, fúinn | | 16 |
| Þófagjarðir tvær með koparhringjum | | 48 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 5 fjórðunga pottur á | 6 | 48 |
| 2 fjórðunga pottur | 1 | 48 |
| Þrír fötugarmar | | 12 |
| Tveir skinnstakkar, hver 32 sk. | | 64 |
| Sjóbuxur | | 16 |
| Einn tunnusár | | 48 |
| Annar dito | | 32 |
| Fjögur trog á 16 sk. er | | 64 |
| Strokkur | | 32 |
| Fimm keröld | 1 | 4 |
| Mælirskútur | | 48 |
| Annar dito | | 24 |
| Tvö orf, hvört á 12 sk. er | | 24 |
| Tvær hrífur, hvör á 5 sk. er | | 10 |
| Fjórir meisar á 4 sk. er | | 16 |
| Afgamlir kláfar | | 10 |
| Torfkrókar | | 10 |
| Rennistokkur með tveimur járnum | | 48 |
| Nýleg kista járnalaus | | 64 |
| Kista skrálæst með járnum | 1 | 64 |
| Peysa | 1 | 32 |
| Buxur sortaðar | | 80 |
| Buxur bláar | | 48 |
| Síðhempa og pör á | | 20 |
| Klæðisbolur | 1 | |
| Klæðisbolur | | 16 |
| Vettlingar | | 5 |
| Tveir peysugarmar | | 24 |
| Einn dito | | 8 |
| Bolgarmur | | 6 |
| Skyrtugarmur | | 12 |
| Skinnbuxur | | 8 |
| Sokkar | | 8 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Aðrir | | 8 |
| Lás | | 24 |
| Jónsbókar ɔ: Vídalínspostillu vetrarpartur | | 64 |
| Gíslabókar sumarpartur | | 32 |
| Grallari | | 8 |
| Sálmabók | | 48 |
| Passíuhugvekjur | | 48 |
| Gerhards hugvekjur | | 8 |
| Þórðarkver | | 4 |
| Peningar | 1 | 2 |
| Til góða í kaupstað | 3 | 48 |
| Summa | 56 | 39 |

Skuldir á sterbúinu

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Fyrir líkkistu og líkmannakaup til Magnúsar í Byrgisvík | 2 | |
| Árna á Kambi Árnasonar | 1 | |
| Jónas í Byrgisvík er klár með 1½ rd. fyrir kistusmíði og fyrirhöfn alla, gat ekki beðið vegna fátæktar. | | |
| Séra Guðmundur í Árnesi legkaup og líksöngseyrir 81 sk., tvö lambafóður (skrifar hann) á 1 rd., ljóstoll 44 sk., dagsverk og tíundir 27 sk. | 2 | 56 |
| Guðmundur á Bæ á Selströnd Guðmundsson, hestmeðgjöf | | 56 |
| Það sem vantar að leggist ofan á jörðina, að undanteknum hlöðugarmi, sem í úttektinni ei tjáist að hafa fylgt jörðinni, er þó ei virtur, kynni að metast til einhvörs hagræðis í útsvarinu: 30 sauða byrgi metið 3 rd., viður á reka 2 rd., smiðja 84 sk. og búðarkofi 48 sk., vantar enn nú að leggja ofan á jörðina | 3 | 48 |
| sem administrator kóngsjarðanna (því forpagtari er ég ei) vogar ekki að eftirgefa, en tekur til þakka hvað sá tilkomandi ábúandi vill uppá mitt ansvar góðmótlega og sanngjarnlega ílina við þá fátæku ekkju og hennar auma barn, ef hún býr ei framvegis á jörðinni. | | |
| Til hreppstjóra Guðmundar Bjarnasonar fyrir úttekt jarðar 72 sk., fyrir virðingu sterbúsins og uppskrift 1 rd. | 1 | 72 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Til Gríms Jónssonar, virðing og úttekt | 1 | |
| Sýslumanns: Landskuld af jörðinni til fardaga 1814 | 1 | 12 |
| Skipta og skrifaralaun, með sportelforhöyelse | 1 | 12 |
| Resterar landskuld 1812 | 1 | 12 |
| Er | 15 | 76 |

En af 1½ fjórðungi ullar, sem getið er í registrationinni, gengur 10 pund í yfirstandandi fardagaárs leigu, og 5 pund í leignarestans 1812.

| | | |
|---|---|---|
| Barnið Magnús Magnússon beheldur silfurhnepptri peysu, sem uppskriftin sýndi að Magnús heitinn hafi gefið syni sínum. | | |
| Morgungjöf ekkjunnar er skrifað að sé | 8 | |
| Er | 23 | 76 |

Það sem vantar uppá leigur og landskuld á fyrri árum, hér um 1 rd. virði eða lítið yfir, vill sýslumaður eftirgefa, fyrst að borgað hefur og hirðir nú ei að krefja.

Eignum var raðað niður á skuldirnar og lóðseðlar þeirra mæðgina fylgja. Skuldin við sýslumann jókst um 33 sk. vegna þinggjalds og lofuðu hlutaðeigendur að borga það sérstaklega. Þá bættust við tvö kistuskrifli metin á 16 sk. sem var skipt til jafnaðar. Undir skrifa Jón Jónsson sýslumaður í Bæ 24. mars 1814, virðingarmenn Guðmundur Bjarnason og Grímur Jónsson, sem og barnsins formyndari Árni Árnason.

### *Vigdís Illugadóttir*

Vigdís fæddist árið 1788. Móðir hennar var Geirlaug Björnsdóttir (1764–1839) vinnukona og faðir Illugi Illugason (f. 1754) bóndi í Gröf við Bitrufjörð, sem þá var kvæntur Gróu Sveinsdóttur (1760–1818) og áttu þau fyrir Illuga (1778–1843) og Magnús (1780–1832). Sama ár og Vigdís fæddist eignuðust hjónin dótturina Þórunni (1788–1823) og skildu upp úr því. Árið 1790 bjó Illugi í Gröf og var Geirlaug á heimilinu með Vigdísi ársgamla, sögð stórlynd og sæmilega skýr. Árið eftir var Gróa farin af bænum og Geirlaug

orðin bústýra Illuga. Árið 1793 eignuðust þau aðra dóttur, Elínu (1793–1835), og ári síðar voru þau öll á staðnum, en árið eftir það var Illugi farinn. Árið 1801 var hann aftur orðinn húsbóndi í Gröf og tekið er fram í manntali að hann sé „formedelst begaaet hoer fraskyldt sin kone“. Illugi sonur hans var á bænum og kona hans, einnig Magnús og tvö „uægte börn“, Vigdís 13 ára og Elín 9 ára. Mæður þessara barna, Gróa og Geirlaug, voru þá báðar vinnukonur í Kollafjarðarnesi. Árið 1802 gekk Geirlaug að eiga Eirík Helgason (1779–1805) og eignuðust þau Gróu (1803–1866) og Guðrúnu (f. 1804). Vorið 1812 stóð Geirlaug sem ekkja fyrir búi í Gröf með fjórum dætrum sínum og þar lést Vigdís 2. febrúar 1814. Dánarbúið var skráð 13. apríl og skipti fóru fram átta dögum síðar.[3]

Þann 2. febrúar dó Vigdís Illugadóttir, í þjónustu hjá móður sinni í Gröf, sem tjáist af fáfræði hafa forsómað að tilkynna skiptaréttinum dauðsfallið í tíma. Sterbúið eftir hana virti og uppskrifaði hreppstjórinn Jón Jónsson ásamt með bónda Þórði Þorgeirssyni þann 13. apríl svoleiðis sem eftirfylgir.

| | **rd.** | **sk.** |
|---|---|---|
| Kista með skrá og lömum | 2 | |
| Vídalínspostilla | 2 | |
| Graduale | | 24 |
| Upphlutspils af þeldúk, blátt | 3 | |
| Niðurhlutur, blár, úr klæði | 6 | |
| Dito blár, með vírverki | 4 | |
| Svinta blá, þrílögð, með flöjelsborða og silfurhnöppum | 7 | |
| Stimpluð silfurpör með lista | 2 | |
| Ól með messingshringju | | 24 |
| Rósaband | | 8 |
| Kragi | | 32 |
| Léreftsklútur, nýr, blár, rauðteinóttur | 2 | 48 |
| Klútur, silkidreginn, forn | 1 | |
| Rósasilki, rautt | | 24 |
| Trefill, hvítur | | 8 |
| Upphlutur, blár, úr klæði | | 64 |
| Vaðmálspils, barkað | | 64 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Svinta, blá, bætt | | 8 |
| Vettlingar | | 4 |
| Griplar | | 8 |
| Blá peysa, ný | 1 | |
| Sokkar tvennir | | 32 |
| Ennú blá svinta, forn | | 48 |
| Rokkur | 1 | |
| Ólarbeisli, fánýtt | | 64 |
| Tvær gjarðir með koparhringjum | | 64 |
| Silfurhnappar | 3 | |
| Söðull með sessu og líttnýtu áklæði, burtseldur | 4 | 48 |
| Vaðmálshempa með flosi, seld | 3 | 48 |
| Ein ær | 2 | 48 |
| Er | 49 | 92 |

Skuldir

| | | |
|---|---|---|
| Líkkista | 2 | |
| Til líkmanna | 1 | 6 |
| Legkaup | | 54 |
| Til Odds á Einfætugili, fyrir þriggja vikna hýsing og fyrirhöfn á þeirri burtdánu | 2 | 48 |
| Er | 6 | 12 |
| Skuld hjá Sigríði Andrésdóttur í Vík | | 68 |
| Verður eftir | 5 | 40 |

Erfingjar eru: Móðirin Geirlaug Björnsdóttir. Systir Elín Illugadóttir 21 árs, hálfsystir Guðrún Eiríksdóttir 11 ára og Gróa Eiríksdóttir 10 ára gömul. Ut supra.

Jón Jónsson Þórður Þorgeirsson

Ennú útgift

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Til hreppstjórans Jóns Jónssonar, registrations og virðingarlaun | | 72 |
| Þórðar virðingarkaup | | 24 |
| Sýslumanns: Skipta- og skrifaralaun með procent eða sportelforhöjelse | 1 | 16 |
| Verður þá eftir, sem til skipta koma | 42 | 60 |

Úthlutun vegna skulda fylgir og lóðseðlar. Skuldina við Odd á Einfætingsgili var Geirlaugu „á hendur falið að betala, sem hina best verðskulduðu, afdráttarlaust, í einhvörju sem hann vill tilmælast eða fyrir gilt antaka, og í því skyni leggst hún saman við hennar lóð“. Jón sýslumaður, Jón hreppstjóri og Þórður Þorgeirsson skrifa undir að Bæ 21. apríl 1814.

## *Sigríður Ólafsdóttir*

Sigríður fæddist árið 1792. Foreldrar hennar voru Ólafur Jónsson (1760–1803) og Þorbjörg Ólafsdóttir (1761–1812) í Reykjarfirði í Árnessókn. Eiginmaður hennar var Jón Jónsson (1782–1854) og synir þeirra Loftur (f. 1815), Ólafur (1816–1890) og Hjalti (1817–1867). Sigríður lést í Grænanesi við Steingrímsfjörð 1. apríl 1819 og var búið skrifað upp 26. apríl, en skipti fóru fram 29. maí.[4]

Árið 1819 þann 26. apríl var að skiptaréttarins ráðstöfun uppskrifað og virt í fjarveru hreppstjórans í Hróbergsþingsókn af hans fullmektugum bóndanum Jóni Jónssyni á Grænanesi eftirlátið sterbú Sigríðar sálugu Ólafsdóttur er deyði þann 1. apríl þessa árs á 31. aldursári og lét eftir sinn egtamann Jón Jónsson og þeirra skilgetin börn, Loft 4 ára, Ólaf 3 ára og Hjalta 1 árs. Var svo framvísað og virt:

| | **Silfurverð** | |
|---|---|---|
| | **rbd.** | **sk.** |
| Jónspostilla skrifuð framan og aftan | 1 | |
| Sálmabók mjög lúð spennluð | | 80 |
| Ný Biblía | 2 | |
| Saltari skrifaður | | 40 |
| Föstupredikanir | | 24 |
| Eintal | | 24 |
| Upprisuhugvekjur | | 24 |
| Forfeðrabænabók | | 24 |
| Þórðarkver | | 8 |
| Hallgrímskver | | 12 |
| Fæðingarsálmar | | 8 |

| | rbd. | sk. |
|---|---|---|
| Skinnsæng með fiðri | 2 | |
| Dýna lítil | 1 | |
| Skinnkoddi | | 16 |
| Annar dito | | 12 |
| Þriðji dito | | 14 |
| Kálfskinnssessa | | 12 |
| Rekkjuvoð | | 16 |
| Tveir rekkjuvoðagarmar | | 6 |
| Enn nú rekkjuvoð | | 8 |
| Grænn niðurhlutur af klæði forn | 1 | |
| Græn svynta lögð | | 90 |
| Blá einskeftusvynta | 1 | 12 |
| Rauður klæðisupphlutur með dökkvum leggingum | | 90 |
| Klæðistreyja lögð | | 68 |
| Raskniðurhlutur með rokkverki | | 48 |
| Hempa slitin | | 48 |
| Silkiklútur | 1 | |
| Léreftsklútur með rauðum bekkjum | | 72 |
| Annar dito með bláum teinum | | 64 |
| Þriðji dito | | 68 |
| Kragi með hvítu undirborði | | 24 |
| Annar grænn | | 16 |
| Nýtt einskeftupils blátt | 1 | 48 |
| Blár pilsgarmur | | 24 |
| Röndótt svynta | | 32 |
| Blá peysa slitin | | 32 |
| Upphlutur forn | | 10 |
| Blár klútur | | 32 |
| Sokkar og bönd | | 8 |
| Silfurmillur vega 3 lóð 6 fiska | 3 | 48 |
| Silfurpör með látúnskrók og bandi | 3 | 48 |
| Þrír svyntuhnappar 2 lóð 6 fiskar | 3 | |
| Kista læst lítil | 1 | 24 |

| | rbd. | sk. |
|---|---|---|
| Önnur læst hjaralaus | | 90 |
| Kistuskrifli með kengju | | 24 |
| Lítil kista með hjörum og skrá líttnýtri | | 40 |
| 6 fjórðunga pottur | 4 | 48 |
| Strókapottur sprunginn | 1 | 12 |
| Fjórðungspottur mjög brunninn | | 36 |
| 2 tunna sár nýlegur | 1 | 48 |
| Annar gamall vantar gjörð | | 64 |
| Tunnusár matheldur með þremur gjörðum | | 40 |
| Mælirskerhald fornfálegt | | 24 |
| Annað dito | | 24 |
| 3 fjórðunga kerhald gamalt | | 16 |
| Fjórir dallar | | 48 |
| Þrír dito minni | | 20 |
| Fjórar vatnsfötur | | 32 |
| Fjórðungsfata | | 10 |
| Tvær dito litlar | | 10 |
| Troggarmur | | 3 |
| Fjögur trog nýleg | | 40 |
| Fjögur dito fyrnri | | 24 |
| Strokkur gamall | | 7 |
| Sjö askar | | 24 |
| Tvennir kambagarmar | | 14 |
| Togkambar | | 12 |
| Spunarokkur | | 64 |
| Reisla slæm | | 12 |
| Páll | | 24 |
| Þrjár rekur vantar var fyrir eina | | 24 |
| Langviðarsagargarmur | | 10 |
| Skaröxi | | 16 |
| Handöxi | | 16 |
| Tveir sagarstúfar | | 4 |
| Nafar | | 2 |

| | rbd. | sk. |
|---|---|---|
| Tveir heflar litlir | | 6 |
| Belggarmur | | 10 |
| Steðjamynd lítil | | 32 |
| Tveir hamrar litlir | | 16 |
| Þrjú orf | | 9 |
| Fimm hrífur | | 15 |
| Þrjár klárur | | 6 |
| Börur | | 4 |
| Einir kláfar | | 16 |
| Átta meisar | | 36 |
| Heyjárn | | 12 |
| Járnlampi | | 32 |
| Annar dito garmur | | 6 |
| Karlmannsreiðskapur með tilheyrandi | 2 | 48 |
| Kvenþófi | | 72 |
| Ólarbeisli | | 80 |
| Kvenístöð | | 12 |
| Tvær þófagjarðir með koparhringjum | | 24 |
| Þrjú bandbeisli | | 24 |
| Gjörð með tveimur járnhringjum | | 8 |
| Tvenn ólarreipi | | 48 |
| Bandreipi á sex hesta | 1 | |
| Þrír klyfberar með böndum | | 48 |
| Þrír ljáir | | 72 |
| Tvö brýni | | 4 |
| Hvít kýr 9 vetra hafnast ekki | 6 | |
| Önnur 14 vetra óvíst hvort með fangi | 5 | |
| Tarfkálfur | 2 | 48 |
| Þrír gemlingar | 3 | |
| Rauður færleikur 12 vetra | 5 | |
| Brúnn dito um tvítugt | 3 | |
| Jarpskjóttur hestur gamall | 4 | |
| Folald | 1 | |

| | rbd. | sk. |
|---|---|---|
| Vættarkista með ónýtum lömum og skráarkorni | 64 | |
| Stervbúsins massa | 87 | 84 |

Skuldir á stervbúinu

| | | |
|---|---|---|
| Til ekkjumannsins morgungjöf | 12 | |
| Eftirstandandi af landskuld 20 fiskar óframfærðir | 1 | |
| Til herra prófasts Hjalta Jónssonar fyrir útlagt þinggjald 12 fiskar | | 27 |
| Til Reykjarfjarðar kauphöndlunar fyrir ½ tunnu af skemmdu korni | 15 | |
| Til virðingarmanns Jóns Jónssonar fyrir uppskrift og virðingu | | 48 |
| Til constitueraðs sýslumanns Jóns Jónssonar: | | |
| Skipta- og skrifaralaun með sportelforhöjelse | 1 | |
| Skiptabréf og forsigling | 1 | |
| Er | 30 | 75 |

Úthlutun í skuldir fylgir og lóðseðlar. Eftir stóðu 57 rd. 12 sk. Jón fékk helminginn eða 28 rd. 54 sk. og hver sonanna 9 rd. 50 sk. Jón Jónsson sýslumaður skrifar undir á Melum við Hrútafjörð 28. maí 1819.

## *Loftur Jóhannsson*

Loftur fæddist árið 1747. Foreldrar hans voru séra Jóhann Þórólfsson (1699–1771) og Kristín Jónsdóttir (1705–1748) í Gufudal og síðar Garpsdal í Barðastrandarsýslu. Eiginkona hans var Guðný Eyjólfsdóttir (1726–1811) og börn þeirra Guðrún (1770–1814) og Jón (1772–1814). Árin 1789–1803 bjuggu þau á Kambi í Trékyllisvík og var Loftur hreppstjóri, en síðan á ýmsum bæjum í Árneshreppi. Árið 1816 var hann húsmaður á Krossnesi. Þar lést hann 28. júní 1819 úr „aldurdómsveikleika“ og var jarðaður 4. júlí. Dánarbúið var skráð 9. júlí og skipti fóru fram 28. febrúar 1820. Athygli vekja hákarlsafurðir sem eru tilgreindar nokkuð nákvæmlega.[5]

Anno 1819 þann 9. júlí innfann sig hreppstjórinn Gísli Sigurðarson að Krossnesi til að uppskrifa og virða eftirlátna fémuni Lofts Jóhannssonar sem deyði þann 28. fyrra mánaðar. Sem virðingarmaður var þar nálægur Guðmundur Guðmundsson.

| | Reedesölv | |
|---|---|---|
| | rbd. | sk. |
| Biblía ný prentuð í Kaupmannahöfn 1813 | 1 | |
| Messusöngsbók, Leirárgörðum 1801 rotin | | 24 |
| Kristilegra trúarbragða höfuðlærdómar, 1. og 2. partur, rotin af spjöldum | | 48 |
| Biblíukjarni, Hólum 1744 | | 20 |
| Dönsk bæna- og lestrabók rotið framanaf | | 2 |
| Nýr kistill með skúffum | | 10 |
| Vinagleði | | 10 |
| Sjónarspegill | | 3 |
| Gamall lítill kistill skorinn | | 6 |
| Fjórar arkir pappír | | 4 |
| Talnalistin | | 4 |
| Lítill kistill með tveimur handröðum og lausu loki | | 2 |
| Matspónn | | 4 |
| Lítið smáversa- og bænasafn skrifað | | 2 |
| Tóbaksponta | | 4 |
| Kistill með einum handraða og einu loki lausu | | 2 |
| Ný skinnhúfa | | 24 |
| Blátt vesti af damaski med hnöppum | | 48 |
| Kollótt húfa | | 4 |
| Ein dito forn | | 2 |
| Einhnepptur bolur forn | | 16 |
| Peysa blá forn | | 20 |
| Tvíhnepptur bolur | | 32 |
| Hvít peysa ný með tölum | | 40 |
| Nýjar langbuxur bláar | | 64 |
| Hvítar nærbuxur | | 16 |
| Röndóttir buxnagarmar | | 12 |
| Skyrta | | 20 |

| | rbd. | sk. |
|---|---|---|
| Hvítar langbuxur úr lérefti | | 32 |
| Nærbuxnagarmar | | 2 |
| Mórauður peysugarmur | | 8 |
| Skinnhúfugarmur | | 8 |
| Þrennir smokkar | | 12 |
| Nýlegir bandsokkar með röndum | | 12 |
| Blár dropaléreftsklútur | | 32 |
| Axlabönd | | 12 |
| Hvítir bandvettlingar | | 4 |
| Handvettlingar | | 2 |
| Íleppar | | 2 |
| Sokkabönd | | 8 |
| Handvettlingar ennú | | 2 |
| Mórauðir garmasokkar | | 2 |
| Nærsokkar | | 8 |
| Nýjar stuðlaprjónslangbuxur | | 64 |
| Tvennar nærbuxur nýjar | | 48 |
| Barkaðar langbuxur nýjar | | 48 |
| Skyrta ný | | 32 |
| Blá klæðistreyja með raskfóðri forn og bætt | | 32 |
| Blá kersutreyja með hvítu fóðri | | 64 |
| Fjögur pör hvítir bandvettlingar nýlegir | | 24 |
| Þrjú pör hvítir bandsokkar nýlegir | | 36 |
| Bláir sokkar nýlegir | | 16 |
| Floshúfa | | 16 |
| Ennú hvítir bandsokkar | | 12 |
| Bláir háleistar | | 4 |
| Svartir bandvettlingar | | 4 |
| Tólf pör nýir íleppar | | 24 |
| Röndótt axlabönd | | 8 |
| Svartröndóttir handvettlingar vænir | | 6 |
| Tíglasokkabönd | | 10 |
| Sparihattur | 2 | |

| | rbd. | sk. |
|---|---|---|
| 23 pör nýir rauð- og bláröndóttir handvettlingar | 1 | 42 |
| Blár reiðtrefill | | 4 |
| Kista með skrá og lömum | 1 | |
| Skrína með skrá og lömum | | 32 |
| Tvær skrínur dálitlar | | 4 |
| Lítið koffortsskrifli | | 4 |
| Beltispör af kopar | | 4 |
| Pallkistill með lausu lokskrifli | | 6 |
| Skinnsæng bætt vegur 28 pund | 2 | |
| Önnur dito vegur 18 pund | 1 | 32 |
| Koddi með einskeftuveri | | 32 |
| Annar dito með dún | | 20 |
| Skinnkoddi lítill | | 12 |
| Forn rekkjuvoð | | 32 |
| Fornt brekán | | 24 |
| Smokkskjóða | | 4 |
| Þrjú elt lambskinn | | 12 |
| Tvær pottflöskur | | 8 |
| Tvær minni flöskur, riðið um með tágum | | 2 |
| Blá pelaflaska | | 12 |
| Tóbakspípa | | 2 |
| Kista læst með lömum | | 64 |
| Lítil skrína með hespu og lömum | | 10 |
| Öskjur stórar | | 4 |
| Tvær rúmfjalir litlar | | 4 |
| Blekglas | | 2 |
| Blekbrúsi | | 2 |
| Koparhringjur | | 4 |
| 8 pund hvít ull á 24 sk. | 2 | |
| 2 pund dito mislit á 20 sk. | | 40 |
| Tvær ær með lömbum á 3 rd. | 6 | |
| Tunnusár gamall | | 24 |
| Koparsignet | | 4 |

| | rbd. | sk. |
|---|---|---|
| Silfursignet | | 48 |
| Í silfurpeningum | | 68 |
| 2½ vætt af hákalli | 5 | |
| 2½ fjórðungur af skráp | 1 | 24 |
| Lítið af hákallsruðum | | 72 |
| 92 pottar hákallslýsis | 23 | |
| Stervbúsins massa | 62 | 63 |

Gísli Sigurðsson hreppstjóri    Guðmundur Guðmundsson

Skuldir á búinu

| | | |
|---|---|---|
| Til Reykjarfjarðar kauphöndlunar var stervbússkuldin hvar uppí monsieur Jón á Krossnesi hefur útlagt af sínu 4 rd. 57 sk. | 32 | 16 |
| Til monsieur Jóns á Krossnesi (auk þeirra til höndlunarinnar borguðu 4 rd. 57 sk.) fyrir skyrtu af lérefti með viðbót í hjúp 3 rd. 48 sk., líkkistu 1 rd. 24 sk., sex líkmannskaup 1 rd. 48 sk., einn tunnusár 1 rd. 24 sk., tveir skápar 1 rd., 5 pund smjörs 60 sk., til prestsins 13 sk., fyrirhöfn á lifrarbræðslu og flutning á lýsinu inn í kaupstað 1 rd., mat til líkmannanna 48 sk. | 10 | 73 |
| Til hreppstjóra signor Gísla Sigurðssonar á Kaldbak: Í peningum 24 sk., registrations- og virðingarlaun 48 sk. | | 72 |
| Til virðingarmanns Guðmundar Guðmundssonar | | 24 |
| Til dánarbús Halldórs heitins í Bæ, lambsverð og smjörtafla | 1 | |
| Til skiptaréttarins: Skipta-, skrifara- og skuldaútlagslaun 60 sk., lóð- og skuldaútlagsseðlar 1 rd. 48 sk. | 2 | 12 |
| Eru | 47 | 5 |

Verslunin fékk lýsi, vettlinga og ull, en Jón á Krossnesi kindur, fatnað, bækur og fleira. Erfingjar voru Þórólfur bróðir Lofts og bróðurdóttir þeirra Guðrún Jóhannsdóttir, sem fengu 4 rd. 64 sk. hvort, en systrabörn hans Magnús Sigurðsson, Guðrún Sigurðardóttir og Þóra Guðbrandsdóttir fengu 2 rd. 32 sk. á mann. Lóðseðlar fylgja og undir skrifar Jón Jónsson sýslumaður á Melum 28. febrúar 1820.

*Helga Magnúsdóttir*

Helga fæddist í Hrútatungu í Hrútafirði árið 1734 og eru foreldrar hennar óþekktir. Í nóvember 1784 var hún vinnukona á Melum í Hrútafirði: „lesandi, meinhæg, fákunnandi“. Árið 1801 var hún ómagi á Borðeyri: „blind og underholdes af medlidenhed“. Hún var niðursetningur á Óspaksstöðum árið 1816 og lést 26. október 1820 sem sveitarómagi á Fjarðarhorni: „deyði af aldurdómshrumleika, hafði aldrei gifst né átt barn“. Eignir hennar voru seldar á uppboði fjórum dögum síðar. Hér eru matsverð og uppboðsverð tilgreind en ekki kaupendur, sem voru bændur í næsta nágrenni. Fyrirsögninni „Söluverð“ er aukið við.[6]

Anno 1820 þann 30. október voru við opinbera áður kunngjörða auction burtseldar til hæstbjóðenda, að Fögrubrekku við Hrútafjörð, eftirlátnar flíkur sveitarómagans Helgu Magnúsdóttur sem deyði þann 27. sama mánaðar.

| | **Virðing Courant** | | **Söluverð Courant** | |
|---|---|---|---|---|
| | **rbd.** | **sk.** | **rbd.** | **sk.** |
| Brekán | | 24 | | 59 |
| Skyrta | | 8 | | 25 |
| Hvítt nærpils garmur | | 8 | | 26 |
| Grænn pilsgarmur | | 6 | | 24 |
| Skyrtugarmur | | 4 | | 11 |
| Svyntugarmur | | 2 | | 4 |
| Sjálfskeiðingur | | 4 | | 9 |
| Summa | | 56 | 1 | 62 |

Ut supra
Jón Jónsson

## TILVÍSANIR

1 *Manntal á Íslandi 1801. Vesturamt*, bls. 366; ÞÍ. Kirknasafn. Tröllatunga og Fell BA 3. Prestsþjónustubók 1785–1816, bls. 38, 74, 116; Sýsluskjalasafn. Strand. ED1/1, 3. Skiptabók 1805–1821, bl. 33v–34r; *Manntal á Íslandi 1816*, bls. 745–746; Jón Guðnason, *Strandamenn*, bls. 181–182.

2 *Manntal á Íslandi 1801. Vesturamt*, bls. 360; ÞÍ. Kirknasafn. Árnes í Trékyllisvík BA 1. Prestsþjónustubók 1764–1816, bls. 136; Sýsluskjalasafn. Strand. ED1/1, 3. Skiptabók 1805–1821, bl. 35v–36v; Jón Guðnason, *Strandamenn*, bls. 438.

3 *Manntal á Íslandi árið 1801. Vesturamt*, bls. 375, 386–387; ÞÍ. Kirknasafn. Prestsbakki BC 1. Sóknarmannatal 1780–1817, bls. 178, 190, 204, 216, 222, 238, 256; Sýsluskjalasafn. Strand. ED1/1, 3. Skiptabók 1805–1821, bl. 37v–38v; Jón Guðnason, *Strandamenn*, bls. 166.

4 Jón Guðnason, *Strandamenn*, bls. 327–328, 460; ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Strand. ED1/1, 3. Skiptabók 1805–1821, bl. 65v–66v.

5 *Manntal á Íslandi 1801. Vesturamt*, bls. 360; *Manntal á Íslandi 1816*, bls. 739; ÞÍ. Kirknasafn. Árnes í Trékyllisvík BA 2. Prestsþjónustubók 1817–1828, bls. 72; Sýsluskjalasafn. Strand. ED1/1, 3. Skiptabók 1805–1821, bl. 74v–76r; Jón Guðnason, Strandamenn, bls. 448. Um hákarla, sjá grein mína „Hákarlaveiðar í Strandasýslu á öðrum fjórðungi 19. aldar", bls. 99–117.

6 *Manntal á Íslandi 1801. Vesturamt*, bls. 382; *Manntal á Íslandi 1816*, bls. 753; ÞÍ. Kirknasafn. Staður í Hrútafirði BC 1. Sóknarmannatal 1784–1812, bls. 6; Staður í Hrútafirði BA 3. Prestsþjónustubók 1816–1864, bls. 179; Sýsluskjalasafn. Strand. EC1/1, 1. Uppboðsbók 1808–1839, bls. 22.

# Gullbringu- og Kjósarsýsla

*1818–1820*

## *Björg Sturlaugsdóttir*

Björg fæddist árið í Sviðugörðum í Flóa árið 1747 og eru foreldrar hennar óþekktir. Systir hennar Gróa var sjö árum yngri. Árið 1801 var Ólöf ekkja og „tomthuskvinde af fiskerie“ í Grænuborg í Útskálasókn og 18 ára sonur hennar hjá henni, Ólafur Sveinbjarnarson. Hugsanlega hafði hún verið gift Sveinbirni Ólafssyni (f. 1751) sem árið 1793 eignaðist dóttur með Oddnýju Vigfúsdóttur (f. 1772), sagður kvæntur maður í Ísólfsskála við Grindavík. Ólöf lést í Stóraholmshjáleigu 28. júní 1818 „úr ellilasleik“, eftir því sem fram kemur í prestsþjónustubók, þá húskona í Bjargarkoti í Leiru, og spurt er: „ekkja?“ Eignir hennar voru skráðar og seldar 6. nóvember 1818, en skipti fóru fram í Reykjavík 6. desember 1819. Hér er uppboðsverði haldið til samanburðar við matsverð, en kaupendum sleppt sem voru karlar í næsta nágrenni. Bréf hreppstjóra til sýslumanns fylgir.[1]

Til sýslumanns herra Ólafs Finsen

Hér innleggst listi yfir uppskrift og auction á eftirlátnum fjármunum Bjargar sálugu Sturligsdóttur á Bjargarkoti í Leiru, er átti sveit á Bæjarhrepp í Árnessýslu, en við vitum ei hvörja erfingja hún átti, nema eina systur Gróu Sturligsdóttur á Stað í Grindavík. Við þennan lista er athugandi að til skuldar eru þar óanfærð virðingar- og auctionslaun, er við biðjum auðmjúklegast herra sýslumanninn sjálfan að ákveða okkur til handa.

Flankastöðum dag 29. nóvember 1818
Matthías Árnason
Ásgrímur Símonsson

Registrations og auctions listi yfir eftirlátna fjármuni Bjargar sálugu Sturlaugsdóttur er deyði þann 28. júní 1818 66 ára gömul að Stóraholmshjáleigu í Leiru.

| | Virðingarpris rbd. | sk. | Auctionspris rbd. | sk. |
|---|---|---|---|---|
| 1. Hempa sortuð forn | | 40 | | 64 |
| 2. Tveir klútar annar gamall | 1 | 24 | 2 | 26 |
| 3. Blátt klæðisfat gamalt | 3 | | 4 | 4 |
| 4. Nærfat gamalt svart | | 16 | 1 | 36 |
| 5. Pilsgarmur bættur | | 8 | | 20 |
| 6. Tvær skyrtur gamlar og ein húfa | | 40 | 1 | 36 |
| 7. Kvenhetta og styttuband | | 12 | | 19 |
| 8. Sokkar nýlegir | | 8 | | 52 |
| 9. Dito gamlir bláir, dito rauðir | | 12 | | 74 |
| 10. Upphlutur gamall | | 4 | | 6 |
| 11. Blá peysa bætt og einir vettlingar | | 8 | | 56 |
| 12. Einn kvenkragi, einn koddi gamall, annar dito minni | 1 | | 2 | 56 |
| 13. Gerhardi hugvekjur og Hugvekjusálmar | | 24 | 1 | 64 |
| 14. Skrína með lömum | | 32 | | 76 |
| 15. Járnlampi | | 24 | | 52 |
| 16. Kerhald, askur, fata, leirdiskur | | 24 | | 76 |
| 17. Tvenn skæri, eitt nálhús með tveimur nálum | | 4 | | 8 |
| 18. Tóbaksjárn og gleraugu | | 4 | | 18 |
| 19. Brekánstuska og rekkvoðargarmur | | 24 | | 76 |
| 20. Svuntugarmur | | 2 | | 10 |
| 21. Næturgagn og pottatuska | | 2 | | 2 |
| 22. Húskofi | 5 | | 10 | |
| Summa | 13 | 24 | 29 | 57 |

Skuldir á ofanskrifuðum fjármunum eru

| | rbd. | sk. |
|---|---|---|
| Til prests og kirkju | 1 | 66 |
| Líkkista | 10 | |
| Til líkmanna | 2 | 48 |

| | rbd. | sk. |
|---|---|---|
| Eftir kofann og tún sem fylgdi í þrjú ár | 10 | |
| Til monsieur Sveins Jónssonar á Gerðum | 2 | 64 |
| Summa | 26 | 82 |

Flankastöðum dag 6. nóvember 1818
Matthías Árnason
Ásgrímur Símonsson

Við skiptin fengu hreppstjórar 1 rd. saman og annar skiptakostnaður nam 31 sk., svo að arfurinn var 1 rd. 40 sk., sem Gróa fékk. Ólafur sonur Bjargar er ekki nefndur og hefur verið látinn.

### *Guðrún Sveinsdóttir*

Guðrún fæddist árið 1764 og eru foreldrar hennar óþekktir. Hún var vinnukona í Viðey hjá Ólafi Stephensen stiftamtmanni árið 1798 og eignaðist 1. ágúst 1799 andvana dóttur með Styr Péturssyni (1774–1826) frá Heggstöðum í Andakíl. Guðrún var vinnukona á Kleppi þegar hún lést úr gulu og brjóstveiki 12. september 1818. Húsbóndi hennar, Magnús Stephensen yfirdómari í Viðey, skrifaði sýslumanni daginn eftir. Dánarbúið var skrifað upp 21. september og þar er andlátsdagurinn rangur. Eignir Guðrúnar voru seldar á uppboði á Kleppi 21. október og skipti fóru fram í Reykjavík 16. desember.[2]

Til herra sýslumanns Halldórs Thorgrimsens
Að vinnukona mín á Kleppi Guðrún Sveinsdóttir sé í gærkvöldi af brjóstveiki sáluð, undanfelli ég ekki hérmeð eftir lagafyrirmælum að tilkynna herra sýslumanninum, og þarhjá, að enn þótt allt hvað hún eftir sig lætur séu litlar og fánýtar flíkur, er hvörgi nærri hrökkva til útfararkostnaðar, enn síður læknislauna og apothekarareikninga borgunar, því landphysicus lét ég til hennar sækja og þau meðöl útvega henni er hann fyrirskrifaði, óska ég samt að þessar flíkur mætti til afdrags þeim skuldum verða, sem fyrst, að yðar tilstilli uppteiknaðar og realiseraðar.

Viðeyjarklaustri 13. september 1818
Magnús Stephensen

Uppskrift á fjármunum Guðrúnar Sveinsdóttur sem dó að Kleppi í Seltjarnarnesshrepp þann 6. september 1818.

| Nr. | | rd. | sk. |
|---|---|---|---|
| 1. | Svart vaðmálsfat með upphlut af sama og tinmilnum, gamalt og slitið, er virt fyrir | 1 | |
| 2. | Nýtt hvítt kersaynærfat | 2 | |
| 3. | Ditto prjónanærfat og tveir upphlutagarmar | | 32 |
| 4. | Grátt hnjáskjól hálfslitið | | 24 |
| 5. | Blá prjónapeysa gatslitin og ditto garmur | | 32 |
| 6. | Grá ditto ný | 2 | 16 |
| 7. | Bláröndótt dúksvinta nokkuð slitin | 1 | |
| 8. | Hvítur skyrtugarmur | | 20 |
| 9. | Blá kersaysvinta fjórlögð með grænum þráðarknipplingum hálfslitin | 2 | |
| 10. | Þrjú pör sokka, einir bláir, aðrir svartir neðan, þriðju mosaðir | 1 | |
| 11. | Tvær húfur bláar, önnur með grænum silkiskúf | | 80 |
| 12. | Tvö pör kvenvettlinga, hvítir og svartir | | 16 |
| 13. | Léreftsklútur nýr með rauðum teinum | 3 | |
| 14. | Ditto rauðröndóttur, nokkuð slitinn | 2 | 64 |
| 15. | Ditto bláröndóttur, nokkuð brúkaður | 1 | 32 |
| 16. | Hálssilkisslæða gulröndótt | | 8 |
| 17. | Flosbelti með printsmetalspörum | | 32 |
| 18. | Pallkistill með skrá, lykli og lömum, lítilfjörligur, og rusli í | | 64 |
| 19. | Dálítil skrína, þó læst | | 48 |
| | Summa | 19 | 84 |

Kleppi þann 21. september 1818
Magnús Magnússon
Sem virðingarmenn undirskrifa
Sveinn Ólafsson
Eysteinn Jónsson

Á uppboðinu seldist fyrir 19 rd. 68 sk. og kostnaður nam 1 rd. 88 sk. Oddur Hjaltalín landlæknir vildi fá 2 rd. 24 sk. fyrir tvær ferðir að Kleppi og forskriftir, en Guðbrandur Vigfússon lyfsali í Nesi sendi reikninga upp á 5 rd. 78 sk., fyrir pillur og dropa 31. ágúst en brjóstsaft og pulver 10. september. Magnús Stephensen lagði út fyrir jarðarförinni og gerði reikning 20. október: líkkista úr fjórum borðum kostaði 5 rd. 32 sk., smíði og saumur 1 rd., legkaup 54 sk. og greiðsla til prestsins 1 rd. eða samanlagt 7 rd. 86 sk. silfurs. Við skiptin var útfararkostnaður tvöfaldaður upp í ríkisbankapeninga eða 15 rbd. 76 sk., en aðrar upphæðir voru á þeim forsendum fyrir. Eignir Guðrúnar hrukku ekki til og fékk apótekarinn 54 sk. en landlæknir ekki neitt.

## *Þóra Jónsdóttir, Sigríður Ketilsdóttir og Gunnhildur Jónsdóttir*

Þóra fæddist árið 1765. Foreldrar hennar voru Jón Gíslason (f. 1730) og Vigdís Ingvarsdóttir (1737–1793) á Æsustöðum í Mosfellssókn. Hún var þriðja eiginkona Símonar Egilssonar (1741–1804) og bjuggu þau árið 1801 í Laxnesi. Sigríður fæddist árið 1794. Foreldrar hennar voru Ketill Bjarnason (1767–1820) og Soffía Þorkelsdóttir (1768–1839) sem árið 1801 bjuggu á Reynisvatni í Gufunessókn. Ekki er vitað hvenær Sigríður og Þóra létust. Gunnhildur fæddist á Brjámsstöðum á Skeiðum í Árnessýslu árið 1743 og eru foreldrar hennar óþekktir. Hún var önnur eiginkona Sigurðar Filippussonar (1735–1804). Árin 1777–1784 bjuggu þau á Álfsstöðum á Skeiðum, en árið 1795 í Varmadal í Mosfellssókn og sex árum síðar voru þau í húsmennsku án jarðnæðis á Lágafelli. Börn þeirra voru Erlendur (1787–1832), Bergþór (1790–1858) og Sigurður (1792–1867). Árið 1816 var Gunnhildur niðursetningur á Álfsstöðum, en hefur skömmu síðar verið flutt að Blikastöðum og þar lést hún aðfaranótt 9. september 1818, eftir því sem segir í tilkynningu hreppstjóra til sýslumanns. Dánarbú þessara þriggja kvenna eru í einu skjali sem virðist vera gert 26. september 1818. Eignirnar voru seldar

á uppboði, sem ekki er dagsett, og hreppstjóri sendi sýslumanni skjalið 10. nóvember ásamt reikningi fyrir útfararkostnaði, sem fylgir hér. Uppboðsverði er aukið við í öðrum dálki en kaupendum sleppt. Summum er bætt við þar sem þær vantar.[3]

Eftirlátnir fjármunir sveitarómagans Þóru Jónsdóttur uppskrifaðir og virtir fyrirfundust sem fylgir.

| | **Virðingarprís** | | **Sölupris** | |
|---|---|---|---|---|
| **No.** | **rbd.** | **sk.** | **rbd.** | **sk.** |
| 1. Kersufat grænt | 4 | | 7 | 36 |
| 2. Blátt vaðmálsfat | | 80 | 2 | 56 |
| 3. Vaðmálshempa með rokkverki | | 80 | | 67 |
| 4. Ditto vaðmáls | | 80 | | 72 |
| 5. Tvær skyrtur | | 24 | | 40 |
| 6. Upphlutur með tinmilnum | | 16 | | 56 |
| 7. Svört peysa | | 16 | | 34 |
| 8. Blá svunta | | 16 | | 34 |
| 9. Svart nærfat og blá peysa | | 16 | | 64 |
| 10. Tvær húfur bláar | | 10 | | 12 |
| 11. Tvennir sokkar | | 24 | 1 | 20 |
| 12. Brekán | | 8 | | 40 |
| 13. Bláröndóttur klútur | | 48 | 1 | 48 |
| 14. Kragi með löfum | | 64 | | 62 |
| 15. Mállindi og vettlingar | | 16 | | 26 |
| 16. Öskjur og trafakefli | | 24 | | 26 |
| 17. Kista læst | | 48 | 4 | |
| 18. Askur | | 8 | | 10 |
| Summa | 10 | 2 | 22 | 31 |

Hér að auki eftir Sigríði Ketilsdóttur.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. Sortuð vaðmálshempa | | 64 | 1 | 28 |
| 2. Upphlutsfat | | 24 | | 76 |
| 3. Tvær svuntur | | 16 | | 26 |
| 4. Svört peysa | | 8 | | 26 |
| 5. Tvær skyrtur | | 16 | | 20 |

| | rbd. | sk. | rbd. | sk. |
|---|---|---|---|---|
| 6. Upphlutur og peysugarmur | | 20 | | 24 |
| 7. Sokkar og húfa | | 8 | | 18 |
| 8. Kragi, klútur og trefill | | 16 | | 40 |
| Summa | 1 | 76 | 3 | 66 |

Suður-Reykjum þann 26. september 1818
Vigfús Halldórsson
Guðmundur Jónsson

Eftirlátnir fjármunir sveitarómagans Gunnhildar Jónsdóttir virtir og uppskrifaðir fyrirfundust sem fylgir.

| | **Virðingarprís** | | **Söluprís** | |
|---|---|---|---|---|
| **Nr.** | **rbd.** | **sk.** | **rbd.** | **sk.** |
| 1. Stór koddi röndóttur | 1 | 80 | 6 | 6 |
| 2. Vaðmálshempa | | 32 | | 68 |
| 3. Rautt klæðisfat | 3 | | 7 | |
| 4. Blá klæðissvunta | | 48 | 2 | 32 |
| 5. Treyja gömul | | 48 | | 64 |
| 6. Blátt einskeftufat | | 32 | 1 | 2 |
| 7. Tvær pilsflíkur gamlar | | 32 | | 34 |
| 8. Tvær skyrtur | | 16 | | 64 |
| 9. Brekán, tvær rekkjuvoðir og hempa | | 16 | | 66 |
| 10. Blá peysa, húfa og hvítir sokkar | | 16 | | 46 |
| 11. Léreftsklútur bláleitur | | 48 | 2 | 36 |
| 12. Ditto rauðröndóttur | | 48 | 1 | 50 |
| 13. Öskjur með hálsskyrtu og tveimur treflum | | 24 | 1 | 4 |
| 14. Kistill læstur | | 16 | | 62 |
| Summa | 8 | 72 | 25 | 54 |

Reikningur yfir útfararkostnað ómaganna í Mosfellssveit, Þóru Jónsdóttur, Sigríðar Ketilsdóttur og Gunnhildar Jónsdóttur.

| | rbd. | sk. |
|---|---|---|
| 1. Líkkista til Þóru Jónsdóttur | 15 | 48 |
| Ditto líksöngseyrir | | 72 |

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Ditto legkaup | | 48 |
| Matur til líkmanna | 1 | 32 |
| 2. Líkkista til Sigríðar Ketilsdóttur | 14 | 24 |
| Líksöngeyrir og legkaup hefur ekki stað. | | |
| Matur til líkmanna | 2 | |
| 3. Líkkista Gunnhildar Jónsdóttur | 17 | 48 |
| Ditto líksöngseyrir | | 72 |
| Ditto legkaup | 1 | 48 |
| Matur til líkmanna | 2 | |
| Summa | 57 | 8 |

Vigfús Halldórsson

*Arnfríður Hermannsdóttir*

Arnfríður fæddist árið 1760 og eru foreldrar hennar óþekktir. Árið 1790 eignaðist hún dótturina Vigdísi með annars óþekktum Sigurði og árið 1801 voru þær báðar í Seli í Reykjavíkursókn ásamt eiginmanni Arnfríðar, Þorsteini Bjarnasyni (1774–1814), sem var skilgreindur sem „inderste af fiskerie og dagleje om sommeren". Vigdís lést í Reykjavík 16. maí 1808 og Þorsteinn 24. apríl 1814. Tveimur árum síðar var Arnfríður tökukerling á Hafurbjarnarstöðum í Útskálasókn, sögð fædd á Vatnsskarði í Skagafirði. Hún lést 23. júní 1819 „úr langvarandi holdsveiki", sögð niðursetningur á Fuglavík. Dánarbúið var skráð 1. júlí.[4]

Hér með læt ég yður vita að Guð hefur fyrir tímanlegan dauða burttekið nú fyrir rúmri viku Arnfríði Hermannsdóttir þá sem við höfum áður talað um, en hennar eftirlátnu vesölu fjármunir eru að tölu og virðingu sem fylgir:

| | rbd. | sk. |
|---|---|---|
| 1. Gömul hempa léleg | | 48 |
| 2. Grænt fat líttnýt | | 10 |
| 3. Ditto ónýtt varla | | 2 |
| 4. Nærfat garmur | | 8 |

| | rbd. | sk. |
|---|---|---|
| 5. Skyrta í líku standi | | 12 |
| 6. Brekán lítt nýtt | | 8 |
| 7. Rekkjuvoð | | 6 |
| 8. Koddi lítill en þó fúinn | | 16 |
| 9. Svuntugarmur | | 8 |
| 10. Sokkar gamlir | | 4 |
| 11. Gömul kista lamalaus | | 64 |
| Summa | 1 | 90 |

| | | |
|---|---|---|
| Útfararkostnaður frá mér sem er í kistuna | 4 | |
| en kistusmíði og líkmanna fyrirhöfn | 2 | 72 |

En að greind föt voru so léleg er af því að nefnd Arnfríður sáluga hafði þau í kringum sig og fúnuðu þau so af hennar þungu veikindum.

Kirkjubóli dag 1. júlí 1819
Hannes Eyjólfsson

P.S. En legkaup og líksöngseyrir veit ég ei hvört reikna á við útför so fátækrar manneskju.

### *Arndís Nikulásdóttir*

Arndís fæddist árið 1741. Foreldrar hennar voru Nikulás Vernharðsson (1709–1760) og Solveig Jónsdóttir (1708–1801) í Eyrarútkoti í Kjós. Eiginmaður hennar var Tómas Jónsson (f. 1742) og bjuggu þau árið 1801 á Sjávarhólum á Kjalarnesi ásamt 16 ára syni sínum Jóni. Ekkert þeirra finnst í manntali 1816. Arndís lést 9. ágúst 1820 úr ellilasleika, ekkja og niðursetningur á Vallá. Eignir hennar voru seldar á uppboði 21. október. Kaupendum er sleppt og summu bætt við.[5]

Sterfbú Arndísar heitinnar Nikulásdóttur, selt við auction á Esjubergi 21. október 1820.

| | rd. | sk. |
|---|---|---|
| Græn klæðisföt | 3 | 48 |
| Blátt einskeftufat | 2 | 39 |
| Treyja forn | | 16 |
| Hempa með saum | 1 | 7 |
| Dito forn | | 36 |
| Peysa blá | | 50 |
| Bláröndóttur klútur | | 50 |
| Bláleitur klútur | | 61 |
| Hálsskyrta með tveimur treflum | | 32 |
| Tveir kragar | | 7 |
| Styttuband og vettlingar | | 16 |
| Belti | | 28 |
| Blátt vaðmálsfat | 1 | 80 |
| Nærfatsgarmur | | 28 |
| Tveir skyrtugarmar | | 25 |
| Treyjugarmur með peysumynd | | 6 |
| Sængurgarmur | | 65 |
| Koddagarmur | | 36 |
| Brekán | 1 | 52 |
| Rekkvoð brúkanleg | 1 | 48 |
| Dito garmur | | 88 |
| Blá húfa | | 12 |
| Tvennir sokkar | | 40 |
| Þófagarmur | | 11 |
| Þófól og gjörð | | 33 |
| Kistill | | 50 |
| Þrjár öskjur | | 34 |
| Sessugarmur | | 21 |
| Lár | | 11 |
| Kista skrálæst | 2 | 4 |
| Summa | 21 | 74 |

### *Elísabet Jónsdóttir*

Elísabet fæddist árið 1786 og eru foreldrar hennar óþekktir. Hún var tökubarn í Hlaðgerðarkoti í Mosfellsdal árið 1795 og sex árum síðar hjá föðurbróður sínum Einari Jónssyni (f. 1746) sem bjó ókvæntur í Amsterdam. Þann 7. september 1810 eignaðist hún í Leirvogstungu dótturina Arndísi (1810–1841) með Magnúsi Magnússyni (1787–1856) vinnumanni. Elísabet var vinnukona í Viðey árið 1816, en Arndís tveimur árum síðar hjá föður sínum í Stóru-Vogum í Kálfatjarnarsókn, þar sem hann var í vist. Elísabet lést 28. janúar 1820 „af gigt eftir eins árs legu", samkvæmt prestsþjónustubók, og lét húsbóndi hennar Magnús Stephensen sýslumann vita í bréfi daginn eftir, sem fylgir.[6]

Til herra sýslumanns Ólafs Finsens
Að á næstliðinni nóttu sé fyrrmeir vinnukona hér á bæ, Elísabet Jónsdóttir, eftir næstum eins heils árs þyngstu sóttarkröm, burtsáluð, og að hún ei eftirskilur annað en lélegan íverufatnað sinn, sem ei nær til betalings hennar útfararkostnaðar og þjónustu í hennar löngu, vandræðafullu, kararlegu, auk heldur þess til hennar lækningar tilraunar útlagða, undanfelli ég ekki hérmeð að gefa yðar veleðlaheitum strax til kynna, óskandi að vita, hvört aðra ráðstöfun gjörið fyrir eftirlátnum fémunum hennar, en að þeir falli, að því leyti tekna, til afdrags fyrrnefndum kostnaði.

Viðeyjarklaustri þann 28. janúar 1820
Magnús Stephensen

Anno 1820 þann 8. febrúar var hreppstjórinn í Seltjarnarnesshrepp signor Magnús Magnússon til staðar að Viðeyjarklaustri eftir skipun herra sýslumanns Ólafs Finsens til að virða og uppskrifa eftirlátna fjármuni vinnukonu Elísabetar Jónsdóttur er deyði þar þann 28. janúar sama ár, hverjir fyrirfundust sem fylgir:

| Nr. | | rd. | sk. |
|---|---|---|---|
| 1. | Blátt vaðmálsfat með rauðum ullardammasksupphlut | 3 | |
| 2. | Blátt kersufat | 2 | |
| 3. | Blá vaðmálssvunta með grænum knipplingum og silfurhnapp | 1 | 48 |
| 4. | Græn svunta af kersu einlögð með borða | | 48 |

| Nr. | | rd. | sk. |
|---|---|---|---|
| 5. | Svört klæðistreyja með prjónermum | | 64 |
| 6. | Blá prjónpeysa nokkuð slitin | | 48 |
| 7. | Blár upphlutur lagður með knipplingum | | 32 |
| 8. | Röndótt dúksvunta | | 24 |
| 9. | Bláröndóttur léreftsklútur | 1 | |
| 10. | Belti með silfurpörum | 1 | 32 |
| 11. | Blár klútur með ljósbláum teinum | | 32 |
| 12. | Rauðröndóttur silkiklútur | 1 | 48 |
| 13. | Silkidreginn klútur forn | | 48 |
| 14. | Silkidreginn klútur | 1 | 16 |
| 15. | Bláröndóttur léreftsklútur | | 80 |
| 16. | Dökkt rósasilki gamalt | | 16 |
| 17. | Grænt dito dito | | 12 |
| 18. | Hálskragi með knipplingum | | 24 |
| 19. | Hvítt traf mikið slitið | | 48 |
| 20. | Forn vaðmálshempa | | 24 |
| 21. | Rauðröndóttur léreftsklútur | | 16 |
| 22. | Blátt einskeftufat fornt | | 32 |
| 23. | Blátt prjónnærfat slitið | | 24 |
| 24. | Svart dito dito garmur | | 8 |
| 25. | Blá peysa brúkuð | | 48 |
| 26. | Röndótt dúksvunta dito | | 12 |
| 27. | Peysu- og pilsgarmur | | 5 |
| 28. | Skyrta með prjónermum | | 8 |
| 29. | Tvennir sokkar hvítir | | 16 |
| 30. | Tvennir dito bláir slitnir | | 12 |
| 31. | Blá húfa með silkiskúf | | 24 |
| 32. | Blá dito gömul | | 5 |
| 33. | Einskefturekkvoð | | 32 |
| 34. | Vasi með smápjötlum | | 8 |
| 35. | Svuntugarmur og hálsskyrta og trefill | | 5 |
| 36. | Skjóða með smárusli | | 5 |
| 37. | Trafaöskjur, spegill og pappírsdósir | | 5 |

| Nr. | rd. | sk. |
|---|---|---|
| 38. Sálmabók | | 40 |
| 39. Kistuskrifli með lélegri læsingu | | 48 |
| 40. Læstur kistill með smárusli | | 16 |
| 41. Lítil skrína með skrá og lykli | | 24 |
| 42. Ólæstur stokkur með smárusli | | 5 |
| Summa | 20 | 82 |

Við uppskriftina gjörir húsbóndi þessarar framliðnu stúlku svofelldan reikning, að fyrir þennan allra þyngsta kararómaga, sem meiripart vetursins í fyrra var þungur ómagi, þó hún aðeins drægist á ferli allt að páskum en síðan annan dag páska í fyrra legið hefir sem allra þyngsti kararómagi með óvenjulegustu sjúkdómstilfellum, uppá hvörrar léttir hefir stórkostlega kostað verið, en þótt forgefins uppí meira en hálft ár; landphysicus sex sinnum til hennar sóttur verið og honum þar fyrir þóknast, þarhjá tveir kvenmenn henni stöðugt til þjónustu verið nótt og dag í hennar vandræðatilfellum en fjórar jafnaðarlegast til umbúnings, loksins fyrir útfararkostnað hennar og gjöld til prests og kirkju, uppástendur conferenceráð Stephensen að honum betalist að minnsta kosti 100 rbd. courant gildandi, þess vegna að hennar eftirlátnu fémunir eftir framangjörðri virðingu falli án auctionar til betalings hér uppí, svo að það litla endurgjald síns kostnaðar hann í þeim fær ekki rýrist honum til skaða við gagnlausan auctionskostnað. Þó býðst hann til með þessu skilyrði að gjöra hreppstjórann ánægðan fyrir sitt ómak til þessarar uppskriftar í hvörju skyni hann afhendir honum 1 rbd. Þetta svo framfarið sem fyrr segir.

Magnús Magnússon Þorsteinn Ólafsson
Eysteinn Jónsson

# TILVÍSANIR

1 *Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt*, bls. 341; ÞÍ. Kirknasafn. Útskálar í Garði BA 4. Prestsþjónustubók 1816–1849, bls. 174; Sýsluskjalasafn. Gullbr. ED2/13. Dánarbú 1819–1820, örk 2, bl. 18; ED1/1, 2. Skiptabók 1814–1822, bls. 164. Um Sveinbjörn, sjá *Vef.* Íslendingabók.

2 ÞÍ. Kirknasafn. Seltjarnarnesþing BA 7. Prestsþjónustubók 1816–1838, bls. 217; Sýsluskjalasafn. Gullbr. ED2/13. Dánarbú 1819–1820, örk 2, nr. 20; Gullbr. ED1/1, 2. Skiptabók 1814–1822, bls. 74–75. Um barneignina árið 1799, sjá *Vef.* Íslendingabók.

3 *Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt*, bls. 406 (Þóra), 409 (Gunnhildur), 412 (Sigríður); *Manntal á Íslandi 1816*, bls. 321; ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Gullbr. ED2/13. Dánarbú 1819–1820, örk 2, nr. 4. Skráning látinna í prestakallinu árið 1818 er ekki varðveitt, sjá Kirknasafn. Mosfell og Gufunes BA 5. Prestsþjónustubók 1784–1817, bls. 186; Mosfell og Gufunes BA 6. Prestsþjónustubók 1819–1845, bls. 80–81.

4 *Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt*, bls. 386; *Manntal á Íslandi 1816*, bls. 386; ÞÍ. Kirknasafn. Útskálar í Garði BA 4. Prestsþjónustubók 1816–1849, bls. 176; Sýsluskjalasafn. Gullbr. ED2/13. Dánarbú 1819–1820, örk 1, nr. 4. Uppboð á eignum Þorsteins fór fram í Reykjavík 21. maí 1814, sjá Sýsluskjalasafn. Rvk. EC1/2, 2. Uppboðsbók 1813–1823, bls. 38–39, og nam andvirði þess 70 ríkisdölum.

5 *Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt*, bls. 421; ÞÍ. Kirknasafn. Kjalarnesþing BA 2. Prestsþjónustubók 1816–1861, bls. 228; Sýsluskjalasafn. Gullbr. ED2/14. Dánarbú 1821–1822, örk 2, bl. 16r.

6 *Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt*, bls. 407; *Manntal á Íslandi 1816*, bls. 403, 440; ÞÍ. Kirknasafn. Seltjarnarnesþing BA 7. Prestsþjónustubók 1816–1838, bls. 219; Sýsluskjalasafn. Gullbr. ED2/13. Dánarbú 1819–1820, örk 1, nr. 5.

# Myndaskrá


Bls. 30. ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Gullbr. ED1/9, 2. Skiptabók 1717–1726, bl. 1r. Þjóðskjalasafn Íslands.

Bls. 42. ÞÍ. Rentukammer F-41. Reikningar jarðabókarsjóðs 1732–1735, örk 2: Fylgiskjöl með útdráttum úr athugasemdum, nr. 28. Þjóðskjalasafn Íslands.

Bls. 48. ÞÍ. Kirknasafn. Myrká BC 1. Sóknarmannatal 1757–1765: árið 1757. Þjóðskjalasafn Íslands.

Bls. 66. ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Árn. ED1/7, 1. Skiptabók 1743–1746, bl. 11v. Þjóðskjalasafn Íslands.

Bls. 102. ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Skag. ED2/2. Dánarbú 1744–1786, bl. 51v. Þjóðskjalasafn Íslands.

Bls. 120. ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Rang. ED1/1, 2. Skiptabók 1777–1787, bl. 96v. Þjóðskjalasafn Íslands.

Bls. 140. ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Hún. ED2/47. Dánarbú 1748–1782, örk 1, bl. 123r. Þjóðskjalasafn Íslands.

Bls. 198. ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Dal. ED1/3, 4. Skiptabók 1782–1804, bls. 193. Þjóðskjalasafn Íslands.

Bls. 222. ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Gullbr. ED2/1. Dánarbú 1788–1798, örk 1, bl. 229v. Þjóðskjalasafn Íslands.

Bls. 246. ÞÍ. Sýsluskjalasafn. N-Múl. ED1/1. Skiptabók 1774–1809, fremst. Þjóðskjalasafn Íslands.

Bls. 264. ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Snæf. ED2/130. Dánarbú 1785–1812, örk 9, bl. 53r. Þjóðskjalasafn Íslands.

Bls. 304. ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Borg.Mýr. ED3/1, 2. Skiptabók Mýrasýslu 1806–1828, bls. 1. Þjóðskjalasafn Íslands.

Bls. 338. ÞÍ. Kirknasafn. Dýrafjarðarþing BA 1. Prestsþjónustubók 1785–1816, bls. 206. Þjóðskjalasafn Íslands.

# Heimildaskrá

## ÓPRENTAÐAR HEIMILDIR


**Þjóðskjalasafn Íslands (ÞÍ.)**
Hannes Þorsteinsson, Ævir lærðra manna 18: Gísli Þórðarson Thorlacius

RENTUKAMMER
- D1/9. Manntal 1762. Suðurland
- D1/10. Manntal 1762. Vesturland
- D1/11. Manntal 1762. Norðurland
- D1/12. Manntal 1762. Þingeyjarsýslur og Múlasýslur
- F/16. Reikningar jarðabókarsjóðs 1712–1714
- F/17. Reikningar jarðabókarsjóðs 1708–1716
- F/41. Reikningar jarðabókarsjóðs 1732–1735

KANSELLÍSKJÖL
- DK 2. Lagaverkið 1689–1693
- KA 20. Innkomin bréf 1766–1769

SKJALASAFN AMTMANNS
- I, 4. Bréfabók 1724–1728

SKJALASAFN VESTURAMTS
- III-39. Fylgiskjöl bréfadagbóka 1802–1803

SKJALASAFN LANDSYFIRRÉTTAR
- 11. Málsskjöl 1803

SÝSLUSKJALASAFN
*Árnessýsla (Árn.)*
- ED1/7, 1. Skiptabók 1743–1746
- ED1/7, 3. Skiptabók 1756–1764

*Barðastrandarsýsla (Barð.)*
- ED1/1, 1. Skiptabók 1785–1803
- ED1/1, 2. Skiptabók 1803–1812
- ED2/11. Dánarbú 1804–1809
- GA/1, 3. Dóma- og þingbók 1791–1804

*Borgarfjarðar- og Mýrasýsla (Borg.Mýr.)*
ED1/4, 2. Skiptabók Borgarfjarðarsýslu 1801–1821
ED3/1, 2. Skiptabók Mýrasýslu 1806–1828

*Dalasýsla (Dal.)*
ED1/3, 4. Skiptabók 1782–1804

*Eyjafjarðarsýsla (Eyjafj.)*
ED1/1, 1. Skiptabók klerkdómsins 1754–1765
ED1/1, 3. Skiptabók 1738–1768
ED1/3, 4. Skiptabók 1793–1802
ED1/4, 2. Skiptabók 1805–1816

*Gullbringu- og Kjósarsýsla (Gullbr.)*
ED1/1, 2. Skiptabók 1814–1822
ED1/9, 1. Skiptabók klerkdómsins 1781–1796
ED1/9, 2. Skiptabók 1717–1726
ED2/1. Dánarbú 1788–1798
ED2/13. Dánarbú 1819–1820
ED2/14. Dánarbú 1821–1822
GA/3, 2. Dóma- og þingbók 1718–1727

*Húnavatnssýsla (Hún.)*
ED1/1, 1. Skiptabók 1792–1806
ED2/47. Dánarbú 1748–1782

*Ísafjarðarsýsla (Ísafj.)*
ED1/1, 2. Skiptabók 1811–1825

*Norður-Múlasýsla (N-Múl.)*
ED1/1. Skiptabók 1774–1809

*Rangárvallasýsla (Rang.)*
ED1/1, 2. Skiptabók 1777–1787
ED1/2, 2. Skiptabók 1794–1810
ED2/1. Dánarbú 1760–1813

*Reykjavík (Rvk.)*
EC1/2, 2. Uppboðsbók 1813–1823

*Skaftafellssýsla (Skaft.)*
ED2/1. Dánarbú 1760–1809

*Skagafjarðarsýsla (Skag.)*
ED1/1, 1. Skiptabók klerkdómsins 1738–1747

ED1/1, 2. Skiptabók 1773–1786
ED2/1. Dánarbú 1698–1810
ED2/2. Dánarbú 1744–1786

*Snæfellsnessýsla (Snæf.)*
EC1/1, 1. Uppboðsbók 1797–1818
ED2/130. Dánarbú 1785–1812
ED2/131. Dánarbú 1715–1803

*Suður-Múlasýsla (S-Múl.)*
ED1/1, 1. Skiptabók 1782–1799

*Strandasýsla (Strand.)*
EC1/1, 1. Uppboðsbók 1808–1839
ED1/1, 3. Skiptabók 1805–1821

*Þingeyjarsýsla (Þing.)*
ED1/8, 1. Skiptabók 1784–1793
ED1/9, 1. Skiptabók klerkdómsins 1728–1760
ED2/2. Dánarbú 1818–1825

Kirknasafn
Árnes í Trékyllisvík BA 1. Prestsþjónustubók 1764–1816
Árnes í Trékyllisvík BA 2. Prestsþjónustubók 1817–1828
Berufjörður og Berunes BA 1. Prestsþjónustubók 1784–1816
Berufjörður og Berunes BC 1. Sóknarmannatal 1772–1785
Berufjörður og Berunes BC 2. Sóknarmannatal 1785–1835
Breiðabólsstaður í Vesturhópi BA 1. Prestsþjónustubók 1770–1784
Breiðabólsstaður í Vesturhópi BA 2. Prestsþjónustubók 1785–1816
Breiðabólsstaður í Vesturhópi BC 1. Sóknarmannatal 1784 (afrit Lbs. 2691 4to frá 1957)
Breiðavíkurþing AA 4. Máldagar Hellisvalla undir Jökli 1560–1887 (afrit frá 1906)
Dýrafjarðarþing BA 1. Prestsþjónustubók 1785–1816
Dýrafjarðarþing BA 2. Prestsþjónustubók 1785–1816 (nýlegt afrit)
Eyvindarhólar BC 1. Sóknarmannatal 1751–1782
Fell í Sléttuhlíð BC 1. Sóknarmannatal 1785.
Flatey á Breiðafirði BA 1. Prestsþjónustubók 1788–1816
Hof í Álftafirði BA 1. Prestsþjónustubók 1786–1815
Hof í Vopnafirði BA 1. Prestsþjónustubók 1784–1816
Hof í Vopnafirði BC 1. Sóknarmannatal 1785–1811
Holt í Önundarfirði BA 1. Prestsþjónustubók 1785–1816

Hrafnagil BA 1. Altariskver séra Þorsteins Ketilssonar 1713–1754
Höskuldsstaðir BA 1. Prestsþjónustubók 1748–1783
Höskuldsstaðir BA 2. Prestsþjónustubók 1785–1802
Kjalarnesþing BA 2. Prestsþjónustubók 1816–1861
Klyppsstaður BA 1. Prestsþjónustubók 1784–1816
Landeyjaþing BA 1. Prestsþjónustubók Kross 1784–1817
Miklibær í Blönduhlíð BA 1. Prestsþjónustubók 1747–1784
Mosfell og Gufunes BA 5. Prestsþjónustubók 1784–1817
Mosfell og Gufunes BA 6. Prestsþjónustubók 1819–1845
Myrká BA 1. Prestsþjónustubók 1751–1775
Myrká BC 1. Sóknarmannatal 1757–1765.
Mývatnsþing BA 1. Prestsþjónustubók 1785–1816
Möðruvallaklaustur BA 1. Prestsþjónustubók 1694–1784
Nesþing BA 2. Prestsþjónustubók 1785–1836
Oddi á Rangárvöllum BA 2. Prestsþjónustubók 1785–1818
Prestsbakki BC 1. Sóknarmannatal 1780–1817
Saurbær á Hvalfjarðarströnd BC 1. Sóknarmannatal 1786–1798
Saurbær á Hvalfjarðarströnd BC 2. Sóknarmannatal 1805–1821
Seltjarnarnesþing BA 4. Prestsþjónustubók 1769–1797
Seltjarnarnesþing BA 5. Prestsþjónustubók 1797–1816
Seltjarnarnesþing BA 7. Prestsþjónustubók 1816–1838
Seltjarnarnesþing BC 3. Sóknarmannatal 1784–1804
Skarðsþing BC 1. Sóknarmannatal 1769–1784
Skeggjastaðir BA 1. Prestsþjónustubók 1784–1816
Skeggjastaðir BC 1. Sóknarmannatal 1784–1838
Skinnastaður BA 1. Prestsþjónustubók 1787–1817
Staður í Hrútafirði BA 3. Prestsþjónustubók 1816–1864
Staður í Hrútafirði BC 1. Sóknarmannatal 1784–1812
Tröllatunga og Fell BA 1. Prestsþjónustubók 1749–1767
Tröllatunga og Fell BA 3. Prestsþjónustubók 1785–1816
Útskálar í Garði BA 4. Prestsþjónustubók 1816–1849
Þönglabakki BA 1. Prestsþjónustubók 1785–1816

**Héraðsskjalasafnið í Borgarnesi**
Reykholtsdalshreppur 2. Hreppsbók 1643–1785

**Landsskjalasavnið í Tórshavn, Færeyjum**
Ge 01. Skifteprotokol 1679–1729
Je L0001. Skifteprotokol 1701–1706
John West. Eskja 9.

**Stofnun Árna Magnússonar í Reykjavík (AM.)**
AM 274 fol. Bréfabók Brynjólfs Sveinssonar 1662–1663

**Handritadeild Landsbókasafns–Háskólabókasafns (Lbs.)**
Lbs. 25 fol. Bréfabók Hannesar Finnssonar 1771–1795
Lbs. 28 fol. Bréfasafn Hannesar Finnssonar
Lbs. 1083 4to. Bréfabók Brynjólfs Sveinssonar 1662–1663 (afrit frá um 1900)
Lbs. 2691 4to, nr. 15, bl. 177–266. Ágrip með hendi Jóns Péturssonar dómstjóra úr gamalli kirkjubók frá Breiðabólsstað í Vesturhópi

**Konunglega bókasafnið í Kaupmannahöfn (KB.)**
Rostgaard 121 4to. Samtíningur frá fyrstu árum 18. aldar, nr. 48

## PRENTAÐAR HEIMILDIR


*Alþingisbækur Íslands*. 17 bindi. Reykjavík: Sögufélag 1912–1990.

Anderson, Johann, *Frásagnir af Íslandi ásamt óhróðri Göries Peerse og Dithmars Blefkens um land og þjóð*. Gunnar Þór Bjarnason og Már Jónsson önnuðust útgáfuna. Reykjavík: Sögufélag 2013.

*Annálar 1400–1800*. Sjö bindi. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 1922–1998.

Appel, Charlotte, *Læsning og bogmarked i 1600-tallets Danmark*. Kaupmannahöfn: Museum Tusculanums Forlag 2001.

Ax, Christina Folke, „Menningarmunur á Íslandi í lok 18. aldar“, *Saga* 40 (2002), bls. 63–90.

Bager, Einar, „Varför har de tidigaste bouppteckningar bevarats?“ *Malmö fornminnesförenings årsskrift* 1964, bls. 11–15.

*Borgfirskar æviskrár*. 13 bindi. Borgarnes: Sögufélag Borgarfjarðar 1969–2007.

*Bréfabók Þorláks biskups Skúlasonar*. Útgefendur Bjarni Vilhjálmsson og Jón Þ. Þór. Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands 1979.

Brynja Björk Birgisdóttir og Jón Torfason, „Uppteiknun dánarbús Þórarins Jónssonar frá Ytri Ásum í Skaftártungu“. Heimild mánaðarins, febrúar 2014, á skjalasafn.is/heimild/2014-02

*Byggðasaga Skagafjarðar II. Staðarhreppur – Seyluhreppur*. Ritstjóri og aðalhöfundur Hjalti Pálsson. Sauðárkróki: Sögufélag Skagfirðinga 2001.

*Bøndeskifter fra Smørum og Lille herred 1644–48*. Útgefandi Jørgen H. Andersen. Kaupmannahöfn: Landbohistorisk Selskab 1984.

Dahl, Camilla Luise, *Vordingborg byfoged skifteprotokol 1574–1632. Register og skifteuddrag*. Slægtsforskerforeningen for Vordingborg og Omegn, maí 2009, á www.svoo.dk/wp-content/uploads/2011/10/skifter_vordingborg.pdf

*Dulsmál 1600–1900: fjórtán dómar og skrá*. Útgefandi Már Jónsson. Reykjavík: Háskólaútgáfan 2000.
Dupont, Michael, „Arv og skifte. Arve- og skiftepraksis i Helsingør i 1570erne“, *Personalhistoriskt tidsskrift* 2007:1, bls. 63–88.
Einar Jónsson, *Ættir Austfirðinga*. Níu bindi. Einar Bjarnason og Benedikt Gíslason sáu um útgáfuna. Reykjavík: Austfirðingafélagið 1953–1968.
Eiríkur Guðmundsson, Jón Árni Friðjónsson og Ólafur Ásgeirsson, *Sjávarbyggð undir Jökli. Saga Fróðárhrepps* I. Akranes: Átthagafélag Fróðárhrepps 1988.
*Fashionable Encounters. Perspectives and Trends in Textile and Dress in the Early Modern Nordic World*. Ritstjórar Tove Engelhardt Mathiassen, Marie-Louise Nosch, Maj Ringgaard, Kirsten Toftegaard og Mikkel Venborg Pedersen. Oxford og Philadelphia: Oxbow Books 2014.
Fet, Jostein, *Lesande bønder. Litterær kultur i norske allmugesamfunn før 1840*. Osló: Universitetsforlaget 1995.
Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Fólksflótti úr Vestur-Skaftafellssýslu í kjölfar Skaftárelda“, *Skaftáreldar 1783–1784. Ritgerðir og heimildir*. Ritstjóri Gísli Ágúst Gunnlaugsson o.fl. Reykjavík: Mál og menning 1984, bls. 119–128.
Gísli Baldur Róbertsson, „Áform um endurskoðun íslenskra laga“, *Jónsbók. Lögbók Íslendinga*. Már Jónsson tók saman. Reykjavík: Háskólaútgáfan 2004, bls. 35–54.
Gísli Baldur Róbertsson, „Erfðagóss hvers?“ Heimild mánaðarins, febrúar 2015, á skjalasafn.is/heimild/2015-02
Grönroos, Henrik og Ann-Charlotte Nyman, *Boken i Finland. Bokbeståndet hos borgerskap, hantverkare och lägre sociala grupper i Finlands städer enligt städernas bouppteckningar 1656–1809*. Helsingfors: Svenska litteratursällskapet i Finland 1996.
Guðrún Ása Grímsdóttir og Lýður Björnsson, *Grunnvíkingabók*. Tvö bindi. Reykjavík: Grunnvíkingafélagið á Ísafirði 1989.
Gylfi Már Guðbergsson og Theodór Theodórsson, „Áhrif Skaftárelda á byggð og mannfjölda í Leiðvallar- og Kleifahreppum“, *Skaftáreldar 1783–1784. Ritgerðir og heimildir*. Ritstjóri Gísli Ágúst Gunnlaugsson o.fl. Reykjavík: Mál og menning 1984, bls. 99–118.
Halldór Kristjánsson, „Um Ebeneser sýslumann Þorsteinsson og samtíð hans“, *Ársrit Sögufélags Ísfirðinga* 30 (1987), bls. 59–100.
Haraldur Bernharðsson, „Samræmt nútímamál á fornum heimildum. Um málstefnu við útgáfu fornra texta“, *Skírnir* 179 (vor 2005), bls. 181–197.
*Helsingør skifteprotokol 1571–1582*. Útgefandi Michael Dupont. Kaupmannahöfn: Selskabet for udgivelse af kilder til dansk historie 2014.

Hrafnkell Lárusson, „Dularfullur og forboðinn dauði: Um viðhorf til sjálfsvíga á 17. og 18. öld“, *Ritið* 2014/2, bls. 31–54.

Hutchinson, Alan, „Skifter: kildekritiske synspunkter“, *Skiftene som kilde – en artikkelsamling*. Ritstjóri Liv Marthinsen. Osló: Norsk lokalhistorisk institutt 1996, bls. 29–46.

*Hvítur jökull, snauðir menn. Eftirlátnar eigu alþýðu í efstu byggðum Borgarfjarðar á öðrum fjórðungi 19. aldar*. Útgefandi Már Jónsson. Reykholt: Snorrastofa 2104.

Hörður Ágústsson, *Laufás við Eyjafjörð. Staðurinn*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 2004.

Indriði Indriðason, *Ættir Þingeyinga*. 17 bindi. Akureyri: Oddur Björnsson og Héraðsnefnd Þingeyinga 1969–2009.

*Íslensk orðabók handa skólum og almenningi*. Ritstjóri Árni Böðvarsson. Önnur útgáfa. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs 1985.

*Íslenzkar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940*. Sex bindi. Páll Eggert Ólason og Jón Guðnason tóku saman. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 1948–1976.

*Íslenzkt fornbréfasafn*. 16 bindi. Kaupmannahöfn og Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 1857–1972.

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag 1913–1943 (ljósprentuð útgáfa 1980–1990).

Jón Guðnason, *Strandamenn. Æviskrár 1703–1953*. Reykjavík: Höfundur 1955.

Jón Guðnason, *Dalamenn. Æviskrár 1703–1961*. Þrjú bindi. Reykjavík: Höfundur 1961–1966.

Jón Helgason, *Vér Íslands börn* I. Reykjavík: Iðunn 1968.

*Jónsbók. Lögbók Íslendinga*. Már Jónsson tók saman. Reykjavík: Háskólaútgáfan 2004.

*Kong Christian den femtis Danske Lov*. Útgefandi Vilhelm Adolf Secher. Kaupmannahöfn: Gad 1891.

*Kong Christian den Femtis Norske Lov*. Kaupmannahöfn: Joachim Schmedigen 1687.

*Kóngs Christians þess fimmta Norsku lög á íslensku útlögð*. Þýðandi Magnús Ketilsson. Hrappsey 1779.

*Longætt*. Þrjú bindi. Ritstjóri Gunnlaugur Haraldsson. Reykjavík: Þjóðsaga 1998.

*Lovsamling for Island*. 21 bindi. Kaupmannahöfn 1853–1889.

Magnús S. Magnússon, *Landauraverð á Íslandi 1817–1962*. Reykjavík: Hagstofa Íslands 2003.

*Malmø skifter 1. Bofortegnelser 1546–1559*. Útgefandi Einar Bager. Kaupmannahöfn: Selskabet for udgivelse af kilder til dansk historie 1977.

*Manntal á Íslandi árið 1703*. Reykjavík: Hagstofa Íslands 1924–1947.
*Manntal á Íslandi 1801*. Þrjú bindi. Reykjavík: Ættfræðifélagið 1978–1980.
*Manntal á Íslandi 1816*. Tvö bindi. Akureyri og Reykjavík: Ættfræðifélagið 1947–1974.
Már Jónsson, *Blóðskömm á Íslandi 1275–1870*. Reykjavík: Háskólaútgáfan 1993.
Már Jónsson, „Skiptabækur og dánarbú 1740–1900. Lagalegar forsendur og varðveisla“, *Saga* 50:1 (2012), bls. 78–103.
Már Jónsson, „Hákarlaveiðar í Strandasýslu á öðrum fjórðungi 19. aldar“, *Strandapósturinn* 2014, bls. 99–117.
Ólafur Elímundarson, *Kirkjur undir Jökli. Vísitasíur o.fl. að Ingjaldshóli, Hellnum, Knerri, Laugarbrekku, Einarslóni og Saxhóli 1200–1998*. Reykjavík: Háskólaútgáfan 2000.
Páll Sigurðsson, *Brot úr réttarsögu*. Reykjavík: Hlaðbúð 1971.
Sólrún B. Jensdóttir, „Bókaeign Austur-Húnvetninga 1800–1830“, *Árbók Landsbókasafns Íslands* 1968, bls. 142–166.
Sólrún Jensdóttir, „Books owned by ordinary people in Iceland 1750–1830“, *Saga-Book* 19 (1974–1977), bls. 264–292.
Stefán Aðalsteinsson, *Svarfdælingar*. Tvö bindi. Reykjavík: Iðunn 1976–1978.
*Til merkis mitt nafn. Dómabækur Markúsar Bergssonar sýslumanns Ísafjarðarsýslu 1711–1729*. Már Jónsson tók saman. Reykjavík: Háskólaútgáfan 2002.
*Útlegging yfir Norsku Laga V. Bókar II. Capitula um Erfðir: með stuttum útskýríngum á því sem þungskilið er*. Þýðandi Magnús Ketilsson. Hrappsey 1773.
West, John Frederick, *The History of the Faroe Islands, 1709-1816. Volume 1: 1709-1723*. Kaupmannahöfn: C.A. Reitzels Boghandel 1985.
Winge, Harald. „Lovgivningen om offentlig skifte“, *Skiftene som kilde – en artikkelsamling*. Ritstjóri Liv Marthinsen. Osló: Norsk lokalhistorisk institutt 1996, bls. 9–28.

## VEFHEIMILDIR (VEF.)

Danske lov 1683, bjoerna.dk/DanskeLov
Extracts of Probate Records from Danish Towns, Centre for Textile Research, ctr.hum.ku.dk/other_research_projects/earlymodern/postdocproject/extracts/
Íslendingabók, islendingabok.is
Landsskjalasavnið í Tórshavn, history.fo –> Skiftiprotokollir
Norske lov 1687, www.hf.uio.no/iakh/forskning/prosjekter/tingbok/kilder/chr5web/
Ritmálssafn Orðabókar Háskóla Íslands, www.arnastofnun.is/page/ritmalssafn

# Atriðaskrá

amboð, sjá verkfæri
blóðskömm · 43
brennivín · 80, 81, 102, 117, 118, 156, 206, 258, 270, 283
broddstafur, sjá mannbroddar
búsáhöld, búsgagn · 11, 13, 27, 32, 35, 44, 45, 49, 50, 54, 58, 61, 63, 68, 70, 74, 76, 77, 84, 89, 92, 93, 96, 100, 106, 109, 110, 114, 116, 122, 127, 128, 132–136, 145, 147, 149–152, 163, 164, 169, 171, 172, 175, 177, 181–186, 191, 192, 196, 201, 202, 212, 217–219, 225, 226, 230, 233–238, 249, 250, 251, 254, 257, 258, 261, 266, 267, 269, 274, 281, 282, 287–289, 291, 294, 298, 301, 302, 310, 312, 313, 320, 327, 328, 334, 340, 341, 346, 347, 351, 355, 357, 359, 363, 367, 370, 373, 380, 383, 385, 387, 390, 394
byssa · 143, 258, 287
bækur · 27, 29, 33, 44, 53, 54, 56, 58, 59, 62, 64, 73, 80, 81, 88, 89, 96, 106, 107, 109, 113, 123, 130, 132–134, 138, 143, 147–149, 162, 163, 168, 172, 175, 177, 178, 182, 186, 190, 196, 199, 200, 209, 220, 223, 225, 248, 253, 257, 261, 265, 266, 273, 279, 287, 289, 291, 293, 294, 299, 302, 306, 318, 326, 335, 339, 340, 345, 346, 350, 354, 358, 363, 366, 370, 374, 376, 378, 383, 390, 401
dulsmál · 26, 276–278
dýrabogi · 313
fatnaður, fataefni · 11, 13, 26, 32, 33, 35, 36, 39, 45, 49, 50, 52, 53, 56, 57, 70, 74, 79, 80, 83–85, 87–90, 96–98, 102–110, 113, 117, 118, 123, 124, 130, 132–135, 137, 138, 142–144, 147, 149, 153–155, 157, 160, 161, 166, 167, 171, 174–176, 178, 179, 181, 182, 185, 186, 188, 189, 195, 196, 198, 200, 201, 205, 209–211, 217–220, 224–226, 228, 230–232, 239, 248–251, 253, 254, 261, 266, 267, 269, 271–274, 278–281, 285, 286, 288, 291–293, 295–297, 300, 301, 305–308, 314, 318, 319, 326–328, 331, 332, 335, 340, 344, 346, 349–351, 354, 356–358, 363, 366, 367, 370, 373–377, 379, 383–387, 390, 392, 394–400
giftingarskilmálar · 57, 63, 71, 75, 91, 100, 111, 170, 173, 187, 194, 209, 218, 252, 260, 275, 323, 349, 369, 375, 382
gleraugu · 29, 154, 226, 390
gullhringur · 229, 314
handrit · 73, 89, 96, 107, 113, 130, 138, 143, 148, 175, 190, 200, 209, 273, 294, 306, 345, 346, 350, 358, 363, 378, 383
hirslur · 11, 13, 32, 33, 35, 36, 39, 40, 44, 49, 50, 53, 54, 56, 58, 61, 63, 64, 68–70, 73, 74, 76, 77, 81, 84, 86, 88, 89, 92–94, 104, 106, 109, 113, 114, 118, 122, 123, 127–129, 132–134, 136, 137, 141, 145, 147, 149, 150, 152–154, 163, 164, 167, 169, 171, 172, 176–179, 182–185, 190,

191, 196, 198, 200–203, 205–208, 212, 213, 220, 225–227, 235–237, 239, 241, 249, 250, 254, 257, 261, 262, 266, 267, 269, 272, 274, 280–282, 287, 289, 291, 294–296, 298, 301, 302, 309, 310, 313, 319, 320, 322, 323, 328, 333, 334, 341, 344, 346, 347, 351, 355, 356, 359, 360, 363, 364, 367, 370, 372, 373, 375, 376, 379, 380, 382, 383, 385, 390, 392, 394, 395, 397, 398, 400, 401
húsakostur · 26, 27, 50, 54, 55, 59, 62, 64, 73, 81, 90, 92, 95, 96, 99, 107, 110, 115, 116, 123, 124, 129, 132, 133, 138, 141, 142, 144, 145, 147, 150–153, 157, 164, 170, 172, 173, 177, 186, 192, 203, 212, 215, 216, 224, 236, 254, 255, 262, 267, 269–271, 274, 276, 282, 295, 298, 299, 302, 313, 321, 323, 328, 329, 333, 342–344, 348, 352, 353, 355, 360, 364, 385, 390
indígó · 116
ílát, sjá hirslur
jafn arfur · 52, 56, 131, 187, 251, 302, 316, 367, 375
jarðeignir · 124, 159, 160, 170, 243, 297, 316, 322
kaffi · 116, 133, 149, 230, 233–235, 313, 320, 327, 334
kol · 70, 145, 225, 283
kopar, sjá silfur
kvikfénaður · 11, 31, 33, 36, 40, 44, 51, 52, 56, 57, 61, 63, 67, 68, 71, 73, 76, 84–86, 91, 99, 100, 104, 105, 108, 112, 118, 121, 122, 125–127, 130–132, 136, 141, 147, 151, 160, 166, 171, 172, 175, 176, 178, 181, 184, 188, 195, 203–207, 215, 217, 220, 223, 242, 250, 252, 253, 258, 259, 262, 268, 269, 275, 280, 282, 288, 289, 291, 293, 297, 300, 315, 316, 322, 323, 329, 330, 335, 336, 343, 344, 348, 353, 355, 357, 361, 364, 367, 370, 372, 377, 381, 385, 386
ljósfæri · 69, 81, 89, 96, 128, 134, 144, 151, 164, 183, 226, 234, 237, 288, 296, 299, 311, 313, 321, 329, 334, 342, 348, 360, 364, 381, 390
malkvörn · 100, 132, 172, 185, 191, 202, 226, 237, 257, 313
mannbroddar · 46, 79, 144, 170, 183, 185, 335, 342
matvæli · 11, 33, 39, 66–68, 70, 85, 90, 91, 128, 138, 145, 153–156, 192, 206–208, 212, 216–218, 226, 227, 238, 267, 269, 275, 280, 282, 283, 287–289, 291, 296, 382, 386
morð · 26, 285–292
pokar · 39, 59, 79, 112, 128, 133, 137, 154, 172, 191, 203, 214, 225, 231, 281, 313, 333
reiðtygi · 13, 45, 50, 54, 59, 62, 64, 69, 70, 74, 75, 77, 80, 85, 90, 91, 94, 104, 106, 110, 116, 128, 129, 132, 134, 137, 143, 145, 147, 150, 152, 154, 157, 162, 168, 171, 173, 175, 177, 185, 190, 196, 202, 213, 217, 237, 249, 251, 254, 258, 267, 274, 287, 289, 295, 302, 305, 311, 312, 320, 329, 333, 342, 347, 348, 351, 352, 355, 360, 364, 370, 372, 377, 381, 385
reiðufé · 23, 29, 32, 36, 81, 83, 116–118, 125, 154, 159, 189, 193, 206, 227, 228, 252, 255, 259, 296, 314, 322, 369, 386
reisla · 55, 64, 69, 74, 77, 78, 90, 95, 107, 109, 115, 129, 137, 144, 149, 164, 169, 173, 177, 185, 190, 214, 226, 238–240, 267, 281, 294, 298, 311, 352, 355, 380
rokkur · 50, 54, 59, 62, 107, 109, 115, 136, 169, 172, 178, 190, 196, 238, 241, 258, 313, 328, 342, 348, 352, 360, 364, 377, 380

silfur · 29, 57, 77, 80, 105, 113, 116, 142, 144, 145, 147, 149, 166, 167, 186, 189, 195, 201, 209–211, 220, 229, 230, 239, 254, 255, 266, 269, 271, 280, 288, 297, 307, 308, 314, 318–320, 327, 328, 332, 335, 336, 370, 375–379, 386, 393, 399, 400
sjálfsvíg · 11, 38–40
skinn · 39, 54, 57, 70, 74, 79, 90, 94, 96, 107, 115, 116, 129, 132–134, 137, 142, 144, 145, 149, 150, 152–155, 157, 162, 169, 171, 176, 183, 189, 191, 192, 195, 202, 205, 211–213, 218, 219, 224–226, 238, 242, 267, 273, 274, 282, 285, 293–295, 299, 301, 313, 319, 321, 322, 326, 329, 333, 342, 344, 347, 373, 379, 383–385
skipti · 12–19, 22, 28, 31, 34, 35, 37, 51, 52, 56, 57, 63, 71, 72, 75, 87, 91, 111, 112, 121, 124–126, 130, 131, 135, 136, 138, 159, 165, 166, 170, 171, 176, 179, 183, 187, 193, 197, 199, 204, 207, 218, 221, 223, 228, 243, 244, 245, 248, 251, 252, 255, 256, 260, 262, 265, 272, 276, 280, 285, 288, 296, 299, 300, 303, 305, 316, 317, 324, 325, 330, 331, 336, 339, 344, 345, 349, 350, 354, 357, 358, 362, 365–369, 371, 375, 376, 378, 382, 389, 391, 393
skuldir · 15, 18, 19, 26, 34, 37, 38, 40, 49, 51, 55, 60, 62, 65, 71, 72, 75, 76, 82, 81, 85, 86, 91, 92, 96, 101, 107, 110, 111, 116–118, 124, 125, 130–132, 135, 138, 146, 147, 151–153, 155, 165, 170, 171, 173, 175, 176, 179, 183, 186, 187, 192, 193, 197, 204, 206, 208, 216–218, 221, 227, 243, 244, 251, 255, 259, 260, 262, 267, 268, 270, 275, 276, 279, 280, 282, 290, 292, 296, 299, 303, 322, 323, 330, 336, 337, 343, 345, 348, 349, 353, 357, 362, 365, 367, 371, 374, 375, 377, 378, 382, 386, 389–391
skæri · 190, 239, 281, 390
spegill · 53, 109, 220, 236, 241, 279, 281, 286, 334, 400
spil · 29, 238, 241, 242
sængurföt · 11, 36, 46, 54, 57, 74, 79, 83, 88, 97, 106, 112, 118, 123, 132, 134, 138, 142, 152–154, 156, 161, 162, 167, 172, 174–176, 189, 195, 202, 203, 205, 211, 212, 219, 225, 232, 233, 235, 237, 238, 251, 266, 269, 271, 281, 282, 288, 289, 291, 294, 297, 301, 308, 309, 316, 319, 327, 332, 333, 340, 346, 351, 359, 367, 370, 379, 385, 387, 390, 394, 395, 397, 398, 400
te, sjá kaffi
tjald · 69, 80, 95, 150, 313
tóbak · 96, 154, 156, 220, 226, 230, 238, 383, 385, 390
ull · 39, 45, 55, 59, 60, 62, 70, 79, 89, 94, 97, 110, 115, 118, 128, 142, 153, 157, 160, 167, 174, 191, 192, 205, 217, 220, 225, 232, 238, 240, 269, 274, 279, 282, 288, 289, 313, 327, 361, 365, 375, 385, 386, 399
uppboð · 22, 23, 44–46, 171, 204, 222, 223, 228, 244, 280, 285, 288, 291, 297, 299, 305, 387, 389, 391, 394, 397, 402
útfararkostnaður · 13, 36, 40, 82, 86, 91, 101, 102, 110, 117, 118, 131, 138, 146, 153, 155–157, 173, 175, 192, 193, 206, 221, 227, 228, 251, 259, 268, 270–272, 275, 279, 282, 283, 296, 299, 302, 316, 322, 330, 336, 371, 374, 377, 386, 390, 391, 393–397, 399, 401
vefstaður · 29, 55, 59, 62, 68, 79, 89, 96, 109, 115, 123, 128, 149, 165, 172, 186, 202, 214, 226, 250, 295, 299, 313, 321, 329, 342

veiðarfæri · 26, 45, 46, 50, 55, 70, 81, 88, 90, 114–116, 129, 130, 134, 137, 145, 146, 151, 154, 164, 169, 172, 177, 196, 203, 204, 214, 223, 226, 227, 242, 253, 275, 287, 295, 300, 322, 323, 329, 339, 342, 347, 348, 352, 361, 364
verkfæri · 11, 25, 29, 32, 39, 45, 46, 50, 55, 59, 62, 64, 69, 70, 73, 74, 77–79, 89, 90, 94–96, 99, 100, 107, 109, 110, 114, 115, 123, 128, 129, 132–134, 137, 143–145, 150, 151, 157, 164, 165, 168–170, 173, 177, 183, 185, 186, 190–192, 196, 202, 203, 213–216, 224, 226, 227, 237, 240–242, 249, 254, 255, 257, 258, 262, 269, 274, 281, 287, 288, 293–296, 298, 302, 311–313, 320, 321, 329, 333–335, 341, 342, 347, 348, 351, 352, 355, 360, 364, 370, 372, 373, 380, 381
vigt, vog, sjá reisla